

# Fólkið

Fjöllin  
Fjörðurinn

**Meðal efnis:**

Fuglalíf í Melrakkay

Hestamannafélagið í 30 ár

Manntalið 1950

Annáll 2004

Hestamennska í Eyrarsveit

Holdsvækrasítalið á Hallbjarnareyri

Munnmælasögur úr Eyrarveit

Öndverðareyri

Ball í þinghúsinu á Grund

Myndir úr safni Bærings Cecilssonar

**Fólkið, fjöllin,  
fjörðurinn**



# Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar

6. hefti



2005

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 6  
© 2005 Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar  
Umbrot og myndvinnsla: Skrudda ehf.  
Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir  
Ljósmynd á kápu: Ragnar Th. Sigurðsson  
Prentun og bókband: WS Bookwell Ltd. Finnlandi

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,  
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til  
eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

ISSN 1607-0747

# Efnisyfirlit

<i>Bjarni Júlíusson: Formáli</i> .....	7
<i>Ævar Petersen: Melrakkaey í Grundarfirði: Náttúrufar og nytjar, einkum fuglar</i> .....	9
<i>Ingólfur Þórarinsson: Grundarfjörður</i> .....	70
<i>Ásgeir Guðmundsson: Öndverðareyri</i> .....	71
<i>Ásgeir Guðmundsson: Munnmælasögur úr Eyrarsveit</i> .....	82
<i>Ásgeir Guðmundsson: Holdsveikraspítalinn á Hallbjarnareyri</i> .....	87
<i>Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri: Annáll Grundarfjarðarbæjar 2004</i> .....	138
<i>Hallur Pálsson: Hestamenska í Eyrarsveit</i> .....	154
<i>Karl Kristjánsson: Ball í Þinghúsinu á Grund 1927</i> .....	161
<i>Særún Sigurjónsdóttir: Fermingarminningar</i> .....	168
<i>Fermingarbörn</i> .....	171
<i>Hermann Jóhannesson: Manntal 1950</i> .....	177
<i>Hafdís Gísladóttir: Mikið skelfing var gaman að vinna hjá hraðfrystihúsinu í „gamla daga“</i> .....	196
<i>Myndir úr safni Bærings Cecilssonar</i> .....	198
<i>Gunnar Kristjánsson: Hesteigendafélag Grundarfjarðar 30 ára</i> .....	209



# Formáli

Hér lítur sjötta bindi í ritröðinni um „Safn til sögu Eyrarsveitar“ dagsins ljós. Bækurnar hafa komið út óslitið síðan vorið 2000 þegar fyrsta bindið í flokknum var gefið út af Eyrbyggjum, Hollvinasamtökum Grundarfjarðar og Sögunefnd Eyrarsveitar. Síðan þá hefur eitt nýtt bindi litið dagsins ljós á hverju ári fullt af fróðleik sem og skemmtiefni.

Efni þessa rits er býsna fjölbreytt. Hér er að finna fasta punkta eins og venjulega. Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri ritar annál bæjarfélagsins síðastliðið ár. Eins og í fyrra hefur Ingi Hans Jónsson tekið saman áhugaverðar myndir úr safni Bærings Cecilssonar. Nú er birt manntal Eyrarsveitar árið 1950 auk gamalla fermingarmynda. Að auki eru áhugaverðar greinar um hestamennsku, um Melrakkaey, skemmtileg saga um ball í gamla þinghúsinu sem haldið var 1927 og margt, margt fleira.

Sem fyrr hafa fjölmargir komið að útgáfu þess ritverks og færum við þeim okkar bestu þakkir. Útgáfan hefur notið styrkja frá ýmsum aðilum svo sem Sparisjóði Eyrarsveitar og Menntamálaráðuneytinu. Þó að bókin sé seld vægu verði er ljóst að ekki væri unnt að gefa ritin út án þessara myndarlegu styrkja.

Hollvinasamtök Grundarfjarðar, Eyrbyggjar voru stofnuð af áhugasömum Grundfirðingum árið 2000. Samtökin hafa kosið sér stjórn, sem fundar reglulega yfir vetrartímann og hefur séð um undirbúning rits þessa með góðri hjálp ýmissa karla og kvenna. Í stjórn félagsins síðastliðið starfsár voru Bjarni Júlíusson formaður, Orri Árnason ritari, Ásthildur E. Kristjánsdóttir gjaldkeri og þau Hermann Breiðfjörð Jóhannesson, Guðlaugur Þór Pálsson, Hafdís Gísladóttir og Hrafnhildur Pálsdóttir meðstjórnendur.

*Bjarni Júlíusson, formaður Eyrbyggja starfsárið 2004–2005*





*Ævar Petersen*

# **Melrakkaey í Grundarfirði: Náttúrufar og nytjar, einkum fuglar**

## ***Inngangur***

Melrakkaey (1. mynd) setur sterkan svip á Grundarfjörð þar sem hún liggur ein og sér í mynni fjarðarins. Eyjan var friðlýst upphaflega með tilkynningu Náttúruverndarráðs í Lögbirtingablaðinu 1971 en eftir að ný náttúruverndarlög gengu í gildi var friðlýsingin endurnýjuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum 1974. Við friðlýsinguna komst eyjan í yfirumsjón Náttúruverndarráðs (síðar Náttúruverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar).

Öðru hverju hafa heyrst gagnrýnisraddir um að friðunin væri að skemma eyna. Ekki hefur alltaf verið ljóst í hverju eyðileggingin sé fólgin og ýmsar órökstuddar fullyrðingar hafa verið settar fram. Því var það að Náttúruverndarráð með bréfum dags. 11. september og 22. desember 1986 fór þess á leit við höfund þessarar greinar að hann kannaði fuglalíf eyjarinnar, tæki saman þau gögn sem til væru frá fyrri tíð og mæti hvort áður nefnd gagnrýni ætti við rök að styðjast. Samantektin dróst af ýmsum ástæðum sem ekki verða raktar hér.

Enn má heyra gagnrýni vegna friðunar eyjarinnar og því á slík samantekt ennþá fullan rétt á sér. Þar að auki hefur aldrei verið tekin saman heildarlýsing um Melrakkaey, náttúrufar og þær nytjar sem menn hafa haft af henni í tímans rás. Hér er gerð tilraun til þess, þótt hinum ýmsu náttúrufarsþáttum sé gert



1. mynd. Úr Melrakkaey í Grundarfirði. Kirkjufell blasir við úr eyggi tignarlegt að vanda. Vinstra megin sést til Grundarfjarðarbæjar fyrir botni fjarðar. – From Melrakkaey Island. Ljósmynd. Gísli K. Halldórsson, 20.06.2004.

mishátt undir höfði. Fuglalífínu eru gerð best skil, en gagnrýnisraddir hafa einkum beinst að því hvers vegna vissum fuglategundum sé ekki haldið niðri og öðrum hampað. Hefur verið talað um að eyjan sé uppeldisstöð fyrir vargfugla (máfa), að óheimilt sé að nýta hlunnindi eggja og fugla, að landtaka sé bönnuð, að eyjan sé að eyðileggjast þar sem hún er hvorki slegin né beitt o.fl.

## **Sögulegt yfirlit**

Um langan aldur tilheyrði Melrakkaey prestssetursjörðinni Setbergi í Eyrarsveit við Grundarfjörð austanverðan. Eyjan var því nefnd Prestsey til forna. Hefur eyjan einnig verið kölluð Skolli (þ.e. melrakki eða refur) í leiðavísu en slíkar vísur voru kveðnar svo sæfarendur myndu heppilegustu sjóleiðirnar (Lúðvík Kristjánsson 1983: 199-200). Vísan er svona (Helgi Sigurðsson 1873: 246):

Naustálsbær í Bárartröð  
bendist um hann Skolla,  
lítið stykki af Lágustöð  
leið er fyrir Bolla.

Sagt er að Melrakkaey hafi enn fyrr heyrt undir Krossnes sem var höfðingjasetur til forna og liggur vestanvert við Grundarfjörð. Langt er síðan eyjan færðist undir Setberg en þar hefur verið kirkja frá 12. öld (Ingvar Agnarsson 1977: 171). Ástæða tilfærslunnar er sögð áheit móður sem missti tvo sonu sína (Helgi Sigurðsson 1873).

Árið 1968 var ríkis- og prestssetursjörðin Setberg seld en Melrakkaey var undanskilin við söluna (lög nr. 42/1968). Sóknarprestarnir Setbergsprestakalls höfðu nytjar af eyinni í einar níu aldir og er hún ennþá tengd geistlegu samfélagi því sóknarprestarnir (sem nú sitja í Grundarfirði) hafa verið tilsjónarmenn hennar. Munnlegt samkomulag var um að prestur mætti nytja æðarvarpið og taka egg en léti fuglalíf að öðru leyti óáreitt (t.d. NVR 1976).

## **Gögn**

Melrakkaey var heimsótt tvisvar sumarið 1987, aðallega til að afla gagna um fuglalífið en einnig gróðurfar. Fyrst var dvalist þar 16.-17. maí og aftur 28. júlí. Trausti Tryggvason, Magnús Magnússon og Jón B. Hlíðberg voru með mér í fyrri ferðinni, en Ib Petersen í þeirri síðari. Einnig heimsótti höfundur eyna 17. maí 2003 ásamt Magnúsi Magnússyni, Sverri Thorstensen og Þorvaldi Þ. Björnssyni. Upplýsingar úr þessum ferðum mynda grunninn að þessari samantekt, þótt einnig séu notaðar aðrar aðgengilegar heimildir, birtar sem óbirtar.

Ýmsir áhugamenn um fugla hafa heimsótt Melrakkaey á liðnum áratugum. Gunnar Guðmundsson frá Akurtröðum fór reglulega í eyna til nytja á árunum um 1930 til 1970, bæði fyrir sr. Jósep Jónsson (prestur 1919-1954) og sr. Magnús Guðmundsson (prestur 1954-1963). Því miður skráði Gunnar ekkert um fuglalíf eyjarinnar, eftir því sem best er vitað, en þegar Finnur Guðmundsson (óbirt dagbók) kom í Melrakkaey sumarið 1957 ásamt Agnari Ingólfssyni, skráði hann ýmsar upplýsingar eftir Gunnari sem flutti þá út. Á Náttúrufræðistofnun

Íslands eru til ágætar ljósmyndir Finns úr þeirri ferð. Finnur kom á ný 12. júlí 1958 ásamt bandarísku fuglafræðingunum Sutton og Pettingill sem báðir rituðu um heimsóknina, sá fyrrnefndi kaflann „*The Island of the Fox*” í víðfrægri bók „*Iceland Summer*” (1961) og hinn tímaritsgrein (Pettingill 1959). Báðir voru vel þekktir fuglafræðingar á sinni tíð, einkum Sutton sem einnig var víðfrægur fyrir fuglamyndir sínar. Hann var einkum kunnur fyrir að mála lifandi fugla úti í náttúrunni. Bókin „*Iceland Summer*” fékk gullverðlaun í hópi náttúrulífsbóka þegar hún kom út í Bandaríkjunum. Árið 1971 gaf Sutton allar myndir, sem hann málaði í Íslandsförinni og eru á fjórða tug, til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Var honum veitt Fálkaorðan fyrir góða landkynningu. Árið 1984-1985 var haldin yfirlitssýning á myndum Suttons í heimabænum Oklahoma og voru allar Íslandsmyndirnar lánaðar við það tækifæri, en sýningin þótti takast ákaflega vel.

Agnar Ingólfsson heimsótti eyjuna á árunum 1964 til 1967 vegna rannsóknna á máfum (Agnar Ingólfsson 1967), árið 1965 t.d. ásamt föður sínum, Ingólfi Davíðssyni grasafraeðingi. Friðrik Sigurbjörnsson blaðamaður og náttúruskoðari kom fyrst til Melrakkaeyjar árið 1965. Fljótlega eftir þá ferð birti Friðrik stuttan pistil um heimsóknina í Morgunblaðinu 18. júlí 1965. Greinin rataði síðar sem hluti kafla um eyna í bókina „*Sól skein sunnan*” sem Friðrik gaf út árið 1970. Jón B. Sigurðsson og Grétar Eiríksson komu í eyna fyrst á sjöunda áratugnum, einkum til ljósmyndunar.

Trausti Tryggvason í Stykkishólmi lagði oft leið sín til Melrakkaeyjar á árunum 1977-1984 og er sá sem mest og best hefur skráð fuglalíf eyjarinnar. Hjálmar R. Bárðarson heimsótti eyna fjórum sinnum til fuglaljósmyndunar, þ. á m. með Trausta 1983. Afrakstur þeirra ferða má m.a. sjá í fuglabók hans (Hjálmar R. Bárðarson 1986). Arnþór Garðarsson kannaði skarfavörp árin 1975 og 1983 með loftmyndatöku en skráði jafnframt aðrar fuglategundir sem unnt var að greina úr lofti. Árni Einarsson kom til þess að mæla stærð lundavarpins 1989. Þorvaldur Þ. Björnsson heimsótti eyna 1995.

Setbergsprestar hafa lengi haft umsjón með Melrakkaey og farið þangað út en skráðar athuganir eru engar til. Að beiðni höfundar tók sr. Jón Þorsteinsson saman stutta greinargerð árið 1989 um reynslu sína af Melrakkaey frá því 1974. Sr. Karl V. Matthíasson gaf ýmsar áhugaverðar upplýsingar um eyjuna sem hann hafði með að gera á árunum 1995 til 2003.

Við undirbúning þessarar samantektar leitaði höfundur til fjölmargra aðila um nánari upplýsingar um Melrakkaey. Pétur Sigurjónsson frá Norður-Bár (nú í Grundarfirði) veitti ágætar upplýsingar frá árunum fyrir seinna stríð. Pétur Jóseps-son á Akureyri tók saman punkta eins og hann man eyna frá árunum um 1947-1953. Helgi Oddsson kom í Melrakkaey um 1945 og svo aftur um 2000. Þorkell Gunnar Þorkelsson í Grundarfirði sagði frá sinni reynslu í ferðum á árunum um 1960-70 með afa sínum, Gunnari Guðmundssyni, sem áður er nefndur. Þá dvöldu Gísli K. Halldórsson og Laufey B. Hannesdóttir í eyrni 20.-21. júní 2004, rituðu greinargerð og tóku fjölda ljósmynda. Heimildarmenn voru spurðir um örnefni og nytjar, en einnig var leitað fanga um þessa þætti annars staðar.

Vitnað er í birtar heimildir á venjubundinn hátt, en óbirtum upplýsingum fylgja upphafsstafir athugenda. Gögn frá 1987 og 2003 sem eru ekki sérstaklega tilgreind nánar eru höfundar.

## **Gagnasöfnun á vettvangi**

Rannsóknir á fuglalífi Melrakkaeyjar hafa beinst að því að (1) kanna hvaða fuglategundir er þar að finna með áherslu á varpfuglana, (2) meta stærð varpstofna, (3) skrá útbreiðslu varpfugla og (4) merkja eins mikið af fuglum og unnt er. Gróðri voru líka gerð nokkur skil.

Fjöldi fýls-, toppskarfs-, dílaskarfs- og rituhreiðra var talinn 1987 og 2003 og var notuð talningareiningin „hreiður sem getur haldið eggi eða unga“ (sjá lýsingu á aðferðum í grein Ævars Petersen og Sigurðar Ingvarssonar 2002). Svartbakur og hvítmáfur voru taldir á mismunandi vegu; (1) eyjan gengin skipulega og öll hreiður skráð og kortlögð, (2) allir fullorðnir máfar í varpinu taldir og (3) máfar taldir af loftmyndum. Lundinn var talinn þannig að umfang varpsins var teiknað á kort og metið hvort varp var strjált, þétt eða horfið, en þéttleiki var metinn með því að telja fjölda hola á mældum sniðum og svæðum. Teistuarpið var metið þannig að taldir voru fuglar á hentugum tíma sólarhrings (sbr. Ævar Petersen 2003). Aðrir varpfuglar sem sáust voru taldir, skráðir og metið hvort þeir væru verpandi eða ekki. Hreiður annarra fuglategunda en ofan er getið voru skráð. Útbreiðsla varpfugla var teiknuð á kort sem var gert eftir loftmynd, en mörk varpanna eða staðsetning einstakra hreiðra var skráð á vettvangi. Þegar heim var komið voru kortin hreinteiknuð.

Fjöldi fugla hefur verið merktur í Melrakkaey með málmhringjum frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Agnar Ingólfsson merkti máfa á árunum kringum 1965. Trausti Tryggvason merkti mikið af fuglum á árunum 1977 til 1984 svo og 1987. Sverrir Thorstensen og Þorvaldur Þ. Björnsson merktu nokkuð af fuglum 2003.

## **Landlýsing og örnefni**

Melrakkaey liggur í mynna Grundarfjarðar (2. mynd), nokkurn veginn í fjarðarmynninu miðju en þó ívið nær fjallinu Brimlárhöfða (Stöðinni) vestan fjarðar. Sundið er þar um 1,4 sjómílu breitt og kallast Eyjarsund eða Sund. Austan fjarðar er Eyrarfjall, en þeim megin eyjar er sundið milli lands og eyjar um 1,8 sjómílu að breidd en nafnlaust. Eyjan er í um 3,6 sjómílna fjarlægð frá þéttbýlinu í Grundarfirði. Sjálf er Melrakkaey um 310 m á lengd, um 145 m þar sem hún er breiðust en um 0.05 km<sup>2</sup> að flatarmáli.

Vel á annan tug örnefna er kunnur úr eyinni og næsta nágrenni hennar (feitletruð hér á eftir) en flest þeirra er að finna í sóknarlýsingu Helga Sigurðssonar (1873). Í örnefnalýsingu Setbergs á Örnefnastofnun segir ekkert um Melrakkaey, en þess ber að geta að upphaflega lýsingin var unnin árið 1977, þ.e. eftir að Melrakkaey var friðlýst og þá tilheyrði hún ekki lengur Setbergsjörðinni.

*Melrakkaey* er girt lágum bökkum (þeir hæstu um 7 m) allan hringinn og eru smáhleinar eða snasir víðast hvar undir þeim. Aðeins á einum stað er umtalsverð fjara, malarfjara norðvestan í eyinni. Upp af henni er malar- eða setkambur, en fjaran hefur myndast við rof úr þessum bakka sem er mjög laus í sér og nefnist *Brimbrekka*. Fjaran er grófari eftir því sem neðar dregur, þannig að við sjávarmál er hún orðin hnullungafjara og frekar ógreiðfær. Um fjöru má klöngrast yfir hana út í tvo gróðurlausa klápa, sem standa alltaf upp úr sjó, svonefndar *Stangir*. Þær standa á rífi, svonefndu *Eyjarrífi* eða *Eyjartagli*, sem teygir sig áfram út og norður og sér á þarabrukið á hrygg þess um fjöru. Í sóknarlýsingu Helga Sigurðssonar (1873) er tilgreint örnefnið *Steinbogi* en ekki er fullvíst hvar sá staður er. PS taldi hann vera rétt norðan við Draugagjá. Örnefnið bendir til þess að þarna hafi verið gatklettur, en hafi svo verið, er hann löngu fallinn og engar sagnir virðast til um hann.

Norður úr eyinni gengur mjótt nes, sem Friðrik Sigurbjörnsson (1970: 130) kallar *Dílaskarfsnes*. Líklega hefur hann eða einhver í för með honum varpað


fram þessu heiti enda hóf dílaskarfur ekki að verpa í Melrakkaey fyrr en um 1958 eins og síðar er getið. Norður úr nesinu liggja sker sem fara á kaf um flæði, svokallaðir *Kyllírar*. Nyrst á eyinni, skammt austan við Dílaskarfsnes, heitir *Byrgi*. Mætti álykta að þarna hafi verið húsið sem sr. Helgi Sigurðsson lét reisa heyskaparfólki sínu á 19. öld (sjá síðar).

Milli Dílaskarfsness og Eyjarrífs myndast lítil vík og er fjaran neðan Brimbrekku fyrir botni hennar. Heiti víkurinnar hefur valdið nokkrum heilabrotum, því heimildir eru misvísandi um hvort Urðarvík sé örnefni eða einungis landlýsing. Samkvæmt gagnagrunni Orðabókar Háskólans kemur þetta heiti hvergi fyrir annars staðar en í sóknarlýsingu Helga Sigurðssonar (1873). Þar er orðið nefnt þrisvar sinnum og í prentuðu útgáfunni frá 1970 á vegum Snæfellingaútgáfunnar er orðið alls staðar með litlum upphafsstaf, þ.e. urðarvík, og því staðarlýsing en ekki örnefni. Brazi Þ. Ólafsson, sagnfræðingur á Landsbókasafni – háskólasafni, hefur gert mér þann greiða að skoða frumhandrit sóknarlýsingarinnar. Þar er orðið í tvígang ritað með litlum upphafsstaf en einu sinni með stórum. Má telja líklegra að orðið hafi verið örnefni enda væri það óvenjulegt nafnorð og sem landlýsing. Hvort sem er rétt taldi PS heitið hafa áunnið sér sess sem örnefni, þ.e. *Urðarvík*, og eru það viðunandi málalyktir.

*Hjallar* heitir grjótbreiða á eyinni útnorðanverðri. Þar er talið að hafi verið eins og segir „... hjallbryggja og fiskherslubreiða“ þá róið var úr Melrakkaey í árdaga (Helgi Sigurðsson 1873: 252). Það skýrir lögum grjótbreiðunnar sem hefur verið nokkurs konar veggur sem fiskurinn hefur verið lagður á til þerris. Einar H. Kristjánsson (1986) kveður grjótbreiðuna tvímælalaust vera rústir af hjöllum. Hún gæti einnig verið vitni heyskapar fyrrum ef slægjan hefur verið borin af deigari svæðum eyjarinnar, eða þá að hafís hafi ýtt grjótinu upp. ÞJ og faðir hans stungu uppá, að stórgrýtið hefði borist upp á eyna í stórbrimi.

Melrakkaey er ekki há, einungis 10-12 m yfir sjávarmáli þar sem hún er hæst. Ávalur hryggur liggur eftir eyjunni, svonefndur *Eyjarhóll* eða *Hóllinn*, í norður-suður rétt vestan við miðja ey og teygir sig rúman helming af lengd hennar. Vestur af honum hallar nokkuð jafnt út að brúnum eyjarinnar, en austur af er hallinn heldur krappari inn að miðri ey. Eftir eyjarmiðju er mýrlend lægð frá suðausturenda eyjarinnar norður eftir henni miðri til norðvesturs. Mýrin er afar stórþýfð með breiðar, djúpar rásir á milli þúfnanna. Austan lægðarinnar eru brúnir, sem lyfta sér aðeins ögn hærra en lægðin.





2. mynd. Yfirlitsmynd af Melrakkæy í Grundarfirði. Getið er örnefna sem hafa fundist í eða við eyrna. – An aerial photograph of Melrakkæy island and various local names.

Þrjár smátjarnir eru á suðurenda Melrakkaeyjar og tvær svo til nyrst ásamt minni pollum. Syðri tjarnirnar eru stærstar, en þær smærri þorna upp er á líður sumar. Vatnsbotn þeirra er þakinn þykku leðjulagi og vatnið mjög fúlt. Þörungagróður blómstrar í þeim af ofgnótt áburðar svo vatnið litast grænt síðsumars. Einn þeirra heitir *Eggjapollur* þótt ekki sé fullvíst hver þeirra, kannski sá stærsti. PS taldi það vera þann syðri af tveimur stórum tjörnunum syðst á eyinni (sjá 2. mynd).

Tvær lendingar eru helstar við Melrakkaey og er hægt að nota þær til skiptis eftir því hvernig stendur á vindátt og sjó. Önnur er á suðausturhorni eyjarinnar, rétt sunnan lítils klettviks *Bolagjár*. Hin lendingin er við hleinar vestan á eyjunni, sunnanvert við *Draugagjá*, og heitir þar *Heyhleinn* enda var þar auðveldast að leggja báti að til heyflutninga. Þá hefur stundum verið lent í Urðarvíkinni ef aðstæður leyfðu.

## **Jarðfræðiágrip**

Jarðfræði Melrakkaeyjar hefur ekki verið gerð nákvæm skil af jarðvísindamönnum. Hún er þó hluti stærri heildarmyndar sem ýmislegt er vitað um (Haukur Jóhannesson 2004). Berggrunnurinn sem eyjan liggur á er grágrýtishraun frá hlýskeyði ísaldar og yngri en 700 þúsund ára gamalt. Klettur og hleinar eru að mestu úr stuðlabergi og er fallegasta stuðlabergsmyndunin smáhöfði á suðvesturhorni eyjarinnar. Brimbrekka upp úr Urðarvíkinni norðvestan í eyinni er u.þ.b. 7 m hár bakki eða kambur úr lausu seti í millilögum með misstórum hnullungum. Bakkinn er mjög laus í sér svo molnar stöðugt úr honum, líklega mest við sjógang á veturna. Sums staðar gengur hann 1-2 m innundir sig (3. mynd). Í kambstálinu má sjá glögga jarðlagaskiptingu þar sem laus jarðefni liggja ofaná grágrýtinu. Neðst er jökulberg 0,5-1 m þykkt, þá vatnsflutt set um 1 m þykkt og efst 1 m þykkt gróft set (GKH & LBH).

Í fjörunni í Urðarvík voru lengi bleikir steinar greinilega erlendir að uppruna. Þeirra er getið af Friðriki Sigurbjörnssyni (1970) árið 1965 og voru þá fjórir. Árið 1983 voru einungis þrír eftir og mikið molnaðir (TT), en brot úr þeim eru varðveitt í vísindasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þeir eru úr myndbreyttu bergi (granítísku gneis) aðfluttu til landsins, e.t.v. frá Grænlandi (Sveinn Jakobsson, munnl. uppl.). Friðrik Sigurbjörnsson (1970) taldi þá ekki hafa komið sem ballest í skipi heldur með rekis.



3. mynd. Fjaran upp af Urðarvík með malarkambinum Brimbrekku sem afmarkar efstu mörk hennar. – From Melrakkaey. Ljós. Gísli K. Halldórsson, 20.6.2004.

### **Gróður og jarðvegur**

Ingólfur Davíðsson (1966) kom til Melrakkaeyjar sumarið 1965 til að athuga gróðurinn. Hann fann aðeins 15 tegundir háplantna, en tegundafábreytni er einkenni fuglabjarga og annarra varpsvæða sjófugla eins og Melrakkaeyjar. Það gerir mikill áburður af driti fugla auk þess sem seltuáfok takmarkar hvaða tegundir geta þrífist. Áburður nær hámarki í skarfavörpum og brennur svo undan að gróður þrífst víða alls ekki.

Háplöntutegundir sem Ingólfur fann í Melrakkaey voru: haugarfi *Stellaria media*, skarfakál *Cochlearia officinalis*, flagasóley *Ranunculus reptans*, brennisóley *Ranunculus acris*, trefjasóley *Ranunculus hyperboreus*, kattartunga *Plantago maritima*, hrímblaðka *Atriplex longipes*, túnsúra *Rumex acetosa*, skriðlíngrasi *Agrostis stolonifera*, sjávarfitjungur *Puccinellia maritima*, vallarsveifgras *Poa pratensis*, túnvingull *Festuca richardsonii*, melgras *Leymus arenarius*, gulstör *Carex lyngbyeii* og lindasef *Juncus ranarius*. Ekki voru plöntum gerð tæmandi

skil sumarið 1987, en sömu tegundir voru enn ríkjandi og tuttugu árum áður. Sex tegundir hafa fundist til viðbótar lista Ingólfs, kattarjurt *Rorippa islandica* 1987 og tágamura *Potentilla anserina* 2003. GKH & LBH fundu 2004 fjórar nýjar tegundir, en það voru ætihvönn *Angelica archangelica*, baldursbrá *Matricaria maritima*, blálilja *Mertensia maritima* og fjöruarfi *Honckenya peploides*. Háplöntulisti Melrakkaeyjar telur því 21 tegund. Hörður Kristinsson, grasfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri, leitaði hvort frekari plöntuskráningar úr Melrakkaey væri að finna í gagnagrunni stofnunarinnar, en þar voru einungis skráðar fyrrnefndar athuganir Ingólfs.

Gróðurlendi Melrakkaeyjar voru kortlögð 1979 og aftur 1987. Á heildina litið var eyjan vel gróin og hún var enn gróskumikil 2003. Að þar hafi verið stundaður heyskapur á árum áður segir einnig sína sögu. Inni á eyinni er jarðvegur nokkuð djúpur en víðast grunnur með brúnum, ef ekki sér beinlínis í bert berg. Einkum eru snasir gróðursnauðar enda gætir þar mestra vindáhrifa. Ysti oddi Dílaskarfsness var gróðurlaus 1979 og 1987. Svo var ennþá 2003 en gróður var að nema land og var mun gróskumeira innar á tanganum, einkum af skarvakáli, en sextán árum áður. Frá því um 1958 og fram eftir áttunda áratugnum urpu dílaskarfar þarna á tanganum. Árið 2003 voru liðin yfir 16 ár frá því skarfarnir hurfu og gróður greinilega í sókn. Á ljósmynd FG frá 1957 sjást stöku grastoppar fram á ystu brúnir Dílaskarfsness en skarfar voru þá ekki byrjaðir að verpa þar, aðeins stöku máfshreiður.

Nokkur jarðvegseyðing hefur átt sér stað á blettum þar sem lundi hefur orpið (sjá síðar). Á hátoppi eyjarinnar hafði myndast flag á allstórum bletti fyrir 1979 en var þá orðið gróið haugarfa og túnsúru og var ástandið svipað 1987. Skipting í gróðurlendi er annars mjög glögg í eyinni, eins og myndin frá 1987 sýnir (4. mynd).

Eftirfarandi gróðurlýsing er frá árinu 1987 með samanburði við önnur ár eftir því sem heimildir leyfa. Tvær gerðir gróðurlendis voru mest áberandi, (1) gulstör í lægðinni eftir eyinni miðri og (2) sjávarfitjungur og túnvingull á belti eyjarhringinn, breiðast um miðbik eyjarinnar að vestanverðu. Gulstörin var gróskumest en í júlílok 1987 var hún víða 1-1½ m á hæð. Mikið af haugarfa, hrímblöðku og skarvakáli óx innan um sjávarfitjunginn og túnvingulinn. Melgresi var á smáblettum með bökkum vestan í og teygði stærsti flekkurinn sig upp eftir túnvinguls- og sjávarfitjungshallinu vestan í fyrir miðri ey. PS man vel eftir



4. mynd. Skipting Melrakkæyar í helstu gróðurlendi 1987. – Vegetation communities on Melrakkæy in 1987.

Þessum melgresisbletti frá árunum 1930-40. Melgresisblettirnir höfðu ekki breyst mikið 1987 frá 1979. Árið 2003 virtust melgræðurnar hafa stækkað og þeim fjölgað frá því TT kortlagði helstu gróðursamfélögin 1979. Í flaginu á toppi eyjarinnar ríkti haugarfi 2003. Túnsúrubelti er austan í hátoppnum ofan gulstararbreiðunnar og hafði það stækkað 1987 frá sumrinu 1979. TT getur um breiður af brennisóley 1979 syðst á haugarfa- og túnsúrubeltunum þar sem eyjan er hæst, en þær voru horfnar 1987. Túnvingull hafði hörfað talsvert vestan í 2003 og í staðinn kominn haugarfi, hrímblaðka og skarvakál. Hrímblaðka var nánast einráð á nokkrum bletti milli stærstu tjarnanna tveggja á suðausturhorni eyjarinnar 1987 en var þar ekki 1979.

## **Selir**

Gera má ráð fyrir að selir séu nokkuð reglulegir gestir við Melrakkaey þótt þeir hafi sjaldan verið skráðir. Friðrik Sigurbjörnsson (1970) getur sela við eyna í júní 1965 en ekki um hvaða tegund var að ræða. Árið 1983 (16. júlí) sá TT útselsbrimil og 16. maí 1987 sást einn útselur og landselsgemlingur. Ekki er kunnugt um selalátur í eyinni.

## **Varpfuglar**

Um fuglalíf er fjallað í tveimur hlutum, annars vegar um varpfugla sem eru 17 tegundir og hins vegar um 23 fuglategundir sem hafa sést en verpa ekki. Hér er fjallað um varpfuglana.

### **Fýll *Fulmarus glacialis***

Fýlar (5. mynd) hófu að verpa í Melrakkaey á árunum 1951-52, tvö varppör fyrsta árið (GG). Síðan hefur varppörum fjölgað smám saman; árið 1977 voru pörin um 55, 70 árið 1979 og 67 eða eitthvað fleiri 1980. Hins vegar brá svo við árið 1983 að einungis tveir fýlar voru með egg og unga þótt komið væri fram í miðjan júlí. TT ályktaði að eggjataka hefði verið stunduð helst til harkalega um vorið en þekkt er að fýlar verpa ekki aftur sama sumar ef tekið er undan þeim. Um aðra afræningja er varla að ræða en menn eða máfa. Ef þeir síðarnefndu hefðu verið að verki væru ummerki um alla ey sem var ekki. Auk eggjatöku



5. mynd. Fýlsungi í Melrakkæy. Sumarið 1958 kom fuglafræðingurinn G.M. Sutton til Melrakkæyjar. Hann var mjög þekktur fuglamálari í sínu heimalandi, Bandaríkjunum, einkum fyrir það að mála lifandi fugla úti í náttúrunni. Myndirnar sem hann málaði í Íslandsförinni 1958 gaf hann Náttúrufræðistofnun Íslands, þar sem þær eru varðveittar. Sjá Sutton (1961: 154). - Live Fulmar chick on Melrakkæy, drawn by G.M. Sutton in 1958. Watercolour painting in the collection of the Icelandic Institute of Natural History.

er einnig sú skýring hugsanleg að fuglarnir hafi alls ekki orpið því vorið var með eindæmum kalt og seint á ferðinni. Sumarið eftir voru varppörin 97 og svipaður fjöldi 1987. Í 1. töflu eru teknar saman þær tölur sem til eru um fjölda verpandi fýla í Melrakkæy.

Dreifingu fýlavarpsins var fyrst lýst af AI 1964 en þá urpu fýlar hér og þar með brúnum allan eyjarhringinn. Sama var 1977 þegar flestir fuglarnir urpu með brúnum en örfáir inni á eyinni. Árið eftir var varpið nær eingöngu á vesturhliðinni en horfið norðan og norðaustan í. Árið 1987 var varpið aftur dreift allan hringinn en var þéttast milli Heyhleinar og Draugagjár og ofan Brimbrekku sem áður. Að auki voru komin allmörg hreiður með austurhliðinni norðan Bolagjár en að mestu horfin þaðan aftur 2003. Það ár var langmest varp

**1. tafla. Fjöldi fýla verpandi í Melrakkaey – The numbers of Fulmar nests on Melrakkaey.**

<i>ár/year</i>	<i>dags./date</i>	<i>hreiður/nests</i>	<i>heimild/reference</i>
1951-52	00.00.	2	GG í FG 1957
1957	01.07.	20-30	FG 1957
1958	12.07.	nokkur	Sutton 1961: 154
1977	19.07.	um 55	TT 1977
1979	24.06.	70	TT 1979
1980	28.07.	67+ <sup>1</sup>	TT 1980
1983	16.07.	2	TT 1983
1984	30.07.	97	TT 1984
1987	28.07.	96	ÆP 1987b
2003	17.05.	88+ <sup>2</sup>	ÆP 2003

<sup>1</sup> 67 hreiðurfuglar voru merktir en fjöldi hreiðra nokkru fleiri.

<sup>2</sup> Of snemma verið á ferð, margir óorpnir en talið að hafi fjölgað lítið eitt frá 1987.

ofan Brimbrekku sem fyrr, en einnig sitt hvorum megin í Dílaskarfsnesi og við Hjalla en lítið sem ekkert á suðurenda eyjarinnar. Áberandi flestar tómar hreiðurskálar voru á jafnsléttu inni á eyinni. Svo virðist sem fýlarnir eigi örðugt með að passa egg sín gegn eggjaræningjum við þannig kringumstæður. Fýlar verða líklega fyrir meiri atgangi frá máfunum á jafnsléttu en þar sem halli er í landinu og þeir geta betur varist.

Fýlar eru mismunandi að lit eftir því hvar þeir verpa í heiminum, allt frá mjög dökkum til hvítra fugla nema bakið er ljósgrátt. Íslenskir fýlar eru hvítir en einstaka sinnum sjást dökkir fýlar hér við land. Einn slíkur sást á leiðinni út í eyju 16.5.1987 og svo annar 17.5.2003 á flugi með brúnum. Dökkir fýlar eru stundum kallaðir kolapiltar.

Fýll merktur sem ungi í Melrakkaey fannst þar á hreiðri 16 árum síðar. Utan varptímans ferðast fýlar greinilega víða því merktir fuglar úr Melrakkaey hafa fundist á sjó undan Hellissandi, við Eldey undan Suðvesturlandi og í Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Eldeyjarfuglinn náðist rúmum 18 árum eftir merkingu. Þá veiddist einn fugl í Færeyjum sex árum eftir merkingu og annar fannst dauður á vesturströnd Englands ári eftir merkingu.



**Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo***

Í skarfatáli sínu 1952 minnst Bergsveinn Skúlason ekki á dílaskarf verpandi í Melrakkaey. Hans er fyrst getið sem varpfugls um 1958 að því er Arnþór Garðarsson (1979) hafði eftir Friðriki Sigurbjörnssyni. Í bók sinni 1970 nefnir Friðrik að dílaskarfur sé nýr varpfugl sem hafi byrjað að verpa örfáum árum áður en hann kom fyrst í Melrakkaey í júní 1965. Í 2. töflu er getið þeirra gagna sem voru til reiðu yfir fjölda dílaskarfshreiðra í Melrakkaey.

Varpið virðist hafa verið mjög lítið fyrsta áratuginn eða svo en jókst síðan uns hámarki var náð 1978 þegar hreiðrin voru 57. Síðan fækkaði smám saman uns varpið hvarf eftir 1987 og lauk þar með einungis um 30 ára varpsögu dílaskarfs í eyinni.

Til að byrja með urpu dílaskarfarnir á tanganum norður úr eyinni (Díla-skarfsnesi) svo sem Friðrik Sigurbjörnsson (1970) lýsir. Þar urpu þeir einnig á tímabilinu 1977-1984 (TT). Árið 1987 höfðu þeir fært sig í stóra melgresisblettinn vestan í og skammt sunnan Draugagjár.

**2. tafla. Fjöldi dílaskarfa verpandi í Melrakkaey.  
– The numbers of Cormorant nests on Melrakkaey.**

<i>ár/year</i>	<i>dags./date</i>	<i>hreiður/nests</i>	<i>heimild/reference</i>
1968	00.00.	2-4	JBS í Arnþór Garðarsson 1979
1973	17.05.	um 30	Arnþór Garðarsson 1979
1978	17.05.	57 <sup>1</sup>	TT 1978
1979	24.06.	37	TT 1979
1980	28.07.	26	TT 1980
1983	13.06.	15 <sup>2</sup>	AG 1990
1984	06.06.	15 <sup>3</sup>	Arnþór Garðarsson 1996b
1987	16.05.	9	ÆP 1987a
1989	00.00.	0	Arnþór Garðarsson 1996b
1994	13.05.	0	Arnþór Garðarsson 1996b
2003	17.05.	0	ÆP 2003

<sup>1</sup> Villa hjá AG (1996b) sem segir 60.

<sup>2</sup> Átta 16.7.1983 (TT).

<sup>3</sup> Fimm 30.7.1984 (TT).

Dílaskarfar eru stýggir fuglar sem fljúga burt þegar menn koma að varpi þeirra. Það gerðist einmitt þegar við heimsóttum eyjuna 1987. Fyrri upplýsingar bentu til þess að skarfarnir yrpu nyrst á eyinni en svo reyndist ekki að þessu sinni. Þar eð við lentum á suðausturhorni eyjarinnar sást varpið ekki fyrr en komið var upp á Eyjarhól og flugu þá allir skarfarnir burt en máfarnir voru ekki seinir á sér að éta þau örfáu egg sem voru í hreiðrunum. Kom berlega í ljós hve viðkvæmir dílaskarfar eru fyrir truflun þegar þeir verpa í sambýli við stóra máfa. Taka verður tillit til slíks þar sem það á við. Sr. Jón Þorsteinsson var meðvitaður um stýggð dílaskarfa, eins og kemur fram í greinargerð hans, og gerði sér far um að sniðganga varpsvæðið á Dílaskarfsnesi.

Nokkrir dílaskarfsungar voru merktir í Melrakkaey og hafa þrír þeirra fundist til þessa. Tveir þeirra drápust haustið eftir merkingu í netleiðara við laxagildru við Lárós við vestanverðan Grundarfjörð en einn fannst dauður í Innri-Njarðvík á Reykjanesi tæpu ári frá merkingu.

### **Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis***

Líkt og dílaskarfur er toppskarfur tiltölulega nýr varpfugl í Melrakkaey. Arnþór Garðarsson (1979) hafði eftir FG að toppskarfar (6. mynd) hefðu byrjað að verpa um 1950, eða skömmu áður en dílaskarfur hóf að verpa í eyinni. Samt getur BS ekki toppskarfsvarps þar í skarfatáli sínu 1952, svo líklega hefur varpið hafist ögn síðar. Í dagbók FG er haft eftir GG að toppskarfur hafi orpið „áður talsvert mikið“ en að hann hafi horfið um nokkurt skeið og væri nýbyrjaður að verpa á ný. PS kvað mikið hafa orpið af toppskarfi í eyinni á árunum 1930-40. Toppskarfar hafa því hætt í nokkur ár á fjórða áratugnum. Ástæðan er óþekkt en kann að vera sú að skotmenn stálust við og við í eyna til þess að skjóta skarf (PS). Slíkt athæfi er augljóslega ekki til framdráttar varpinu, en toppskarfar námu þó fljótlega land á ný.

Þær tölur sem til eru yfir stærð toppskarfsvarpsins á mismunandi tímum er að finna í 3. töflu.

Framvinda toppskarfsvarpsins er að sumu leyti svipuð og hjá dílaskarfinum; varppörum fjölgaði í fyrstu, náði hámarki 1983 en dalaði svo. Fækkun seinustu ára er í takt við þróunina annars staðar á Breiðafirði (ÆP, óbirt gögn).

Ekki er getið hvar í eyinni toppskarfarnir urpu fyrstu árin, en þegar komið var fram til árána 1964 (AI) og 1965 (Friðrik Sigurbjörnsson 1970) var aðalbyggðin



6. mynd. Toppskarfsbyggðin við Draugagjá í Melrakkæy. – Shags on Melrakkæy island. Ljósmynd. Gísli K. Halldórsson, 20.6.2004.

við Draugagjá. Þar hefur kjarni varpsins verið síðan. Árið 1977 hafði varpið breiðst út á klettana vestan gjárinnar og þar hafa toppskarfar einnig orpið síðan. Að því best er vitað hafa fuglarnir eingöngu orpið á vesturhliðinni utan eitt hreiður var við Bolagjá 1978 (TT). Árið 1983 voru komin þrjú hreiður í viki norðan Heyhleinar (TT), þar sem voru jafnmörg hreiður 1987. Árið 2003 voru engir toppskarfar verpandi á þeim stað, aðeins við Draugagjá og á klettunum þar vestur af sem fyrr.

Þegar menn nálgast er atferli toppskarfa við hreiður allt annað en dílaskarfa. Toppskarfar eru gæfir, sumir þeirra hreyfa sig ekki af hreiðrinu þótt komið sé alveg að þeim, ráðast jafnvel á aðkomumann. Litlar líkur eru á að afræningjar eins og máfar hafi afgerandi áhrif á varpið með eggjaráni ef friður ríkir í varpinu, því annar hvor hreiðurfuglinn er vanalega við. Þó er vitað að svartbakar hafa ráðist á og drepið fullvaxna toppskarfa.

Þegar Melrakkæy var friðlýst var óþekkt annars staðar að frændtegundirnar toppskarfur og dílaskarfur yrpu í sömu eyju. Síðan færðust slík sambýli í vöxt eftir því sem toppskörfum fjölgaði á tímabili (ÆP, óbirt gögn). Ef

**3. tafla. Fjöldi toppskarfa verpandi í Melrakkaey.  
– The numbers of Shag nests on Melrakkaey.**

<i>ár/year</i>	<i>dags./date</i>	<i>hreiður/nests</i>	<i>heimild/reference</i>
1957	01.07.	5-10	FG 1957
1964	00.06.	amk 20	AI 2005
1965	00.06.	?	Friðrik Sigurbjörnsson 1970
1973	17.05.	um 60	Arnþór Garðarsson 1979
1978	17.05.	55	TT 1978
1979	24.06.	70	TT 1979
1983	13.06.	125 <sup>1</sup>	AG 1990
1987	17.05.	57	ÆP 1987a
1995	12.05.	29	ÞÞB 1995
2003	17.05.	47	ÆP 2003

<sup>1</sup> 44 16.7.1983 (TT).

skarfatagundirnar verpa saman í eyju þá eru þær yfirleitt ekki saman í bland (Ævar Petersen 1989).

Fjölmargin toppskarfar merktir í Melrakkaey hafa fundist verpandi á sama stað allt að 10 árum síðar. Þá hafa nokkrir fuglar fundist dauðir í grásleppunetum í Grundarfirði og einn var skotinn við Flanga (sker innar á firðinum) að vetrarlagi. Ungir toppskarfar (eins til tveggja ára) ferðast suður með landinu á veturna. Á annan tug merktra toppskarfa úr Melrakkaey hefur fundist aftur, við Ólafsvík, Rif og Öndverðarnes, Kjalarnes og Seltjarnarnes og við Hólmsberg og á Garðsjó við Miðnes utan varptíma. Einn toppskarfur úr Melrakkaey fannst dauður við Stykkishólm að vorlagi.

Á síðastliðnum þremur áratugum hafa margir toppskarfar verið merktir víða í Breiðafjarðareyjum og ferðir þeirra verið kortlagðar ágætlega (Ævar Petersen 1982). Tveir endurfundir eru einkar áhugaverðir, þar sem varpfuglar úr Klofningi við Flatey fundust verpandi í Melrakkaey, um 50 km frá merkingarstað, 7 og 8 árum síðar. Vanalega breyta sjófuglar ekki um varpstað eftir að þeir eru orðnir kynþroska og farnir að verpa, oft í sama hreiður ár eftir ár. Þessir endurfundir (og aðrir) staðfesta að toppskarfar eru lausari við vörp sín en flestir aðrir sjófuglar. Slíkt getur verið til góðs fyrir varpbyggðir sem

verða fyrir skakkaföllum, eins og átti sér stað í Melrakkaey. Þá eru meiri líkur á að fuglar frá öðru stöðum fylli í skörðin fljótar en ella og sú virðist einmitt hafa verið reyndin á fjórða áratugnum.

### **Grágæs *Anser anser***

Enn styttra er síðan grágæsar varð fyrst vart sem varpflugls í Melrakkaey en skarfattegundanna hér á undan, eða árið 1987. Þá fundust tvö hreiður (16. maí), bæði með 3 eggjum. Þegar næst var komið að hreiðrunum hafði allt verið étið úr þeim. Engu að síður sást fullorðin gæs með stakan unga síðar um sumarið (28. júlí). Sá ungi fékk merki en var svo tilkynntur skotinn í Hnappadal rúmum þremur árum síðar.

Grágæsar er ekki getið á varpfluglistanum sem FG skráði eftir GG 1957. Varla var við því að búast, því þá var aðeins rúmur áratugur frá því grágæsir hófu að verpa við Breiðafjörð. Um 1950 voru þær enn sjaldséðar en hafa síðan verið í stöðugri sókn (Ævar Petersen 1989). JÞ tók fram í greinargerð sinni 1989 að gæsir hefðu gert tilraunir til varps sem hafi alltaf misfarist. Í skýrslu ÞÞB frá 1995 (12. maí) er getið 16 grágæsa og einnig fundust 3 hreiður (tvö með 6 eggjum, eitt með 5 eggjum). Árið 2003 sáust tvö grágæsarpör og eitt hreiður fannst (með 2 eggjum). Að auki fundust tvö upprifin hreiður og étið gæsaregg skammt frá. Annað parið hefur eflaust reynt varp á ný eftir að fyrra hreiðrið var eyðilagt. GKH & LBH sáu nokkrar grágæsir 2004 (20.-21. júní).

Nokkuð ljóst er að máfarnir eru aðgangsharðir við gæsaheiðir, þótt einnig sé vitað að ungi hafi komist á legg. Eitt eða fá varppör virðast haldast við í eygni. Einnig má telja öruggt að grágæsir haldi þar til í nokkrum mæli síðsumars þegar þær eru ófleygar í fjaðrafelli eins og víða annars staðar í Breiðafjarðareyjum (Ævar Petersen 1989). Athuganir á þeim árstíma eru fáar, en TT sá skít eftir gæsir um alla ey 19. ágúst 1979. Einnig er sennilegt að grágæsir nátti sig í eygni á þessum árstíma eftir varp þegar fuglarnir eru í hópum.

### **Stökkönd *Anas platyrhynchos***

GG getur þess 1957 að eitt eða fleiri pör hafi orpið í Melrakkaey þann tíma sem hann hafði afskipti af eygni (frá um 1930). Sama ár sáust tveir steggir í sárum (ófleygir vegna fjaðrafellis), hvort sem þeir hafa átt hreiður með kollum í eygni eða ekki. Endur ferðast oft langar leiðir áður en þær fara í fjaðrafelli til að halda

sig úr alfaraleið enda varnarlitlar meðan á honum stendur. Sutton (1961) fann stökkönd á eggjum 1958 og Ingólfur Davíðsson (1966) kvað stökkönd verpa 1965.

Síðan hafa hreiður eða fuglar sést í mörgum heimsóknum; hreiður með 8 eggjum 1978 (TT), þrjár kollur sást í gulstörinni 19. ágúst 1979 (TT), 1983 (16. júlí) sást ein kolla en hún var ekki með hreiður (TT), 16. maí 1987 sást eitt par og síðar þrjú en daginn eftir einn steggur og síðar eitt par. Árið 2003 sást steggur á flugi undan eygni og líklega sá sami stuttu seinna sama dag ásamt kollu sem flaug úr urð. Ekki fannst hreiður en kollan hefur að líkindum verið að leita sér að hentugum hreiðurstað.

Eitt eða fá pör hafa verið viðloðandi eyna mestallan þann tíma sem athuganir ná yfir. Stökkönd er eflaust gamalgróinn varpfugl í Melrakkaey.

### **Toppönd *Mergus serrator***

Toppöndur hafa ekki oft verið skráðar í Melrakkaey, hvað þá sem varpfuglar. Ástæðan getur verið sú að þeir sem hafa skrásett fuglalífið hafa ekki verið mikið á ferð þegar toppöndur eru með hreiður (um mitt sumar). Toppandarungar fara nánast strax úr hreiðri og geta dulist ótrúlega vel í vöxtulegum gróðri.

Fyrstu upplýsingar um varp eru frá árinu 1957 en þá hafði FG eftir GG, sem hafði farið árlega í Melrakkaey um 30 ára skeið, að venjulega yrpu tvö toppandarpör í brekkunni (Brimbrekku) norðvestan í eygni. FG sá eina kollu 1. júlí 1957, en síðan eru toppöndur ekki skráðar í tiltækum gögnum fyrr en 1978 og svo 1987. Þeir tveir skrásetjarar sem hafa farið í júní (á aðalvarptíma toppanda), Trausti Tryggvason og Friðrik Sigurbjörnsson, sáu hvorugur toppönd í flestum sínum ferðum; Friðrik á árunum 1965-1970 og Trausti 1977-1984. Sá síðarnefndi fann þó hreiður (með 9 eggjum) í júlí 1978.

Árið 1987 fannst toppandarkolla á hreiðri með 7 eggjum (28. júlí) við syðstu tjörnina (Eggjapoll). Önnur kolla flaug úr grasþykki við næstu tjörn án þess að hreiður fyndist en hún hefur sennilega átt unga í gróðrinum. Í vorferðinni það ár sást mest fimm toppöndur saman (þrjár steggir og tvær kollur), en eitt eða tvö pör sást itrekað fljúga yfir eyna, eflaust fuglar sem íhuguðu varp. Má reikna með því að 2-3 pör hafi orpið árið 1987. Toppandarpar sást við eyna 17. maí 2003 og talið að a.m.k. eitt par hafi orpið í eygni það ár.

Eitt til þrjú toppandarpör hafa lengi verið viðloðandi eyna en varp virðist hafa verið stopult á árunum 1965-1984.

**Æðarfugl *Somateria mollissima***

Skin og skúrir hafa skipst á í æðarvarpinu í Melrakkaey um aldir. Í 4. töflu eru teknar saman þær upplýsingar sem voru til reiðu um varp í eyjunni og stærð þess.

**4. tafla. Stærð æðarvarps í Melrakkaey – The size of the Common Eider colony on Melrakkaey, mainly estimated from the amount of down collected.**

<i>ár/year</i>	<i>skráning/ entry (hreiður)</i>	<i>áætluð stærð/ no. nests</i>	<i>heimild/reference</i>
um 1755	verpur	?	Eggert og Bjarni 1772: 266.
1839	dúntekja engin	0?	Einar Sæmundsson 1839: 167.
1847	ekki nefnt	0?	Johnsen 1847
1849	ekki nefnt	0?	Gjörðabók fyrir jarðamati 1849
1854	1 pund	30	Ólafur Pálsson 1859: 673.
1872	lítilsháttar varp	?	Helgi Sigurðsson 1873: 289.
1873	rúm 3 pund	100	Helgi Sigurðsson 1873: 289.
um 1900	varp	?	Þorvaldur Thoroddsen 1908: 125-126.
1914	10 kg af dún	600	Sigurður Stefánsson 1917: 24.
um 1930-54	7-15 kg af dún	420-900	GG í FG 1957
1931	12,5 kg	750	Fasteignamat 1931
1942	10 kg	600	Fasteignamat 1942
1955	12 kg af dún	720	GG í FG 1957
1956	10 kg af dún	600	GG í FG 1957
1965	talsvert	?	Friðrik Sigurbjörnsson 1970: 118.
um 1960-67	3-13 kg	180-780	FG 1967
1974	3 kg	180	NVR 1976
1975	3 kg	180	NVR 1976
1974-85	2-3 kg	120-180	JÞ 1989
1979	100-200 hreiður	100-200	TT 1979
1986	0,75 kg af dún	45	JÞ í ÆP 1987a
1987	1 hr. <sup>1</sup>	?	ÆP 1987a
1996-2003	0,5-1 kg af dún	30-60	KVM 2005
2003	1 hr. <sup>1</sup>	?	ÆP 2003

<sup>1</sup> Of snemma talið.

Fyrsta heimildin um æðarvarp í eygni er frá um 1755, en óvíst er hve mikið það hefur verið og einnig hvað var nytjað (egg eða dúnn). Líklegt þykir að æðarfugl hafi orpið í Melrakkaey um aldir, a.m.k. endrum og sinnum. Um 1839 voru engar nytjar upptaldar af dún né heldur 1849 þó aðrar nytjar séu tilgreindar. Ástæðan er að líkindum lítið sem ekkert varp, enda fékkst aðeins eitt dúnpund fimm árum síðar, árið 1854. Talið er að átt hafi verið við hreinsaðan dún og samsvaraði pundið því um 30 hreiðrum.

Eitthvað vænkaðist varpið er leið á 19. öldina, en gósentíð varpeigandans var greinilega á fyrri hluta 20. aldar. Þá fór varpið mest í 15 kg og er æðarvarp talið til hlunninda að Setbergi (og það var einungis í Melrakkaey) t.d. í fasteignabókunum 1932 og 1942. Eyjan hefur verið ansi þéttsetin þegar þar fengust 15 kg af dún. Um og uppúr 1960 hnignaði æðarvarpinu þótt enn fengjust nokkur dúnkíló. Síðasta aldarfjórðung eða svo hefur varpið ekki verið neitt sem heitir getur, aðeins nokkrir tugir hreiðra sem er þó í takt við stærð æðarvarpsins yfir einni og hálfri öld áður (7. mynd).



7. mynd. Æðarbændur reyna ýmis ráð til þess að laða æðarfugla í varpland sitt, eins og þessi trénaði æðarbliki í Melrakkaey ber vitni um. – Icelandic Eiderfarmers use various tricks to attract Common Eiders to nest on their land, here is a wooden Eider drake. Ljós. Sværrir Thorstensen, 17.5.2003.



Lítið er til skráð um dreifingu æðarvarpsins í Melrakkaey. Um 1950 þegar 10-12 kg fengust þar kvað PJ varpið hafa verið þéttast sunnan mýrlendisins, milli Heyhleinar og Bolagjár. Einnig var mikið varp vestan í eyinni. Þegar AI kortlagði fuglabyggðir 1964 var aðalæðarvarpið nyrst milli Dílaskarfsness og Hjalla, í gulstörinni um miðbik eyjar og vestur yfir Eyjahól í melgresinu rétt sunnan Draugagjár. Árið 1977, þegar varpið var komið niður í 100-200 hreiður, var það dreift um alla ey (TT).

### **Tjaldur *Haematopus ostralegus***

Svo virðist sem tjaldur hafi lengi verið viðloðandi Melrakkaey þó ekki samfelld. Hans er getið sem varpfugls til fjölda ára fyrir 1957 (GG), FG sá eitt varppar 1957 og AI 1964, ennfremur Ingólfur Davíðsson (1966) og Friðrik Sigurbjörns-son (1970) árið 1965. Síðasttöldu tvö árin varp tjaldsparið í fjörunni neðan Brimbrekku.

Á sjöunda og áttunda áratugnum tekur við tímabil sem engra tjalda verður vart í eyinni. Þannig nefnir TT ekki tjalda á árunum 1977-1980 né 1983-1984. Hann getur þess sérstaklega í skýrslu sinni 1983 að engir vaðfluglar verpi í Melrakkaey. Þrír tjaldar sáust 16. maí 1987 en engin merki voru um varp, né heldur 12. maí 1995 þegar ÞÞB heimsótti eyna. Árið 2003 hélt eitt par til í eyinni en hafði ekki í frammi varpatferli sem er yfirleitt mjög áberandi hjá tjöldum. Þetta var á miðjum varptíma þeirra (17. maí) og hugsanlega hafa fuglarnir misst egg undan sér.

Melrakkaey ber nokkuð augljóslega ekki nema eitt verpandi tjaldspar, enda útfiri lítið til fæðuöflunar. Varp hefur verið stopult um tíðina en tegundin virðist þó reyna varp öðru hverju.

### **Hvítmáfur *Larus hyperboreus***

Saga hvítmáfsins sem varpfugls í Melrakkaey er ekki ýkja löng. Þessi tegund er gjarnan aðeins kölluð „máfur“ við Breiðafjörð, en annars er það samheiti fyrir fugla af máfaættinni. Finnur Guðmundsson (1955) nefnir ekki eyna sem varpstöð í yfirlitsgrein sinni um hvítmáfa á Íslandi. Tegundin var þó byrjuð að verpa þar, því GG tjáði Agnari Ingólfssyni (1967) að hvítmáfur hefði byrjað að verpa í eyinni milli 1950 og 1955 (bls. 175). Áleit Agnar að Finnur hefði ekki vitað um þetta nýja varp sem er eflaust rétt, því hann kom ekki í eyna fyrr en 1957. Ljósmyndir Finns úr þeirri ferð sýna hvítmáfa í varpi, þ. á m. unga. Árið

8. mynd. Hvítmáfsungi málaður lifandi í Melrakkaey 12. júlí 1958 af G.M. Sutton (Sutton 1961: 155). Eftir frummyndinni sem er varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands. – A Glaucous Gull chick, painted alive on Melrakkaey island in 1958, by G.M. Sutton (see Sutton 1961: 155). The original watercolour painting is found at the Icelandic Institute of Natural History.



eftir getur Sutton (1958) um unga og málaði einn slíkan í heimsókn sinni til eyjarinnar (8. mynd).

Þessi mynd var síðar valin á veggspjald er gefið var út í til efni yfirlitssýningar á verkum Suttons í Oklahoma í Bandaríkjunum veturinn 1984-85. Náttúrufræðistofnun Íslands lánaði allar myndir hans sem eru nokkir tugir á þá sýningu.

Tölur um stærð hvítmáfsvarpsins á mismunandi tímum er að finna í 5. töflu.

Hvítmáfum virðist hafa fjölgað nokkuð ört fyrstu árin eftir að þeir hófu að verpa í eygni því þegar árið 1957 voru varppörin orðin 30-40. Hámarki var náð 1964, 85 pör, en síðan héldust 60-80 pör næstu tvo áratugi. Landnám og fjölgun hvítmáfa var í takt við framvindu í hvítmáfsstofninum í landinu á þessum árum (Ævar Petersen 1998). Þegar komið var fram til 1995 hafði greinilega sigið á ógæfuhliðina því þá hafði fækkað um meira en helming í varpstofninum frá því að hann var stærstur. Sú fækkun hélt áfram því árið 2003 voru aðeins um 15 pör í eygni og er það einnig í samræmi við breytingar sem virðast hafa orðið á hvítmáfsstofninum á síðasta áratug eða svo (óbirt gögn). Má tala um hrun í stofninum því samsvarandi fækkun hefur orðið í ýmsum mikilvægum varpbyggðum, t.d. í Bjarnarhafnarfjalli milli eyðibýlanna Selja og Ámýra, en ekki jafnmikil í ýmsum öðrum byggðum, t.d. í Kirkjufelli og Mýrarhyrnu í Grundarfirði. Full ástæða er til að fylgjast með framvindunni og telja skipulega

**5. tafla. Fjöldi hvítmáfa verpandi í Melrakkaey.  
– The numbers of Glaucous Gull nests on Melrakkaey.**

<i>ár/year</i>	<i>dags./date</i>	<i>hreiður/nests</i>	<i>heimild/reference</i>
1957	01.07.	30-40	FG 1957
1964	00.05.	85 <sup>1</sup>	AI 2005
1975	00.00.	80	AG 1990
1978	17.05.	60-80	TT 1978
1983	13.06.	? <sup>2</sup>	AG 1990
1987	16.-17.05.	63	ÆP 1987a
1995	12.05.	25-30	ÞÞB 1995
2003	17.05.	um 15	ÆP 2003

<sup>1</sup> Endurskoðuð tala, 100 pör í Agnar Ingólfsson 1967: 175.

<sup>2</sup> Enn óunnið af loftmyndum.

í helstu hvítmáfsbyggðum landsins til að fá betri upplýsingar um stöðu mála.

Í Melrakkaey verpur hvítmáfur í nánú sambýli við svartbakinn og er (og sérstaklega var) eyjan allþéttsetin máfum. Samt er áhugaverður munur á varpútbreiðslu tegundanna, því hvítmáfurinn verpur aðallega með útjöðrum eyjarinnar, ekki síst með austurströndinni. Þessi munur kom vel fram þegar AI kortlagði varpið 1964 en þá sköruðust varpsvæði tegundanna nánast ekkert. Ennfremur sést þessi munur á loftmyndum sem AG tók 1975, við kortlagningu 1987 svo og 1995 (ÞÞB). Hliðstæður munur er oftast á dreifingu toppskarfs og dílaskarfs þegar þeir verpa í sömu eyju, eins og áður er getið.

Melrakkaey var lengi eini þekkti staðurinn á Íslandi þar sem hvítmáfar urpu á jafnsléttu. Varpstaðir þeirra eru annars í snarbröttum klettum eða hamrahlíðum (Finnur Guðmundsson 1955). Einnig var álitnið sjaldgæft að hvítmáfur og svartbakur yrpu í svo miklu nábyli. Þessar staðreyndir og aðrar þóttu merkilegar og stuðluðu að því að eyjan var friðlýst. Upp úr 1970 fóru hvítmáfar að verpa hér og þar í Breiðafjarðareyjum en hvergi nema stök eða fá pör í stað svo hvítmáfsvarpið í Melrakkaey hafði algebra sérstöðu á Íslandi (Ævar Petersen 1989).

Hvítmáfar dreifast víða utan varptíma og áður en þeir verða kynþroska og fara að verpa (Ævar Petersen 1998). Fjórir hvítmáfar úr Melrakkaey hafa fundist eftir merkingu. Fugl sem merktur var fullorðinn á hreiðri fannst

þremur árum síðar við Kvíabryggju við vestanverðan Grundarfjörð og annar fannst við Ólafsvík einnig þremur árum eftir merkingu. Af fuglum sem voru merktir sem ungar fannst einn 1½ ári síðar við Ólafsvík og annar ári eftir merkingu á austurströnd Grænlands, eini íslenski hvítmáfurinn sem vitað er til að þar hafi fundist.

### Svartbakur *Larus marinus*

Nokkuð ljóst þykir að svartbakur er einn af gamalgrónum varpfluglum Melrakkaeyjar, þótt heimildir nái tiltölulega stutt aftur í tímann. Elsta heimildin er dagbók sr. Jens Hjaltalín sem getur þess 11. maí 1890 að svartbaksegg hafi verið tekin í eygni. Annars eru þau gögn sem fundist hafa um stærð varpsins sýnd í 6. töflu.

Svartbaksvarpíð óx greinilega mikið á sjötta áratug og fram á sjöunda áratug 20. aldar frá því sem það hafði verið fyrr á öldinni. Árið 1965 hefur Friðrik Sigurbjörnsson (1970) eftir Gunnari á Akurtröðum að svartböfum hafi fjölgað „ískyggilega mikið í eyjunni á síðustu árum“ (bls. 120). Sú fullyrðing kemur

#### **6. tafla. Fjöldi svartbaka verpanði í Melrakkaey. – The numbers of Great Black-backed Gull nests on Melrakkaey.**

<i>ár/year</i>	<i>dags./date</i>	<i>hreiður/nests</i>	<i>heimild/reference</i>
um 1927-57	00.00.	um 20 pör	GG í FG 1957
1957	01.07.	100 pör	FG 1957
1958	12.07.	lítið varp	Pettingill 1959
1964	00.05.	170 pör	Agnar Ingólfsson 1967: 175; AI 2005
1973	17.05.	um 160 pör <sup>1</sup>	Arnþór Garðarsson 1973
1975	27.05.	110-120	AG 1990
1978	17.05.	70-90	TT 1978
1983	13.06.	? <sup>2</sup>	AG 1990
1987	16.-17.05.	170 pör	ÆP 1987a
1995	12.05.	um 150 hreiður	ÞPB 1995
2003	17.05.	112 pör	ÆP 2003

<sup>1</sup> 300 fuglar.

<sup>2</sup> Enn óunnið af loftmyndum.

heim og saman við flestar aðrar heimildir, nema hvað Pettingill (1959) í ferð sinni til eyjarinnar 1958 gat þess að svartbaksvarpið væri lítið. Sú athugasemd er ekki í samræmi við mat Finns Guðmundssonar um 100 pör árið áður og hlýtur að vera á misskilningi byggð eða mismunandi mati á því hvað er „lítið“. Sex árum síðar (1964) var varpið komið í 170 pör (Agnar Ingólfsson 1967; athuga villu í ártali í skýrslu Arnþórs Garðarssonar 1973 sem vitnar í sömu gögn en segir þau frá árinu 1962).

Á árunum 1930-40 varp svartbakur nánast eingöngu á norðurenda eyjarinnar (í nánd við þar sem heitir Byrgi) en sáralítið annars staðar (PS). Á þessu átti eftir að verða mikil breyting eftir sem varppörum fjölgaði. Eins og getið er í umfjöllun um hvítmáf er talsverður munur á varpútbreiðslu hans og svartbaks. Síðustu áratugi hefur svartbakur orpið mest inni á eyinni og var langþéttasta varpið í norður-suður lögðinni eftir miðri ey 1987 og 2003, nánast hreint svartbaksvarp. Örfá pör voru vestan við hákoll eyjarinnar og eitt á Stöngum árið 1987.

Þann 16. maí 1987 var einkennilegt máfapar á suðausturhorni eyjarinnar. Fuglarnir voru svipaðir að lit, greinilega paraðir. Síðar um sumarið (28. júlí) hélt parið til á sama stað, gaggandi líkt og máfar gera þegar þeir eru með unga. Svo reyndist einnig vera því stakur ungi fannst (nú í vísindasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands). Fuglunum var lýst nákvæmlega og ljósmyndaðir (sjá 9. mynd).

Stærð þeirra var svipuð og svartbaks, baklitur mun dekkri en silfurmáfa, ljós-steingrár og mun ljósari en á sílamáfum. Lappir voru rauðholdlitar, rauðari



9. mynd. Kynblendingar svartbaks og hvítmáfs (par) í Melrakkavey. Annar fuglanna fyrir miðri mynd og hinn að taka flugið. Svartbakar í kring með mun dekkra bak. – Great Black-backed Gull x Glaucous Gull hybrid pair on Melrakkavey island. One of the pair in middle of the picture, while the other takes off. The surrounding Great Black-backed Gulls have much darker back compared to the hybrids. Ljós. Ævar Petersen, 17.5.1987.

10. mynd. Vængfjaðrir af kynblendingum svartbaks og hvítmáfs sem varp í Melrakkaey sumarið 1987. – Wing feathers from a hybrid pair Great Black-backed Gull x Glaucous Gull on Melrakkaey in summer 1987. Ljósmynd. Ævar Petersen, 20.5.2005.



en á svartbaki. Lithimnan var mun ljósari en í svartbaki, allt að gulgráhvít, mjög lík og í hvítmáfi. Augnhringurinn var dökkappelsínurauður, nær svartbaki að lit. Nefið var fínlegt, ekki eins gróft og á svartbaki, nær hvítmáfi, einnig neflitur. Röddin í fuglunum var lík og hvítmáfs, gjörólík svartbaki. Bæði svartbakar og hvítmáfar voru hjá til samanburðar. Engum vafa er undirorpið að þarna voru kynblendingar svartbaks og hvítmáfs (10. mynd).

Agnar Ingólfsson (1967) getur þess að svartbakar merktir í Melrakkaey hafi fundist aftur yfir víðfeðmt svæði. Fuglar merktir sem fullorðnir fuglar á hreiðri fundust aðeins stutt frá merkingarstað, við Búlandshöfða. Fuglar merktir sem ungar komu aftur á móti fram miklu lengra burtu, við Reykjanes á Suðvesturlandi og í Stöðvarfirði fyrir austan, en einnig við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og við Húsavík norður. Lengst hafði þó ferðast ungi sem fannst á Norður-Írlandi átta mánuðum eftir merkingu.

### **Rita Rissa tridactyla**

Óvenjumargar fuglategundir hófu að verpa í Melrakkaey á sjötta áratug 20. aldar og er ritan ein þeirra. Árið 1956 voru þar aðeins um 2 pör, en þær tölur sem annars eru til um stærð rituvarps í eyinni eru í 7. töflu.

Flest hreiður (864) voru talin 1979. Nokkur vísbending er um að varpinu hafi hrakað frá 1987, þó ekki eins mikið og tölurnar segja til um því varpið var lítið

**7. tafla. Fjöldi rita verpanði í Melrakkaey.**

<i>ár/year</i>	<i>dags./date</i>	<i>hreiður/nests</i>	<i>heimild/reference</i>
1956	00.00.	líkl. 2	GG í FG 1957
1957	01.07.	5	FG 1957
1983	13.06.	630 <sup>1</sup>	AG 1996
1977	19.07.	290-320	TT 1977
1979	24.06.	864	TT 1979
1987	17.05.	508 <sup>2</sup>	ÆP 1987a
2003	17.05.	131 <sup>3</sup>	ÆP 2003

<sup>1</sup> 505+ (ekki heildartalning) 16.7.1983 (TT).

<sup>2</sup> Varp ekki að fullu hafið.

<sup>3</sup> Greinilega lítið byrjað að verpa.

sem ekkert byrjað þegar talið var 17. maí 2003 svo eflaust áttu hreiður eftir að bætast við. Ritum hefur fækkað á Breiðafirði síðustu ár (ÆP, óbirt gögn) og er ekki ólíklegt að sú fækkun hafi einnig náð til Melrakkaeyjar. Aðkallandi er að telja sem fyrst rituvarpið á réttum árstíma (heppilegast í fyrri hluta júní) til að fá betri tölur um núverandi stöðu þess.

Rituvarpið er mest og þéttast í Draugagjá vestan í eyinni og klettunum þar vestur af á sömu slóðum og toppskarfnir verpa (11. mynd). Varp ritunnar er þó mun dreifðara en toppskarfsins, enda varppörin langtum fleiri.

Tveir aðrir varpkjarnar hafa verið við lýði a.m.k. síðan 1964 (AI), umhverfis Heyhleinn á suðvesturhlíðinni og a.m.k. frá 1977 (TT) við Bolagjá á suðausturhorninu. Einnig hafa ritur orpið vestan í Dílaskarfsnesi. Árið 1979 þegar rituvarpið var stærst urpu ritur einnig á austurströndinni norðan Bolagjár, sem og á Steinboga og í setkambinum uppaf Brimbrekku, hvorttveggja norðvestan í.

Fjölmargir rituungar hafa verið merktir málmmerkjum í Melrakkaey og hafa sumir þeirra fundist síðar annars staðar utan varptíma. Ritur fara frá landinu á haustin og dreifast þá víða (Ævar Petersen 1982). Um þetta vitna ritur úr Melrakkaey sem hafa fundist við Grænland, Færeyjar, Skotland, Þýskaland og allt suður til Marokkó í Norðvestur-Afríku. Ein fannst dauð við Jónsnes í Helgafellssveit að sumarlagi fjórum árum eftir merkingu, en annar



11. mynd. Rituvarpið við Draugagjá. Sér yfir á Krossnes og gnæfir Stöðin yfir en í fjarska sér til Búlandshöfða. – The Kittiwake colony on Melrakkaey. Ljós. Gísli K. Halldórsson, 21.6.2004.

endurfundur á Breiðafirði er einkar áhugaverður. Rituungi sem var merktur í eygni sumarið 1980 náðist með hreiður í Innri-Rauðsdalshólma í Sauðeyjum við norðanverðan Breiðafjörð 14 árum síðar. Þessi endurfundur sýnir að ekki leita endilega allir rituungar aftur til uppeldisstöðvanna þegar þeir fara að verpa.

### **Kría *Sterna paradisaea***

Kría hefur lengi verið skráður varpflugl í Melrakkaey, þótt varp hafi ekki verið samfellt og tímabil fallið úr eins og einmitt um þessar mundir. Fyrsta heimildin um kríuvarp er frá 1714 þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín (1933) rituðu Jarðabókina og segja eggjatöku nokkra. Síðan eru heimildir um hlunnindi af kríuvarpi 1839 og árunum þar á undan (Einar Sæmundsson 1840), einnig 1854



Þegar „nokkuð kríueggja“ var talið til hlunninda (Ólafur Pálsson 1861). Má telja sennilegt að dágott kríuvarp hafi verið í eygni á þessum tímum þar sem þótti taka því að telja það til hlunninda Setbergsjarðarinnar.

Þegar kom fram á 20. öld skiptust á skin og skúrir í kríuvarpinu í Melrakkaey. Fyrir 1930 var mikið kríuvarp í eygni og urpu fuglarnir uppi á eygni. GG getur þess að kríur hafi horfið úr eygni harðindaárið 1918. Mörg ár liðu uns þær hófu að verpa á ný og voru innan við 20 varppör 1957, að þessu sinni í fjörunni undir Brimbrekku norðvestan í (GG). Þeim fækkaði greinilega aftur í lok sjötta áratugarins því aðeins eitt par sást 12. júlí 1958 og óvíst var hvort það var verpandi (FG). Þegar komið var fram til ársins 1965 voru kríur alveg horfnar sem varpfuglar úr Melrakkaey (Ingólfur Davíðsson 1966). Ekki er kunnugt um að kríur hafi orpið síðan, eða í nærri fimm áratugi. Vissulega hafa kríur sést við og við á flugi við eyna sem er ekki að undra því kríuvörp eru víða í landi umhverfis Grundarfjörð og eyjan í fluglínunni milli þeirra og veiðislóða á Breiðafirði. Kríuvörp eiga það til að vera óstöðug, hverfa um hríð en myndast svo oft aftur síðar eftir einhvern tíma.

### **Teista *Cephus grylle***

Þótt teista hafi sjálfsagt orpið í Melrakkaey um aldir, er fyrsta skráða heimildin ekki fyrr en 1957 (GG í FG 1957). Þar segir að teistufjöldi hafi haldist svipaður, ekki margar, þau ár sem GG man (frá um 1930). Þegar FG kom í eyna 1. júlí 1957 áleit hann 20-30 varppör vera þar. Sutton (1961) sá teistu bera æti í unga 12. júlí 1958.

Teista er skráð varpfugl á sjötta áratugnum (Ingólfur Davíðsson 1966, Friðrik Sigurbjörnsson 1970) og 1964 fann AI hreiður í urðum á ströndinni að norðan- og austanverðu neðan Hjalla og í Draugagjá. Miðað við 1957 fækkaði í teistuarpinu til 1977 þegar TT taldi aðeins vera 6 pör (19. júlí). Varpíð var þá í urðum norðanvert á eygni. Árið 1978 sá TT aðeins sex fugla (17. maí) og síðar um sumarið (16. júlí) fann hann eitt hreiður í Hjöllum nyrst á eygni. Í tveimur heimsóknum 1979 (24. júní og 19. ágúst) sá TT engar teistur, né heldur árið eftir (28. júlí). Árið 1983 fannst eitt hreiður á svipuðum slóðum og 1978 og að auki sáu 15 fuglar á sjónum norðan eyjarinnar, þar af sex árgamlir, ókynþroska fuglar (TT). Má ætla að það ár hafi verið um 5 pör í eygni. Árið 1984 fann TT tvö teistuhreiður í Hjöllum.

Árið 1987 gerðum við okkur sérstakt far um að kanna fjölda teistupara í eygni en teistur verður að telja á ákveðnum tíma sólarhrings til að fá réttar tölur um fjölda (Ævar Petersen 1981). Á tímabilinu kl. 21<sup>50</sup>-22<sup>10</sup> sáust 22 fuglar í fullorðnisbúningi (og þrír árgamlir), allir á sjónum umhverfis norðurenda eyjarinnar. Morguninn eftir var talið milli kl. 08<sup>30</sup> og 08<sup>50</sup> og sáust þá aðeins 10 fuglar í fullorðnisbúningi en sumir varpfuglanna voru greinilega farnir burt út á sjó til veiða. Seinna um sumarið (28. júlí) fundust tvö teistuhreiður með ungum í Hjöllum á sömu slóðum og TT hafði fundið hreiður áður. Árið 1995 (12. maí) sá ÞPB 8 teistur við eyna, en árið 2003 brá svo við að ekki sást ein einasta. Þá var reyndar aðeins dvalist í eygni á tímabilinu kl. 14<sup>15</sup>-19<sup>30</sup> og á þeim tíma dags sjást teistur lítið sem ekkert við varpstað á þessum árstíma.

Breytilegar niðurstöður talninga á teistum lýsa vel þeim erfiðleikum sem eru á því að afla upplýsinga um rétta stærð teistuvarpa, enda verpa fuglarnir í holum og fjöldi þeirra við varpið breytist mikið eftir tíma dags. Teistur sjást ekki alla jafna við varpið yfir hádaginn en fjöldinn nær hámarki tvisvar á sólarhring, snemma á morgnana (um sexleytið) og svo aftur á kvöldin (um kl. átta). Heimsóknir til Melrakkaeyjar hafa oftast verið yfir hádaginn og því verður að álykta að fjöldi teistupara í eygni um tíðina hafi ekki verið eins breytilegur og gögnin segja til um. Einnig er ljóst að talningin 1987 er sú nákvæmasta en þá voru um 10 varppör. Varpið var þá mestallt eða eingöngu á norðurenda eyjarinnar, bæði í grjótinu í Hjöllum og í urðinni á ströndinni.

Vel tímasettar talningar þarf til að afla raunréttar gagna um ástand teistustofnsins í Melrakkaey. Vafi leikur jafnvel á því hvort teistum hafi raunverulega fækkað frá 1957 þar sem FG getur ekki um hvernig staðið var að mati á fjölda þeirra, en atferli teista við varp var ennþá illa þekkt í þá daga. Teistum í Flatey hefur fækkað um meira en helming síðan 1987 (Ævar Petersen, í undirbúningi) og má vel vera að varpinu í Melrakkaey hafi hnignað að sama skapi.

### **Lundi *Fratercula arctica***

Lundinn (12. mynd) er langalgengasti fugl Melrakkaeyjar. Lundi er skráður sem varpfugl aftur í aldir og má telja víst að hann hafi orpið þar frá örófi alda. Árni Magnússon og Páll Vídalín (1933) geta að lundatekja hafi verið „að nokkru gagni“ 1714. Þá er tilvísun til lundavarps frá því um 1755 í Ferðabók Eggerts og Bjarna (1772).



12. mynd. Lundar á lundabalanum ofan við Brimbrekku. Einkar vel sést að lundarnir verpa aðeins á belti með brúnum eyjarinnar þar sem þeir standa þétt saman. – The Common Puffins nested only along the edges of Melrakkæy in 1957. Ljósm. Finnur Guðmundsson, 1.7.1957.

Ljóst er af umsögnum um mikla kofnatekju að lundavarpíð hefur skipt þúsundum allt frá 19. öld (sjá síðar). Erfitt er að segja til um nákvæma stærð, hvað þá um breytingar á því. Þegar FG heimsótti eyna 1957 kvað hann fjölda lunda vera „óteljandi“. Sutton kom árið eftir og teiknaði þá m.a. vatnslitamynd af lundakofu (13. mynd).

Þegar Pettingill (1959) heimsótti eyna 1958 kvað hann allan jarðveg ofan á eyinni vera þakinn lundaholum. Álíka lýsingar gáfu Ingólfur Davíðsson (1966) og Friðrik Sigurbjörnsson (1970). Sá síðastnefndi áleit fjöldann skipta þúsundum og sama kvað TT 1977.

En það var fyrst sumarið 1987 sem lagt var sæmilega nákvæmt mat á stærð lundavarpisins. Aðferðin sem notuð var byggðist á því að meta þéttleika notaðra hola á afmörkuðum svæðum og margfalda þau svæði með heildarflatarmáli lundabyggðarinnar. Grunnatriðum þessarar aðferðar er lýst í grein um fuglalíf í eyjum á Borgarfirði (Ævar Petersen og Sigurður Ingvarsson 2002). Matið gaf samtals 14680 holur. Ekki er endilega víst að orpið hafi verið í allar holurnar

13. mynd. Lundakofa sem G.M. Sutton teiknaði lifandi í Melrakkaey 12. júlí 1958, en myndin birtist upphaflega í bók Suttons (1961: gegnt bls. 190). Frummyndin er í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands. – *A Common Puffin chick drawn live by G.M. Sutton on Melrakkaey in 1958, see Sutton (1961): page facing 190). The original painting is in the collection of the Icelandic Institute of Natural History.*




enda eiga lundapör það til að helga sér holu án þess að verpa. Lundavarpíð í Melrakkaey var metið tveimur árum síðar (1989) af Árna Einarssyni (fyrir Arnþór Garðarsson) en niðurstöður hafa ekki verið birtar.

Nokkuð ljóst þykir að lundabyggðin í Melrakkaey er snöggtum stærri nú á tímum en á fyrri hluta 20. aldar. Á árunum 1930-40 er PS minnisstætt hvernig mörk varpsins færðust fjær brúnunum og inn á eyna svo stöðugt gekk á töðuvöllinn (sjá síðar). Umfang varpsins var verulega miklu stærra um 2000 þegar HO heimsótti Melrakkaey eftir um 60 ár. Ekki hefur reynst mögulegt að mæla stærð lundavarpisins síðan 1989 en það væri þarfaverk, ekki síst í ljósi staðhæfinga um stóraukningu lundavarpisins og meint áhrif á eyjuna (sjá síðar).

Þrátt fyrir umsagnir um að allur jarðvegur sé þakinn lundaholum þá er sú lýsing nokkuð orðum aukin. Að minnsta kosti var svo 1987 því þá var eða hafði verið lundavarp á aðeins 38% af flatarmáli eyjarinnar. Varpdreifingin var teiknuð nákvæmlega inná loftmynd af eyjunni og mat lagt á þéttleika hola (14. mynd).

Fuglarnir urpu á tveimur beltum sitt hvorum megin á eyinni. Austanvert með ströndinni var mjótt belti eyjarenda á milli, aðeins u.þ.b. 10 m breitt. Varpíð var á mun breiðara en misbreiðu belti vestan Eyjarhóls frá suðurenda norður að Dílaskarfsnesi.

Eins og önnur lundavörp er byggðin í Melrakkaey mjög misþétttriðin lunda-



14. mynd. Varpútbreiddsla lundans var kortlögð nákvæmlega í maí 1987. Þéttleiki varpholanna var afar misjafn eins og gengur og gerist í lundabygðum. Sums staðar var byggðin fallin saman og varp ómögulegt fyrir lunda. – The nesting colony of Common Puffins was mapped in 1987. The density of burrows varies greatly, while in former nesting areas the colony was not fit for breeding any more.

holum. Árið 1987 voru holurnar þéttastar á blettum bæði vestan í og austan. Stærsta og samfelldasta þetta svæðið var frá Draugagjá ofan Brimbrekku norður að Dílaskarfsnesi (sbr. 12. mynd). Virkt varp þakti 25% af flatarmáli eyjarinnar en ekkert varp var lengur á 13% til viðbótar. Hafði lundavarp því teygt sig fyrrum yfir 34% stærra svæði en 1987. Ekki er samt víst að allt svæðið sem notað var 1987 hafi einnig verið nýtt til varps á þeim tímum þegar ónýtu svæðin voru enn notuð.

Á ónýtu lundavarpssvæðunum var jarðvegur fallinn eða blásinn burt. Þessar breytingar höfðu ekki átt sér stað allar á sama tíma, því greinilega var mislangt síðan svæðin höfðu verið notuð sem varpsvæði lunda. Árið 1987 voru fallin varpsvæði á blettum frá suðurenda eyjar, norðureftir Eyjahól og inná eyinni ofan við Brimbrekku að Dílaskarfsnesi (sbr. 14. mynd) og höfðu þær breytingar gerst mörgum árum áður. Yfirgefin varpsvæði voru ekki síst þar sem jarðvegur var grunnur eins og sést víða í öðrum lundabyggðum (sjá t.d. Ævar Petersen 1986, Ævar Petersen & Sigurður Ingvarsson 2002). Jarðvegur blæs burtu fyrir samvirkni holugraftar lundans og vinds. En maðurinn hefur einnig haft áhrif á lundabyggðina því meðan kofnatekja var stunduð í eyinni (fyrir heimsstyrjöldina síðari) kom fyrir að lundaholur voru grafnar upp (KVM). Hætta er á að þær aðfarir hafi eyðilaggt varpsvæði og sé ein ástæða þess að lundi verpur ekki enn þann dag í dag á sumum fyrri varpsvæðum.

Ekki skal fullyrt að lundavarp hafi endilega minnkað þótt einhver svæði hafi orðið ónothæf til varps. Fuglarnir hafa getað fært sig um set, numið ný varpsvæði eða varp þést annars staðar. Þá kann að vera að fuglar hafi flutt sig frá Melrakkaey til annarra lundavarpa á Breiðafirði.

### **Mariuerla *Motacilla alba***

Mariuerlur hafa sjálfsagt verið viðloðandi Melrakkaey sem varpfuglar um langan aldur. GG getur þess að eitt par hafi verið í eyinni til margra ára fyrir 1957. AI sá eitt varppar 1964 og bæði Ingólfur Davíðsson (1966) og Friðrik Sigurbjörnsson (1970) geta mariuerlu sem varpfugls; sá síðarnefndi talar um hreiður í setkambinum í Brimbrekku 1965. Árið 1979 sá TT stakan fugl 19. ágúst en sá kann að hafa komið úr landi enda áliðið sumars. Eitt par var í fjörunni í Urðarvík 16. júlí 1983 á sömu slóðum og Friðrik sá hreiðrið, og taldi TT það verpandi. Heyrðist í einum fugli 17. maí 1987 en mariuerlu hafði ekki

orðið vart daginn áður. ÞPB sá þar 12. maí 1995 og 17. maí 2003 sáust þrjú fuglar sem héldu sig með austurhlíð eyjarinnar. Maríuerlur hafa ekki sést í ýmsum öðrum heimsóknnum en hér eru tilgreindar. Því er líklegt að þessi fuglategund verpi aðeins endrum og sinnum í eyinni.

### **Þúfutittlingur *Anthus pratensis***

Þúfutittlingur var skráður í fyrsta sinn 17. maí 1987 þegar heyrðist í einum fugli. Ekki er víst að tegundin hafi orpið það ár. Árið 2003 brá öðruvísi við því þá voru talin vera 3 til 5 varppör (17. maí). Þótt þetta hafi verið í byrjun varptíma þúfutittlinga voru fuglarnir syngjandi á óðali og ljóst að þessi tegund hefur bæst við sem nýr landnemi á síðari árum.

### **Hrafn *Corvus corax***

Þrisvar er vitað til þess að hrafn hafi reynt varp í Melrakkaey. Í fyrsta sinn var það árið 1965 (Friðrik Sigurbjörnsson 1970), síðan 1984 (TT) og 2003 en þá voru 6 egg í hreiðrinu (15. mynd). Í öll skiptin var hreiðrið í setkambinum í Brimbrekku enda er hann í raun eini mögulegi varpstaðurinn fyrir hrafna í



15. mynd. Hrafnslaupurinn í Brimbrekku 1995. Þorvaldur Þ. Björnsson horfir á. – A Common Raven nest on Melrakkaey in 1995. Ljós. Sverrir Thorstensen, 17.5.2003.

eynni. Ekki er vitað um afdrif þessara varptilrauna enda enginn til frásagnar síðar þessi sumur. Árið 2004 þegar GKH og LBH komu í eyna var enginn hrafn verpandi og sýna ljósmyndir af Brimbrekku glögglega að hrafnslaupurinn frá árinu áður var horfinn. Varpsyllur eru afar takmarkaðar því kamburinn er svo laus í sér og stöðugt eyðist úr honum. Laupurinn hefur þó ekki alltaf horfið milli ára, því þegar Friðrik Sigurbjörnsson (1970) kom í Melrakkaey einhvern tíma á árunum 1966-1970 var fýll búinn að verpa í laupinn frá 1965. ÞJ man ekki eftir hröfnum verpandi á árunum um 1947-1953.

### **Aðrar fuglategundir**

Ýmsar tegundir aðrar en þær sem verpa hafa sést í eða við Melrakkaey. Þær sem náðst hefur að skrá eru eftirtaldir.

#### **Súla *Morus bassanus***

TT fann dauða en heillega súlu í eyinni 19. júlí 1977. Þrjár súlur í fullorðinsbúningi og 2 ungfuglar sáust á flugi inn með Melrakkaey 16. maí 1987. Sjálf-sagt sjást súlur öðru hverju á þessum slóðum, því þær leita inn á Breiðafjörð á sumrin (Ævar Petersen 1989), þótt súluvarp sé hvergi nær en í Eldey undan Suðvesturlandi (Arnþór Garðarsson 1995).

#### **Margæs *Branta bernicla***

Árið 1957 hafði Finnur Guðmundsson eftir Gunnari Guðmundssyni í Akurtröðum að margæsir sæjust í eyinni vor og haust og að þær sæktu mjög í eyna. Margæs er fargestur við Breiðafjörð á vorin og heldur allt að helmingur vorstofnsins á Íslandi til við Snæfellsnes norðanvert (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1997). Þann 17. maí 1978 flugu 44 margæsir úr eyinni þegar að var komið (TT). Þegar komið var þangað 16. maí 1987 flugu 11 margæsir úr eyinni. Undir kvöldið tóku margæsir að flykkjast til eyjarinnar nokkrar saman hverju sinni og virtust ætla að hafa þar næturstað. Um kl. 20 voru komnir um 70 fuglar. Morguninn eftir voru 2 í eyinni. ÞPB sá vængbrotna margæs 12. maí 1995. Í maí 2004 sáust margæsir iðulega koma fljúgandi úr Melrakkaey og setjast á túnin við Suður-Bár gegnt eyinni austanvert við Grundarfjörð (MN). Sennilega hafa þær náttáð sig í eyinni.



### **Rauðhöfðaönd *Anas penelope***

Árið 2003 sáust þrír steggir á hröðu flugi yfir eyinni (17. maí). Er það í eina skiptið sem rauðhöfðaönd er skráð frá Melrakkaey. Hún er sjaldgæfur varpflugl í Breiðafjarðareyjum (Ævar Petersen 1989).

### **Urtönd *Anas crecca***

Einu sinni hefur orðið vart við urtönd. TT sá staka kollu á stærstu tjörninni 19. ágúst 1979. Urtönd er strjáll varpflugl í Breiðafjarðareyjum (Ævar Petersen 1989).

### **Duggönd *Aythya marila***

Duggandar er getið einu sinni, en 1. júlí 1957 sá FG þar þrjár kollur og einn stegg. Duggönd verpur ekki í Breiðafjarðareyjum og hefur auk þess fækkað mikið hér á landi frá því fyrir hálfri öld (Ævar Petersen 1998).

### **Straumönd *Histrionicus histrionicus***

Einn kvenflugl sat uppi í eyinni 16. maí 1987. Þann 12. maí 1995 sáust 2 steggir og ein kolla (ÞPB). Eitt par sást á flugi við eyna 17. maí 2003 og síðar sama dag kolla og ársgamall steggur. Straumendur verpa ekki í Breiðafjarðareyjum en leita upp með ám og lækjum á sumrin til að verpa og halda til á sjó á veturna (Ævar Petersen 1998).

### **Hrafnsönd *Melanitta nigra***

Finnur Guðmundsson (FG) getur þess að hafa séð tvo hrafnsandarsteggi í Melrakkaey 1. júlí 1957. Þetta er í raun mjög óvenjulegur staður fyrir þessa tegund sem verpur fjarri þessum landshluta, aðallega í Þingeyjarsýslum (Ævar Petersen 1998).

### **Spói *Numenius phaeopus***

Dagana 16.-17. maí 1987 heyrðist í tvígang í spóa á flugi yfir eyinni. Þessi tegund verpur mjög lítið í Breiðafjarðareyjum, lítillega í eyjum nálægt landi en er algengur fugl í landi umhverfis fjörðinn (Ævar Petersen 1989, 1998).

### **Jaðrakan *Limosa limosa***

Jaðrakan er ekki algengur á norðanverðu Snæfellsnesi og hvergi varpflugl í

Breiðafjarðareyjum (Ævar Petersen 1989). Einn fugl sást á flugi yfir eyinni 17. maí 1987. Þessarar tegundar er ekki getið í öðrum heimildum.

### **Stelkur *Tringa totanus***

Dagana 16.-17. maí 1987 sáust stelkar (stakur fugl, síðar tveir) í fjöru. Sama ár sáust 15 fuglar saman í fjörunni 28. júlí. Eitt par sást við tjarnirnar nyrst 17. maí 2003 og virtist líklegt til varps þótt hreiður hafi ekki fundist. Síðar sama dag sáust þrjár fuglar saman á svipuðum slóðum, tveir þeirra eflaust þeir sömu og áður. Stelkar verpa víða í Breiðafjarðareyjum svo og í landi (Ævar Petersen 1989, 1998).

### **Tildra *Arenaria interpres***

Tildirur eru algengir fargestir á Breiðafjarðarsvæðinu vor og haust en verpa ekki á Íslandi (Ævar Petersen 1989). Þær koma eflaust nokkuð reglulega við í Melrakkaey á ferðum sínum um landið. Dagana 16.-17. maí 1987 sást stök tildra í eyinni í tvígang en einnig um 35 í hóp. Hópur 15 fugla var í fjöru 28. júlí 1987 sem er sá árstími þegar fuglarnir eru farnir að hópa sig í farflug. Árið 2003 sáust 5 fuglar í fjöru og síðar 20-30 við stærstu tjörnina 17. maí.

### **Sendlingur *Calidris maritima***

Fyrstu athuganir á sendlingum úr Melrakkaey eru frá 1977 er TT sá sendlingahóp í fjörunni norðan í eyinni. Nokkrir fuglar voru í fjörum 19. ágúst 1979 (TT). Tveir fuglar og svo þrjár sáust í fjöru 16. maí 1987, en 28. júlí sama ár sáust sendlingar í þrígang, tveir, átta og tveir saman. ÞPB sá þrjá sendlinga 12. maí 1995. Í könnun eyjahringinn 17. maí 2003 sáust fyrst fjórir, heyrðist í einum, svo tveir á flugi og tveir við Draugagjá, alls níu fuglar. Sendlingar verpa hvergi í Breiðafjarðareyjum en eru algengir vetrargestir (Ævar Petersen 1989).

### **Rauðbrystingur *Calidris canutus***

Þetta er fargestur á Íslandi og mjög algengur á leirunum við Breiðafjörð á vorin og haustin en verpur ekki hérlandis (Ævar Petersen 1989, Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). Hópur um 40 fugla flaug yfir 17. maí 1987, einu rauðbrystingarnir sem skráðir eru úr Melrakkaey.

**Óðinshani *Phalaropus lobatus***

Óðinshantar eru aðeins skráðir í einni heimsókn (28. júlí 1987). Þá var einn fugl á stærstu tjörninni, átta í mismiklum fjaðrafelli á sjónum við eyna og síðar stakur fugl, einnig á sjó. Óðinshani er annars verpandi víða í Breiðfjarðareyjum og þegar komið er fram í seinni hluta júlí eru fuglarnir byrjaðir að fella fjaðrir og færa sig suður á bóginn (Ævar Petersen 1989, 1998).

**Kjóí *Stercorarius parasiticus***

Þrisvar hefur kjói verið skráður í eygni. TT sá 12-18 fugla 19. ágúst 1979 sem voru að elta lundana og stela af þeim æti. Slíkt atferli kjóa er algengt í Breiðfjarðareyjum síðsumars þegar lundar bera síli í ungana (Ævar Petersen 1989). Eflaust eru kjóar árlegir gestir síðsumars í lundabyggðinni í Melrakkaey þótt skráningum sé ábótavant. Einn sást á flugi 28. ágúst 1987. Kjói hefur verið skráður einu sinni að vorlagi þegar fugl af dökka litarafbrigðinu flaug framhjá 16. maí 1987.

**Silfurmáfur *Larus argentatus***

Þessi tegund hefur aðeins verið skráð einu sinni. TT sá stakan fugl innan um aðra máfa 4. júlí 1978. Silfurmáfur verpur hvergi við Breiðafjörð en sést utan varptíma, t.a.m. ungfuglar áður en þeir verða kynþroska (Ævar Petersen 1989, 1998).

**Sílamáfur *Larus fuscus***

Í aðeins eitt skipti er sílamáfur skráður í Melrakkaey. Þann 17. maí 2003 sást stakur fugl í fullorðinsbúningi, greinilega ekki verpandi, innan um svartbaka. Sílamáfur er fremur nýlegur varpfugl í Breiðfjarðareyjum en hefur fylgjað mikið (Ævar Petersen 1989, 1998).

**Bjartmáfur *Larus glaucoides***

Algengur vetrargestur umhverfis land allt, einnig á Breiðafirði (Ævar Petersen 1989, 1998). Fullorðnir fuglar hverfa á braut í apríl-maí en sumir ungfuglar halda sig hér sumarlangt. Einn ungfugl sást á flugi 16. maí 1987.

**Hettumáfur *Larus ridibundus***

Fjórum sinnum hefur hettumáfs orðið vart. Þrjú fuglar sáust 19. ágúst 1979 (TT).

Tveir fullorðnir fuglar sáust 28. júlí 1980 ásamt tveimur fleygum ungum (TT). Var talið mjög líklegt að máfarnir hefðu orpið í eygni. Tveir fullorðnir fuglar og einn fleygur ungi sáust 16. júlí 1983 án þess að hreiður myndist (TT). Ekki er fullýrt að máfarnir hafi orpið þessi tvö ár því áliðið var sumars í bæði skiptin og vel hugsanlegt að þeir hafi komið úr landi. Þá flugu tveir fullorðnir fuglar gargandi yfir 16. maí 1987 eins og um hreiður væri að ræða en svo reyndist ekki vera. Hettumáfur verpur víða í Breiðafjarðareyjum (Ævar Petersen 1989).

### **Álka *Alca torda***

Friðrik Sigurbjörnsson (1970) sá álkur á leið í Melrakkaey í júní 1965 en segir jafnframt að þær séu fremur sjaldgæfar. Álkur koma eflaust inn á Grundarfjörð í einhverjum mæli á hverju ári, enda sækja svartfuglar (langvía, stuttnefja og álka) inn á Breiðafjörð á vorin og síðsumars (Ævar Petersen 1989). Þannig var óvenjumikið (600-800 fuglar) af álkum á Grundarfirði 16. júlí 1983 (TT).

### **Stuttnefja *Uria lomvia***

Eins og aðrir svartfuglar leita stuttnefjur talsvert inn á Breiðafjörð í ætisleit á ákveðnum árstímum (Ævar Petersen 1989). Þótt skráningum á Grundarfirði sé ábótavant eru stuttnefjur efalítið reglubundnir gestir þar. Eina heimildin þar sem stuttnefju er getið er í bók Friðriks Sigurbjörnssonar (1970), sem segist hafa séð hana á leiðinni út í Melrakkaey í júní 1965.

### **Langvía *Uria aalge***

Nokkuð öruggt má telja að langvíur séu algengar á sjónum umhverfis Melrakkaey ár hvert. Þær koma í stórum hópum í ætisleit inn á Breiðafjörð (Ævar Petersen 1989). Tvær voru skráðar norður af Melrakkaey 17. maí 1987. Sutton (1961) fann einnig dauða langvíu á floti á leið úti eyna 12. júlí 1958.

### **Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis***

Fyrsta heimild um snjótittlinga er frá 19. júlí 1977 þegar TT sá tvo fugla. Ekki er víst að þeir hafi orpið, en árið eftir sá TT eitt par í upphafi varptíma (17. maí). Ef það hefur orpið sást parið ekki né ungar þegar TT var aftur á ferð í eygni 4. og 16. júlí. Næst er snjótittlings ekki getið fyrr en 16. maí 1987 en þá sáust fjórir karlfuglar og tveir kvenfuglar og var álitnið að ekki væru fleiri

snjótittlingar í eygni. Ekki er fullvíst að þeir hafi orpið enda sáust engir fuglar 28. júlí þótt þeir hafi getað verið farnir til lands fyrr um sumarið. Þann 12. maí 1995 sá ÞPB snjótittlingspar, en aftur á móti var enga snjótittlinga að sjá 17. maí 2003. Hugsanlegt er að snjótittlingur hafi orpið í Melrakkaey en miðað við skráð gögn er það ekki fullsannað. Snjótittlingar verpa annars víða í Breiðafjarðareyjum (Ævar Petersen 1989).

### **Samsetning fuglafánunnar og breytingar á henni**

Kunnugt er um alls 17 tegundir fugla sem hafa orpið í Melrakkaey fyrr eða síðar. Nú á tímum verpa þar a.m.k. 15 tegundir, ekki endilega allar á hverju ári. Fyrir 1950 voru aðeins um 10 varptegundir í eygni en þeim hefur fjölgað síðan; FG staðfesti 11 tegundir verpandi 1957; AI og Ingólfur faðir hans skráðu 13 varptegundir sumarið 1965, auk þess sem Ingólfur Davíðsson (1966) kvað 12-15 tegundir verpa að staðaldri; 1965 getur Friðrik Sigurbjörnsson (1970) 12 tegunda; árið 1987 sáust a.m.k. 12 tegundir; og a.m.k. 11 sumarið 2003 þó líklegra sé að 14 tegundir hafi orpið það ár. Friðrik Sigurbjörnsson (1965, 1970) getur 17 varptegunda, væntanlega hve margar hafa fundist í allt. Þó er óljóst hvaða tegundir því hann nefnir aðeins 12 og tvær af þekktum varptegundum (grágæs, þúfuttittlingur) hófu ekki að verpa í eygni fyrr en löngu eftir að Friðrik kom þangað.

Tegundir hafa hætt að verpa í eygni og aðrar bæst í hópinn og því hefur fjöldi varptegunda breyst lítið eitt eftir árum. Óvenjumargar fuglategundir sem verpa í Melrakkaey eru tiltölulega nýsestar þar að, sérstaklega á árunum 1950-60. Hér má nefna fýl (1951-52), dílaskarf (um 1958), toppskarfr (um 1950), hvítmáf (1950-55) og ritu (um 1956), en síðar grágæs (1987) og þúfuttittling (2003). Dílaskarfur hefur síðan aftur hætt að verpa, auk þess sem kría verpur ekki lengur. Hins vegar má telja nokkuð öruggt að stökkönd, toppönd, æðarfugl, svartbakur, teista, lundi og maríuerla hafi orpið frá örófi alda. Aðrar tegundir hafa verið að koma og fara þegar til lengri tíma er lítið, eins og tjaldur, kría og hrafn. Fuglalífið er aldrei í kyrrstöðu þótt sumar tegundir séu lausari við en aðrar. Grunur leikur á að þrjár tegundir til viðbótar hafi orpið í Melrakkaey þó staðfesting hafi ekki fengist á því, þ.e. stelkur, hettumáfur og snjótittlingur.

Friðrik Sigurbjörnsson (1965, 1970) nefnir að alls hafi sést 24 tegundir. Seinni

tíma skráningar hafa aukið við þá tölu, þannig að fuglalisti Melrakkaeyjar telur núna 40 tegundir. Þetta er þó væntanlega ófullkominn listi, því búast má við að allmargar tegundir aðrar slæðist inn á svæðið endrum og sinnum. Þó má gera ráð fyrir að listinn sýni þær tegundir sem sjást nokkuð reglulega á þessum slóðum á þeim tímum árs sem eyjan hefur verið heimsótt.

## **Nytjar**

Melrakkaey hefur verið nytjuð frá örófi alda, þótt það sé fyrst með tilkomu Jarðabókarinnar 1714 (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1933) sem nytjar voru tilgreindar. Má telja not af eynni hafi fyrst og fremst verið (1) heyskapur og beit, (2) útræði, (3) æðarvarp, (4) lundatekja og (5) önnur eggja- og ungatekja.

**Heyskapur og beit:** Heyskapur var stundaður í Melrakkaey um langan aldur. Þessara nytja er þegar getið árið 1714 þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín voru á yfirreið til að safna efni fyrir Jarðabókina. Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1772 (bls. 180) tala þeir um að heyskapur sé góður því áburður sé hinn besti af driti æðarfugls og lunda, svo og sjávarseltunni.

Þegar árið 1849 er skýrt frá í gjörðabók að Melrakkaey gefi af sér fjögurra kúa fóður, og sama er tekið fram árið 1854 (Ólafur Pálsson 1861). Í tíð sr. Helga Sigurðssonar sem sat Setberg á árunum 1866 til 1875 er talað um að heyskaparfólk hafi haldið til í tjöldum. Eyjan var þá álitin 13-14 dagsláttur en hver dagsláttu samsvaraði 900 ferföðmum (Helgi Sigurðsson 1873: 251). Sé reiknað með því að faðmurinn hafi verið 1,67 m (þ.e. 3 álnir) hefur um 65% af flatarmáli eyjarinnar verið slegið. Lét sr. Helgi reisa hús yfir heyskaparfólk sitt 1869. Ekki er augljóst nú á tímum hvar það stóð en sennilega á norðurendanum, þar sem heitir Byrgi, ef marka má af örnefninu. Auk heyöflunar fyrir búfénað var skarfakál til lækninga sótt til Melrakkaeyjar (Helgi Sigurðsson 1873). Kringum aldamótin 1900 getur Þorvaldur Thoroddsen (1908) í *Lýsingu Íslands* að menn leiti til Melrakkaeyjar til slægna (bls. 125-126). Samkvæmt gjörðabók fasteignamatsnefndar 1916 fengust þar enn „árlega 3-4 kýrfóður af góðri töðu“ (bls. 143).

PS heyyaði Melrakkaey ásamt föður sínum á árunum 1930-40. Einkum voru hólarnir slegnir en ekki mýrlendið á miðri ey. Þar þótti lélegra gras (stör) auk þess sem mýrin var svo blaut. Fer ekki á milli mála að mun minna svæði var

heyjað á þessum árum en í tíð sr. Helga um 60 árum áður, því deiglendið er svo stór hluti af eyjunni. Á þessum árum gekk einnig á töðuvöllinn, því lundavarpíð sem var upphaflega aðeins með bökkum fór stöðugt vaxandi og færðist upp á hólana. Heyið var flutt blautt úr eyinni (votaband) og þurfti að skila vissum hlut til prests fyrir eyjarlánið. Í fasteignamati 1931 kemur fram að um 100 hestar af eyjatöðu hafi fengist í meðalári, en 11 árum síðar er getið að 3-4 kýrfóður af töðu fáist árlega (fasteignamat 1942). Einnig er skýrt frá því að eyjan hafi vanalega verið léð til slæгна gegn því að þriðjungi af óþurrkuðu heyi væri skilað heim að Setbergi ábúanda að kostnaðarlausu.

ÞJ man aðeins einu sinni eftir að heyjað væri í eyinni á árunum kringum 1950 (en faðir hans sr. Jósep sat Setberg til 1954). Var eyjataðan gróf, seinþurrkuð og þung en kjarnmikil. Ingólfur Davíðsson (1966) segir hins vegar að heyjað hafi verið úti í eyju allt til um 1959 og að eyjan hafi gefið af sér 3 kýrfóður og hefur þær upplýsingar væntanlega frá GG. Friðrik Sigurbjörnsson (1970) getur sama hefyngs. Ingólfur tekur fram að aðallega hafi verið heyjað á allstóru vallendi uppi á eyinni þar sem óx túnvingull og sjávarfítjungur. Þetta svæði varð síðar að flagi en er nú að gróa upp að nýju (sjá 16. mynd). Var einhver heyskapur því stundaður eftir að sr. Jósep hvarf frá Setbergi 1954 en líklega ekki á hverju ári undir lokin, allt fram að heyleysisárunum eftir 1960 (ÞGF).

Samhliða heyöflun var Melrakkaey nýtt til beitar. Þess er fyrst getið í gjörðabók fyrir jarðamatið árið 1849 og var þar talin 20-30 haustlambaganga. Á tímum sr. Jens Hjaltalín sem var prestur á Setbergi á árunum 1882 til 1919 var fjárbeit í eyinni talin til hlunninda jarðarinnar. Í gjörðabók fasteignamatsnefndar 1916 er sagt að þar sé „ágæt haustbeit fyrir 50-60 fjár yfir lengri tíma“ (bls. 143). Virðist hafa verið unnt að beita helmingi fleira fé en um 70 árum áður, hvort sem það þýðir að eyjan hafi verið betur gróin eða ekki. PS og faðir hans fóru árlega með sauðfé til beitar í eyinni á árunum 1930-40, aðallega lömb til ásetningar. Var farið út með þau í enda ágúst en sótt undir jól. Í fasteignamati 1931 er tekið fram að haustbeit sé fyrir 80 kindur í Melrakkaey svo eyjan hefur haldið enn fleiri kindur en áður. Og í fasteignamati 1942 er þess enn getið að eyjan sé leigð út til beitar. ÞJ telur sig muna að kindur hafi verið hafðar þar einhvern tíma um 1950. Fjárbeit lagðist af í Melrakkaey um svipað leyti og hætt var að slá þar, en kindur voru eitthvað settar til beitar út í eyju allt fram yfir 1960 (ÞGF).

Eftir að hætt var að heyja og beita eyjuna tók gróður stakkaskiptum, að því



16. mynd. Efsti hluti Melrakkæyjar (Eyjarhóll) er sléttlendur og þar var slegið fyrrum. Gróður hvarf af svæðinu um tíma og myndaðist flag, sem nú er að gróa upp á ný. Árið 2003 og 2004 óx þar aðallega haugarfi og túnsúra í kring. – The top of Melrakkæy is rather level ground and was used for hay-making in earlier times. For a period of time the vegetation retreated but later this has crept in again. Ljós. Gísli K. Halldórsson, 20.6.2004.

er Ingólfur Davíðsson (1966) greinir frá. Gróðurbreytingar hafa verið snöggar því Ingólfur var þar á ferðinni 1965, aðeins fáum árum eftir að endanlega var hætt að nýta eyjuna til slægna og beitar. Vallendið sem var uppi á eyinni blés upp en breyttist síðar í arfa- og súrubreiður. Ingólfur taldi einnig meira hafa borið á vallarsveifgrasi þegar eyjan var heyjuð. Gulstör er enn ríkjandi grastegund í deiglendinu, sem líklega er ekki eins blautt nú til dags og fyrrum. Þá eru sinuflókar að sjálfsögðu meiri nú en þegar eyjan var slegin og beitt. Má velta fyrir sér hvort aukningin í máfum frá því á sjötta áratug 20. aldar hafi ekki stuðlað að auknum grasfeng vegna þess mikla áburðar sem fuglarnir gefa frá sér.

Enginn hefur verið til að nýta grasfenginn í Melrakkæy fyrir búfénað í rúma fjóra áratugi. Friðlýsingu eyjarinnar hefur verið kennt um að þar sé ekki heyjað



lengur, að eyjan hafi þess vegna hlaupið í sinu, „eyðilagst“. Þetta er ekki alls kostar rétt því hætt var að heyja og beita eyjuna löngu áður en hún var friðlýst. Engum dytti í hug að heyja Melrakkaey nú á tímum hvort sem eyjan er friðlýst eða ekki enda búskaparhættir gjörbreyttir og mun viðráðanlegri töðuvellir í landi standa víða ónotaðir.

**Útræði:** Fyrr á öldum var stundað útræði frá Melrakkaey en var aflagt löngu fyrir minni samtíðamanna Setbergsprests á árunum 1866-1875 (Helgi Sigurðsson 1873). Séra Helgi getur þess að ekki sé vitað að hús hafi verið í eygni áður en hann byggði yfir heyskparfólk sitt. Þetta leiðir hugann að því hvernig vermenn lágu við í eygni, en um það hafa ekki fundist neinar sagnir né heldur eru sjáanlegar neinar verbúðaminjar. Heimildir geta þess þó að gott skjól hafi verið undir henni í flestum áttum sem sæfarendur nutu góðs af (Helgi Sigurðsson 1873: 252, Lúðvík Kristjánsson 1985: 464-465). Grjótbreiðurnar Hjallar eru taldar geta verið frá tímum útræðis úr eygni (Helgi Sigurðsson 1873: 252), en aðrir hafa getið sér til að grjótið hafi kastast upp í brimi (PS), jafnvel hrúgast upp af völdum hafíss. Hvernig sem grjóthrúgurnar hafa komið þarna talar örnefnið sínu máli um útgerð úr eygni.

Í seinni tíð hafa grásleppuveiðar verið stundaðar í grennd við eyna, jafnvel innan 250 m netlagna sem er óheimilt skv. ákvæðum reglugerðar um friðlýsingu. Í heimsókninni í maí 1987 sáust engar grásleppunetalagnir en 2003 voru baujur og net mjög nærri eygni, þær næstu í aðeins um 50 m fjarlægð frá eygni. Sömu sögu var að segja 2004 þegar baujur voru innan 100 m frá henni (17. mynd).

**Æðarvarp:** Eflaust hefur æðarvarp verið nytjað í Melrakkaey frá fyrstu tíð Íslandsbyggðar, þótt heimildir finnast ekki þar um fyrr en á seinni öldum. Ekki er talað um æðarvarp fyrr en í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 1772, en ekki kemur fram hvers konar nytjar þar var að hafa af æðarfugli. Á fyrri öldum voru eggin helstu nytjar sem landsmenn höfðu af æðarvarpi. Það var ekki fyrr en komið var fram á 16.-17. öld að dúnninn varð aðalverðmætið (Lúðvík Kristjánsson 1986: 277-281).

Í sóknarlýsingunni 1839 (Einar Sæmundsson 1839) er sérstaklega tekið fram að dúntekja sé engin. Né heldur er hún nefnd einu orði í upptalningu á hlunnindum 1849 (gjörðabók fyrir jarðamati). Má ætla að æðarvarp hafi verið lítið sem ekkert á fyrri hluta 19. aldar. Lítilsháttar dúntekju er getið 1854 (Ólafur Pálsson 1859) og virðist hún hafa aukist eftir sem leið á seinni hluta 19.



17. mynd. Bauja við grásleppunet í grennd við Melrakkaey. Séð til austurs, fjallið Klakkur til hægri. – Buoy to a Lump sucker fishing net in the vicinity of Melrakkaey. Ljós. Gísli K. Halldórsson, 21.6.2004.

aldar og fram eftir þeirri 20. Þó gekk á ýmsu, því sr. Helgi nefnir að árið 1870 hafi franskir fiskimenn gert usla í eyinni og íslenskir sæfarendur vorið 1873. Og sunnanvindar með tilheyrandi stórrigningum eyðilögðu varpið sum árin svo sem sr. Jens Hjaltalín vitnar um í sjálfsævisögu sinni, en hann sat Setberg á árunum 1882 til 1919.

Dúntekja hélst svipuð frá um 1914 til 1955 (10-12 kg), dalaði lítið eitt á fyrri hluta sjötta áratugarins og enn meira á þeim sjöunda; var komin niður í um 3 kg um 1970 og hélst svo næsta áratug. Frá því um 1980 hefur lítil sem engin dúntekja verið í Melrakkaey. Áhugavert er að geta þess að á sama tíma og æðarvarpinu hnignaði í Melrakkaey jókst æðarvarpið að Akurtröðum austanvert við sundið um 4 km í burtu. Telja má öruggt að æðarfuglinn úr eyinni hafi flutt sig þangað. Hygðust menn koma upp æðarvarpi að nýju í Melrakkaey er næsta víst að varpið að Akurtröðum myndi minnka að sama skapi.

**Lundatekja:** Lundi hefur lengi verið nytjaður í Melrakkaey. Fyrrum var tekið dálftið af fullorðnum fugli í holum í sumarbyrjun, svo og kofan (unginn) síðsumars (í ágúst) sem var aðaltekjan. Í Jarðatali Johnsens 1847 er þess getið að árið 1805 hafi 15 pund fiðurs fengist í eygni. Þótt tegundin sé ekki nefnd er að líkindum átt við lunda, þó fyrr á öldum hafi komið fyrir að blandað var saman fiðri af fleiri tegundum, þ. á m. skörfum (Jón J. Aðils 1919: 508). Ef við göngum út frá því sem vísu að þetta hafi verið lundi er hægt að áætla hve 15 pund fiðurs koma af mörgum fuglum. Lúðvík Kristjánsson (1986: 221) getur þess að 40 lundar gefi af sér eitt kíló af fiðri. Því hafa verið teknir um 300 fuglar (líkast til kofur) í Melrakkaey 1805. Um 1839 nam eftirtekjan hins vegar að meðaltali um 12 stórum hundruðum, eða um 1440 fuglum (Einar Sæmundsson 1839: 165). Ósagt skal látið hvort aukin eftirtekja frá 1805 til 1839 þýði að lundavarpið hafi vaxið.

Árið 1849 er aðeins talað um „nokkra kofnatekju með miklum tilkostnaði“ (gjörðabók fyrir jarðamati 1849). Svo virðist sem tekjan hafi aukist eftir því sem leið á 19. öldina, því 1873 og á árunum þar á undan fengust 2-3000 kofur á ári (Helgi Sigurðsson 1873: 288). Séra Jens Hjaltalín sem sat Setberg á árunum 1882 til 1919 getur í sjálfsævisögu sinni að sunnan hvassviðri með tilheyrandi blautviðri hafi sum ár eyðilaggt kofnatekju. Þótt hún hafi verið mikilvægustu nytjarnar af lunda var ætíð eitthvað tekið af fullvöxnum fuglum úr holum, sérstaklega fyrri part sumars skömmu eftir að fuglinn kom og nýmeti var af skornum skammti eftir veturinn. Þannig er talað um 35 lunda sem voru teknir 1. júní 1885 og 60-70 23. maí 1887 í dagbók sr. Jens Hjaltalíns. Svo virðist sem tekja fullvaxinna fugla hafi verið tiltölulega lítil enda má búast við hnignandi kofnatekju ef varplundinn er tekinn ótæpilega.

Kofnatekja hélst í Breiðafjarðareyjum fram eftir 20. öld en lundaveiði í háf seinni part sumars kom í hennar stað (Lúðvík Kristjánsson 1986: 222, Ævar Petersen 1989). Í gjörðabók fasteignamatsnefndar 1916 er tekið fram að 3000-4000 kofur fáist árlega (bls. 143) og virðist kofnatekja því hafa aukist nokkuð frá því á 19. öld. Gunnar Guðmundsson á Akurtröðum hafði umsjón með nytjum í Melrakkaey fyrir Setbergspresta frá því um 1930 að því er hann tjáði Finni Guðmundssyni árið 1957. Gunnar sagði Friðriki Sigurbjörnssyni (1970) að hann hefði tekið þátt í kofnatekju með krókum (greflum) en þótt það óþverraverk. Notkun þeirra var líka illmannleg og var bönnuð með lögum frá 1922 og reglum sem settar voru 1923 (lög nr. 31/1922 og reglur nr. 63/1923).

PS kvað kofnafar hafa verið stundað árlega á árunum 1930-40. Í það fóru 2-3 dagar og komust góðir kofnamenn í 300 kofur yfir daginn og heildartekjan nokkur þúsund kofur. Dæmi er um að allt að 1000 kofur hafi verið teknar á einum degi í Melrakkaey, en þá var notuð sú aðferð að stinga upp holurnar en hnausarnir ekki látnir aftur á sama stað og mun þess enn sjást merki (KVM). Í Breiðafjarðareyjum þótti annars sjálfsagt að fella hnausinn aftur í gatið (Lúðvík Kristjánsson 1986: 216) og koma þannig í veg fyrir að varplandið væri eyðilaggt. Kofnatekja hélst við í Melrakkaey a.m.k. fram til ársins 1942, því í fasteignamatinu það ár er talað um að eyjan sé léð út til þeirra nytja. Kofnatekja mun hafa lagst alveg af fljótlega upp úr því, því HO man ekki eftir að hún hafi verið stunduð um 1945. Ennfremur kvaðst PJ aðeins einu sinni muna eftir að kofa væri tekin á árunum um 1950 og þá rétt til að bragða.

Eftir að kofnatekja lognaðist út af var farið að veiða lunda í háf. Háfveiði mun þó aldrei hafa verið stunduð nema í litlum mæli (ÞGF). Eftir að eyjan var friðlýst 1971 var hending hvort lundi væri tekinn, aðeins svona rétt í soðið. Þó eru dæmi um að allt að 400 lundar verið teknir í eitt skipti á árunum 1996-2003 (KVM).

*Önnur eggja- og ungatekja:* Taka eggja undan ýmsum sjófuglum var lengi stunduð í Melrakkaey, einkum undan æðarfugli, svartbaki og kríu. Fyrsta heimildin um slíkt er Jarðabók Árna og Páls (1933) sem talar um eggver af kríu árið 1714. Slíks er einnig getið í sóknarlýsingunni frá 1839 (Einar Sæmundsson 1840: 167) og brauðamatinu (mati á kirkjújörðum) 1854 (Ólafur Pálsson 1861). Kríuvarp var ekki talið til hlunninda Setbergsjarðarinnar 1873 (Helgi Sigurðsson 1873) hvort sem það hafi verið horfið eða ekki en nú heyrir kríuvarp í Melrakkaey sögunni til, a.m.k. um tíma.

Í dagbók sr. Jens Hjaltalíns árunum 1885 til 1890 er talað um að komið hafi verið til hans með egg úr eyinni. Oftast er ekki tilgreind hvers konar egg var um að ræða utan einu sinni þegar svartbaksegg eru sérstaklega nefnd. Eflaust er fyrst og fremst átt við svartbak og æðarfugl miðað við tilgreindan árstíma þegar eggjatekjan fór fram. Varla hefur verið um kríuegg að ræða því krían verpur seinna. Eftirtekjan virðist hafa hlaupið á fáum hundruðum eggja á þessum árum; í dagbók Hjaltalíns eru flest nefnd 240 egg úr ferð (1. júní 1885) en í önnur skipti 64 (23. maí 1887) og 100 (3. júní 1887).

Á 20. öld í Setbergstíð sr. Jóseps 1919 til 1954 var allnokkur eggjatekja stunduð

í eygni. Þegar PJ vissi til um og fyrir 1950 voru tekin æðar-, fýls-, svartbaks- og lundaegg, mest af æðareggjum. Eftir að sr. Magnús Guðmundsson tók við umsjón eyjarinnar 1954 var eggjatekja stunduð áfram, mest svartbaksegg en einnig egg hvítmáfs eftir að hann hóf að verpa í eygni, svo og eitthvað af æðareggjum (ÞGP). Eftir 1974 í umsjónartíð sr. Jóns Þorsteinssonar voru tínd máfsegg (JP). Í maí 1987 voru t.d. tekin um 400 máfsegg en reyndust öll ónýt því þau voru stropuð (JP í dagbók ÆP 1987). Á árunum 1996 til 2003 voru máfsegg tekin töluvert; var farið reglulega til að ná nýjum eggjum og tíndar 2-3 fötur hverju sinni. Einnig var tekið lítið eitt af ritueggjum fyrir heimilið en egg voru einnig gefin á heimili aldraðra í Grundarfirði (KVM). Vorið 2003 fannst stöng þegar komið var í eyna, af þeirri gerð sem notuð er til að ná ritueggjum. Egg höfðu einnig nýlega verið hreinsuð úr máfshreiðrum því óvenjumörg voru tóm, og stóðu fuglarnir aðgerðalausir hjá og görguðu ekki, eins og venja er þegar þeir eiga egg í hreiðrum. Má velta fyrir sér hvort eggjatekja hafi verið of mikil og valdið þeirri fækkun máfa sem hefur orðið vart á síðustu áratugum (sjá áður).

Aðeins eitt dæmi er um ungatekju (aðra en lundakofu sem áður er getið). Þegar GG nytjaði eyna fyrir Setbergspresta var tekið smávegis af svartbaksungum til átu (ÞGP). Svartbaksungatekja var fyrrum mest stunduð í Breiðafjarðareyjum á landinu (Lúðvík Kristjánsson 1986: 271) en er nú næstum aflögð.

## **Umræður**

Alls eru skráðar 21 háplöntutegund, tvær selategundir og 40 fuglategundir úr Melrakkaey, þar af er vitað um 17 fuglategundir sem hafa orpið. Enginn vafi er á því að fleiri fuglategundir hafa staldrað þarna við, t.d. á fartímanum vor og haust, enda eru skráningar einskorðaðar við stuttar heimsóknir hverju sinni og eingöngu sumarmánuðina. Ólíklegt er að háplöntutegundirnar séu mikið fleiri enda er gróður fremur einhæfur eins og yfirleitt þar sem hann verður fyrir miklum áburði frá sjófuglum. Engar rannsóknir eru til á lággróðri (fléttum, mosum, þörungum o.s.frv.).

Fuglalíf Melrakkaeyjar hefur verið mun fjölbreyttara síðustu hálfu öld en á fyrri hluta 20. aldar. Fjölbreytni fuglalífsins hefur fyllilega haldist frá því eyjan var friðlýst fyrir rúmum 30 árum þótt tegundasamsetningin hafi breyst

lítið eitt. Breytingar af því tagi sem lýst var hér að framan, fjölgun tegunda eða fækkun, árvisst varp sumra en annarra óreglulegt er eðlilegur gangur náttúrulegs lífríkis.

Ýmsir hafa gert athugasemd við að eyjan sé friðlýst. Gagnrýnisraddir hafa talað um að eyjan sé að eyðileggjast, hvað sem sú fullyrðing raunverulega þýðir. Eftir því sem næst verður komist eru gagnrýnisatriðin einkum þessi; (1) að eyjan sé uppeldisstöð fyrir vargfugla (máfa), (2) að þar sé enginn friður fyrir æðarfugl, (3) að óheimilt sé að nýta hlunnindi í eggjum og fuglum, (4) að lundum hafi fjölgað takmarkalaust og eyjan sé öll þakin lundaholum, (5) að landtaka sé þar óheimil, jafnvel alfarið bönnuð með lögum og (6) að eyjan sé hvorki slegin né beitt. Við skulum skoða hvert þessara atriða nánar.

Máfavarp hefur verið í Melrakkaey svo langt aftur sem vitað er. Máfum fjölgaði löngu áður en eyjan var friðlýst og þeim fækkaði meira að segja eftir að eyjan var friðlýst. Samþýli svartbaks og hvítmáfa og varp hvítmáfa á jafnsléttu voru annars tvær af forsendum friðlýsingarinnar. Ætíð var nokkuð skotið af máfum fyrir friðlýsingu en slíkar aðgerðir höfðu minnkað talsvert áður en eyjan var friðlýst. Miklum mun stærri máfabyggðir hafa löngum verið í nágrenni Grundarfjarðar, t.d. í Mýrarhyrnu, Kirkjufelli og í Bjarnarhafnarfjalli. Varpið í Melrakkaey hefur ætíð verið óverulegt í samanburði við þau vörp og því lagt frekar lítinn skerf til aukningar máfa á svæðinu. Þess vegna er alls ekki hægt að segja að Melrakkaey hafi verið einhver mikilvæg uppeldisstöð fyrir máfa.

Ástæður fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á hvaða fuglategundir verpa í eyinni, þ. á m. æðarfugl, eru margslungnar og ekki endilega bundnar við neitt sem átt hefur sér stað í Melrakkaey. Gagnstætt því sem stundum er full- yrt hefur tegundafjölbreytni haldist eftir friðlýsingu. Hvað áhrærir æðarvarp sérstaklega þá byrjaði það að dragast saman löngu áður en eyjan var friðlýst. Þær stofnbreytingar hafa því ekkert sérstaklega með friðlýsingu sem slíka að gera. Varpinu hafði meira að segja tekið að hnigna áður en máfunum fjölgaði fyrir alvöru. Það hélt svo áfram að minnka eftir að fjöldi máfa náði hámarki og hélst sú hnignun áfram eftir að máfunum tók að fækka á ný.

Umsjónarmenn eyjarinnar hafa haft leyfi til þess að nýta dún og egg en mismikill áhugi hefur verið á hlunnindanýtingu á síðustu áratugum. Reglu- gerð um friðlýsingu veitir Umhverfisstofnun heimild til að þess að leyfa nýtingu æðarvarps og annarra hlunninda. Ef slíkar nýjar eru stundaðar í hófi

þurfa þær ekki að skaða lífríki eyjarinnar. Hins vegar er full ástæða til að fara með gát við hvers konar hlunnindanýtingu, hvort sem það er í Melrakkaey eða annars staðar. Ýmis dæmi eru þess að menn hafi stolist í eyna til eggja eða annarrar fuglatekju og samanlagt getur slík tekja og sú löglega haft áhrif á varp fugla. Friðrik Sigurbjörnsson (1970) getur þess að þegar Agnar Ingólfsson var við máfarannsóknir í eyinni hafi eggjaræningjar komið og hreinsað máfsegg úr hreiðrum en orðið hissa þegar þeir fengu merkt egg upp úr suðupottinum!! Það er ekkert nýtt að óviðkomandi stelist í eyna til fuglaveiða. Í sóknarlýsingu sinni 1873 segist Helgi prestur Sigurðsson á Setbergi hafa reynt að hlúa að æðarvarpinu en að það hafi ekki dafnað eins og það gæti vegna usla sem sjómenn ollu. Sem betur fer er löngu liðin tíð að eyjan sé grafin upp til að ná í kofur og vonandi einnig skotmennska. Ákvæði reglugerðar um friðlýsingu hafa ekki alltaf verið haldin. Þannig hafa grásleppuveiðar verið stundaðar nær en 250 m og egg hafa verið tekin í óleyfi. Þá hafa fundist tóm skothylki í eyinni sem voru tiltölulega ný. Erfitt er að meta hve mikil áhrif þetta hefur haft á lífríkið.

Um lunda í Melrakkaey hefur oft verið sagt að þeim hafi stórfjölgað, jafnvel kveðið svo fast að orði að eyjan sé öll þakin lundaholum. Stundum hefur fylgt sú umsögn að eyjan hafi verið eyðilögð með því að leyfa lundanum að fjölga óheft. Friðlýsingunni hefur gjarnan verið kennt um þessa aukningu, ekki síst vegna þess að með henni var tekið að mestu fyrir lundaveiðar. Fyrirliggjandi gögn um breytingar á lundavarpinu eru hins vegar misvísandi. Aðalástæður þess eru líklega þær að heimildarmenn fjalla um varpið á mismunandi tímum án þess að tilgreina hvenær breytingar hafi átt sér stað og gögn um raunverulega stærð varpsins hafa verið af skornum skammti.

Í greinargerð JP 1989 sem hafði afskipti af eyjunni frá 1974 er t.d. sagt að lunda hafi fjölgað óhóflega mikið. Sú ályktun er í mótsögn við fyrri gögn ef fjölgunin hefur átt sér stað eftir 1974, því aðrar heimildir geta (1) að eyjan hafi verið meira eða minna þakin lundaholum a.m.k. allt frá 1958, (2) að lundavarp hafi dregist saman á árunum fyrir 1983 og (3) að umtalsverður hluti (35%) varpsins var fallinn saman árið 1987. Árið 1983 lýsti TT áhyggjum sínum af því að lundum hefði greinilega fækkað, að lágmarki um fjórðung að hans áliti, frá sjöunda áratugnum þótt engar talningar hafi verið gerðar til að styðja þá ályktun. Hluti lundabyggðarinnar hafði fallið saman og hann taldi vera

óvenjumikið af lundum sem máfar höfðu drepið. Þremur árum áður varð TT einnig var við mikið af dauðum lundum við varpholurnar en þeir voru ekki étnir svo eitthvað annað en máfar hefur orðið þeim að bana. Meiri líkur eru á því að lundavarpíð í Melrakkaey hafi dregist saman á árunum fyrir 1987 en hið gagnstæða. Hins vegar er ljóst að lundabyggðin óx mikið á árunum fyrir seinni heimsstyrjöld en hvenær sú fjölgun nam staðar er ekki vitað. Lýsingar um að öll eyjan sé þakin lundaholum er stórum orðum aukið, því meira að segja 1987 hafði að hámarki 38% eyjarinnar einhvern tíma verið lundabyggð. Endurteknar holutalningar eins og fóru fram 1987 ættu að varpi ljósi á hvort og þá hve mikið lundavarpíð hefur breyst á síðustu tveimur áratugum.

En er það friðlýsingunni að kenna að lundavarpíð er stærra nú á tímum en fyrrum? Það er áhugavert að geta þess að lundabyggðin í Melrakkaey byrjaði að stækka um svipað leyti og kofnatekjan var að renna sitt skeið á árum heimsstyrjaldarinnar síðari. Ekki fer á milli mála að umfang hennar jókst verulega á tímabili en hve lengi sú þensla stóð yfir er ekki vitað. Varpíð hefur verið svona 5000 holur á fyrri hluta 20. aldar (miðað við 3-4000 kofna tekju) en hafði þrefaldast 1987 í nærri 15000 holur. Þó hafði varpíð dregist eitthvað saman frá því það var stærst um 1970-1980. Þótt ekkert sé fullyrt um hvort lundavarpíð hafi stækkað eitthvað eftir 1971 þegar eyjan var friðlýst, þá er að minnsta kosti ljóst að fjölgunin hófst mörgum áratugum fyrr. Liggur beinast við að álykta að fyrr á árum hafi of mikil kofnatekja haldið lundavarpinu niðri en það síðan tekið að vaxa þegar kofnatekjan dróst saman og lagðist að lokum af. Menn geta haft skoðanir á því hvort sú aukning sé til góðs eða ills. Hún er að minnsta kosti í takt við það markmið friðlýsinga að náttúran fái óáreið að hafa sinn gang. Að minnsta kosti er ekki hægt að kenna friðlýsingunni um.

Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er landtaka óheimil í eyinni nema með leyfi Umhverfisstofnunar eða umboðsmanns hennar. Stofnunin og fyrrverandi sóknarprestar sem umsjónarmenn hafa engu að síður oft veitt leyfi til landgöngu ef hún var í lögmætum tilgangi, svo sem vegna ljósmyndatöku, merkinga, rannsókna o.fl., jafnvel til fuglatekju. Það er því ofsagt að eyjan sé algerlega lokuð fólki. Tími árs, fjöldi fólks, hvort fólk kann að haga sér gagnvart fuglum, hve oft eyjan er heimsótt o.s.frv. skiptir máli í þessu sambandi og þarf að taka tillit til þess þegar leyfi er veitt til uppgöngu.

Þá að lokum um heyskap og beit sem hafði dottið upp fyrir í Melrakkaey



u.þ.b. áratug áður en eyjan var friðlýst. Því er ómögulegt að kenna friðlýsingunni sem slíkri um að þessir búskaparhættir eru ekki lengur stundaðir í eyinni. Vissulega urðu gróðurbreytingar í kjölfar þess að þessum aldagömlu nytjum var hætt. Má með sanni segja að síðan hafi náttúrufar eyjarinnar smám saman verið að hverfa aftur til síns fyrra, upprunalega ástands, þótt áhrif mannsins muni vara enn um sinn.

## **Tillögur**

Grundvallaratriði friðlýstra svæða er það að þau njóti lögmála náttúrunnar en áhrifum mannsins sé stillt í hóf. Með þessu er átt við að lífríkið fái að þróast á sínum forsendum og ekki sé beitt aðgerðum til hagsbóta fyrir eina tegund umfram aðra, að allar tegundir hafi sama rétt. Þótt nytjar séu leyfðar í einhverjum mæli er meginforsenda nýtingar sú að með henni sé ekki gengið á lífríkið, þ.e. að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að skilgreina til framtíðar hvaða nytjar sé heimilt að stunda í eyinni og hafa skýrar reglur um nýtinguna, t.d. hvaða tegundir er um að ræða, hve oft má tína egg og hve mikið sem hlutdeild af varpinu, um skráningu nytjanna o.s.frv.

Melrakkaey, eins og önnur friðlýst svæði, tekur breytingum með árunum. Frá friðlýsingu hafa dílaskarfur og kría hætt að verpa en grágæs og þúfútittlingur bæst við. Eðlilegt er að spurt sé hvort þau náttúrufarsatriði sem friðlýsing gekk út á hafi breyst svo mikið að hún eigi ekki lengur rétt á sér. Hvað Melrakkaey snertir er engum vafa undirorpið að eyjan hefur haldið þeim megin Einkennum sem voru ástæður friðlýsingarinnar. Fuglalíf er auðugt og fjölbreytt, tegundafjölbreytni er mikil miðað við stærð eyjarinnar og fjöldi fugla mikill. Þar er enn varp hvítmáfa á jafnsléttu sem er óvenjulegt og svartbakur og hvítmáfur verpa saman í nábýli. En dílaskarfur er hættur að verpa, að minnsta kosti í bili, svo nú verpa skarfategundirnar tvær ekki saman í eyinni eins og fyrrum. Slík sambýli er núorðið að finna hér og hvar í Breiðafjarðareyjum en var einungis í Melrakkaey þegar friðlýsingin átti sér stað.

Stundum hefur verið nefnt hvort ekki mætti skipuleggja ferðir með ferðafólk út í Melrakkaey. Til þess að svo megi vera verður að breyta ákvæðum friðlýsingarreglugerðarinnar. Höfundur telur ekki heppilegt að leyfa landtöku með ferðafólk vegna þess átroðnings sem slíkar heimsóknir kunna að valda.

Melrakkaey er í raun mjög lítil eyja og reglulegar heimsóknir mundu án efa hafa ýmis áhrif, bæði á landið og lífríkið, ekki síst fyrri hluta sumars meðan á aðalvarptímanum stendur. Fuglar myndu hrekjast af hreiðrum meira en góðu hófi gegnir og hætta ykist á eggjaránum máfa, bæði sín á milli og annarra tegunda. Þá má benda á að landtaka er fremur óhentug í eyinni og alls ekki fyrir alla. Hins vegar kæmi vel til greina að siglt sé kringum eyna svo ferðafólk fái að njóta eyjarinnar og fuglalífsins úr hæfilegri fjarlægð.

Forsenda þess að hægt sé að réttlæta friðlýsingu er að réttar upplýsingar séu til um náttúrufar eyjarinnar en það felst í því að eyjan sé könnuð reglulega (vöktuð). Með því að safna réttum upplýsingum á skipulegan hátt er einnig komið í veg fyrir klisjukenndar upphrópanir sem að sumu leyti hafa einkennt umræðuna um Melrakkaey. Lagt er til að sett verði saman áætlun um vöktun eyjarinnar með einhverju árabili og að komið verði á skipulegum skráningum á þeim nytjum sem verða heimilar. Staða nokkurra fuglastofna, svo sem ritu, lunda og teistu, er óljós, þ.e. hvort stofnarnir eru á niðurleið, í jafnvægi eða á uppleið. Nú þegar er komið að því að gera eyjunni og fuglalífi hennar almennileg skil á ný með hnitmiðuðum talingum á réttum tímum sumarsins. Núverandi samantekt ætti að mynda góðan grunn fyrir slíka vöktun á þessari perlu Grundarfjarðar í framtíðinni.

## **Pakkir**

Grundarfjarðarprestar, sem voru umsjónarmenn Melrakkaeyjar, veittu góðfúslegan aðgang að eyinni, sr. Jón Þorsteinsson sem var prestur 1987 og sr. Helga Helena Sturlaugsdóttir sem gegndi Setbergsprestakalli 2003. Þeim eru færðar innilegustu þakkir fyrir liðlegheit.

Liðveisla við öflun heimilda er innilega þökkúð, frá þeim Sunnu Njálssdóttir á Bókasafni Eyrarsveitar, Jóni Torfasyni á Þjóðskjalasafni Íslands og Braga Þ. Ólafssyni á Handritadeild Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns.

Heimildarmönnum þakka ég kærlega góða aðstoð, þeim Helga Oddssyni Reykjavík, Marteini Njálssyni Suður-Bár, Péttri Jósepssyni Akureyri, Péttri Sigurjónssyni Grundarfirði, Þorkatli Gunnari Þorkelssyni Grundarfirði. Séra Jóni Þorsteinssyni er þökkúð ágæt greinargerð 1989 um reynslu hans af Melrakkaey og málefnum hennar. Ennfremur veitti sr. Karl V. Matthíasson

ágætar upplýsingar um árin 1996-2003. Þá fékk ég aðstoð hjá eftirtöldum: Aldísi Sigurðardóttur Stykkishólmi, Sigurbirni Magnússyni Reykjavík, Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur Stykkishólmi og Þorvaldi Friðrikssyni Reykjavík. Núverandi sóknarpresti í Grundarfirði, sr. Elínborgu Sturludóttur, eru færðar þakkir fyrir hjálpina.

Herði Kristinssyni er þökkun aðstoð við leit að upplýsingum um plöntur í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands og Sveini Jakobssyni jarðfræðingi veittar upplýsingar um framandsteina. Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson veittu góðfúslega aðgang að óbirtum talningargögnum og sá síðarnefndi leyfði einnig afnot að loftmynd. Gísli K. Halldórsson var ötull við hvetja mig til dáða og veitti ýmsa aðstoð, þ. á m. að benda á heimildarmenn, aðstoða við söfnun og staðsetningu örnefna í Melrakkaey, lán á myndum og heimila afnot af óbirtri skýrslu sinni og Laufeyjar B. Hannesdóttur.

Guðmundur Guðjónsson og Sigrún Jónsdóttir á Náttúrufræðistofnun unnu kortin af gróðurlendum og lundabyggðinni í tölvu, reiknuðu út stærð þeirra og eyjarinnar í heild. Þau eiga þakkir skyldar.

Síðast en ekki síst vil ég þakka Trausta Tryggvasyni í Stykkishólmi sem manna mest og best hefur skrásett fuglalífið og annað náttúrufrófar í ótal heim-sóknum til Melrakkaeyjar. Óbirtar skýrslur hans eru ómetanlegar heimildir sem hafa nýst ákaflega vel við þessa samantekt.

Gísli K. Halldórsson, Sverrir Thorstensen og Trausti Tryggvason lásu greinina í handriti og færðu margt til betri vegar. Þeim er þakkað innilega en mistök sem kunna að vera hljóta að skrifast á höfund.

## **Birtar heimildir**

- Agnar Ingólfsson 1967. The feeding ecology of five species of large gulls (*Larus*) in Iceland. Doktorsritgerð (Ph.D. thesis) við Háskólann í Michigan. xii + 186 bls.
- Arnþór Garðarsson 1979. Skarfatal 1975. Náttúrufr. 49(2-3): 126-154.
- Arnþór Garðarsson 1995. Fjöldi súlu við Ísland 1989-1994. Náttúrufr. 64(3): 203-208.
- Arnþór Garðarsson 1996a. Ritubyggðir. Bliki 17: 1-16.
- Arnþór Garðarsson 1996b. Dílaskarfsbyggðir 1975-1994. Bliki 17: 35-42.
- Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1997. Numbers of Light-bellied Brent Geese *Branta bernicla hrota* staging in Iceland in spring. Wildfowl 47: 62-66.
- Einar H. Kristjánsson 1986. Snæfellsnes norðan fjalla. Árbók Ferðafélags Ísl. 1986. 255 bls.

- Arni Magnússon & Páll Vídalín 1714. Jarðabók. 5. bindi. Kaupmannahöfn 1933. [Um Melrakkaey á bls. 281].
- Eggert Ólafsson & Bjarni Pálsson 1772. Reise igennem Island. Tvö bindi. Sorøe, Danmörk. 1042 bls.+formáli+efnisyfirlit og myndir.
- Einar Sæmundsson 1840. Setbergssókn. Bls. 145-176 í: Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags. Snæfellsnes III. Snæfellingaútgáfan, Reykjavík. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna 1970. 352 bls. [Um Melrakkaey á bls. 151-152, 154, 165, 167].
- Fasteignabók 1932. Reykjavík. 112 bls.
- Fasteignabók 1942-1944. Reykjavík. 108 bls.
- Finnur Guðmundsson 1955. Íslenzkir fuglar XI. Hvítmáfur (*Larus hyperboreus*). Náttúrufr. 25(1): 24-35.
- Friðrik Sigurbjörnsson 1965. Ég vissi um eina eyju fyrir vestan (Fuglaparadís í Melrakkaey). Morgunblaðið 18.7.1965: 12.
- Friðrik Sigurbjörnsson 1970. Ég vissi um eina eyju fyrir vestan. XI. kafli, bls. 112-134, í: Sól skein sunnan (Þættir um náttúruskoðun). Barnablaðið Æskan, Reykjavík. 224 bls. [Hluti kaflans var upphaflega birtur í Morgunblaðinu 18.7.1965, bls. 12].
- Guðmundur A. Guðmundsson & Arnþór Garðarsson 1993. Numbers, geographic distribution and habitat utilization of waders (Charadrii) in spring on the shores of Iceland. *Ecography* 16(1): 82-93.
- Haukur Jóhannesson 2004. Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 5: 180-216.
- Helgi Sigurðsson 1873. Setbergssókn. Bls. 237-311 í: Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags. Snæfellsnes III. Snæfellingaútgáfan, Reykjavík. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna 1970. 352 bls. [Um Melrakkaey á bls. 251-252, 257, 259, 276-277, 289, 301].
- Hjálmar R. Bárðarson 1986. Fuglar Íslands. Hjálmar R. Bárðarson, Reykjavík. 336 bls.
- Ingólfur Davíðsson 1966. Gróður í Melrakkaey. Náttúrufr. 36(4): 202-204.
- Ingvar Agnarsson 1977. Eyrarsveit (Sveit og félag). Bls. 169-186 í: Þórður Kárason, Kristján Guðbjartsson & Leifur Kr. Jóhannesson (ritnefnd). Byggðir Snæfellsness. Búnaðarsamband Snæfellinga. 503 bls.
- Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. S. Trier, Kaupmannahöfn. 468 bls.
- Jón J. Aðils 1919. Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787. Heimskringla, Reykjavík. 2. útgáfa 1971. viii+744 bls.
- Lúðvík Kristjánsson 1983. Íslenzkir sjávarhættir III. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 498 bls.
- Lúðvík Kristjánsson 1985. Íslenzkir sjávarhættir IV. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 546 bls.
- Lúðvík Kristjánsson 1986. Íslenzkir sjávarhættir V. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 498 bls.
- Lög um breyting á lögum um dýraverndun, 3. nóv. 1915. Nr. 31/1922. 19.6.1922.
- Lög um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o.fl. Nr. 42/1968. 2.5.1968.

- Náttúruverndarráð 1971. [Tilkynning um friðlýsingu Melrakkaeyjar]. Lögbirtingablaðið 29. des., 64(74): 1.
- Ólafur Pálsson 1861. Brauðamat á Íslandi 1854. Skýrslur um landshagi á Íslandi 2(I): 593-851.
- Pettingill, O.S. 1959. Puffins and Eiders in Iceland. Maine Field Naturalist 15(3): 58-71.
- Reglur um aflifun húsdýra, slátrun búpenings og um fuglaveiðar, svo og um meðferð á sauðfje og hrossum að ýmsu leyti. Nr. 63/1923. 31.8.1923.
- Sigurður Stefánsson 1917. Æðarvarp á Íslandi að fornu og nýju. Búnaðarrit 31 (1-2): 1-61.
- Stjórnartíðindi B, nr. 118/1974. Auglýsing um friðland í Melrakkaey. Bls. 197-198.
- Sutton, G.M. 1961. The Island of the Fox. Kafli XXI, bls. 149-157, í: Iceland Summer (Adventures of a bird painter). University of Oklahoma Press, Norman. xviii + 253 bls. [Endurprentuð í kiljuformi 1974].
- Þorvaldur Thoroddsen 1908. Lýsing Íslands. 1. bindi. Kaupmannahöfn. iii + 365 bls.
- Ævar Petersen 1981. Breeding biology and feeding ecology of Black Guillemots. Doktorsritgerð (D.Phil. thesis) við Háskólann í Oxford, Englandi. xiv + 378 bls.
- Ævar Petersen 1982. Sjófuglar. Bls. 15-60 í: Fuglar. Rit Landverndar 8. 216 bls.
- Ævar Petersen 1986. Fuglalíf Mánáreyja. Týli 15(1-2): 7-25.
- Ævar Petersen 1989. Náttúrufar í Breiðafjarðareyjum. Bls. 17-52 í: Breiðafjarðareyjar. Árbók Ferðafélags Íslands 1989. 260 bls.
- Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. Vaka-Helgafell, Reykjavík. 312 bls.
- Ævar Petersen 2005. Vöktun íslenska teistustofnsins. Mun birtast í skýrsluröð Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Ævar Petersen & Sigurður Ingvarsson 2002. Fuglalíf í Borgareyjum og á Borgarskarfaskerjum á Borgarfirði. Náttúrufr. 70(4): 185-196.

## Óbirtar heimildir

- Agnar Ingólfsson (AI) 2005. Upplýsingar um svartbak, hvítmáf o.fl. fugla í Melrakkaey. Tölvupóstur 19.5.2005 og vettvangskort.
- Arnþór Garðarsson (AG) 1973. Fuglastofnar og selir á Breiðafirði. Bráðabirgðaskýrsla. Náttúrufræðistofnun Íslands. 27 bls.
- Arnþór Garðarsson (AG) 1990. Óbirtar athuganir á fuglum í Melrakkaey, byggðar á loftmyndatöku og flugtalningum.
- Bergsveinn Skúlason (BS) 1952. Skýrsla um skarfasetur og mávabyggðir í Breiðafirði (árið 1951). Óbirt skýrsla til Finns Guðmundssonar, ásamt bréfi dags. 12. janúar 1952. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands. 8 + 1 bls.
- Fasteignamat fyrir Setberg 1931. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Fasteignamat fyrir Setberg 1942. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Finnur Guðmundsson (FG) 1957. Óbirt dagbók úr ferð um Snæfellsnes. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Finnur Guðmundsson (FG) 1967. Umsögn til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis. 13.11.1967.
- Gísli K. Halldórsson & Laufey B. Hannesdóttir (GKH & LBH) 2004. Greinargerð um ferð í Melrakkaey 20. til 21. júní 2004. Óbirt greinargerð til Umhverfisstofnunar. 4 bls.

- Gjörðabók fasteignamatsefnar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 17. marz 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Gjörðabók fyrir jarðamati í Snæfellsnessýslu 1849. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Gunnar Guðmundsson (GG). Munnlegar upplýsingar skráðar í dagbók Finns Guðmundssonar sumarið 1957.
- Helgi Oddsson (HO) 2005. Upplýsingar um lundavarp í Melrakkaey. Símat. 19.5.2005.
- Jens Hjaltalín (JH ævisaga). Ævisaga séra Jens Hjaltalíns. Sögð af honum sjálfum. Landsbókasafn Íslands. Lbs 4048, 4to.
- Jens Hjaltalín 1885-1890 (JH dagbók). Óbirtar dagbækur. Landsbókasafn Íslands. Lbs. 3637-3638, 4to.
- Jón Þorsteinsson (JÞ) 1989. Melrakkaey. Óbirt skýrsla, mótt. 25.9.1989.
- Karl V. Matthíason (KVM) 2005. Upplýsingar um afskipti af Melrakkaey 1996-2003. Símtal 25.4.2005.
- Marteinn Njálsson (MN) 2005. Upplýsingar um margæsir. Munnl. uppl. 15.5.2005.
- Náttúruverndarráð (NVR) 1976. Minnisblað um heimsókn sr. Jóns Þorsteinssonar á skrifstofu Náttúruverndarráðs. 2.6.1976.
- Pétur Jósepsson (PJ) 2005. Upplýsingar í kjölfar fyrirspurnar. Tölvubréf 7.4.2005.
- Pétur Sigurjónsson (PS) 2005. Upplýsingar símleiðis. 12.4.2005.
- Trausti Tryggvason (TT) 1977-84. Óbirtar skýrslur um fuglalíf í Melrakkaey.
- Þorvaldur Þ. Björnsson (ÞÞB) 1995. Talning fugla í Melrakkaey á Grundarfirði 1995. Afrit úr dagbók 12. maí 1995.
- Ævar Petersen (ÆP) 1987a. Óbirt dagbók og önnur gögn úr Melrakkaey 16.-17. maí 1987.
- Ævar Petersen (ÆP) 1987b. Óbirt dagbók og önnur gögn úr Melrakkaey 28. júlí 1987.
- Ævar Petersen (ÆP) 2003. Óbirt dagbók og önnur gögn úr Melrakkaey 17. maí 2003.
- Ævar Petersen. Vöktun íslenska teistustofnsins. Í handriti. Verður gefið út í skýrsluröð Náttúrufræðistofnunar Íslands.

## **Póstfang höfundar**

Ævar Petersen  
 Náttúrufræðistofnun Íslands  
 Icelandic Institute of Natural History  
 Pósthólf/Box 5320  
 IS-125 Reykjavík  
 aevar@ni.is

## **Um höfundinn**

Ævar Petersen (f. 1948) lauk B.Sc. Honours-prófi í dýrafræði frá Aberdeenháskóla í Skotlandi 1973 og doktorsprófi í fuglafræði frá Oxfordháskóla á Englandi 1981. Ævar hefur unnið á Náttúrufræðistofnun Íslands frá 1978 og er nú forstöðumaður Reykjavíkursturs stofnunarinnar.

*Ingólfur Þórarinsson*

## Grundarfjörður

Enn brosir sólin um brekkur og skörð  
blómskrýddar hlíðar við Grundarfjörð,  
landið sem lífsorku gefur.  
Hvar sérðu fegurri fjöll eða hlíð  
fangamark Íslands um ókomna tíð,  
andlit sem undramátt hefur.

Helgrindur brosa í heiðríkum blæ,  
hópa sig fuglar á lognkyrrum sæ:  
Fellið er fegursta smíði.  
Hyrnan er tvíræð og trónir við ský  
töfrandi Stöðin svo indæl og hlý,  
Höfðinn er heimilisprýði.

Lifðu þá fegurð sem landið þér gaf,  
ljósprýddan himin og ólgandi haf,  
andlit sem laðar og lokkar.  
Eyrbyggjar áttu hér bústað og bæ,  
byggðu hér landið og stunduðu sæ,  
– landið varð landið okkar.

Gefðu þig allan og gleymdu því ei,  
glöggf færðu séð út í Melrakkaey,  
nafngift er nátengdur sjóður.  
Elskaðu landið og efldu þess hag,  
upprísa láttu hvern einasta dag  
rismikinn, réttlátan gróður.

## Öndverðareyri

Ekki verður á móti mælt, að Öndverðareyri (síðar Hallbjarnareyri) eða Eyri, eins og jörðin var oftast nefnd manna á meðal og í fornum ritum, var helsta jörðin í Eyrarsveit að fornu, enda dregur sveitin nafn sitt af henni. Öndverðareyri var ein af landnámsjörðunum í Eyrarsveit. Hana nam Vestar, sonur Þórólfs blöðruskalla. Kona Vestars var Svana Herraudsdóttir, og sonur þeirra var Ásgeir Vestarsson. Hann bjó á Eyri að föður sínum látnum. Kona Ásgeirs var Helga, dóttir Kjallaks hins gamla í Bjarnarhöfn, og sonur þeirra var Þorlákur. Synir hans voru þeir Steinþór á Eyri og bræður hans. Móðir Steinþórs var Þuríður, dóttir Auðunar stota landsnámsmanns.<sup>1</sup>

Steinþór Þorláksson var tvímælalaust þekktastur þeirra Eyrarsveitunga, sem nefndir eru í fornum sögum. Hann er ein af söguhetjunum í Eyrbyggju, sem gerist eins og kunnugt er í Þórsnesþingi, en svo var Snæfellsnessýsla nefnd að fornu. Að sögn Eyrbyggju var Steinþór fremstur af börnum Þorláks. Hann var mikill maður og sterkur og manna vopnfimastur og hinn mesti atgervismaður. Hógvær var hann hversdagslega. Til þess var tekið, að Steinþór hefði verið þriðji maður best vígur á Íslandi með þeim Helga Droplaugarsyni og Vémundi kögri. Steinþórs er víða getið utan Eyrbyggju og Landnámu, svo sem í Laxdælu, Gunnlaugs sögu ormstungu, Bandamanna sögu og enn fremur í Hávarðar sögu Ísfirðings. Steinþór var uppi á síðari hluta 10. aldar og fyrri hluta þeirrar 11.

Ólafur Lárusson prófessor fjallaði nokkuð um Steinþór og benti m.a. á, að Steinþór á Eyri væri að vísu hvergi nefndur goði eða talinn hafa verið goðorðsmaður. Hann virtist þó hafa verið ærið héraðsríkur. Steinþór átti í



deilum við Snorra goða og barðist við hann í Álftafirði og við Þorbrandssonu á Vigrafirði og var jafnan talinn hafa verið foringinn í þessum deilum og bardögum. Í Hávarðar sögu Ísfirðings er Steinþór sagður hafa verið „ríkur maður og höfðingi mikill“ og í Bandamanna sögu eru synir hans taldir meðal ungra manna, sem vænstir þyki til höfðingja við Breiðafjörð ásamt sonum Snorra goða og Þorgils Arasonar á Reykhólum. Ólafur Lárusson taldi þetta sýna, að með síðari tíma mönnum hefði lifað sú minning um Steinþór, að hann hefði verið einn af mestu höfðingjunum þar vestra um sína daga. Ólafur taldi líklegt, að ef Steinþór hefði átt goðorð, hefði það verið goðorð Kjalleklinga. Svo voru nefndir afkomendur Þorgríms Kjallakssonar í Bjarnarhöfn. Hann var bróðir Helgu, konu Ásgeirs Vestarssonar. Elsti sonur Þorgríms Kjallakssonar var Brandur, sem bjó í Krossnesi í Eyrarsveit. Fóru litlar sögur af honum og engar, sem bendi til þess, að hann hafi verið höfðingi. Eyrbyggjar og Kjalleklingar fylgdust að málum, en ekki var jafngott vinfengi við Þórsnesinga.<sup>2</sup>

Meðal sona Steinþórs á Eyri var Guðlaugur Steinþórsson. Hann kvæntist Þuríði, dóttur Snorra goða á Helgafelli, og bjuggu þau að öllum líkindum á Eyri. Þuríður spaka, eins og hún var kölluð, mun hafa verið yngst barna Snorra goða, fædd árið 1028. Hún andaðist árið 1112 og hafði þá fjóra um áttrætt. Þuríður var mikil fróðleikskona, og nam Ari fróði ýmsan fróðleik af henni. Telja verður, að þau Guðlaugur Steinþórsson og Þuríður spaka hafi gengið í hjónaband um miðja 11. öld og búið á Öndverðareyri allan seinni hluta þeirrar aldar og ef til vill eitthvað fram á þá 12. Engar sögur fara af afkomendum þeirra.<sup>3</sup>

Öndverðareyrar er næst getið í upphafi 13. aldar. Þá er jörðin í eigu Þórðar Sturlusonar, bróður Snorra Sturlusonar. Af frásögn Íslendinga sögu má ráða, að Guðný, móðir þeirra Þórðar og Snorra Sturlusona, hafi búið í Hvammi nokkur ár fram yfir aldamótin 1200. Síðan réðst hún til Þórðar sonar síns að Stað á Snæfellsnesi og var fyrir búi hans þar og síðan á Eyri. Árið 1218 þegar Snorri sonur hennar fór utan, fór hún til hans og var hjá honum til dauðadags. Samkvæmt þessu hefur Þórður Sturluson búið á Öndverðareyri þegar nokkru fyrir 1218. Hann bjó þar til dauðadags árið 1237.

Á þessu tímabili var Öndverðareyrar alloft getið í Íslendinga sögu, enda kom Þórður mjög við atburði þá, sem segir frá í Sturlungu. Má m.a. geta þess, að árið 1231 kom Guðmundur biskup góði í Eyrarsveit. Fékk þá Þórður Sturlu, son sinn, til að fara með biskupi og skipa fólki hans til gistingar, því að þá var

mannfjöldi mikill í för með honum. Biskup var fluttur frá Eyri til Bjarnarhafnar á skipi því, sem Langhúfur hét, og á annarri ferju allmikilli var flutt lið hans. Á öðrum stað segir frá því, þegar Sturla, sonur Þórðar, fór frá Eyri út í Fagurey í mars 1236 á pálmásunnudag á skipinu Langhúf og var þar til langafriðjádags.<sup>4</sup>

Eins og að framan greinir, andaðist Þórður Sturluson árið 1237 á Öndverðareyri, og er andláti hans lýst þannig í Íslendinga sögu:

Þórður Sturluson tók sótt á föstunni, er á leið. Var þá sent eftir Böðvari, syni hans, og þar voru þá við allir synir hans og margir vinir. Ámundi Bergsson gekk næst honum og talaði flest við hann.

En er sóttin herti að honum, bað Ámundi hann þá skipa til um eignir sínar. En Þórður bað þá Hauk prest Auðunarson vita við Böðvar, hvern veg honum væri gefið um tilskipanir hans, „því að hann er erfi minn.“ En Böðvar bað hann skipa öllum sem honum líkaði. Síðan lét Þórður hafa hundruð hundruða hvorn þeirra, Ólaf og Sturlu, en átta tugi hundruða hvorn, Þórð og Guttorm. Valgerður hafði og hundruð hundruða. En Böðvar hlaut þá enn fimm hundruð hundruða. Sturla hafði Eyri og skyldi þá þegar taka við búi.

Eftir það var hann óleaður, er hann hafði til skipað. En hann andaðist föstudag fyrir pálmásunnudag að miðjum degi og söng í andlátinu: Pater, in manus tuas commendo spiritum meum\* - eftir Hauki presti.

Lík Þórðar var þar jarðað á Eyri, sem hann hafði fyrir sagt, fyrir framan kirkjuna. Hann hafði tvo vetur hins átta tugar, er hann andaðist.<sup>5</sup>

Að föður sínum látnum tók Sturla Þórðarson við búi á Öndverðareyri. Sturla er kunnastur fyrir það, að hann samdi Íslendinga sögu, þ.e. meginhluta Sturlunga sögu, sem er höfuðrit um atburði 13. aldar, Sturlungaaldar, o.fl. rit. Sturla Þórðarson bjó ekki lengi á Öndverðareyri, því að árið 1240 tók hann við búi á Sauðafelli. Ekki er ljós, hvaða skipan hann gerði um búsföráð á Eyri, en næst er jarðarinnar getið árið 1253, þegar Böðvar Þórðarson, bróðir Sturlu, réðst til Eyrar og gerði þar bú. Ekki er vitað, hve lengi hann bjó þar, en hans er síðast getið þar árið 1263.<sup>6</sup>

Í Íslendinga sögu eftir Sturlu Þórðarson er getið Arons Hjörleifssonar, en í Sturlungu er einnig Arons saga eftir ókunnan höfund. Er mikill munur á því, sem sagt er frá Aroni í þessum tveimur sögum. Björn M. Olsen prófessor hefur bent á, að Íslendinga saga segi miklu nákvæmar en Arons saga frá þeim

\* Faðir, í hendur þínar fel ég anda minn.

viðburðum, sem gerðust í Eyrarsveit, uppeldisstöðvum Sturlu Þórðarsonar, og þar í grennd, og eins frá því, sem á einhvern hátt snertir ættmenn Sturlu, Þórð föður hans eða Böðvar bróður hans. Björn M. Olsen telur, að þetta sýni tvennt, í fyrsta lagi að Sturla muni með réttu vera eignuð Íslendinga saga, og í öðru lagi að höfundur Arons sögu hafi ekki haft fyrir sér Íslendinga sögu, því annars mundi hann eflaust hafa farið eftir henni.<sup>7</sup>

Fáum sögum fer af Öndverðareyri frá því um miðja 13. öld og til loka 15. aldar. Í máldaga Öndverðareyrarkirkju árið 1355 er nefndur Ingimundur bóndi, sem gaf kirkjunni maríuskript og kross með líkneskjum og annan kross minni fyrir altari. Í nafnaskrá Íslensks fornbréfasafns er Ingimundur þessi talinn hafa verið bóndi á Öndverðareyri, og hefur hann þá að öllum líkindum búið þar á fyrri hluta 14. aldar. Í máldögum Öndverðareyrarkirkju er 1355 og 1397 nefndur Sveinn bóndi, sem átti að lúka kirkjunni hundraðsgrip innan sig. Í Íslensku fornbréfasafni kemur fram, að hér var um að ræða Svein Marteinson frá Mávahlíð, sem var bóndi á Öndverðareyri. Hann var enn á lífi árið 1395 og dó fyrir 1417.<sup>8</sup>

Næst fer sögum af Öndverðareyri árið 1496. Þá gerðist þar sá atburður, að Eiríkur Halldórsson, sonur Halldórs ábóta Ormssonar á Helgafelli, vó Pál Jónsson á Skarði. Margt hefur verið ritað um víg þetta. M.a. hafa ýmsir höfundar haldið því fram, svo sem Jón Espólín annálaritari, Bogi Benediktsson, sem ritaði Sýslumannaæfir, og Hermann Pálsson prófessor, að fjandskapur hafi sprottið milli þeirra Páls og Eiríks vegna þess, að þeir hafi keppt um sömu konuna. Átti Páll að hafa borið hærri hlut í keppninni um hylli konunnar og gengið að eiga hana, en Eiríkur setið eftir með sárt ennið. Hafi hann því gripið tækifærið að hefna sín, þegar hann komst á snoðir um, að Páll Jónsson væri staddur faliðaður á Öndverðareyri.

Enginn fótur er fyrir þessari skýringu á drápi Páls Jónssonar. Einar Arnórsson prófessor sýndi fram á það, að þessi skýring á víginu væri „einber markleysa.“ Það, sem olli deilum þeirra Páls og Eiríks og varð þeim fyrrnefnda að fjörtjóni, voru deilur um Vatnsfjarðarauðinn, sem svo var nefndur, en það voru auðæfi þau, sem Björn Þorleifsson hirðstjóri og Ólöf Loftsdóttir, kona hans, létu eftir sig. Páll Jónsson hafði verið giftur Sólveigu Björnsdóttur, dóttur þeirra Björns og Ólafar, en hún var látin, þegar hér var komið sögu. Bróðir Sólveigar, Þorleifur Björnsson, var einnig látinn, en ekkja hans, Ingveldur Helgadóttir, var á lífi.

Gerðu þau Páll og Ingveldur bæði kröfu til arfs eftir Sólveigu og Þorleif og Einar bróður þeirra, sem látist hafði nokkrum árum fyrr. Páll og bræður hans höfðu hrifsað til sín eigur Einars, og Sólveig arfleiddi börn þeirra Páls að eignum Þorleifs. Svo hagaði til, að vafi lék á, hvort börn Þorleifs og Ingveldar væru skilgetin, og á þeim forsendum krafðist Sólveig arfs eftir bróður sinn. Á hinn bóginn voru þau Sólveig og Páll fjórmenningar og því meinbugir á hjónabandi þeirra. Þess vegna voru þessi mál öll býsna flókin. En hvað sem því leið, gerði Páll sig líklegan til að sölsa undir sig allan Vatnsfjarðarauðinn, sem var „mesti auður, sem nokkurn tíma hafði komið í hendur einnar konu á Íslandi.“ Helsti stuðningsmaður Ingveldar Helgadóttur var áðurnefndur Eiríkur Halldórsson, en hann var tengdasonur hennar, kvæntur Kristínu Þorleifsdóttur.<sup>9</sup>

Víg Páls Jónssonar bar að með þeim hætti, að haustið 1496 fór hann vestur til Öndverðareyrar við tólfta mann. Talið er líklegt, að erindi hans hafi verið að innheimta jarðaaufgjöld og kúgildaleigur af Mávahlíðareignum, en þær voru hluti af Vatnsfjarðarauðnum. Páll var nætursakir á Öndverðareyri ásamt mönnum sínum. Eiríkur Halldórsson var þá á Helgafelli, og þegar hann frétti, að Páll væri á Öndverðareyri, hélt hann með flokk manna þangað. Eiríkur virðist hafa verið mun liðfleiri en Páll, og segir í sumum heimildum, að 60 menn hafi verið í fylgd með honum. Bræður Páls Jónssonar, Guðni og Ormur, kærðu vígið á Öxarárþingi árið eftir, 1497. Í dómi, sem fjallaði um málið, áttu sæti 24 menn, tvöfalt fleiri en venjulega. Fyrir dóminn kom ónafngreint vitni, sem var statt á Öndverðareyri, þegar Eiríkur vó Pál. Þar sem hér er um ræða einstæðan vitnisburð sjónarvotts, fer hann hér á eftir:

Item í þriðju grein kom þar fram fyrir oss einn skjalligur mann, hver er sór fullan bóka reið þar þá fyrir Finnþoga lögmanni, að hann hefði hjá verið í litlu stofunni á Öndverðareyri, þá Eiríkur Halldórsson veitti Páli heitnum þau sár, sem hann fékk bana af. Sór hann þá, að áðurgreindur Eiríkur hefði komið upp á greindan Pál heitinn um nótt með flokk manna, þá hann lá í sinni sæng. Var greindur Eiríkur og hans menn altygjaður til og með brugðnum vopnum. Braut Eiríkur upp litlu stofuna og hans meðfylgjarar, en sumir fóru út að rjúfa hana og báru þar inn grjót á greindan Pál. En hann hljóp upp nakinn og greip eitt sverð og varði sig. Gjörðu þeir þá tvær skorpur og hvíldu sig á millum. Komst Páll í millum annarrar í skyrtu, en í millum annarrar í hosur. Var þá svo rofin stofan og borið inn grjótið, að Páll gat þá ekki lengur varist. Komst Eiríkur þá inn í litlu stofuna og lagði Pál þá mitt fyrir lífið. Snaraði Páll þá sverðinu og greip af sér lagið og sagðist fanginn. Féll hann þá af mæði

niður á gólfið. Settist þá þessi sami maður undir höfuð honum, en hann lá þá á grúfu. Gekk Eiríkur þá í burtu og kom aftur þá stund var liðin og spurði, hvort Páll hefði nokkuð fengið, en þessi maður svaraði, að hann hefði fengið sem dygði. Bað Eiríkur þá Pál að standa upp og verja sig, en oftgreindur Páll svaraði, að hans vörn væri farin að sinni. Stakk Eiríkur hann þá 2 stingi, og var annar af þeim hans banasár.

Item í fjórðu grein sóru og þar 3 skilvísir menn fyrir lögmanninum sögn hins sára svolátandi orð eftir orð, sem sá sór, er hjá var og hér fyrir framan skrifað stendur. Dæmdum vér þetta fullkomið lagavitni um líflát Páls Jónssonar.<sup>10</sup>

Dómur í málinu var kveðinn upp 30. júní 1497. Verjandi Eiríks var föðurbróðir hans, Þorleifur Ormsson, en hann hafði engar varnir fram að færa. Afbrot Eiríks Halldórssonar var alvarlegra en ella fyrir þá sök, að Páll Jónsson hafði nokkru áður en hann var veginn fengið landvistarleyfi og vernd konungs og var umboðsmaður hans í Ísafjarðarsýslu. Dómsmennirnir 24 komust að þeirri niðurstöðu, að Páll Jónsson hefði verið drepinn saklaus. Eiríkur Halldórsson var dæmdur óbótamaður og hafa unnið fullkomið níðingsverk. Hann fyrirgerði fé og friði, landi og lausum eyri og var réttfanginn hvar sem hann næðist utan griðastaða, en allt hans góss fast og laust, kvikt og dautt féll til konungs, en hált til löglegra erfingja að afluktum vígsbótum og öðrum löglegum skuldum. Einnig voru dæmdar vígsbætur eftir Pál Jónsson, og námu þær 60 hundruðum af fé Eiríks Halldórssonar. Þá voru þeir, sem farið höfðu að Páli með Eiríki, dæmdir til að greiða bræðrum hans bætur, mismunandi háar eftir því, hve mikil þátttaka þeirra hafði verið í aðförinni. Af Eiríki er það að segja, að seinna tíma heimildir herma, að hann hafi komist utan, gengið fyrir páfa í Rómarborg og dáið þar.<sup>11</sup>

Eins og segir í greininni um kirkjur og presta í Eyrarsveit, féll Hallbjarnareyri undir konung, þegar kirkjan þar var lögð niður árið 1563, og varð jörðin þá ein af jörðum Arnarstapaumboðs. Ekki er margt vitað um það, hverjir bjuggu á Öndverðareyri (eða Hallbjarnareyri, eins og farið að kalla jörðina), eftir að hún varð konungseign. Þó kom það fram í vitnisburði séra Skafta Loftssonar á Setbergi árið 1618, að Jón nokkur Þorvaldsson hafði búið á Eyri nokkru eftir að jörðin féll til konungs. Að sögn séra Skafta hafði Jón ekki atorku til að gera út undir Jökli á vetrarvertíð, og varð það til þess, að verbúð sú á Hjallasandi (Hellissandi), sem nefndist Loftsbúð, drabbaðist niður. Á sömu lund fór hjá þeim, sem voru ábúendur á Eyri á eftir Jóni Þorvaldssyni.<sup>12</sup>

Árið 1594 veitti konungur séra Arngrími Jónssyni lærða Hallbjarnareyri að léni gegn venjulegri leigu, sbr. konungsbréf 28. apríl 1594. Tildrög þess, að Arngrími lærða var veitt Hallbjarnareyri að léni, voru þau, að hann virðist hafa farið fram á það við stjórnvöld, að honum yrði veittur einhvers konar fjárhagsstuðningur, að öllum líkindum til að auðvelda honum að takast á hendur rannsóknarstörf. Þetta kemur fram í bréfi, sem Jon Jacobsen Venusin, konunglegur sagnaritari, skrifaði Arngrími vorið 1594. Svarið við þessari beiðni Arngríms var að veita honum Hallbjarnareyri að léni. Af bréfi



*Arngrímur Jónsson.*

Venusins má hins vegar ráða, að Arngrímur hafi gert sér vonir um meiri fjárstuðning, en ekki er vitað, hvað hann fór fram á í beiðni sinni um stuðning. Ljóst er, að Venusin hafði lagt Arngrími lið, en í bréfi, sem Niels Kragh, konunglegur sagnaritari, skrifaði Arngrími um sama leyti, kemur fram, að Kragh var dálítið gramur Arngrími, vegna þess að hann var ekki beðinn um að styðja umsókn hans, enda gaf Kragh í skyn, að hjálp sín hefði borið meiri árangur en Venusins. Þetta var án efa rétt, því að um þetta leyti naut Kragh mikillar hylli yfirvaldanna og var útnefndur konunglegur sagnaritari árið 1594. Þess vegna skrifaði Arngrímur honum sumarið 1594 og kom óskum sínum á framfæri. Ekki er vitað, í hverju þær voru fólgnar, en Kragh svaraði á þá leið, að Arild Huitfeldt kanslari myndi sinna máli Arngríms. Atbeini kanslarans virðist þó ekki hafa dugað til að rétta hlut Arngríms, því að í bréfum, sem hann skrifaði seinna, kom fram, að hann var ekki ánægður með sinn hlut og bað vini sína að reyna að hjálpa sér, en þær tilraunir virðast engan

árangur hafa borið. Leigugjald það, sem Arngrími bar að greiða fyrir Hallbjarnareyri, var 800 ríkisdalir á ári, eins og kemur fram í veitingarbréfi Gísla Þórðarsonar lögmanns fyrir Arnarstapaumboði frá 1607.<sup>13</sup>

Arngrímur lærði bjó á Melstað í Miðfirði og því þurfti hann að fá einhvern til að stýra búinu á Hallbjarnareyri. Móðurbróðir hans, séra Skafti Loftsson, var prestur á Setbergi 1571-1621, og í vitnisburði hans frá árinu 1618 kemur fram, að séra Skafti „stýrði byggingu á Eyri í forlénung“ séra Arngríms í nokkur ár, þ.e. hann sá um rekstur búsins fyrir hönd séra Arngríms og var því nokkurs konar ráðsmaður hans. Að því er næst verður komist, annaðist séra Skafti ráðsmennsku á Hallbjarnareyri frá því að séra Arngrímur fékk jörðina árið 1594. Af áðurnefndum vitnisburði séra Skafta frá 1618 má ráða, að þá hafði hann ekki lengur umsjón með Hallbjarnareyri fyrir systurson sinn, séra Arngrím. Um ráðsmennsku séra Skafta á Hallbjarnareyri er kunnugt, að hann tók aftur í notkun áðurnefnda verbúð, Loftsbúð, á Hjallasandi, sem fyrri ábúendur Hallbjarnareyrar höfðu látið drabbast niður. Séra Skafti hélt verbúðina, sem um og upp úr 1600 var farið að kalla Hallbjarnareyrbúð, ásamt uppsátri hennar um vetrartímann fyrir skip sitt og mann.<sup>14</sup>

Í bréfi, sem Arngrímur skrifaði Pros Mundt höfuðsmanni 1. apríl 1637 um Hallbjarnareyri, kemur í ljós, að Arngrímur, sem var einn lærðasti maður sinnar samtíðar og vísindamaður á heimsmaelikvarða, kunni þá list góðra búmanna að berja sér. Hann fullyrti, að útgjöld þau, sem hann hefði af Hallbjarnareyri, væru hærrí en tekjurnar. Ekki bætti úr skák, að um þetta leyti átti Arngrímur í útistöðum við Þórð Guðmundsson, landseta sinn á Hallbjarnareyri. Deilan snerist um það, að Arngrímur taldi Þórð ekki hafa staðið við skilyrði leigumálans og að auki neitaði hann að greiða hækkun á landskuld, sem Arngrímur hafði krafist hann um. Árið 1640 var kveðinn upp í lögréttu á Alþingi dómur í máli þessu. Þórður Guðmundsson var sýknaður af báðum ákæruefnunum, af því fyrra vegna þess að Arngrímur hafði ekki umboðsmann í Vestfirðingafjórðungi, og af hinu síðara af því að dómurinn komst að þeirri niðurstöðu, að landskuldin skyldi vera sú, sem ákveðin var í gildandi jarðabók. Samkvæmt því var Arngrími ekki heimilt að hækka landskuldina.

Þegar þessi dómur lá fyrir, ritaði Arngrímur lærði bænarbréf til konungs í ágúst 1640 og fór þess á leit að verða leystur undan því að hafa Hallbjarnareyri lengur að léni. Kvaðst hann ekki geta lengur innheimt landskuldina vegna

þrjósku landsetans. Arngrímur mun hafa sent Ole Worm prófessor bænarbréfið, en hann kom því ekki á framfæri við konung, heldur réð málinu til lykta í samráði við Pros Mundt höfuðsmann, þannig að Arngrímur losnaði við Hallbjarnareyri. Féll jörðin þá aftur til Arnarstapaumboðs um skeið, en árið 1654 var stofnaður holdsveikraspítali á Hallbjarnbjarnareyri.<sup>15</sup>

Árið 1814 fundust á Hallbjarnareyri tveir legsteinar með rúnalettri. Gerðist það með þeim hætti, að Guðmundur Sigurðsson spítalaráðsmaður þurfti að stækka matjurtagarð sinn og rótaði í því skyni upp nokkrum hluta grafreitsins, sem þar var frá fornum tíma. Vorið 1815 kom Ebenezer Henderson að Hallbjarnareyri og sá legsteinana, sem lágu þar fyrir dyrum úti. Hann lýsti steinunum svo, að þeir voru úr ljósbrúnu basalti, sem talið var, að væri komið úr fjalli einu þar fyrir austan, því að þar var gnægð af sams konar basaltsúlum.

Stærri steinninn var sexhliða og nákvæmlega tvær álnir danskar að lengd, en mesta þvermál hans var sjö þumlungar. Hann var brotinn nær miðju, og þar var eyða í áletrunina. Hinn steinninn var átthliða, sex þumlungar í þvermál og hálfönnur alin á lengd. Legsteinum þessum var ekki haldið til haga, og týndust þeir. Árið 1938 var leitað að þeim, en þeir voru þá týndir og tröllum gefnir. Þrátt fyrir það er ljóst, hvað var letrað á steinana, því að ýmsir urðu til að teikna upp letrið á þeim. Má þar nefna Ebenezer Henderson, séra Björn Pálsson á Setbergi, en teikning hans af rúnalettrinu birtist í bókinni Frásagnir um fornaldarleifar, sem kom út árið 1983, og H. Scheving.

Á fyrri steinninn var letrað *Her huiler unndir ualgerdur gunnarsdottir og bidid firir mer*, þ.e. Hér hvílir undir Valgerður Gunnarsdóttir og biðjið fyrir mér. Á seinni steinninn, sem var ekki heill, var letrað *Her huiler margreta geirm---*, þ.e. Hér hvílir Margréta Geirm[mundsdóttir]. Nokkuð hefur verið fjallað um þessa rúnalegsteina í fræðiritum. Má þar nefna Rúnafræði eftir Finn Jónsson prófessor og Islands runeindskrifur eftir Anders Bæksted. Í síðastnefndu greininni kemur fram, að fyrri áletrunin er frá kaþólskum tíma. Rúnaletur var notað á legsteina til loka 17. aldar.<sup>16</sup>

Árið 1927 birtist í árbók Hins íslenska fornleifafélags grein eftir Þorleif Jóhannesson, sem nefndist Nokkrar fornleifar í Helgafellssveit og Eyrarsveit. Þar kemur fram, að hinn forni bær á Öndverðareyri stóð við Kolgrafafjörð vestanverðan, þar sem Eyraroddi fer að beygja til austurs. Bærinn stóð frammi á bakkanum. Þar eru rústir miklar, en ekki er unnt að greina sundur einstaka



hluta þeirra, enda var byggður bær ofan á þær um 1907 og efni í hann að nokkru leyti stungið upp úr hinum fornu tóftum. Bær þessi stóð skamma hríð.

Um túnið, sem var allstórt, var garður og sá fyrir honum öllum, þegar Þorleifur kannaði rústirnar á þriðja áratugnum. Mjög margar tóftir voru til og frá um túnið og kringum það.

Norðan til í túninu var girðing, sem var um 50 faðmar á lengd og átta faðmar á breidd. Önnur girðing var syðst í túninu. Hún var 21 faðmur á lengd og 20 faðmar á breidd. Í norðausturhorni hennar var stór tóft. Var hún mjög ógreinileg, og mældist hún 6 faðmar á lengd og 5 faðmar á breidd. Þorleifur gat sér þess til, að þessi girðing væri hinn forni kirkjugarður, hvort sem tóftin í horni hennar gæti verið kirkjutóftin. Við vesturhlið þessarar girðingar var tóft, sem virtist vera talsvert nýlegri. Hún var 4½ faðmur á lengd og 2 faðmar á breidd, og var þverveggur því nær miðju tóftarinnar.

Á allháu barði nokkurn spöl frá bæjarstaðinu var mannvirki, sem líktist mjög fornum haug. Á að giska 4-500 föðmum í suður þaðan var hringmynduð rúst, líklega forn stakkgarður. Þorleifi hafði verið sagt, að í fjörunni fram af bæjarrústunum sæjuð leifar af grjótbryggju, en þegar hann var þar, var hásjávað, svo að hann gat ekki gengið úr skugga um, hvort rétt væri hermt.<sup>17</sup>

## Tilvísanir

- <sup>1</sup> Guðbrandur Vigfússon: Um tímatal í Íslendinga sögum. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Kaupmannahöfn 1853. I., bls. 328.
- <sup>2</sup> Ólafur Lárusson: Landnám á Snæfellsnesi. Reykjavík 1945, bls. 154.
- <sup>3</sup> Guðbrandur Vigfússon: Um tímatal í Íslendinga sögum, bls. 446; Snæfellsnes II. Helgafell. Saga höfuðbóls og klausturs eftir Hermann Pálsson. Reykjavík 1967, bls. 10.
- <sup>4</sup> Björn M. Olsen: Um Sturlungu. Safn til sögu Íslands III. Kaupmannahöfn 1902, bls. 213-14; Sturlunga saga I. Reykjavík 1946, bls. 346, 391.
- <sup>5</sup> Sturlunga saga I., bls. 401.
- <sup>6</sup> Sturlunga saga I., bls. 447; Sturlunga saga II. Reykjavík 1946, bls. 149.
- <sup>7</sup> Björn M. Olsen: Um Sturlungu, bls. 264-65.
- <sup>8</sup> Íslenskt fornbréfasafn III. Kaupmannahöfn 1896, bls. 861; IV. Kaupmannahöfn 1897, bls. 927.
- <sup>9</sup> Íslands Árbækur í sögu-formi af Jóni Espolin sýslumanni í Skagafjarðarsýslu. II. deild. Kaupmannahöfn 1823, bls. 130-32; Bogi Benediktsson: Sýslumannaæfir II. Reykjavík 1889-1904, bls. 560-64; Snæfellsnes II. Helgafell. Saga höfuðbóls og klausturs eftir Hermann Pálsson, bls. 98; Einar Arnórsson: Víg Páls Jónssonar á Skarði. Saga 1949. Reykjavík 1949, bls. 127-76; Arnór Sigurjónsson: Vestfirðingasaga 1390-1540. Reykjavík 1975, bls. 273-80.

- 
- <sup>10</sup> Íslenskt fornbréfasafn VII. Reykjavík 1903-1907, bls. 362-63; Einar Arnórsson: Víg Páls Jónssonar á Skarði, bls. 127-76; Arnór Sigurjónsson: Vestfirðingasaga 1390-1540, bls. 273-80.
- <sup>11</sup> Sama.
- <sup>12</sup> Alþingisbækur Íslands III. Reykjavík 1917-1918, bls. 304-05.
- <sup>13</sup> Páll Eggert Ólason: Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi. IV. bindi. Reykjavík 1926, bls. 93; Bibliotheca Arnarnagnæana. Vol. XII. Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta. Editit Jakob Benediktsson. Hafniæ 1957, bls. 13-14, 403; Alþingisbækur Íslands IV. Reykjavík 1920-1924, bls. 56-58.
- <sup>14</sup> Alþingisbækur Íslands III., bls. 304-05.
- <sup>15</sup> Páll Eggert Ólason: Menn og menntir IV., bls. 87; Þjóðskjalasafn Íslands. Skrá um skjöl í steinklefa. 4. Suppl. II., bls. 54; Alþingisbækur Íslands VI. Reykjavík 1933-1940, bls. 19-20; Bibliotheca Arnarnagnæana. Vol. XII. Edidit Jakob Benediktsson. Hafniæ 1957, bls. 26; Bibliotheca Arnarnagnæana. Vol. VII. Ole Worm's Correspondence with Icelanders. Copenhagen 1948, bls. 392.
- <sup>16</sup> Ebenezer Henderson: Ferðabók. Reykjavík 1957, bls. 270; Frásagnir um fornaldarleifar. Síðari hluti. Reykjavík 1983, bls. 334-35; Finnur Jónsson: Rúnafræði í ágripi. Ársrit Hins íslenska fræðafélags XI. Reykjavík 1930, bls. 53; Bibliotheca Arnarnagnæana. Vol. II. Anders Bæksted: Islands Runeindskrifte. København 1942, bls. 129-31.
- <sup>17</sup> Árbók Hins íslenska fornfræðafélags 1927. Þorleifur Jóhannesson: Nokkrar fornleifar í Helgafellssveit og Eyrarsveit. Reykjavík 1927, bls. 33.

Ásgeir Guðmundsson

# Munnmælasögur úr Eyrarsveit

## **Líksteinn, sem féll úr Búlandshöfða**

Það eru gömul munnmæli, að á Líksteini þessum hafi menn áð með lík Þórgunnu, þegar það var flutt frá Fróðá austur í Skálholt, og þaðan sé nafnið sprottið. Séra Helgi Sigurðsson á Setbergi segir í sóknarlýsingu sinni frá árinu 1871, að þetta geti ekki staðist samkvæmt skýrum orðum Eyrbyggju, því að þar standi: Fóru þeir síðan suður um Heiði (þ.e Fróðárheiði). Hlýtur steinninn því að draga nafn af einhverju öðru líki.

*Snæfellsnes III. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags.  
Séra Helgi Sigurðsson: Setbergssókn 1873. Lýsing Setbergssóknar 1873 og uppdráttur.  
Reykjavík 1970, bls. 247*

## **Melrakkaey**

Það eru munnmæli, að Melrakkaey hafi fyrrum legið undir Krossnes en orðið við áheit kerlingar nokkurrar eign Setbergskirkju. Svo var sagt hafa borið við, að gamlan konan missti tvo syni sína í sjóinn, og fundust þeir ekki lengi, þangað til hún hét á kirkjuna að gefa henni eyna, ef syni hennar ræki upp. Þetta gekk eftir, því að þeir fundust reknir á einni kirkjujörðinni í Framsveit. Sumir segja, að þetta hafi verið á þeim tímum, þegar biskupa- og klerkavaldið stóð sem hæst, og hafi presturinn þá lokkað hina saknandi konu til nefnds áheits.

*Snæfellsnes III., bls. 251*

## **Tröllaháls**

Hellar geta engir merkilegir heitið í Eyrarsveit að undanskildum tveimur. Annar þeirra er vestanvert í Axarhamri. Upp í hann er illt að komast, enda hafa fáir orðið til að reyna það, og því eru menn honum næsta ókunnugir. Upp í munna hans (svartan eða bláan, samkvæmt birtumagni og -lagi) sést af veginum vestanvert við Tröllaháls. Samkvæmt munnmælum eiga þarna að hafa búið hin fornu tröll, sem Tröllaháls er kenndur við. Af þeim mun einnig Tröllahraun, sem nefnt er í einu Landnámuhandriti, draga nafn sitt.

*Snæfellsnes III., bls. 253*

## **Þórdísarstaðir**

Skemmdir og rýrnun á graslendi, bæði á túnnum og úthaga, hafa átt sér stað allvíða í Eyrarsveit að fornu og nýju. Þannig er bæði sagt og einnig mjög sennilegt, að bærinn á Þórdísarstöðum hafi vegna túnskemmda verið fluttur á þann stað, sem er nú. Víst er, að bærinn með stóru, girtu túni hefur fyrrum verið frammar með fjallinu en nú.

Frá þessu segja munnmælin öðruvísi. Þórdís, sem bærinn er kenndur við, bjó á Þórdísarstöðum. Hún var auðug af gangandi peningi og hafði fjárhús og smalamann austanvert við Bárarháls, þar sem seinna var byggður bær, sem sökum þessa var nefndur Hjarðarból (ból hjarðar Þórdísar). Flæddi þá eitt sinn féð á skeri, svonefndum Klumbrum, fram hjá Eyrarodda. Við þetta gerðist Þórdís stygg og hörð í lund við smalann, svo að hann sá sér þann kost vænstan að hengja sig í fjárhúsunum. Síðar gerðust svo miklir reimleikar á Þórdísarstöðum af völdum smalans, að bærinn var fluttur þangað, sem hann er nú. Segir þá sagan, að létt hafi af reimleikunum.

Þórdísarstaðir eru kenndir við Þórdísi Súrsdóttur, systur Gísla Súrssonar, en eftir að hún skildi við Børk hinn digra fór hún að búa á Þórdísarstöðum. Munnmæli hermdu, að Þórdís hefði verið heygd í túninu á Þórdísarstöðum og áttu fjárhús að hafa staðið á haugnum og lék það orð á, að kindur, sem þar voru hýstar, hefðu alloft kafnað þar. Sögnin um haug Þórdísar kemur hins vegar í bága við Eyrbyggju, því að þar er sagt, að hún hafi verið grafin að kirkju í Sælingsdalstungu.

*Snæfellsnes III., bls. 254*

## **Porkelshjallar**

Svo nefnist skerhólmi í Hálsvaðli. Mælt er, að Porkelshjallar, sem rústir sáust enn af á seinni hluta síðustu aldar, dragi nafn sitt af Porkeli nokkrum bónda í Hálsi löngu fyrir minni elstu manna. Segir sagan, að hann hafi haft þar hjalla sína og uppsátur.

*Snæfellsnes III., bls. 258*

## **Lítill, alldjúp tjörn uppi á Klakki**

Munnmæli herma, að hjá tjörn þessari finnist á Jónsmessunótt náttúru-steinar og að tjörninn sé tvíbytna með flóði og fjöru (út- og aðföllum).

*Snæfellsnes III., bls. 265*

## **Eyri (Öndverðareyri)**

Munnmæli herma, að Eyrarbær hafi fyrst staðið á Eyrarodda og hafi þar þá verið kirkja og prestur þar. Einhverju sinni, þegar prestur var á ferð í Kolgrafafirði, segir sagan, að hann hafi druknað. Síðan hafi gerst svo miklir reimleikar á bæ hans og kirkju, að nauður rak til að flytja bæ og kirkju þangað, sem Eyrarbær stendur nú.

*Snæfellsnes III., bls. 290*

## **Eyraroddi**

Á fyrri hluta 19. aldar hermdu sagnir, að nokkur langskipanaust væru í austanverðum Eyrarodda skammt frá Hallbjarnareyri. Rústir þessar virtust fremur vera raunveruleg naust en hvorki fiskigarðarústir né annað, þar sem þau voru stærri en svo, að þau gætu hafa verið gerð fyrir róðrarskip.

*Séra Björn Pálsson. Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823.  
Reykjavík 1983, bls. 335.*

## **Krossnes**

Fyrsti bær, sem byggður var í Eyrarsveit, var Krossnes, og hét kona sú Bera, er hann byggði. Hún er heygd í Berhól. Hvenær sem einhver hefur ákveðið stund eða dag til að grafa í hólinn, hefur alltaf eitthvert mjög aðkallandi starf borið að höndum, svo að haugbrotið hefur farist fyrir. Berhóll er stórt

jökulruðningshrúgald vestan við Hálsvaðal. Sagt er, að lítt festi á honum snjó, og er ekki ólíklegt, að nafnið sé af því dregið, hóllinn sé „ber“ um vetur.

*Kristján Eldjárn. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1949-50. Reykjavík 1951, bls. 102*

## **Lá (Neðri-Lá)**

Önnur kona á að hafa numið land í Lá. Hún hét Sleif og átti tvo syni. Þeir drukkuðu báðir í Lárós. Þá fylltist Sleif gamla heift við hin illu sköp og mælti svo um, að þar skyldu 20 bátar farast. Taldist mönnum svo til, að sá mælir væri þegar fullur á síðari hluta 19. aldar. Sleif er grafin í Sleifarleiti á Búlandshöfða, þar sem lík hennar rak á land, og er sagt, að hún hafi haft þau orð, að þar skyldi aldrei maður farast. Þykir það hafa gengið eftir.

Svo er sagt, að Sleif hafi haft bæ sinn á Fornu-Lá, þar sem nú eru rústir. Seinasti bóndi þar hét Bjarni Svartsson, en óvíst er, hvers vegna hann fluttist þaðan eða hvenær. Í fyrndinni var hof á bænum, og er enn bent á rústir þess. Frá hofrústunum liggur laut niður að sjó og heitir hún Goðagangur. Eftir honum var goðunum „akað“ til sjávar til þvottar. Enginn veit, hve oft eða við hvaða tækifæri þetta var gert. Í kristnun sið var reist bænhús í Fornu-Lá, þó ekki á sama stað og hofið, og er einnig bent á þær rústir.

Einu sinni bar svo við, að tröllskessa stóð á Mýrarhyrnu og horfði yfir byggðina. Rak hún þá augun í bænhúsið og fylltist gremju. Tók hún upp stein mikinn og vildi kasta í bænhúsið, en svo giftusamlega tókst til, að í sama mund var klukkum hringt í bænhúsinu, og við það dró svo mátt úr hinu heiðna trölli, að bjargið náði ekki bænhúsinu, heldur féll ofan í fjöruna fyrir austan það. Þar liggur það enn í beinni stefnu milli Hyrnunnar og bænhúsrústarinnar. En af skessunni er það að segja, að henni var svo mikið í mun að sjá, hvort hún hefði hæft bænhúsið, að hún gleymdi sér og vissi ekki fyrr en sól var á lofti. Er þar steindrangur mikill og heitir Kerling síðan, er hana dagaði uppi.

*Kristján Eldjárn. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1949-50, bls. 102-03.*

## **Niðurgrafnir peningar**

Munnmæli herma, að peningar séu niðurgrafnir í Eyrarsveit. Voru einkum fjórir staðir nefndir í því sambandi. 1) Halinn (Raninn) austan Grundarár og

timburhúsanna, sem þar stóðu. Var mælt, að ýmsir hefðu þar séð peningalogann, og voru þar til nefndir Hafliði Helgason borgari, Oddur Hjaltalín læknir og séra Einar [Sæmundsson] á Setbergi. 2) Austarlega í túninu á Eyri í hól þeim, sem gamlir menn höfðu heyrt nefndan Gullhól. 3) Einnig í hól í Eiðistúni, sem kvað hafa sama nafn. 4) Undir gömlum hjallveggi á Kvíabryggju.

*Snæfellsnes III., bls. 306*

## **Gullhóll**

Annars minnst eg, að á Hallbjarnareyri, þar sem eg var 15 ár í æsku minni, var langur og lágur hóll í túninu kallaður Gullhóll og túnparturinn Gullhólströð. Heyrði eg slabbað að þar ættu að liggja grafnir tólf stríðsmenn og tvisvar skyldu menn síðar hafa reynt að grafa í hólinn. Hefði í annað sinn átt að sýnast koma tólf vopnaðir stríðsmenn ofan fjallið, svo menn urðu hræddir og hættu verkinu, en í annað sinn átti bærinn að sýnast í einum loga. Hvað í þessu slaðri er, veit eg ekki, því eg er óhraustur í hjátrú á slíku, en hitt er víst, að tvær holur eða grafir eru í hólinn, og svo sem moldardýngja öðru megin á bakkanum á hvorri fyrir sig, þó allt grasi gróíð.

*Séra Ásgrímur Vigfússon, f. 5. júlí 1758, prestur í Breiðavíkurbpingum. Faðir hans var Vigfús Helgason, spítalahaldari á Hallbjarnareyri og skáld. Frásögur um fornaldarleifar, bls. 321.*

## **Gullhóll**

Önnur munnmælgj segir, að í áðurnefndum Gullhól sé skip og sitji sinn maður í hvorum stafni, en fé muni liggja í miðju skipinu; að skip kunni að hafa verið í hann lagt gjörir áðurtalin lögum hans ekki ólíklegt. Þær tvær holur í hann, sem áður er um getið, sýna að tvisvar hefur verið í hann grafið, og segja þá kerlingarnar, að gröfturinn hafi þá ekki lengra komizt: í annað sinn vegna þess að þeim, sem að verkinu voru, sýndist bærinn á Hallbjarnareyri vera að brenna, en í annað sinn sýndist þeim her fara að sér af fjallinu ofan.

*Séra Björn Pálsson á Setbergi. Frásögur um fornaldarleifar, bls. 336*

Fyrir allmörgum árum sléttaði Guðmundur Guðmundsson, bóndi á Hallbjarnareyri, Gullhól, og bar þá ekkert til tíðinda.

*Ásgeir Guðmundsson*

# Hold sveikraspítalinn á Hallbjarnareyri

Um miðja 16. öld hafði holdsveiki náð svo mikilli útbreiðslu hér á landi, að mönnum stóð stuggur af og vildu láta gera opinberar ráðstafanir til að hefta útbreiðslu veikinnar. Um þetta leyti var sú skoðun almenn, að holdsveiki væri næmur sjúkdómur, bærist frá manni til manns, og því vildu menn hér á landi beita sömu aðferð og hafði gefist vel erlendis, þ.e. einangra holdsveikrasjúklinga á sérstökum hælum eða spítölum. Sigurður Stefánsson, skólameistari í Skálholti, sem lést árið 1594, greindi frá því í Íslandslýsingu sinni, að hér á landi hefði verið mikill förumanna fjöldi, sem þjáðist af ýmsum sjúkdómum, m.a. holdsveiki. Skýrði hann frá því, að menn umgengust þetta sjúka fólk og samneyttu því. Ef einhver hvetti fólk til að halda sér frá því í varúðarskyni, væri sá hinn sami talinn hjátrúarfullur og trúlítill að trúa því ekki, að guð myndi varðveita við góða heilsu hvern, sem hann vildi og svo lengi sem hann vildi. Þess ber þó að geta, að menn gerðu ekki glöggan greinarmun á holdsveiki og skyrbjúg. Hélt þetta svo lengi fram eftir öldum, að Bjarni Pálsson, sem varð landlæknir hér á landi árið 1760, taldi holdsveiki eina tegund skyrbjúgs.<sup>1</sup>

Í Bessastaðasamþykkt 1. júlí 1555, en að henni stóðu biskupar landsins, lögmenn, fjórir prestar og fjórir leikmenn, var lagt til við Kristján 3. konung, að stofnaðir yrðu fjórir holdsveikraspítalar hér á landi, einn í hverjum landsfjórðungi. Konungur daufheyrðist við þessari ósk, og sagði hann m.a. í bréfi til Knud Steensens höfuðsmanns árið eftir, að ekki væri þörf á að stofna spítala



að svo stöddu, meðan fátækir gætu flakkað um landið og leitað sér nauðþurftar. Sýslumenn ættu að annast það, að fátæklingarnir yrðu fluttir innan sýslu úr einum stað í annan samkvæmt íslenskum lögum og gamalli venju. Framkvæmdir drógust í nærri heila öld, þó að forystumenn Íslendinga minntu stjórnvöld öðru hverju á þörfina á að koma upp holdsveikraspítölum, enda er ljóst, að sjúkdómurinn hafði náð mikilli útbreiðslu á þessu tímabili.<sup>2</sup>

Árið 1649 tók Brynjólfur Sveinsson biskup málið upp á ný ásamt Henrik Bjelke höfuðsmanni, og bar það þann árangur, að árið eftir skrifaði Friðrik 3. konungur höfuðsmanni bréf um holdsveikina o.fl. Sagði í bréfi konungs, að af skýrslu höfuðsmanns mætti ráða, að holdsveikin á Íslandi hefði aukist mjög vegna hirðuleysis og óþrifnaðar í híbýlum alþýðunnar. Skoraði konungur á höfuðsmann og helstu menn landsins að rannsaka þetta og yfirvega, hvernig mætti koma í veg fyrir útbreiðslu veikinnar. Með konungsbréfum 10. maí 1651 og 12. maí 1652 var heimilað að stofna fjóra holdsveikraspítala, einn í hverjum landsfjórðungi, og gefnar til þeirra eftirtaldar konungsjarðir: Hallbjarnareyri í Eyrarsveit í Vestfirðingafjórðungi, Möðrufell í Eyjafirði í Norðlendingafjórðungi, Hörgsland á Síðu í Austfirðingafjórðungi (þá taldist öll Skaftafellssýsla til Austfirðingafjórðungs) og Klausturhólar í Sunnlendingafjórðungi. Hér var ekki um að ræða spítala í þeirri merkingu, sem nú er lögð í það orð. Engar lækningar voru um hönd hafðar í þessum spítölum, enda var engin vöð á læknum hér á landi um þetta leyti, heldur var með þessu móti reynt að einangra holdsveikisjúklinga og koma í veg fyrir, að þeir smituðu aðra. Litið var á þá, sem fengu inni á þessum spítölum sem ómaga.<sup>3</sup>

Stjórn spítalanna var í höndum umsjónarmanna (inspectores), en það voru biskupar báðir, sinn í hvoru biskupsdæmi, og lögmenn, sinn í hvoru lögmannsumdæmi. Þess vegna stjórnaði Skálholtsbiskup þremur spítölum, en Hólabiskup einungis Möðrufellsspítala. Lögmenn höfðu hins vegar hvor sína tvo spítala til umsjónar. Þetta fyrirkomulag hélst, þangað til lögmannsumdæmin voru lögð niður árið 1800, og tóku þá amtmenn við umsjóninni ásamt biskupi, en þá hafði biskupsstóllinn á Hólum verið lagður niður. Það kom því í hlut Brynjólfs biskups og Magnúsar Björnssonar, lögmanns norðan og vestan, að hafa umsjón með rekstri holdsveikraspítalans á Hallbjarnareyri og ráða forstöðumann, sem sjá skyldi um daglegan rekstur spítalans og að tekjum hans yrði varið til uppeldis (framfærslu) fátækum, þurfandi mönnum. Fyrst framan af voru menn þeir, sem

veittu spítölunum forstöðu, nefndir forstöðumenn eða umboðsmenn, seinna hospítalsforstandarar, hospítalshaldarar og loks hospítalsráðsmenn, eins og þeir voru stundum kallaðir fyrst framan af. Ráðsmennirnir voru flestir bændur, einkum úr heldri manna stétt, ef kostur var á, stundum lögréttumenn. Dæmi voru þess, að sýslumenn gegndu ráðsmannsstörfum, m.a. á Hallbjarnareyri.<sup>4</sup>

Til að standa straum af kostnaði við holdsveikraspítalana, var heimilað að leggja til þeirra hluta af innstæðu klaustraeigna, ýmsar sektir og leyfisgjöld, m.a. leyfisgjöld fyrir hjónabönd þremmenninga, sáttagjörðargjöld o.fl. Auk þess voru framfærsluhreppar fátæklinga, sem fengu víst á spítölunum og ekki áttu annan forlagseyri eða framfæri en hreppana, skyldir að greiða með þeim forlagseyri (þ.e. meðgjöf) í eitt ár, sem var 3½ hundrað fyrir karlmann og 2½ hundrað fyrir konu. Ef vístmenn áttu einhverjar eignir sjálfir, bar þeim að leggja þær með sér til spítalanna. Ef dæmdir ómagar fengu þar víst, áttu ættingjar þeirra, sem samkvæmt lögum var skylt að framfæra þá, að greiða með þeim fullan forlagseyri. Þá áttu forstöðumenn spítalanna að veita viðtöku landskuldum, sem goldnar voru af jörðum þeim, sem heyrðu til fátækum. Biskuparnir leituðu einnig gjafa til spítalanna, einkum hjá sýslumönnum og prestum, og safnaðist nokkurt fé á þann hátt.

Aðaltekjustofn holdsveikraspítalanna var hinn svokallaði spítalafiskur eða hospítalshlutir. Sunnlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar, sem stunduðu útróðra, skyldu gjalda einn hlut af hverju skipi ákveðinn dag vertíðar til spítalanna. Nokkuð var það misjafnt eftir landshlutum og verstöðvum, hvaða dagur var valinn til að greiða spítalahlutinn. Samkvæmt ákvörðun Alþingis hinn 30. júní 1653 skyldi greiða spítalahluti eða aukahluti, eins og þeir voru líka kallaðir, úr Vestfirðingafjórðungi þann næsta dag, sem róið varð eftir Maríumessu á langaföstu (sem var 25. mars) og nokkuð aflaðist, nema að tíminn um Breiðafjörð og Vestfirði hlaut að fara eftir fiskigengd, og átt biskup að ákveða þann dag í vísitasíu sinni. Á Mýrum átti biskup að ákveða tíma og útnefna geymslumenn fisksins með kunnugra manna ráði. Ábúendur þeirra jarða, sem verstöðvarnar lágu undir, áttu að veita spítalafiskinum viðtöku og gæta hans, þar til umboðsmaður spítalans sækti hann, og hafa höfuð og slóg fyrir starfið.

Árið 1678 komst Alþingi að þeirri niðurstöðu, að dagar þeir, sem höfðu verið ákveðnir í Vestfirðingafjórðungi, þegar gera átti skil á spítalafiskinum, væru óhentugir í sumum sveitum vegna lítillar veiði, og því bæru holdsveikisjúklingar skarðan hlut frá borði. Þess vegna var ákveðið á Alþingi það ár, að afhenda

skyldi spítalafiskinn milli Hvítár í Borgarfirði og svo vestur með sjávarsíðunni og fyrir sunnan Snæfellsjökul allt að Öndverðarnesi næsta dag eftir Jónsmessu Hólabiskups (23. apríl), þegar gæfi á sjó, á Öndverðarnesi og þaðan að Búlandshöfða vestan fram Jökulsins sá dagur eftir Maríumessu, sem áður var ákveðinn, og frá Búlandshöfða og allt að Gilsfirði næsti dagur eftir Úrbansmessu (25. maí) með sömu skilmálum og giltu um hina dagana. Þetta var ákveðið með ráði og vitund Þórðar Þorlákssonar Skálholtsbiskups. Spítalafiskurinn var illa þokkaður og kom ranglega niður á gjaldendum, en var þó greiddur fram yfir miðja 19. öld.<sup>5</sup>

Þá Brynjólf Sveinsson biskup og Árna Oddsson, lögmann sunnan og austan, greindi á um það, hvenær skyldi taka sjúklinga inn á spítalana. Í bréfum, sem lögmaður skrifaði biskupi í september og október 1653, kom fram, að hann vildi láta setja fátæka á spítalana strax vorið eftir til þess að þeir gætu haft gagn af þeim. Árni Oddsson var ekki hræddur við að láta sjúka og heilbrigða koma saman og sagði, að guð mundi varðveita menn frá sóttnáemi. Brynjólfur biskup var hins vegar mjög andvígur því að láta holdsveika búa í húsum saman við heilbrigða og kvaðst ekki hafa samvisku til þess „í svo næmum og viðurstyggilegum krankleika.“

Eins og Sæmundur Bjarnhéðinsson læknir bendir á í ritgerð sinni Ágrip af sögu holdsveikinnar á Íslandi, voru báðir þessir menn, hvor í sinni röð, fremstu og menntuðustu menn hér á landi á þessum tíma. „Voru þeir sannfærðir um sóttnáemi holdsveikinnar og var fyllilega ljóst, hver tilgangur spítalanna átti að verða, einangrun hinna sýktu. En að því leyti eru þeir frábrugðnir, að skoðanir biskupsins um sóttnáemishættuna eru í fyllsta samræmi við kenningar kreddulausra nútíðarmanna, þar sem lögmaður er á sömu skoðun og hinir þröngsýnustu ofstækistrúarmenn: að sóttnáemishættunnar gæti eigi, ef menn stofna sér í hana í guðspakkarskyni eða við kirkjulegar athafnir.“

Í bréfi, sem Brynjólfur biskup skrifaði Árna lögmanni í september 1652, lét hann í ljós þá skoðun, að ráðlegast væri að fara vægt í sakirnar að taka sjúklinga á spítalana fyrst um sinn, því að hann óttaðist, að enginn myndi fást til að veita spítölunum forstöðu, ef þeir yrðu fullskipaðir sjúklingum í byrjun: „...en þar til óttast ég enginn muni fást með miklum þunga í fyrstunni, því strax fæli það burtu sérhvern þann, sem nokkurs á úrkosti og til er trúandi, skuli inn í hans hús eða herbergi slíkir kreinktir menn innlagðir verða ... með því þess háttar manneskjum fylgir sturlun, framgirn og óþakklæti framar öðrum veikum ...“

Þess vegna taldi Brynjólfur biskup hentugast, að engir sjúklingar yrðu teknir á spítalana árið 1653, heldur yrðu ráðnir forstöðumenn frá fardögum 1653. Áttu þeir að innheimta tekjur spítalanna, láta smíða hús handa sjúklingum, kaupa nauðsynlegar vörur, klæðnað og rúmfatnað, og koma spítölunum í fullkomið lag, áður en vistmenn fengju þar inni. Þá vildi biskup, að forstöðumennirnir ávöxtuðu tekjur spítalanna hjá verslunarfélagi því, sem hafði einokun á versluninni hér á landi, svo að fátækir vistmenn spítalanna gætu haft framfæri sitt af vöxtunum, eins margir og þeir hrykkju til, en þó ekki fleiri en svo, að höfuðstóllinn ykist alltaf, en eyddist ekki. Eftir því sem vaxtatekjurnar hækkuðu á hverju ári, mætti jafnframt fjölga vistmönnum, en forstöðumaðurinn fengi fyrir starf sitt og ómak  $\frac{1}{3}$  af tekjum spítalans. Ef tekjunum yrði eytt jafnóðum, óttaðist biskup, að spítalarnir yrðu ekki langæir, því að enginn myndi þá vilja veita þeim forstöðu, enda væri spítalahluturinn óviss, en mikið ómak því samfara að innheimta hann. Árni lögmaður hafði hins vegar enga trú á því, að unnt yrði að framfleyta spítalásjúklingunum eingöngu á vöxtum höfuðstólsins. Hann neitaði algjörlega að trúa kaupmönnum fyrir þeim peningum, en vildi heldur lána féð áreiðanlegum Íslendingum.<sup>6</sup>

### ***Hold sveikraspítalinn á Hallbjarnareyri tekur til starfa***

Í september 1652 byggði Brynjólfur biskup Þórði Guðmundssyni Hallbjarnareyri frá fardögum 1653, og var hann fyrsti forstöðumaður eða hospítalsforstandari Hallbjarnareyrarspítala. Þórður þessi hafði verið leiguliði Arngríms lærða Jónssonar á Hallbjarnareyri og átt í málaferlum við hann. Vistmenn voru ekki teknir strax á spítalann, heldur var tíminn þangað til notaður til að reisa húsnæði handa tilvonandi vistmönnum og innheimta tekjur spítalans, fyrst og fremst spítalafiskinn. Var þetta í samræmi við tillögur Brynjólfs biskups. Í febrúar 1653 veitti biskup Sigurði Jónssyni, sýslumanni í Mýrasýslu, umboð til að taka saman hospítalsgjafir og -hluti í sýslunni það ár og til fardaga 1654. Átti hann að afhenda Þórði forstöðumanni það, sem innheimtist, en hafa þriðjung fyrir ómak sitt. Í febrúar 1655 fékk Jón Torfason umboð til að taka á móti hospítalshlutum í Breiðafjarðareyjum, og átti hann að afhenda þær séra Páli Björnssyni og Magnúsi Grímssyni. En innheimta spítalateknanna hvíldi fyrst og fremst á forstöðumanni spítalans.

Biskup átti ekki hægt um vik að hafa umsjón með rekstri Hallbjarnareyrarspítala vegna fjarlægðar, og því fékk hann Magnús Jónsson, sýslumann í Haga, til að hafa umsjón með spítalanum og innheimtu tekna hans. Magnús var maður önnum kafinn og hafði fyrir hönd hans Jón Brynjólfsson umboðsmaður umsjón með spítalanum og aðföngum til hans til 1655, þegar spítalinn tók til starfa, en þá tók Matthías Guðmundsson sýslumaður við umsjón spítalans í umboði biskups.<sup>7</sup>

Fyrstu vistmennirnir komu á Hallbjarnareyrarspítala vorið 1655, og voru þeir fjórir að tölu, eftir því, sem næst verður komist. Þórður Guðmundsson lét af forstöðumannsstarfinu í september 1655, og hafði hann þá búið á Hallbjarnareyri í 25 ár. Í bréfi, sem Þórður skrifaði Brynjólfi biskupi í september 1653 kom fram, að honum þótti erfitt að standa í innheimtu spítalateknanna og vildi losna við spítalann í fardögum 1654, en það varð ekki fyrr en 12. september 1655. Þá tók við forstöðumannsstarfinu Jón Jónsson á Hraunskarði í Neshreppi í viðurvist Matthíasar Guðmundssonar, sýslumanns í Snæfellsnessýslu og umboðshaldara, og umboðsmanns hans, Halldórs Guðmundssonar, og að viðstöddum Brynjólfi biskupi, sem var þá í vísitasíuferð um Vestfirðingafjórðung. Af einhverjum ástæðum var Þórður Guðmundsson ekki viðstaddur afhendingu jarðarinnar til Jóns þrátt fyrir áskorun biskups. Brynjólfur kallaði til „sex ærlega menn... til að skoða meta og álíta viðskilnað Þórðar á jörðinni Eyri og hennar húsum, item þá bygging, sem hann hefir þar gjört hospítalsins vegna.“

Húsakynni þau, sem Þórður Guðmundsson hafði látið reisa handa vistmönnum, fengu ekki góða dóma hjá biskupi og úttektarmönnum hans: „Hospítalstóftirnar, þó vel hlaðnar séu, virðast biskupinum og þessum dánurmönnum óþéanlegar og óbýkvæmilega settar bæði fjarlægðar vegna við heimabæinn og þess annars, að vatn skal að innan sækja, sem sýnist af suðurátt, þess og einnig, að biskupinum þykir rúmið að innan of mjótt og draga að fönn. Því meinar biskupinn þetta starf hospítalinu óþéanlegt og til ónýtis gjört vera.“<sup>8</sup>

Í þessari vísitasíuferð biskups kom einnig í ljós, að íbúar í Vestfirðingafjórðungi höfðu þverskallast við að greiða hinn lögboðna spítalafisk til Hallbjarnareyrar, eins og ráða má af eftirfarandi bréfi biskups, sem var skrifað á Helgafelli 14. september 1655, þegar hann var í vísitasíu þar:

Brynjólfur Sveinsson að Skálholti heilsar ærlegum og frómum dánumönnum sérdeilis í Mýrasýslu og Þórsnesþingi og þar undir liggjandi eyjum í Breiðafirði kærlega með bestu farsældaróskum og vinsemdar kveðjusending, hér með yður ávísandi, að ég nú merkja þykist, að ei muni alls staðar í þessum plássum gjörðir hafa verið þeir aukahlutir, sem ályktaðir voru á Alþingi fyrir tveimur árum, að hospítalinu skyldi leggjast í fyrrskrifuðu plássi, sem þó er bæði guði þægilegt og yfirvaldsins vilji. Því bið ég alla fróma menn og áminni að varast þvílíka þrjósku og óhlýðni framvegis, því ég hefi fulla ávísun fengið, að soddan mótvilji misþóknast háyfirvaldi utan lands og er því allareidu til eyrna komið, svo ei mun svo búið hlýða, og er betur sem fyrst að gjöra. Því ræð ég öllum frómum mönnum héðan af þessa aukahluti fyrir utan tregður og mótmæli hospítalinu að gjöra skuli ei miður fara en margur má ætla. Og er dagur tilsettur sem vitanlegt er fyrir Jöklinum í vortíð eins og fyrir sunnan [þ.e. Maríumessa á langaföstu, sem var 25. mars]. En í Mýrasýslu hefur mér við góða menn kunnuga samankomið, að aukahluturinn gjörðist milli krossmessu [3. maí] og fardaga [fjórir dagar seint í maí] þann fyrsta dag næst krossmessunni, sem ræði er og svo fiskast, að skipti á komast. Allur dagurinn er ætlaður til þessa ölmusuverks, hversu oft sem róið verður. En fyrir innan Búlandshöfða og um Breiðafjarðareyjar hefur mér ásamt prófastinum og forstandara hospítalsins samankomið bæði til lands og eyja gjörðist þessi hospítalsaukahlutur þann dag, sem róið verður og fiskast til skipta frá Vítusmessu [15. júní] og til Jónsmessu baptista [24. júní] og það svo árlega framvegis. En það sem hingað til hefur forsómast hér úti bið ég og vona, að góðir og guðhræddir menn sanngjarnlega semji og forlíkti við hospítalsins forstandara, svo hér þurfi ekki framur fyrir hærri yfirvaldi yfir að klaga.<sup>9</sup>

Ljóst er af framansögðu, að landsmenn tregðuðust við að greiða spítalafiskinn og að Brynjólfi biskupi þótti í litlu sinnt umvöndunum hans og eftirgangsmunum í þessu efni. Þess vegna greip hann til þess ráðs að hóta afskiptum veraldlega valdsins, ef menn létu sér ekki segjast. Í bréfi, sem biskup skrifaði Árna Oddssyni lögmanni í desember 1654, kom fram, að honum þótti þung byrði á sig lögð að þurfa að hafa umsjón með holdsveikraspítölunum í biskupsdæmi sínu: „Ég treysti mér ekki til með öðrum embættisþunga, ómaki og fjölskyldu einn saman, án yðar íhlutunar, það vanda- og ámælessama starf lengur að bera meðal óhlýðni og óvilja flest allra landsmanna hærri stéttar og lægri, meinandi veraldlegu valdi muni hér um heldur gegnt og því sverði, sem það ber, heldur en voru munngjálfrí andlegra. Margur er sá klárinn keyrishræddur, er ekki sætir, þó að hóað sé.“

Árið 1657 var svo komið, að Brynjólfur biskup færðist undan því á Alþingi „að hafa lengur þá ómaksumsjón á aukahlutum hospítalanna um allt Skálholtsstifti,

sem hingað til hefur hann haft, með óvilja almúgans margs konar...” Hann taldi illa horfa um efnahag spítalanna og var þeirrar skoðunar, að ágóðinn af spítalahlutnum svaraði ekki kostnaði og taldi koma til greina, ef yfirvöld gerðu ekki bragarbót í þessum efnum, að láta aukahluti úr fjarlægum héruðum renna til fátæklinga í sveitunum, þar sem þeir kæmu að meira gagni.<sup>10</sup>

Jón Jónsson á Hraunskarði gegndi starfi spítalaráðsmanns til fardaga 1658, en þá tók Þórður Guðmundsson, sem þá bjó í Gröf í Eyrarsveit, aftur við Hallbjarnareyrarspítala samkvæmt byggingarbréfi frá 7. október 1657 og varð spítalaráðsmaður á nýjan leik. Matthías Guðmundsson, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, byggði Þórði jörðina í umboði Brynjólfs biskups með svofelldum skilmálum:

... Þórði skal vera afhent í sex manna viðurvist sama jörð Eyri með sínum meðfylgjandi hjáleigum og kúgildum, sem fátækum tilheyrja, og svo því skipi, sem fátækir eiga og öllu öðru eftirskiljandi inventario, sem og öðrum herlegheitum, sem jörðinni fylgir, að nefndur Þórður það brúka megi frí til lands og sjóar með Hrafnkelsstöðum tillögðum eftir bevislegum vitnisburðum að það þar undirliggi.

En þar í staðinn lofar Þórður að annast og forsorga fjóra fátæka af hospítalsfólki, sem rétt eru hospítalslimir með rétttri forörgun til matar, klæða og þjónustu, sem sögðum persónum ber og þénar. Framar lofaði Matthías fyrrnefndum Þórði Guðmundssyni, að hann skyldi tilnefndra fátækra vegna mega meðtaka þá aukahluti til hospítals nauðþurftar, sem til eru lagðir í Eyrarsveit, sem og allt sektafé, er í sömu sveit til fátækra dæmt verður, með því að áðursögðum Þórði skuli þar ekki lagi af verða fyrir forörgun fátækra hospítalslima og jarðarinnar byggingar og forbetrunar, svo hann henni jafn góðri með sínu meðfylgjandi aftur skili, sem hann meðtekur.<sup>11</sup>

Hinn 11. september 1658 vísiteraði Matthías Guðmundsson, sýslumaður í Snæfellsnessýslu og umboðshaldari yfir Stapaumboði, holdsveikraspítalann á Hallbjarnareyri, sem hann hafði „eftir bón og með samþykki biskupsins byggt Þórði Guðmundssyni með fjórum vanfærum ómögum til alls framfæris, er svo heita: Jón Hannesson úr Helgafellssveit, Kolbeinn Þorvarðsson úr Eyrarsveit, Jón Einarsson af Neshrepp, Ingiríður Jónsdóttir af Staðarsveit og Miklaholts-hrepp, og eru Þórði þar til lagðir aukahlutirnir úr Eyrarsveit, ein voð vaðmáls og þau sakferli, sem tilleggjast eiga úr Eyrarsveit með venjulegum skilmála jörðina að rækta og forbetra sem hæfir.“

Í vísitasíunni var húsakynnum á Hallbjarnareyri einnig lýst og taldar upp hjáleigur jarðarinnar. Vistarverur sjúklinganna voru eins og hér segir:

Stofan með tveimur stafgölfum, sex stöfum, þremur bitum og sperrum, syllum og nýrri súð, hurð, þili fyrir framan bita. Húsið allt af nýjum viðum, ítem aurslá framan undan.

Eldhúsið með tveimur stafgölfum, syllum, bitum og sperrum, sex stöfum, grenilangböndum og greniviðararéfti, allt nýtt sterkt og stæðilegt, hurð á járnum með dyrastöfum og þil undir bita af borðum.

Öndin (þ.e. anddyri) með útidyrum, tvö stafgölf að baðstofudyrum undir sama formi með nýju og sterku grenifjarviðararéfti, útidyrnar með syllum og stöfum, drótt og dyraumbúningi, hurð á járnum, allt nýtt, sterkt og stæðilegt.

Baðstofan með fimm stafgölfum, bitum og stöfum, syllum og sperrum, tuttugu og tveimur stöfum, árefti, ný súð, hurð á járnum og dyrastöfum, sjö rúm með rúmostokkum. Húsið allt sterkt og stæðilegt.

Ljóst er af þessari lýsingu á híbýlum vistmanna á Hallbjarnareyrarspítala, að vistarverur þeirra hafa verið hinar þokkalegustu á fyrstu starfsárum spítalans. Af vísitasíu spítalans 12. september 1655, þegar Jón Jónsson tók við spítalanum, má ráða, að þá hafi híbýli vistmanna ekki verið fullgerð, og hefur það því komið í hlut Jóns að ljúka við smíði þeirra. Er ekki annað að sjá af vísitasíunni en að hann hafi leyst það verk vel af hendi.

Árið 1658 átti Hallbjarnareyri eftirtaldar hjáleigur: Tóftir (þar með talið hús í Oddanum, þ.e. Eyrarodda), Innri-Garðsenda (sú hjáleiga hafði verið færð undan sjó á betri stað), Ytri-Garðsenda, Naust, Fornunaust, Þórðarbúð og Tröð.<sup>12</sup>

Þórður Guðmundsson lét af starfi spítalaráðsmanns árið 1662, og fengu þá Hallbjarnareyri til ábúðar tveir bræður til helminga, þeir Þorvarður og Jón Ólafssynir. Jón lést árið 1663, og var ekkja hans, Guðrún Ásbjarnardóttir, ábúandi á hálfri Hallbjarnareyri á móti Þorvarði mági sínum næstu tvö árin, en árið 1665 varð Þorleikur Jónsson\* ábúandi á hálfri jörðinni í stað Guðrúnar. Þegar þeir bræður Þorvarður og Jón tóku við jörðinni árið 1662, afhenti þeim hana Ögmundur Sigurðsson, umboðsmaður Matthíasar Guðmundssonar

\* Um Þorleik Jónsson segir svo í Grímsstaðaannál fyrir árið 1696: „Skiptapi var í Eyrarsveit, fóru að sækja fisk og lýsi út á Hjallasand (þ.e. Hellissand). Formaðurinn hét Þorleikur. Með honum voru þrír synir hans. Hann var faðir þeirra miklu Víkurformanna Jóns og Sveins Þorleikssona.“



sýslumanns, en Brynjólfur biskup hafði falið Matthíasi að hafa umsjón með spítalanum og sjá til þess, að Hallbjarnareyri væri vel byggð fátækum til gagns. Eins og kom fram hér á undan, átti biskup erfitt um vik að hafa hönd í bagga með málefnum spítalans vegna fjarlægðar.<sup>13</sup>

Árið 1665 fregnaði Brynjólfur biskup, að einungis einn ómagi væri á Hallbjarnareyri, eins og það var orðað í bréfabók biskups. Hann fól Christopher Röhrer, sýslumanni í Snæfellsnessýslu og umboðshaldara Stapaumboðs, og umboðsmanni hans, Halldóri Guðmundssyni í Ytra-Skógarnesi, að hafa umsjón með Eyrarspítala og byggja jörðina „sem best fátækum til gagns, setja inn rétta hospítalslimi ... og alla umsjón fyrir hafa...“

Í vísitáfu Hallbjarnareyrar 25. ágúst 1666 kemur fram, að þegar bræðurnir Þorvarður og Jón Ólafssynir gerðust spítalaráðsmenn árið 1662, voru á spítalanum

þrír kreinktir ómagar á allri jörðinni og sá fjórði, er þeim þjónaði, til þess í fyrravetur, 1664. Síðan hafi þeir burtsofnað utan einn, sem enn nú eftir lifir, og þjónustumaðurinn. Í fyrravor segist hann [þ.e. Þorvarður] eftir ómagana tvo fráfallna goldið hafa ásamt Guðrúnu Ásbjarnardóttur hálfa landskuldina, IX vættir fiska og eina vætt, en kúgildaleigur ekki. En í vor hafi hér innsettur verið annar ómaginn kreinktur, Halldór Þórðarson að nafni, auk hins, sem hér hefur verið, meðan Þorvarður hefur ábúið, Ingiríður, og hafi sá (þ.e. Halldór) lifað hér nærri mánuð og síðan burtsofnað, svo nú er hér ekki utan einn ómaginn og þjónustumaðurinn, Ásgrímur Jónsson, og sé kreinkti maðurinn Ingiríður hjá Þorvarði, en þjónustumaðurinn Ásgrímur hjá Þorleiki.<sup>14</sup>

Að Brynjólfi Sveinssyni biskupi látnum árið 1675 tók eftirmaður hans, Þórður Þorláksson, við umsjón Hallbjarnareyrarspítala. Hann vísiteraði spítalann 14. september 1676. Ábúendur Hallbjarnareyrar og spítalaráðsmenn voru tveir sem fyrr, áður nefndur Þorvarður Ólafsson, sem þá hafði búið á Hallbjarnareyri í 14 ár, og Eyjólfur Þorsteinsson. Þórður biskup innti ábúendurna eftir því,

með hverjum kostum þeir jörðina hefðu eða haft hefðu hingað til, hvar til þeir svöruðu sig í staðinn landskuldar og leigna heimajarðarinnar nú í 3 ár annast hafa 2 spítelska ómaga og þann þriðja þeim til þjónustu, nú örvasa og áttæðan að aldri, sem þjónað hefur í 20 ár (hér er vafalaust um að ræða Ásgrím Jónsson), en fyrir þremur árum meðkenna þeir sig 4 ómaga annast hafa með sömu kostum auk þjónustumannsins.

## Þá spurði biskup

þær vanfæru skepnur tvær, sem í hópítalshúsunum voru, hvort þær hefðu nægjanlega forþorgun til þjónustu og uppheldis, yfir hverju þær ei klöguðu, nema kvörtuðu helst um kalda húsavist og þjónustuleysi. Annað báru þær ei fram, það sem fullkomlega var eftirtakanlegt, og áminnti biskupinn þær báðar til þolinmæði og guðsótta þá ölmusu auðmjúklega að þiggja með skyldugu þakklæti við guð og menn, sem þeim veitt væri. Sömuleiðis áminnti hann báða ábúendurna, Þorvarð og Eyjólf, að þeir hvor um sig veittu þessum vesalingum tilbærilega hjúkrun, þjónustu og forþorgun eftir fremsta megni, sem mögulegt kann að vera og þeir vilja vel forþaranlegir vera fyrir guði og sínu yfirvaldi.<sup>15</sup>

Þórður Þorláksson biskup mátti reyna það sama og forveri hans, að umsjónin með spítölunum var erfiðleikum bundin og kostaði mikið ómak og umsvif. Þetta kom greinilega í ljós á Alþingi árið 1677, þegar lesið var upp bréf biskups, þar sem sagði m.a., „að hans herradómi þyki næsta þungt og erfitt að tilhlutast um eitt eður annað, er þeim hópítölum viðvíkur, eigi síst vegna tregleika almúgans á aðskiljanlegan máta.“ Það voru fyrst og fremst aukahlutirnir, sem svo voru kallaðir, þ.e. spítalafiskurinn, sem gekk erfiðlega að innheimta. Af því tilefni skrifuðu lögmennirnir Sigurður Björnsson og Þorleifur Kortsson sýslumönnum í landinu af Alþingi 1677 og lögðu fyrir þá, að sjá til þess, að aukahlutunum yrði skilað refja- og svikalaust. Greinilegt er, að mikil brögð hafa verið að tregðu almennings að borga spítalafiskinn, eins og kemur fram í alþingissamþykkt sama ár:

Því framar dæma nú og álykta lögmenn og lögréttumenn samþykkilega, að almúginn ... breyti fyllilega án tráss og þverúðar eftir þeim fyrrnefndum herra lögmanna skikkunum, bæði aukahlutina erlega og afdráttarlaust að gera og þeim riktuglega að skila og síðan mótmælislaust af höndum láta ... Og séu velnefndir valdsmenn hver á sinn stað skyldugur til alvarlega umsjón hafa síns embættis vegna eftir þeim sektum ganga og almúgann viðvara, að hann ei óhlýðni sýni mót yfirvaldsins skikkun.

Það fór fyrir Þórði biskupi Þorlákssyni eins og forvera hans, að hann átti ekki hægt um vik að hafa umsjón með Hallbjarnareyrarspítala vegna fjarlægðar. Þess vegna afhenti Þórður biskup Þorleifi Kortssyni, lögmanni norðan og vestan, á Alþingi 1677 „alla tilsjón og umhyggju fyrir Hallbjarnareyrarhópítali.“<sup>16</sup>

Árið 1678 tók Salómon Jónsson við starfi forstöðumanns Hallbjarnareyrarspítala. Sama ár var í lögréttu á Alþingi lagt fyrir hreppstjóra í Snæfellsnes-sýslu, sérstaklega Halldór Guðmundsson sýslumann og spítalaráðsmanninn Salómon Jónsson, að ganga ríkt eftir vegna fátækra, að „hvorki sveitar fátækir né hospítalsins limir missi þá ölmusu, sem þeim kynni annars með réttu bæði af útlenskum og innlenskum að tilheyrja.“ Tveimur árum síðar, 1680, kváðu lögmennirnir upp þann úrskurð „um forlagseyrir þeirra spítelsku á hospítali,“ að hann skyldi vera á hverju ári „fjögur hundruð fyrir kvenpersónu, en fimm hundruð fyrir karlmann af því spítelska fólki, sem á hospítalsrentum forsgast, utan svo sé, virðast kunni, með dánumanna mati, að frekari forlagseyrir þurfi, þá sé þar um hospítalsins forráðamanna leitað.“ Þegar talað er um forlagseyri, er átt við meðgjöf með vistmönnum spítalans.

Á sama þingi sór Salómon Jónsson spítalaráðsmaður eftirfarandi eið:

Eftir því ég Salómon Jónsson er tiltrúaður af guði allsmektugum og tilskikkaður af voru kæru yfirvaldi að vera þeirra fátæku forstandari yfir Hallbjarnareyrar hospítali og að uppbera og aftur útdeila það gull, silfur, peninga, mat, kost eður annað, sem þeim fátæku þar verandi hospítalslimum er gefið eður hér eftir gefast kann af þeim kristnu, þá vil ég standa í þessari minni bestilling með öllum trúskap, guði til æru og þeim fátæku, sem ég er yfir settur, í nefndu Hallbjarnareyrar hospítali til hjálpar og aðstoðar, og ekkert þar af frá þeim að svíkja mér til gagns og þeim til skaða. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga orð.

Þennan eið tók Magnús Jónsson lögmaður í lögréttu hinn 5. júlí 1680. Á sama þingi úrskurðuðu lögmenn og lögréttumenn um fullrétti (þ.e. laun) Salómóns Jónssonar og komust að þeirri niðurstöðu, að honum bæri venjulegt lögréttumanna fullrétti, fimm merkur. Salómon var ráðsmaður Hallbjarnareyrarspítala til dauðadags sumarið 1702. Dauða hans bar að með þeim hætti, að hans var getið í nokkrum annálum. Að sögn Mælifellsannáls kom Salómon í Rif við Jökul og beiddist gistingar. Hann óskaði eftir því að fá að sofa einn í herbergi, kvaðst vera mjög svefnstyggur og lét sér ekki hent við skarkala um nætur. Var orðið við ósk hans. Þegar að var komið um morguninn, var Salómon dauður. Hafði hann hengt sig í veiðarfærum, sem voru geymd í húsinu. Að sögn annálsins var Salómon forríkur að fé, en fátækur að bæninni. Grímsstaðannáll bætti því við, að Salómon hefði verið grafinn utangarðs á Ingjaldshóli.<sup>17</sup>



Jarðardýrleiki er ekki aldeilis viss, því hún tündast ekki, en er hjer alminnilega kölluð xl hundruð.

Jörðin er hospítal í Vestfirðingafjórðungi.

Ábúandinn síðan Salómon deyði í sumar er hans eftirlátin ekkja, Þórdís Hannesdóttir.

Landskuld iii hundruð. Betalast með forsorgun hospítalsómaga þar heima.

Leigukúgildi viii. Leigur betalast með hospítalsomaganna forsorgun.

Túnið er bæði stórt og víða grasgott. Engjar svo nær öngvar fyrir utan túnveitu, sem þar er rétt góð.

Hagar heilnæmir, víðlendir en snöggir.

Selstöðu á jörðin góða í Eyrarbotni.

Útigangur er góður.

Kvikfénaður er þar á heimajörðinni vii kýr, ii unguneyti, ær xxii, geldur sauður i, veturgamlir iiiii, lömb x, hestar iiiii, hross ii.

Þar kunna að fóðrast vii kýr, xxx ær, xx lömb, ii hestar.

Heimilismenn xi.

Jörðin á afrétt í Eyrarbotni fyrir heimafénaðinn, en tekur ekki toll af.

Móskurður er ánægjanlegur.

Selveiði er þar sæmileg, einkum við Selsker.

Sölvafjara er þar góð.

Hrognkelsafjara lítills háttar.

Heimræði ár um kring.

Búðarstöðu og skipsuppsátur á jörðin á Hjallasandi.

Nokkrir eru þeir, sem þykjast heyrt hafa, að Eyri skyldi eiga sölvatekju í Þórdísarstaðafjöru, en Þórdísarstaðir aftur beit í Eyrarlandi, en um þetta kemur ekkert skilmerkilegt fram.

Hjáleigur Hallbjarnareyrar voru Tóftir, Eyraroddi, Garðsendi, Garðsendi annar, Þórðarbúð, Fornunaust, Stórunaust, Tröð og þurrabúðirnar Þórðarbúð og Lánlausutóftir.<sup>18</sup>

Í manntalinu frá 1703, sem var tekið í mars það ár í Eyrarsveit, er Hallbjarnareyri nefnd Hospítalseyri. Ábúandi þar var þá Þórdís Hannesdóttir, ekkja Salómons Jónssonar. Einnig var þar til heimilis dóttir þeirra Salómons, Sigríður Salómons dóttir, 16 ára að aldri. Á Hallbjarnareyri voru að auki fjórar vinnukonur, þrjár vinnumenn og kona, sem þjónaði hospítalinu og sonur hennar. Samtals voru því 11 manns til heimilis á Hallbjarnareyri í mars 1703.

Fjórir vistmenn eða hospítalslimir voru á Hallbjarnareyrarspítala, Helga Pétursdóttir 36 ára, Aldís Sigurðardóttir 34 ára, Guðrún Guðmundsdóttir 22 ára

og Sigurður Þórðarson 23 ára. Einnig var til heimilis á Hallbjarnareyri Guðbjörg Pálsdóttir húskona, örfátæk ekkja, 52 ára, tvær dætur hennar og sonur Þorgeir að nafni. Lifðu þessar „örfátækar skepnur á hlut Þorgeirs og góðgjörðum Þórdísar.“ Á Hallbjarnareyri var einnig Jón Arnórsson húsmáður, 67 ára, mjög veikur af steinsótt.<sup>19</sup>

Þórdís Hannesdóttir, ekkja Salómons Jónssonar, tók við ábúð á Hallbjarnareyri í júní 1703 að manni sínum látnum. Hinn 27. maí 1704 byggðu þeir Jón Jónsson sýslumaður og séra Steinn Jónsson á Setbergi í umboði Lárusar Gottrups lögmanns og meistara Jóns Þorkelssonar Vídalíns Skálholtsbiskups Ámunda Árnasyni Hallbjarnareyri og fólu honum starf spítalaráðsmanns þar. Ámundi var sonur séra Árna Ámundasonar, sem var aðstoðarprestur á Setbergi 1689-92 og prestur þar 1692-1700. Ámundi lést árið 1707 í stórubólu, sem þá geisaði, ókvæntur og barnlaus. Af honum tók við ráðsmennsku á Hallbjarnareyri Vigfús Árnason sýslumaður. Hann varð lögsagnari í Snæfellsnessýslu árið 1692 hjá Magnúsi Jónssyni og var settur fyrir Snæfellsnessýslu við dauða hans 1694-95. Honum var veitt Hnappadalssýsla árið 1705 og var sýslumaður þar til dauðadags 20. júlí 1727. Vigfúsi var svo lýst, að hann hafi verið maður einarður og stórgerður en hægur hversdagslega. Hann var ráðsmaður Hallbjarnareyrarspítala frá 1708 og til dauðadags og bjó á Hallbjarnareyri, þó að hann væri sýslumaður í Hnappadalssýslu. Áður bjó Vigfús í Bjarnarhöfn.<sup>20</sup>

Hinn 4. nóvember 1727 fékk Jón Sigurðsson lögréttumaður byggingarbréf fyrir Hallbjarnareyri frá fardögum 1728 úr hendi Jóns Árnasonar Skálholtsbiskups. Jón tók við jörðinni og starfi spítalaráðsmanns 4. júní 1728. Umboðsmaður biskups við afhendingu spítalans var Þorbjörn Bjarnason lögréttumaður, en fyrir hönd barna Vigfúsar Árnasonar var viðstaddur sonur hans, Sigurður Vigfússon, skólameistari á Hólum, síðar sýslumaður í Dalasýslu. Sigurður var ýmist nefndur hinn sterki eða Íslandströll. Þegar Jón Sigurðsson tók við spítalanum voru þar „3 kararómagar.“

Hinn nýi spítalaráðsmaður gerði á Alþingi hinn 13. júlí 1729 samning við Jón Árnason biskup og Benedikt Þorsteinsson lögmann um rekstur spítalans. Samkvæmt honum skyldi Jón „hafa með hverjum spítelskum kallómaga, sem nú er á Hallbjarnareyrar hospítali 5 hundruð, en með hverjum kvenómaga 3½ hundruð, og þar hann feingi so mikinn forlagseyrir með hverjum fyrir sig, skyldi allur kostnaður fyrir þeim upp á fæði, klæði, þjónustu og tilbúning til

grafarinnar betalaður vera.“ Forstöðumaðurinn átti að fá í sinn hlut þriðjung af hospítalshlutunum (þ.e. spítalafiskinum), sem féllu til vorið 1729 frá Gilsfirði til Hvítár í Borgarfirði, en standa skil á afganginum og öllum leyfis- og sektargjöldum, sem spítalanum áskotnaðist árið 1729. Jón skyldi einnig svara fyrir ágóða Hallbjarnareyrar með Hrafnkelsstöðum, svo sem forveri hans hafði gert á hverju ári, og skila reikningi yfir rekstur spítalans á Alþingi árið 1730.<sup>21</sup>

Jóni Sigurðssyni entist ekki aldur til að gera biskupi og lögmanni reikningsskil á Alþingi árið 1730, því að hann lést, áður en Alþingi kom saman. Hafði Jón reyndar verið skipaður lögréttumaður úr Þórsnesþingi, en komst ekki til þings af fyrrgreindri ástæðu. Hinn 26. maí 1731 tók Jón Helgason við starfi spítalaráðsmanns og veitti Hallbjarnareyri viðtöku úr hendi ekkju Jóns Sigurðssonar, Þorköllu Þorgeirsdóttur, en umboðsmaður hennar við afhendinguna var mágur hennar, Einar Sigurðsson, lögréttumaður úr Þverárþingi. Fulltrúi Jóns Árnasonar biskups var Þorbjörn Bjarnason lögréttumaður. Eins og venja var við afhendingu spítalans, var húsakynnum hans lýst ítarlega í afhendingargerðinni, þar með talið „svefnhúsið ómaganna.“ Þar voru fjögur rúm. Aðeins einn vistmaður var á spítalanum, þegar Jón Helgason tók við honum vorið 1731, Bjarni Snorrason að nafni. Hafði hann „nóg rúmföt og þar að auki er tillátið brekán með salúns vefnaðarröndum, nokkuð fornt. Annað brekán hringofið, hálfslitið. Fjórar rekkjuvoðir fornar, þó hreinlegar, og hefur Monsr. Jón Helgason þetta meðtekið.“ Jón lét af starfi spítalaráðsmanns vorið 1737, og tók Guðmundur Jónsson við starfinu 2. júní sama ár. Sem fyrr afhenti Þorbjörn Bjarnason jörðina í umboði Jóns Árnasonar biskups. Þrír vistmenn voru á spítalanum, þegar Guðmundur tók við honum. Hann gegndi starfinu til ársins 1750. Guðmundur Jónsson var lögréttumaður. Hann var oft lögsagnari Jóns Árnasonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu. Eftir að hann lét af starfi spítalaráðsmanns, bjó hann á Fróðá og síðast á Ytri-Bug og andaðist þar 11. ágúst 1784.<sup>22</sup>

## ***Reglugerð um starfsemi holdsveikraspítalanna gefin út árið 1746***

Holdsveikraspítalarnir höfðu starfað nærfellt í heila öld, þegar fyrst var gefin út reglugerð um starfsemi þeirra. Það gerðist 27. maí 1746, þegar Kristján 6. konungur gaf út „tilskipan um hospitölin á Íslandi“ í 26 liðum, og var hún prentuð

á Hólum sama ár. Þar var ákveðið, að spítalarnir skyldu vera hinir sömu og áður. Um aðbúnað vistmanna sagði m.a. þetta í tilskipaninni:

3. ... Hreppstjórnarnir í því districti, hvar hospitalsgarðarnir liggja, skulu hafa tilsjón með greindra hospitals-garða og undirliggjandi hjáleigna bygging og viðhaldi. Finnist hospitalshaldararnir forsómunarsamir hér í, þá skulu hreppstjórnarnir gefa sýslumanninum það til kynna, hvör eð strax skal láta sjá eftir því, sem áfátt er, og gjöra ofanálag þar á, sömuleiðis fyrirsetja hospitalshaldaranum vissan tíma til reparation undir exsecution ...

5. Hospitalshaldararnir skulu taka á móti so mörgum spitelskum mönnum, sem inspectores ásamt þeim halda, að geti forsorgast á hospitalinu eftir jarðarinnar ásigkomulagi og hospitalscassans. Uppá það skulu hospitals-inspectores leitast við að festa hospitalsgarðana til slíkra manna, sem ekki eiga mörg ungbörn, að þeir veiku verði því heldur með mjólkurmat fæddir. Til uppheldis sérhvörrar kallmanns persónu nýtur hospitalshaldarinn 5 hundraða á landsvísu og 4ra hundraða fyrir kvennþersónu í góðum og þéanlegum aurum, og mega inspectores ekki nauðga hospitalshöldurunum til að taka annað í betaling fyrir uppheldi hospitalslimanna en það hospitöulunum eiginlega tilheyir ...

6. Hospitalshaldararnir skulu vera skyldugir til að forsorga hospitalslimina með nauðsynlegu og forsvaranlegu uppheldi, ljósi, fatnaði og öllu því, sem þessháttar manneskur til lífsnæringar og nauðsynlegrar þjónustu við þurfa. Og skal sóknarprestur hospitalsins vitja á stundum þeirra sjúku og spyrja fyrir sig, hvört þeir njóti þess, sem þeim tilheyir. Finni hann nokkurn brest þar á, skal hann áminna hospitalshaldarann, og ef hann vill ekki vinna bót þar á, skal hann láta inspectores það vita til að gjöra undandráttaurlausa breyting.

7. Hospitalshaldararnir skulu taka og halda so margt vinnufólk, að þeim fátæku verði án billegrar umkvörtunar tilbærilega þjónað.

8. So skal það og vera skylda hospitalshaldarans, að hann annaðhvört lesi sjálfur Guðs orð fyrir hospitalslimunum einusinni á hvörjum degi eður láti annan gjöra það ... Þeir skulu og á sunnu- og heilögum dögum lesa fyrir þeim útleggunguna af þess dags evangelio, þá er þeir ekki komast til kirkjunnar, og þá er þeir verða sjúkir framar venju annaðhvört óska prestsins til sín ellegar að undirvísast af guðrækilegum bókum í þeirra sáluhjálparefnum, skal hospitalshaldarinn veita fullnustu þeirra bön.

9. Hospitalshaldararnir og þeirra fólk skulu umgangast hospitalslimina með hógværd og lempni og gefa þeim með allri elskusemi í réttan tíma, það sem þeim byrjar að hafa; og jafnvel þó geðsfar þeirra sjúku kunni ekki alltíð að vera þeim þægilegt, þá byrjar þeim þó að leitast eftir með góðu, að þeir fái friðstillt þá og hugað af Guðs orði, sem best þeir geta.

10. Þegar nokkur af hospitalslimunum fyrir dauðann burtkallast, þá skulu hospitalshaldararnir veita þeim ærlega kristilega grefran uppá hospitalsins kostnað,



hvar á mót allt það sá dauði eftir sig lætur skal hospitalið hafa til góða og hospitalshaldarinn færa það til reiknings. Hvörki prestur né kirkja skal æskja eður njóta nokkurs fyrir greftran þeirra spitelsku hospitalslima.

Í þessum ákvæðum um aðbúnað vistmanna á holdsveikraspítölunum kemur fram viðleitni til að tryggja, að þeir njóti sómasamlegs aðbúnaðar og aðhlyningar. Þessi ákvæði reyndust ekki orðin tóm að öllu leyti, því að prestar í Eyrarsveit fylgdust samviskusamlega með því, hvernig búið var að vistmönnum á Hallbjarnareyrarspítala og hikuðu ekki við að gera réttum yfirvöldum viðvart, ef þeim fannst eitthvað á skorta í þeim efnunum. Sóknarprestar spítalanna áttu ekki einungis að hafa eftirlit með veraldlegri velferð vistmannanna, heldur einnig að sjá andlegri velferð borgið, eins og sagði í tilskipuninni:

Prestinum byrjar kostgæfilega, sérdeilis á sunnudögum, að vitja þeirra spitelsku lima, catechisera hjá þeim, undirvísa þeim af Guðs orði og annars með guðrækilegum áminningum vera þeim til stoðar í þeirra aumkunarlegu tilstandi, fyrir hvört sitt ómak hann árlega skal njóta af hospitals cassanum 2 rigsdala specie.

Hreppstjórar og sýslumenn áttu einnig að hafa eftirlit með veraldlegri velferð vistmanna á spítölunum, og létu þeir ekki sitt eftir liggja í því efni frekar en sóknarprestarnir.

Um tekjur spítalanna sagði í tilskipuninni, að allir, sem færu með skip til sjávar, skyldu einu sinni á ári skipta spítölunum einum hlut af öllu því fiskifangi, hverju nafni sem nefndist, sem Guð gæfi þeim. Dagarnir, þegar átti að gera skil á spítalafiskinum, voru þessir: Frá Langanesi að Austurhorni fyrsti rúmhelgur dagur eftir Jónsmessu; frá Austurhorni til Búlandshöfða, bæði á landi og í Vestmannaeyjum, fyrsti rúmhelgur dagur eftir páska; frá Búlandshöfða allt í kringum Vesturlandið til Hrutafjarðarár fyrsti rúmhelgur dagur eftir krossmessu á vor; frá Hrutafjarðará til Langaness í kringum allt Norðurstíftið næsti rúmhelgur dagur eftir Vítusmessu. Ef ekki var unnt að sækja sjó áður nefnda daga eða svo lítið fiskaðist, að ekki voru fimm fiskar í hvern hlut, átti að skila spítalafiskinum næsta dag þar á eftir, þegar fimm fiskar eða fleiri væru í hlut.

Þar sem fuglaveiðar voru stundaðar, áttu spítalarnir að fá hlut af þeirri veiði. Sýslumenn áttu hver í sinni sýslu að tilnefna menn, sem áttu að veita hospítalafiskinum viðtöku og verka hann og skila honum síðan sýslumönnum. Fyrir ómak sitt áttu þessir menn að njóta þorskhöfðanna, kúlna og raskins af

fiskinum en ekki lýsis. Sýslumönnum bar að selja hospítalsfiskinn annaðhvort í kaupstöðum landsmönnum fyrir peninga eða aðra dauða aura, þegar hann var þurr, hospítalinu til góða.<sup>23</sup>

Þegar Guðmundur Jónsson lét af starfi spítalaráðsmanns sumarið 1750, tók Jón Bergþórsson við því 17. júlí það ár. Ráðsmennska hans virðist hins vegar hafa orðið endaslepp, því að hann hætti henni tveimur árum síðar og var ekki viðstaddur, þegar nýjum spítalaráðsmanni, Þorgils Sigurðssyni, var afhent Hallbjarnareyri 5. júní 1752, þrátt fyrir að skorað hefði verið á hann að vera viðstaddur afhendingu spítalans. Segir í skjölum spítalans, að Jón hafi „ei kvittað sig við hospítalið, áður hann þaðan óskilsamlega burt vék.“

Hinn 6. júní 1755 tók Jón Jónsson við ráðsmennsku og forráðum á Hallbjarnareyri af Ólafi Þorgilssyni þáverandi spítalaráðsmanni, en hann hafði gegnt starfinu frá því að faðir hans lést árið 1753. Á Öxarárþingi 1756 fóru umsjónarmenn spítalans, biskup og lögmaður, Sölvi Sveinsson, þess á leit við Jón Árnason sýslumann, að Hallbjarnareyri yrði byggð einhverjum veðurheftugri (þ.e. áreiðanlegri) manni en Jóni Jónssyni. Sýslumaður var samála þessu álitu umsjónarmannanna og leitaði víða að hæfum ábúanda. Varð það að lokum að ráði, að Þorsteinn Guðbrandsson tók við starfinu og ábúð á Hallbjarnareyri 4. júní 1757.

Þess sáust greinileg merki í ráðsmennskutíð Þorsteins Guðbrandssonar, að veraldleg og andleg yfirvöld höfðu mun betra eftirlit með rekstri spítalans en áður hafði tíðkast, og var það í samræmi við tilskipunina frá 1746. Á Alþingi 1761 veittu umsjónarmenn Hallbjarnareyrarspítala, þ.e. biskup og lögmaður, Þorsteini viðvörðun vegna slæms mataræðis á spítalanum og lélegs ásigkomulags spítalahússins. Höfðu vistmennirnir kvartað yfir aðbúnaðinum. Til að bæta úr þessu lögðu umsjónarmenn spítalans m.a. að Þorsteini að koma sér upp kálgarði, svo að mataræði vistmannanna yrði fjölbreyttara, en um þessar mundir var sú skoðun almenn, að holdsveiki væri nokkurs konar skyrbjúgur, eins og áður segir.

Jón Árnason sýslumaður útvegaði Þorsteini kálfræ, og átti sýslumaður fyrir hönd umsjónarmanna spítalans að hafa eftirlit með því, að Þorsteinn hæfi garðrækt. En ráðsmaðurinn lét sér ekki segjast, og kvörtuðu vistmennirnir enn á ný undan ráðsmennsku hans á Alþingi 1762. Gekk þetta svo langt, að yfirvöld fólu Jóni sýslumanni að rannsaka aðstæður á spítalanum. M.a. barst sýslumanni



skýrsla frá séra Vigfúsi Erlendssyni á Setbergi, dagsett 1. júní 1763. Kom þar fram, að presturinn hafði árið áður kvartað við umsjónarmenn spítalans

yfir hofmóðs- og óhugnaðarsvörum og orðum fyrrnefnds Þorsteins og hans egtakvinnu, ekki einasta við mig, heldur einkanlega ómagana, þegar þeir hafa stundum meiri stundum minni orsaka vegna kvartað yfir einum og öðrum aðbúnaði, sérdeilis matarskammti og tilbúningi, so sem að mjólkinn væri vatnsblönduð, smjörið með lýsi mengað og annað soddann; hvörju þau Þorsteinn og kona hans hafa ekki einasta þverneitað með þjósti og óhugnaðarorðum í minni viðurvist, þess á milli heldur og einnig hafa ómagarnir yfir kvartað, að þeir hafi þó enn þyngri áþéttis- og bræðiorðum átt að mæta síðar, nær ég hefi verið burtvikinn; hvar af það hefur orsakast, að ómagarnir, til að umflýja illindi, hafa ei haft þor eða djörfung til að kvarta so yfir ýmsum aðbúnaði opinberlega, sem þeir hafa bæði haft orsök til og líka gjört heimuglega ...<sup>24</sup>

Að dómi umsjónarmanna spítalans voru misfellurnar á ráðsmennsku Þorsteins Guðbrandssonar orðnar svo miklar árið 1762, að ákveðið var að ráða annan forstöðumann að spítalanum. Vigfús Helgason hreppstjóri í Breiðavíkurhreppi og útvegsbóndi bauðst til að taka spítalann að sér, og mælti séra Vigfús Erlendsson með honum. Vigfús fékk byggingarbréf fyrir Hallbjarnareyri frá næstu fardögum, og tók hann við jörðinni af Þorsteini 8. júní 1763. Vigfús var skáld gott og talinn vel að sér. Af kveðskap hans má m.a. nefna rímur af Hrólfi kraka og hrakningsrímu Sigurðar Steindórssonar. Kona Vigfúsar var Ingibjörg Helgadóttir. Meðal barna þeirra voru Ásgrímur Vigfússon, prestur á Hellnum í Breiðavíkurþingum, sem kunnur varð vegna hatrammra deilna, sem hann átti í við sóknarbörn sín, og Helgi smiður, sem strauk til Hollands vegna sakamáls.<sup>25</sup>

### ***Landlæknir hefur afskipti af holdsveikraspítölum***

Eins og áður sagði, var ekki um það að ræða, að vistmenn á holdsveikraspítölunum nytu lækniþjónustu eða hjúkrunar, enda störfuðu engir læknar hér á landi, þegar spítalarnir tóku til starfa. Nokkur breyting varð á þessu, þegar Bjarni Pálsson var skipaður landlæknir árið 1760, því að samkvæmt erindisbréfi hans átti hann að hafa eftirlit með holdsveikraspítölunum og skoða einn spítala á ári á eigin kostnað. Hinn 6. september 1763, nokkru eftir að Vigfús Helgason tók við ráðsmannsstarfinu, skoðaði Bjarni þá fimm sjúklinga, sem þá

voru á Hallbjarnareyrarspítala. Komst hann að raun um, að einn þeirra var ekki holdsveikur, heldur sjónlaus og með örðukláða yfir allan líkamann og mikinn sull í kviðnum. Hinir fjórir voru allir holdsveikir, og taldi landlæknir þrjá þeirra ólækanlega með öllu. Hinum fjórða gaf hann „nokkur kláðdrepani meðöl“ og sullaveika manninn lét hann fá „dreifandi meðöl, ef ske mætti hans stóri sullknöttur kynni eyðast eða dreifast.“

Að dómi landlæknis var hús það, sem sjúklingarnir höfðust í, „óþéanlegt til slíkrar brúknar, að veikum viðum og vondum veggjum, óstæðilegt, kalt og ónýtt að kalla.“ Þess vegna bað Bjarni landlæknir Vigfús spítalaráðsmann að láta reisa nýtt og betra húsnæði handa vistmönnum, áður en vetur gengi í garð, og lofaði Vigfús því. Sjúklingarnir létu vel af fæðinu á spítalanum, en það var aðallega súrmeti. Landlækni þótti það fullinhæft og hvatti spítalaráðsmanninn til að koma sér upp kálgarði og láta fólkíð fá kálsúpu a.m.k. einu sinni í viku, „hvar ég útvaldi og sýndi honum hentugt pláss í túninu skammt frá bænum ... að hann sparaði við þá súrt og úldið, en bæri sig heldur að hagtæra (þ.e. að nota til gagns) handa þessum veiku því fersku smjöri og öðru, sem hann gæti, þar til með tímanum ske kynni nokkurt Reglement (þ.e. reglugerð) fyrir daglegum kosti kæmi og samþykkt yrði, hvar á hann að sönnu taldi nokkur tormerki, en um kálgarðinn lofaði hann, ef frá mér fengi fræ og forskrift, hverju ég lofaði innan komandi vors.“<sup>26</sup>

Hætt er við, að lítið hafi orðið úr garðyrkju á Hallbjarnareyri að því sinni, því að garðrækt var um þetta leyti framandi öllum þorra landsmanna. Er eins líklegt, að sjúklingarnir á Hallbjarnareyri hefðu ekki kunnað að meta kálsúpu, þó að þeim hefði staðið hún til boða, og frekar kosið að borða súran mat og úldinn, því að grænmeti naut lítilla vinsælda meðal landsmanna um þessar mundir.

Eftir að fjórðungslæknar komu til sögunnar, höfðu þeir eftirlit með sjúklingum holdsveikraspítalanna. Hinn 20. júní 1766 var Hallgrímur Bachmann skipaður læknir í Vestfirðingafjórðungi, en árið 1781 var fjórðungnum skipt í tvö læknisumdæmi, og var Hallgrímur eftir það læknir í suðurhéraði Vesturamtsins, sem náði yfir Mýrasýslu, Hnappadalssýslu, Snæfellsnessýslu og Dalasýslu. Það kom því í hlut Hallgríms og eftirmanna hans að fylgjast með heilsufari sjúklinga á Hallbjarnareyrarspítala, en eftir að Hallgrímur lét af störfum árið 1802, gegndu m.a. læknisembætti í suðurhluta Vesturamts Ólafur Brynjólfsson 1802-07 og Oddur Hjaltalín 1807-39.

Af bréfi Vigfúsar Helgasonar spítalaráðsmanns til Finns Jónssonar Skálholtsbiskups 20. maí 1774 má ráða, að Hallgrímur Bachmann reyndi að lækna sjúklinga á spítalanum: „Bæði vona ég Mr. Bachmann hafi góðan vilja og meðöl að gjöra gott Birni Péturssyni hospítalslim, en mín meining er sama og velæruverðugs prófastsins (þ.e. séra Vigfúsar Erlendssonar) að hann muni ekki af mönnum læknast eða við hans óvisku bót fást.“

Af bréfi ráðsmannsins er ljóst, að Björn þessi Pétursson hefur verið illa haldinn af holdsveiki og öðrum sjúkdómum: „Það er mikið böll og hörmuleg armæða nótt og dag yfir honum að vaka og við það vesen blífa og annast daglegt verk, óskemmtilegt líf að horfa á hann og vera til andsvars honum milli þeirra vesalinga, og óstöðvast þeir af hans látum. Þar að auki annast þá í þessari tíð, vil ég heldur annast hina sex en hann einn.“ Þessi tilvitnun í bréf ráðsmannsins bregður skýru ljósi á það, hve vanmegnugir ráðsmenn spítalanna og starfsfólk voru að annast mikið veika sjúklinga. Sérstakur þjónustumaður eða þjónustukona á hverjum spítala sinni vistmönnum. Framan af var mjög erfitt að fá þjónustufólk handa vistmönnum, meðan menn óttuðust sóttæmi sjúkdómsins. Stundum kom það fyrir, að holdsveikar konur voru spítalaþjónustur. Voru þær launaðar, meðan þær gátu stundað þjónustustarf sitt, en urðu svo reglulegir „hospítalslimir“ þegar veikin versnaði. Til dæmis um þetta má geta þess, að í vísitasíu Hallbjarnareyrarspítala 29. ágúst 1701 kemur fram, að „ein kvenpersóna veik“ þjónaði þá þeim þremur vistmönnum, sem þar voru. Á seinni hluta 18. aldar gekk betur að fá þjónustufólk til starfa á spítölunum, enda var þá trúin á sóttæmi holdsveikinnar farin að réna.<sup>27</sup>

### ***Fjárhagur holdsveikraspítalans á Hallbjarnareyri***

Eins og sagði hér að framan, var Brynjólfur biskup Sveinsson þeirrar skoðunar, að best væri að haga rekstri spítalanna þannig, að tekjur þeirra væru ávaxtaðar og vaxtatekjurnar notaðar til að standa straum af rekstri spítalanna. Árni Oddsson lögmaður hafði hins vegar enga trú á því, að unnt yrði að framfleyta vistmönnum eingöngu á vöxtum af höfuðstólum. Hann neitaði algerlega að trúa verslunarfélaginu, sem þá hafði einkaleyfi á versluninni hér á landi fyrir peningunum, en vildi heldur lána féð áreiðanlegum Íslendingum. Þegar fram liðu stundir kom í ljós, að lögmaðurinn hafði haft á réttu að standa.

Í samræmi við sjónarmið Brynjólfs biskups leituðust umsjónarmenn Hallbjarnareyrarspítala við að ávaxta tekjur hans eftir megni. Sem dæmi um það má nefna, að árið 1664 greiddi Magnús Jónsson digri, bóndi og fræðimaður í Vigur, 30 dala leyfisgjald til Hallbjarnareyrarspítala fyrir hjónabandsleyfi með þremmeningi sínum, Ástríði Jónsdóttur. Árið eftir greiddi Magnús Magnússon, sýslumaður á Eyri í Seyðisfirði, sömu upphæð til spítalans fyrir leyfi til að mega giftast þremmeningi sínum, Ólöfu Guðmundsdóttur. Þeir 60 dalir, sem spítalanum áskotnuðust með þessum hætti, voru fengnir séra Birni Snæbjörnssyni prófasti á Staðarstað til varðveislu. Nokkru síðar leyfði Brynjólfur biskup séra Birni að lána Christopher Röhrer, sýslumanni í Snæfellsnessýslu og umboðsmanni Stapaumboðs, þessa 60 dali með 6% vöxtum, gegn því að sýslumaður gæfi út skuldabréf fyrir upphæðinni. Skyldu þeir eiga undir guðhræðslu sýslumanns, að hann stæði í skilum. Þó benti biskup Birni prófasti á, að í Danmörku giltu undirskriftir lítið, nema þær væru skrifaðar á þrykktan pappír. Einhverra hluta vegna varð ekki af því, að Röhrer sýslumaður tæki þessa peninga að láni, og óskaði þá Brynjólfur biskup eftir álitum Jóhanns Péturssonar Klein landfógeta á því, hvað gera skyldi við peningana og 20 dali að auki, sem voru í vörslu Halldórs Guðmundssonar umboðsmanns. Varð það að ráði, að þessir 80 dalir voru fengnir Jakobi Benediktssyni, fulltrúa Kleins landfógeta, til varðveislu, og átti hann að sjá um, að ávaxta þá. Eitthvað gekk það erfiðlega, því að sumarið 1669 spurðist biskup fyrir um það hjá landfógeta, hvornig gengi að ávaxta peningana og hvað gera skyldi við þá. Á svipaða lund fór með peninga þá, sem Þingel amtmaður átti að ávaxta fyrir Hallbjarnareyrarspítala á 18. öld, að mjög erfitt reyndist að fá vextina af þeim.<sup>28</sup>

Ein af tekjulindum Hallbjarnareyrarspítala voru ýmiss konar sektir, sem runnu til spítalans. Sem dæmi má nefna, að árið 1652 var foreldrum barns, sem hvarf á Gróustöðum, gert að greiða hálf tannað hundrað til spítalans. Nokkur dæmi voru þess, að embættismenn, sem berir urðu að embættisglöpum, voru dæmdir til að greiða sektir, sem runnu til spítalans. Þannig var Oddur Sigurðsson lögmaður dæmdur á Alþingi 1721 til að greiða til Hallbjarnareyrarspítala 20 ríkisdala virði eða fimm hundruð á landsvísu í gildum aurum fyrir ógildan héraðsdóm. Árið 1732 var Ormur Daðason sýslumaður skikkaður til að borga til spítalans 4 ríkisdali croner vegna embættisglapa. Ormur var aftur dæmdur í sömu sekt fyrir sömu sakir árið 1743. Árið 1745 var Erlendur Ólafsson sýslu-

maður dæmdur til að greiða 4 ríkisdali til spítalans vegna embættisafglapa, og árið 1762 veðsetti hann 20 ríkisdali í jörðinni Laugabóli vegna sekta til Hallbjarnareyrarspítala. Konu í Kolgröfum í Eyrarsveit, sem hafði tvívegis gerst sek um hördómsbrot, var hlíft við húðláti en gert að greiða sex ríkisdali croner til spítalans.<sup>29</sup>

Á meðan þeir Þórður Þorláksson (1675-1697) og Jón Vídalín (1698-1720) sátu á biskupsstóli, var fjárhagur Hallbjarnareyrarspítala og reyndar annarra spítala slæmur. Þá var sífellt kvartað undan því, hve illa spítalahlutir og önnur gjöld innheimtust, og urðu biskupar hvað eftir annað að hlaupa undir bagga með spítölunum og lána þeim peninga og vistir. Seinni hluti 17. aldar og fyrstu tugir 18. aldar voru að ýmsu leyti óhagstæðir og bágindi hjá fólki, og hafði það slæm áhrif á hag spítalanna. Jón Árnason Skálholtsbiskup (1722-1743) lét sér mjög annt um að bæta fjárhag spítalanna, sem var í mesta ólagi, þegar hann tók við embætti. Hann sýndi enga vægð í innheimtu lögboðinna gjalda til þeirra, svo sem spítalahluta, sekta og leyfisbréfa gjalda. Einnig hafði hann nákvæmar gætur á ráðsmennsku spítalahaldaranna, gekk ríkt eftir reikningum frá þeim og var harður í horn að taka, ef misbrestur var á eða eitthvað aðfinnsluvert og sendi þá reikningana til baka. Þetta gerði hann án manngreinarálits og var engu mildari sýslumönnum eða venslamönnum sínum heldur en óbrotnum bændum. Biskup gerði jafnan yfirlit yfir fjárhag spítalanna og tók það með til Alþingis til þess að lögmaður og amtmaður gætu samþykkt reikningana.<sup>30</sup>

Ekki verður annað séð en að hagur Hallbjarnareyrarspítala hafi verið góður á biskupsárum Jóns Árnasonar og næstu 20-25 ár þar á eftir. Árið 1746 gerðist það á Alþingi, að Sveinn Sölvason, lögmaður norðan og vestan, og Finnur Jónsson Skálholtsbiskup buðu til láns 100 ríkisdali specie og 100 ríkisdali croner af fé Hallbjarnareyrarspítala gegn nægilegri tryggingu. Ekki verður séð, að nokkur lysthafandi hafi gefið sig fram. Árið 1758 lánaði Hallbjarnareyrarspítali Möðruvallaspítala 45 ríkisdali og 5 mörk croner, og árið 1762 buðu umsjónarmenn spítalans 200 ríkisdali af fé hans til láns með 5% vöxtum, en enginn lántakandi gaf sig fram. Af þessum dæmum má ljóst vera, að vonir þær, sem Brynjólfur biskup gerði sér um, að unnt myndi vera að standa straum af kostnaði við rekstur spítalans með vaxtatekjum, brugðust að miklu leyti.<sup>31</sup>



## **Hallar undan fæti**

Vigfúsi Helgasyni reyndist margt mótdrægt þau ár, sem hann gegndi ráðsmennsku á Hallbjarnareyri, enda hnignaði hag spítalans töluvert á síðasta þriðjungi 18. aldar. Olli því fyrst og fremst fjárkláðinn, sem barst hingað til lands árið 1761 með enskum kynbótahrútum og breiddist út um allt land. Vigfús missti þrívægis allt sauðfé sitt, samtals 270 fjár. Við veiki þessari var brugðist með niðurskurði, og haustið 1773 var allt sjúkt fé í Eyrarveit skorið niður. Veturinn 1773-74 pöntuðu bændur í Eyrarsveit og keyptu ósjúkt fé í Helgafellssveit og á Skógarströnd, en Vigfús gat það ekki, því að honum höfðu brugðist peningagreiðslur, sem hann átti von á. Reyndar var hag Vigfúsar svo illa komið árið 1769 vegna fjárskaðans, að hann sagði Hallbjarnareyri lausri það ár, en enginn fékkst til að gerast ábúandi þar, þrátt fyrir að Jón Árnason sýslumaður reyndi hvað hann gat til að finna heppilegan ábúenda. Var ekki annað sýnna en að Hallbjarnareyri færi í eyði. Sýslumanni tókst að telja Vigfúsi hughvarf, og féllst hann á að vera áfram á jörðinni, gegn því að sýslumaður lofaði að byggja traustum mönnum jörð Vigfúsar, Laugabrekku, og konungsjörðina Gíslabæ, sem Vigfús hafði fengið til ábúðar og ætlaði að búa á. En þetta brást, og varð Vigfús fyrir töluverðu tjóni af þessum sökum. Þóttist hann illa svikinn. Þá var hann einnig óánægður með það, hve hátt gjald hann hafði orðið að borga Jóni sýslumanni og sex skoðunarmönnum, þegar hann tók við Hallbjarnareyri árið 1763, og þóttist hann hafa verið hlunntfarinn.<sup>32</sup>

Fjárkláðinn olli Vigfúsi spítalaráðsmanni ýmsum öðrum erfiðleikum en fjárskaða. M.a. átti hann í miklum erfiðleikum með að fá keypta næga ull og vaðmál til spítalans, en hann þurfti á því að halda til að geta séð sjúklingunum fyrir sængurfötum og fatnaði. Þar við bættist svo, að Vigfús var orðinn aldurhniginn og heilsuveill. Árið 1773 komst hann svo að orði í bréfi til Finns Jónssonar biskups, „að ég nú ei frammar tiltreysti mér að hafa þær útréttingar, ferðalög og umsvif, er hopítalslimanna nauðsyn útkrefur, fyrir heilsuveiki, eins og ég hingað til gjört hefi með örðugu ferðalagi og tilkostnaði í aðrar sýslur og landsfjórðunga að útvega smjör, ull og vaðmál.“

Ekki bætti úr skák, að Vigfús var orðinn stórskuldugur kaupmanninum í Grundarfirði og hafði neyðst til að veðsetja honum eignarjörð sína Laugabrekku. Stafaði það af því, að vegna fjárkláðans og fjárfellisins, sem hlaust af

Fardögum 1772 til Fardaga 1773.  
 Utgift.

	# af
Forsorgun smagans Biörns Petrussonar heila árid - - - - -	5
Dito Petrus Jónssonar heila árid - - - - -	5
Dito Eigils Eigils sonar heila árid - - - - -	5
Dito Þórúnar Jónsdóttur og So árid um kring - - - - -	4
Dito Ólöfjar Jónsdóttur heila árid - - - - -	4
Firir viðhaldi kúgillda murr Effir látnar hjálfar laggur	1000
Firir kúthúß toll ap Hóspítalsins 10 kúgilldum sem Selgia og Vera eiga - - - - -	3
Summa - 23 100	

Sil merkis mitt nafn ad Hallbjarnar Eyre 23 Júnij 1773.  
 Vigfúsar Helgasonar

og approberaðum. Þingvellum 17. júlí 1773.  
 Finnur Jónsson      Sveinn Sölvason

Hluti af reikningi Hallbjarnareyrarspítala fardagaárið 1772 til 1773 með undirskrift Vigfúsar Helgasonar spítalaráðsmanns. Finnur Jónsson biskup og Sveinn Sölvason lögmaður staðfestu reikninginn með undirskrift sinni á Alþingi 17. júlí 1773.

honum, hafði Vigfús orðið „að innkaupa flest það heimilinu hefur þarflegt verið og aldeilis ómissandi.“

Ofan á allt þetta bættist svo, að enn sló í brýnu með Vigfúsi og Jóni Árnasyni sýslumanni. Vigfús hafði tekið á spítalann konu eina holdsveika, og var hún þar tvö ár, þar til hún lést. Bróðir hennar, Snorri Árnason á Hellnum, gat ekki borgað meðlag með henni seinna árið, og gaf Vigfús honum það eftir, gegn því að hann gerðist formaður á bát, sem Vigfús gerði út frá Hellnum á vorvertíð 1774, en þaðan hafði hann gert út tvo báta um árabíl. Snorri féllst á þetta, en Jón Árnason sýslumann vantaði líka formenn á báta þá, sem hann gerði út frá Hellnum, og ætlaði hann að þvinga Snorra til að gerast formaður hjá sér. Þetta varð til þess, að Snorri gerðist formaður hjá hvorugum en réð sig hjá öðrum manni.

Að auki vélaði sýslumaður frá Vigfúsi Norðlending, Skúla Pétursson að nafni, sem hafði lofað skriflega að gerast formaður hjá honum. Fyrir bragðið tapaði Vigfús meðlaginu með konunni og skipshlutnum, því að annað skip hans komst ekki á sjó, en sjálfur neyddist hann til að gerast formaður á hinu, þó að hann væri heilsuveill og aldraður orðinn og yrði að ganga við staf til skips vegna fótaveiki. „Dró mig þar til mín heimilisnauðsyn og sú stóra kaupmannsskuld, sem ég í þrjú ár hefi gjöra orðið.“<sup>33</sup>

Vigfús Helgason lét af ráðsmannsstarfinu vorið 1778 vegna veikinda og elli, og hafði hann þá haft það með höndum í 15 ár. Tildrög að veikindum Vigfúsar og brotthvarfi hans frá Hallbjarnareyri voru þau, að árið 1777 braust Helgi, sonur hans, ásamt öðrum manni inn í verslunina í Grundarfirði. Ollu þeir miklum skemmdum í búðinni og stálu þar miklu af varningi. Þegar upp komst um þjófnadinn og hverjir voru valdir að honum, brenndu Helgi og félagi hans þýfið, sem þeir höfðu flutt að Hallbjarnareyri. Helgi strauk og spurðist aldrei til hans síðan, en hald manna var að hann hefði komist í hollenska duggu. Þó að Vigfús faðir hans hefði tilkynnt sýslumanni skriflega um þjófnadinn og aðild sonar síns að honum, var sýslumaður þeirrar skoðunar, að Vigfús hefði verið með í ráðum. Kom fyrir lítið, þó að Vigfús og kona hans óskuðu eftir að hreinsa sig opinberlega með eiði af aðild að málinu. Þorlákur Ísfjörð lögsagnari varð að vísu við þeirri bón, en engu að síður dæmdi hann Vigfús í 60 lóða bætur. Nokkru síðar varð Vigfús altekinn mikilli sinnisveiki og fásinnu, og neyddist hann þess vegna að láta af starfi spítalaráðsmanns á Hallbjarnareyri í fardögum 1778, eins og áður sagði.<sup>34</sup>

Þingdagsdagur Góspítalsfalldanna skr. Sigurður Guðmundsson  
 son, fæddur í allan máta, jó drott og fífla gatað á þessum  
 orðum, hafi af þessum síð fönnum væðandi þess  
 : línungu, sum öðrum lífandið sagad þess 400 og  
 mundaumvænaryfirlaga, til allrar umgungu  
 og þingdagsdagur, með þess nefnd áð þessum  
 smaga, so þessu að minna viðhúð / skilut uppá  
 kala þess nafn og þessum þessum  
 Góspítals líma. 10 þess.  
 Þess þessum ír þessum þessum þessum 12<sup>da</sup> þess  
 Helge þessum frá Nessveit — — — — 30<sup>da</sup> þess  
 Þess Guðmundsson ír Nessveit — — — — 6<sup>da</sup> þess  
 Sá þess þessum þessum þessum — — — — 19<sup>da</sup> þess  
 Þess þessum þessum þessum þessum þessum þessum þessum  
 ír þessum þessum þessum þessum þessum þessum þessum  
 og þessum þessum áð þessum þessum þessum þessum.  
 Þessum þessum 1<sup>da</sup> júlí 1782.  
 Erlendur Hannesson

Skýrsla séra Erlends Hannessonar á Setbergi til biskups um vistmenn á Hallbjarnareyrarspítala  
 dagsett 1. júlí 1782. Sigurður Guðmundsson var þá spítalaráðsmaður.

Eftirmaður Vigfúsar sem ráðsmaður á Hallbjarnareyri varð Sigurður Guð-  
 mundsson, og byggði Finnur Jónsson Skálholtsbiskup honum jörðina 30. apríl  
 1778. Sigurður var sonur Guðmundar Guðmundssonar bónda á Hrauni í Helga-  
 fellssveit. Sonur Sigurðar, Guðmundur, tók við ráðsmennsku á Hallbjarnareyri  
 árið 1793 og hafði hana með höndum til ársins 1819. Vitað er, að Guðmundur  
 Sigurðsson stundaði kartöflu- og garðrækt á Hallbjarnareyri. Árið 1814 gerðist  
 það, að þegar Guðmundur ætlaði að stækka matjurtagarð sinn og sléttaði í því  
 skyni hluta af gamla kirkjugarðinum þar, að upp komu þrjú legsteinabrot með  
 rúnalettri.

Veraldleg og andleg yfirvöld, þ.e. sýslumenn og prestar, fylgdust grannt með því, hvernig þeir Vigfús Helgason, Sigurður Guðmundsson og Guðmundur Sigurðsson ræktu störf sín bæði sem spítalaráðsmenn og ábúendur Hallbjarnareyrar, og fengu þeir hin bestu meðmæli fyrir hvort tveggja.<sup>35</sup>

Spítalaráðsmennskan reyndist Guðmundi Sigurðssyni mjög örðug, svo að ekki sé tekið dýpra í árinna. Þegar árið 1799 kvartaði hann undan því, að meðlagið með ómögum hafði verið óbreytt frá 1746, þegar tilskipunin um holdsveikraspítalana hafði verið gefin út, en hins vegar hafði verðlag hækkað nokkuð á þeim tíma. Þó tók steininn úr á árunum upp úr 1800, þegar Danir áttu í styrjöld við Englendinga. Þá hækkuðu innfluttar vörur mikið í verði, og verðgildi peninga rýrnaði, þannig að því fór víðsjarri, að meðlagið með sjúklingunum hrykki til að framfleyta þeim. Sumarið 1802 sagði Guðmundur jörðinni lausri frá fardögum 1803. Taldi hann, að meðlagið þyrfti að hækka um rúm 50%, svo að það dygði.

Kvartanir Guðmundar báru þann árangur, að hinn 25. september 1801 gaf Kristján 7. Danakonungur út úrskurð þess efnis, að hækka skyldi meðlagið með sjúklingunum á Hallbjarnareyrarspítala. Áður hefur komið fram, að samkvæmt tilskipuninni um holdsveikraspítalana frá 27. maí 1746 var ákveðið, að meðlag með holdsveikisjúklingum skyldi vera 5 hundruð á landsvísu með karlmanni og 4 hundruð með kvenmanni. Það jafngilti 20 og 16 ríkisdöllum á þeirri tíð. Samkvæmt úrskurði konungs skyldi meðlagið framvegis vera 30 ríkisdalir með karlmanni og 24 ríkisdalir með kvenmanni. Ef útgjöld spítalans færu fram úr tekjunum, áttu umsjónarmenn hans að tilkynna það hlutaðeigandi amtmanni, og bar honum að borga spítalanum það, sem á vantaði, en þeirri upphæð skyldi jafna niður á íbúa í amtinu.<sup>36</sup>

Að fengnum þessum úrskurði féllst Guðmundur Sigurðsson á að vera áfram á Hallbjarnareyri, en sumarið 1807 sagði hann jörðinni lausri á ný frá næstu fardögum. Svo er að skilja á uppsagnarbréfi Guðmundar, að hækkunin á meðlaginu, sem ákveðin var með konungsbréfi árið 1801, hafi aldrei komið til framkvæmda, því að þar stendur, að ekki væri nóg, að meðlagið hefði haldist óbreytt frá 1746 en verðlag á innfluttum vörum stórhækkað, heldur skorti mikið á, að spítalafiskurinn og leigan af Hallbjarnareyri hrykki til að framfleyta sjúklingunum. Þar við bættist, að jörðin varð fyrir miklu tjóni árið 1802 vegna ágangs sjávar og að aflabrestur hafði orðið á fyrstu árum aldarinnar. Enn sem

fyrir féllst Guðmundur á að vera áfram á jörðinni, en árið 1809 lagði hann til við Geir Vídalín biskup, að spítalinn yrði fluttur á einhverja aðra konungsjörð, sem væri hentugri fyrir slíka starfsemi en Hallbjarnareyri. Honum varð tíðrætt „um hopítalsjarðarinnar Hallbjarnareyri bágborna ástand og hnignandi kjör, sérdeilis hennar (þó sem annara jarða hér um pláss) sjávargagnsins þverrandi gæða, sem hefir mátt reiknast hennar langbesta hagstæði og hospítalsins besta viðhald, sem ég sé mér nú mjög örðugt framvegis að geta (sem ber) viðhaldið þessara töldu orsaka [vegna] ásamt höndlunarinnar ópolandi háu prísá á óundverandi nauðsynjavörum til þess viðurhalds, sem nú eru ofurmikið umbreyttar síðan hospítalsforordningin var útgefin.“

Guðmundur sagði Hallbjarnareyri enn lausri frá fardögum 1811, nema fallist yrði á þau skilyrði, sem hann hafði sett bæði í bréfi til biskups og í samtölum við hann. Geir Vídalín biskup veitti honum einhverja úrlausn, og bjó Guðmundur áfram á Hallbjarnareyri, þar til hann sagði jörðinni endanlega lausri sumarið 1818 frá næstu fardögum 1819 „sökum ellilasleika og hnignandi formegunar“ (efnahags). Þá var Guðmundur 55 ára að aldri. Við þá erfiðleika, sem hann átti við að stríða í ráðsmannsstarfinu, bættist það, að í september 1816 drukknaði Árni, sonur hans, þegar bátur úr Eyrarplássí fórst með sex mönnum. Hagur spítalans var mjög bágur, þegar Guðmundur lét af ráðsmannsstarfinu. Hann fór þá að búa á Sveinsstöðum í Neshreppi. Meðal barna Guðmundar var séra Ólafur Guðmundsson á Hjaltabakka og Höskuldsstöðum.<sup>37</sup>

Biskuparnir Brynjólfur Sveinsson og Jón Vídalín (1698-1720) tóku ekki aðra sjúklinga á spítalana en þá, sem voru taldir holdsveikir. Þeir Þórður Þorláksson (1675-1697) og Jón Árnason (1722-1743) tóku stundum aðra en holdsveika, og Jón Árnason taldi það heimilt, því að í konungstilskipun frá 10. maí 1651 voru nefndir spítelskir og vanfærir. Í konungsbréfi 9. maí 1655 var eingöngu talað um holdsveiki (spedalskhed). Biskupar á seinni hluta 18. aldar heimtuðu vottorð um holdsveiki sem inntökuskilyrði, enda var þess krafist í tilskipuninni frá 27. maí 1746. Umsóknir um spítalavist varð að senda umsjónarmönnum spítalanna, biskupum og lögmönnum, og var ráðsmönnum harðlega bannað að taka við nokkrum sjúklingi án þeirra leyfis. Sóknarprestar og hreppstjórar urðu að senda vottorð um kristilegt líferni sjúklinganna og að þeir verðskulduðu að komast á spítalana. Stundum voru teknir á spítalana sjúklingar, sem áttu efnaða ættingja, er lögum samkvæmt áttu að sjá fyrir þeim, en þá varð að leggja

spítölunum með þeim árlega fullt meðlag. Með fátæklingum áttu hrepparnir að borga fyrirfram forlagseyri, 3½ eða 2½ hundrað, eftir því hvort um var að ræða karl eða konu. Sjúklingunum var ætlað að vinna, ef heilsan leyfði, og samkvæmt tilskipuninni frá 1746 fengu þeir sjálfir arðinn af vinnu sinni.<sup>38</sup>

### **Slæmar vistarverur**

Vistarverur sjúklinga á holdsveikraspítölunum urðu, þegar fram í sótti, alræmdar fyrir það, hve lélegar þær voru, og var Hallbjarnareyrarspítali engin undantekning í þeim efnum. Brynjólfur Sveinsson biskup ætlaðist auðsjáanlega til þess, að vel færi um sjúklingana og að húsakynni þeirra væru góð. Af úttektarskýrslum frá 18. öld sést hins vegar greinilega, að það hefur farið á aðra leið, því að húsakynnin voru þröng, loftlítil, lekasöm og köld. Hér að framan var lýst húbýlum vistmanna á Hallbjarnareyri árið 1658, en það voru stofa, eldhús, anddyri og baðstofa. Hús þessi voru þá nýreist og hin þokkalegustu. Í vísitásiu Þórðar Þorlákssonar biskups 14. september 1676 kvörtuðu vistmennirnir á Hallbjarnareyri undan kulda í vistarverum sínum. Ljóst er, að timburhús á borð við þau, sem tíðkuðust þá hér á landi, þurftu mikils viðhalds við, ef vel átti að vera. Af byggingarbréfum Hallbjarnareyrarspítala má ráða, að nokkuð skorti á, að spítalahúsunum væri haldið við sem skyldi. Þannig segir í úttekt Hallbjarnareyrar 4. júní 1728, að „svefnhúsið ómaganna í hverju eru 3 kararómagar,“ sé nokkuð laslegt að viðum og veggjum og þurfi umbótar við.<sup>39</sup>

Í tilskipuninni frá 27. maí 1746 var eftirfarandi ákvæði um húbýli vistmanna á holdsveikraspítölunum:

Við hospitalsgarðana skulu vera hentug hús handa þeim veiku og spitelsku manneskjum, sem þangað verða innteknar, hvörjum húsum að skal halda lekalausum, og skulu so eftir landsins ásigkomulagi vera tilbúin, að þeir sjúku séu frír fyrir frosti og kulda.

Þar skal og setjast í soddan hús lítil reykháfur efst á mænirinn, víður að neðan, en mjór efst, so þar geti í gegnum útgengið sá mikli reykur og suddi, sem uppstígur af soddan veikleika, upp á það, að þeir, sem skulu þjóna þeim sjúku, geti þess betur gjört sitt verk og komið þeim til aðstoðar.

Þeg hefi aðgætt Hóspítals húsið á Hallbjarnareyri, og er það ágengilegt og ógilt, af fornum kofum sýnist það hafa verið byggt, ofurlágt fyrir þess lags fólk og varla heilbrigðum manni þar innkomandi fyrir dömpum þeim, sem circulera þar niðri, en komast hvergi upp. Varla held ég vert að spandera reparation til þess, og heldur mætti það vera við sama eitt eður 2 ár og byggjast síðan nýtt og hærra en áður. Kalt er þar nú og myndi ei síður, ef það byggist hærra, en grjót- eða járnón (þ.e. ofn) væri þar varla missandi, bæði fyrir fólk og húsið, sem nú fúnar niður af daglegum sudda. Að vori mætti skoða húsið aftur, hvað þú munar frá því nú er.

Setberge  
 20<sup>th</sup> 1784

Admíralenki Finnari  
 Björn Halldórsson

Skýrsla séra Björns Halldórssonar á Setbergi til biskups um Hallbjarnareyrarspítala dagsett 20. september 1784, sem vitnað er til hér að neðan.

Þrátt fyrir þessi ákvæði fór því víðsfjarri, að vistarverur sjúklinganna bötnuðu. Bjarni Pálsson landlæknir lýsti hífýlum sjúklinga á Hallbjarnareyri þannig árið 1763, að það væri hámark eymdarinnar að þurfa að horfa upp á hífýli þau, sem sjúklingunum þar væru ætluð. Kvaðst hann ekki vita, hvort þau líktuð fremur lambhúsum eða sjóbúðum. Lýsing séra Björns Halldórssonar á Setbergi á húsakynnum vistmanna á Hallbjarnareyri árið 1784 var heldur ekki glæsileg:

Jeg hefi aðgætt hópítalshúsið á Hallbjarnareyri, og er það ágengilegt og ógilt. Af fornum kofum sýnist það hafa verið byggt, ofurlágt fyrir þess lags fólk og varla heilbrigðum manni þar innkomandi fyrir dömpum þeim, sem circulera þar niðri, en komast hvergi upp. Varla held ég vert að spandera reparation til þess, og heldur mætti það vera við sama eitt eður 2 ár og byggjast síðan nýtt og hærra en áður. Kalt er þar nú og myndi ei síður, ef það byggist hærra, en grjót- eða járnón (þ.e. ofn) væri þar varla missandi, bæði fyrir fólk og húsið, sem nú fúnar niður af daglegum sudda. Að vori mætti skoða húsið aftur, hvað þú munar frá því nú er.<sup>40</sup>



Jón Sveinsson, sem var landlæknir 1780-1803, lét þau orð falla í kringum 1793 um húsakynni holdsveikraspítalanna, að það væru skítugir, saggafullir moldarkofar, sem holdsveikum væri troðið inn í án hæfilegra meðala, mataræðis eða hirðingar, svo að hinir veiku líkamar rotuðu lifandi. Hin slæmu húsakynni holdsveikraspítalanna og hinn lélegi aðbúnaður sjúklinganna stuðluðu m.a. að því, að spítalarnir fengu á sig illt orð, og átti það sinn þátt í að þeir voru lagðir niður um miðja 19. öld.

Sem dæmi um það, hve illa vistarverur sjúklinga á holdsveikraspítölunum entust, má nefna það, að árið 1796 lét Guðmundur Sigurðsson reisa nýtt spítalahús á Hallbjarnareyri, en sjö árum síðar, 1803, var það svo illa farið af völdum fúa, að ráðsmaðurinn neyddist til að gera á því miklar endurbætur. Var látið við þær sitja næstu árin, en í árslok 1816 var spítalahúsið að sögn Guðmundar ráðsmanns fallið bæði að viðum og veggjum, svo að ekki var hættulaust að hafast við í því um veturinn. Reisti hann nýtt hús handa sjúklingunum 1817-18, og kostaði það 65 ríkisdali.<sup>41</sup>

### **Brostnar vonir**

Þegar holdsveikraspítalarnir höfðu verið við lýði í u.þ.b. 100 ár, hófust nokkrar umræður manna á meðal, hvaða gagn hefði orðið af starfi þeirra. Niðurstaðan varð sú, að vonir þær, sem höfðu verið bundnar við spítalana í upphafi, höfðu ekki ræst. Helsti ljóðurinn á starfsemi þeirra var sá, að mjög fáir holdsveikisjúklingar fengu inni á spítölunum. Þeir voru nær eingöngu athvarf fyrir umkomulausa öryrkja, eflaust fyrst og fremst til að koma í veg fyrir, að þeir færu á flakk um landið. Þess sá þó lítinn stað, því að jafnaði voru 4-5 vistmenn á hverjum spítala eða 16-20 samtals á öllum spítölunum, þegar flest var. Iðulega náðu sjúklingar ekki hálfri þeirri tölu, enda kom það fyrir, að sumir spítalarnir stóðu með öllu auðir, jafnvel árum saman. Þegar best lét taldist mönnum til, að samanlagður fjöldi sjúklinga á spítölunum næmi allt að 1/10 áætlaðs fjölda slíkra sjúklinga í landinu á hverjum tíma. Afleiðingin varð sú, að sjúklingar, sem komust ekki á spítalana, voru á framfæri sveitarfélaganna, þar sem þeir áttu framfærslurétt, og var kostnaður við framfærslu þeirra þungur baggi á hreppunum. Ekki bætti úr skák, að margir holdsveikisjúklingar fóru betlandi um sveitir landsins, meðan þeim entust kraftar. Af þessu leiddi, að

spítalafiskurinn, sem var aðaltekjulind spítalanna, var afar illa þokkaður, fyrst og fremst vegna þess, hve fáir fengu viðtöku á spítölunum og að hrepparnir urðu að kosta miklu til við framfærslu þeirra, sem ekki fengu inni þar. Ýmis brögð voru höfð í frammi til að svíkja spítalana um fiskinn. Ef lítið aflaðist, sáu menn til þess, að hluturinn kæmist ekki upp í fimm fiska, og reru heldur tvisvar á dag. Þegar vel aflaðist, var haldið til lands, þegar fimm fiskar voru komnir í hlut, og róið svo ef til vill aftur sama dag. Minnstu og mögrustu fiskarnir voru valdir úr handa spítölunum. Hospítalshlutirnir (sem voru merktir H) voru látnir vera í vanhírðu og urðu því enn verri verslunarvara, sem seldist bæði seint og illa, og þá varð loks að draga frá pakkhúsleigu.<sup>42</sup>

Ýmsar tillögur komu fram um endurbætur á starfsemi spítalanna, m.a. að fækka þeim í einn og breyta tekjustofnum þeirra. Bjarni Pálsson landlæknir lagði það til árið 1761, að öllum spítölunum fjórum yrði steipt saman í einn holdsveikraspítala, Generalhospital. Það, sem menn fundu þessari tillögu Bjarna til foráttu, var fátækt spítalanna og slæmar samgöngur milli ýmissa landshluta. Sögðu menn, að sjúklingar gætu ekki komist í þennan sameinaða spítala nema úr nærsýslum. Eftir tillögu landlæknis skipaði konungur sex manna nefnd í málið árið 1766, en nefndarmenn urðu ekki sammála um, hvað gera skyldi, og varð enginn árangur af starfi þeirra. Þess vegna sáu stjórnvöld ekki ástæðu til að breyta fyrirkomulagi spítalanna, þrátt fyrir þá gagnrýni, sem fram hafði komið.<sup>43</sup>

Þegar Guðmundur Sigurðsson sagði Hallbjarnareyri lausri sumarið 1818 frá fardögum 1819, fékkst enginn til að taka við jörðinni, þrátt fyrir að Sigurður Guðlaugsson sýslumaður gerði allt, sem í hans valdi stóð, til að finna nýjan ábúenda, enda var hag jarðarinnar þá mjög illa komið og ekki annað sýnna en að hún færi í eyði. Leit helst út fyrir, eins og Bonnesen sýslumaður, eftirmaður Sigurðar Guðlaugssonar, sagði í bréfi til Geirs Vídalíns biskups 16. janúar 1821, að hús jarðarinnar yrðu eftirlitslaus, kúgildi hennar á víð og dreif og næsta óvíst, hvernig þeim myndi reiða af, spítalafiskurinn ónnheimtur og sjúklingarnir forsjárlausir.

Að lokum tókst Stefáni Stephensen, amtmanni í Vesturamti, að fá Jón Hákonarson bónda á Sveinsstöðum í Neshreppi til að gerast ábúandi á Hallbjarnareyri, og tók hann við jörðinni af Guðmundi Sigurðssyni 28. júlí 1819. Þá voru fjórar af hjáleigum Hallbjarnareyrar í eyði: Innri- og Ytri-Tröð, Innri-Garðsendi

og Naust, og olli aflagrestur því. Ráðsmennska Jóns Hákonarsonar varð endaslepp, því að hann lét af starfinu um miðjan júní 1820. Mun þar mestu hafa valdið um hinn slæmi hagur spítalans og vont ástand jarðarinnar. Við ráðsmenskunni tók Jón Ásmundsson bóndi. Því fór fjarri, að Jón væri þess megnugur að taka að sér þetta starf, enda voru erfiðleikar þeir, sem hann átti við að glíma, gífurlegir. Í nóvember 1820 skrifuðu þeir séra Björn Pálsson, prestur á Setbergi, og Oddur Hjaltalín fjórðungslæknir Geir Vídalín biskupi bréf og kváðu það vera embættisskyldu sína að vekja athygli hans á þeim fjárhagsvanda, sem Jón Ásmundsson spítalaráðsmaður ætti við að búa. Væri honum öldungis ókleift að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða þá um veturinn, ef ekki kæmi til verulegur stuðningur frá umsjónarmönnum spítalans, og því síður gæti hann séð sjúklingunum fyrir viðurværi.<sup>44</sup>

Þegar Alþingi var lagt niður árið 1800, voru embætti lögmanna afnumin. Þá varð sú breyting á yfirstjórn spítalanna að amtmenn í Norður-, Austur- og Suðuramti komu í stað lögmanna, en stiftamtmaður og biskup urðu yfirstjórnendur spítalans á Hallbjarnareyri. Ekki er ljóst, hvað olli því, að amtmaður í Vesturamtinu tók ekki sæti í stjórn spítalans. Ekki verður séð af spítalaskjölum, að stiftamtmaður hafi haft mikil afskipti af stjórn spítalans, og hvíldi hún að langmestu leyti á herðum Geirs Vídalíns biskups. Hann átti hins vegar ekki hægt með að hafa gott eftirlit með spítalanum vegna fjarlægðar frá vettvangi. Breyting var gerð á þessu árið 1821, en hinn 12. maí það ár lagði kansallífið fyrir Bjarna Thorsteinsson, amtmann í Vesturamtinu, að annast stjórn spítalans ásamt biskupi. Bjarni amtmaður var búsettur á Arnarstapa og átti þess vegna miklu hægara um vik en biskup að hafa eftirlit með rekstri spítalans. Það sá líka á, þegar amtmaður tók sæti í spítalastjórninni, að hann tók málefni spítalans föstum tókum þegar í upphafi.<sup>45</sup>

Þegar Bjarni amtmaður fór að kynna sér fjárreiður spítalans, komst hann að raun um, að Hallbjarnareyrarspítali var orðin stórskuldugur. Hann skuldaði holdsveikraspítalanum í Kaldaðarnesi (spítalinn í Klausturhólum var fluttur þangað árið 1753) 435 rbd. og einkaaðilum 313 rbd., samtals 748 ríkisbankadali. Til þessara skulda hafði verið stofnað á árunum 1817-21. Að auki voru hús og engjar spítalans stórskemmd, og hafði það í för með sér, að einungis fékkst hálf leiga í landskuld af jörðinni. Amtmanni var ljóst, að vinda varð bráðan bug að því að greiða skuldir spítalans með einhverju móti, einkum þær, sem hann stóð


í við einkaaðila, því að annars var hætt á því, að þær yrðu innheimtar með aðstoð dómstóla. Hins vegar var deginum ljósara, að tekjur spítalans hrukku hvergi nærri til að borga skuldinar. Tekjurnar voru reyndar svo litlar, að þær nægðu ekki einu sinni til að annast viðhald spítalans.

Bjarni Thorsteinsson greip því til þess ráðs að leggja sérstakan skatt á almúgann í Vesturamti árin 1822, 1823 og 1824, svo að unnt yrði að grynka á skuldum spítalans. Samkvæmt konungsbréfi frá 25. september 1801, sem áður hefur verið vitnað til, var amtmanni heimilt að jafna niður á íbúa í amtinu því, sem á skorti til að tekjur spítalans stæðu undir útgjöldum. Þessi skattheimta skilaði 411 rbd., og greiddi Bjarni amtmaður upp skuldir þær, sem spítalinn stóð í við einkaaðila, 313 rbd., og 81 rbd. af skuldinni við Kaldaðarnesspítala. Voru eftirstöðvar skuldarinnar þá 354 rbd. Síðar á árinu 1825 borgaði amtmaður 30 rbd. til viðbótar, þannig að þá voru eftirstöðvarnar 324 rbd.<sup>46</sup>

Eins og við var að búast, olli skattheimta þessi mikilli óánægju meðal íbúa í Vesturamti, og bárust amtmanni margar kvartanir vegna hennar. En honum tókst bæði í krafti embættismyndugleika síns og með fortölum að lægja óánægjuraddirnar, þannig að skatturinn skilaði sér. Bjarni amtmaður viðurkenndi, að það væri ósanngjarnt að leggja þennan skatt til spítalans á almúgann í Vesturamti, og ákvað hann að leita annarra leiða til að grynka á skuldinni við Kaldaðarnesspítala. Eins og fyrr segir, var ekki um það ræða, að tekjur spítalans dygðu til að standa straum af árlegum afborgunum af láninu. Þær voru svo lítilfjörlegar, að þær dugðu ekki til að standa straum af brýnustu rekstrarútgjöldum.

Skýring amtmanns á hinum slæma hag Hallbjarnareyrarspítala var sú, að spítalajörðin var í fátæku héraði og illa á sig komin. Í Dalasýslu voru fiskveiðar svo lítilfjörlegar, að þar galst enginn spítalafiskur og lítilfjörlegur úr Mýrasýslu og Strandasýslu. Í meðalári voru tekjur af spítalafiski úr þessum sýslum um 6 dalir á ári. Í Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu voru fiskveiðar meiri, en bæði var það, að ógjörningur var að hafa eftirlit með tekjum spítalans í þessum sýslum og eins að koma þeim í verð eða senda spítalaráðsmanni í fríðu, því að hann hafði ekki tök á að sækja þær. Snæfellsnessýsla var þess vegna eina svæðið, þar sem spítalinn hafði einhverjar tekjur að ráði. Sá spítalaráðsmaður um að innheimta þær og fékk ¼ af andvirði þeirra í innheimtulaun.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, fór Bjarni Thorsteinsson amtmaður þess á leit við kansallífið, að helmingur af skuld Hallbjarnareyrarspítala



Forsíða á reikningi Hallbjarnareyrarspítala árið 1826.


við Kaldaðarnesspítala yrði gefinn eftir gegn því að hinn helmingurinn yrði greiddur á tveimur árum með einhverju móti, t.d. lántöku. Kansellíið féllst á þetta. Eftirstöðvar skuldarinnar voru 324 rbd., og var helmingurinn af henni, 162 rbd., látinn niður falla. Nú þurfti að finna leið til að afla fjár til að greiða afganginn af skuldinni, og greip amtmaður til hins sama ráðs og áður, þ.e. að leggja skatt til spítalans á íbúa Vesturamtsins. Gaf sú skattheimta af sér 110 rbd. árið 1825. Íbúar í Snæfellsnessýslu voru þó undanþegnir spítalaskattinum að því sinni. Árið eftir voru innheimtir 48 rbd. í sama skyni. Með þessu móti tókst Bjarna amtmanni að greiða skuldina við Kaldaðarnesspítala og koma rekstri Hallbjarnareyrarspítala á traustan grundvöll. Meðal annars herti amtmaður til muna innheimtu á tekjum spítalans, og bar það góðan árangur. Upp frá þessu var spítalinn rekinn með hagnaði á hverju ári, sem var greiddur í jarðabókarsjóðinn og hafður þar á vöxtum.<sup>47</sup>

Eins og áður hefur komið fram, var forstöðumönnum spítalanna skylt samkvæmt tilskipuninni frá 1746 að lesa annaðhvort sjálfir guðsorð fyrir vistmennina

á hverjum degi eða fá einhvern annan til að gera það. Bar umsjónarmönnum spítalanna að leggja til nauðsynlegar bækur, og átti að kaupa þær fyrir peninga spítalanna. Ekki er miklar heimildir að finna í skjölum Hallbjarnareyrarspítala um það, hvernig þessi þáttur í starfsemi spítalans var ræktur. Það er ekki fyrr en árið 1832, að í ljós kemur, að Jón Ásmundsson, sem hafði gegnt starfi ráðsmanns frá 1820, hafði sinnt guðsorðalestrinum af svo mikilli kostgæfni, að bækur þær, sem hann hafði notast við, voru orðnar ónothæfar með öllu vegna mikillar notkunar. Það voru „Nýja messusöngs- og sálmabókin, Jóns Vídalíns Húspostilla, Sturms Hugvekjur allir partar, Bjarnabæinir, Anonymi Föstupredikanir og Hallgríms Péturssonar Passíusálmar.“ Í reikningi spítalans fardagaárið 1831-32 reiknaði Jón Ásmundsson sér skaðabætur að upphæð 8 rbd. og 37 skildingar fyrir ónýtu bækurnar, en Bjarni amtmaður gerði athugasemd við það og taldi, að ráðsmanni væri óheimilt að reikna sér þessar bætur, nema heimild Steingríms Jónssonar biskups kæmi til. Sú heimild fékkst með bréfi biskups til Jóns í mars 1833.<sup>48</sup>

Sumarið 1839 sneri Þorleifur Þorleifsson, hreppstjóri á Hofsstöðum í Miklaholtshreppi, sér til Bjarna Thorsteinssonar amtmanns og lét í ljós áhuga á að gerast ábúandi á Hallbjarnareyri, ef jörðin kynni að losna. En hún lá ekki á lausu, því að Jón Ásmundsson hafði verið ábúandi á henni frá 1820, eins og áður segir. Amtmaður áleit hins vegar, að það væri heppilegt, að Jón léti af starfi ráðsmanns, þar eð hann var að dómi amtmanns ekki nógu efnaður til að byggja jafnstóra jörð og að auki hafði undanfarin ár borið á nokkrum misfellum af hendi Jóns í sambandi við ábúð jarðarinnar. Að öðru leyti hafði amtmaður ekkert haft út á ráðsmennsku Jóns að setja. Hann hafði annast sjúklingana þannig, að ekki varð að fundið og lagt sig fram um að halda við húsum jarðarinnar og endurbæta þau. Á hinn bóginn var Þorleifur Þorleifsson dugandi maður og vel efnaður, og taldi amtmaður, að það myndi bæði verða jörðinni sjálfri og spítalanum á Hallbjarnareyri til hagsbóta, ef jafnatorkusamur og hagsýnn maður og Þorleifur gerðist þar ábúandi og ráðsmaður.

Þess vegna hóf amtmaður samninga við Jón Ásmundsson, að hann segði jörðinni lausri frá fardögum 1840, og féllst hann á það með því skilyrði, að hann fengi til ábúðar spítalajörðina Hrafnkelsstaði og að umsjónarmenn spítalans greiddu honum einhverja uppbót. Amtmaður taldi þessi skilyrði ekki ósanngjörn, enda hafði hann engar lögformlegar ástæður til að segja Jóni upp jörðinni. Þetta varð að ráði, og byggði Bjarni amtmaður Þorleifi Hallbjarnareyri



Forsíða á skýrslu um úttekt á Hallbjarnareyrarspítala vorið 1840.

með byggingarbréfi dagsettu 29. september 1839 frá fardögum 1840. Tók hann við jörðinni 18. júní það ár.

Þorleifur Þorleifsson var um margt óvenjulegur maður. Hann var ekki ein-

ungis góður búmaður og vel efnum búinn, heldur einnig gæddur skyggigníáfu og læknir góður, þó að hann hefði enga formlega menntun fengið á því sviði. Eru margar sögur til af því, en þær verða ekki raktar hér. Má um það efni vísa til bóka Oscars Clausens.<sup>49</sup>

## ***Hold sveikraspítalinn á Hallbjarnareyri lagður niður***

Þegar hér var komið sögu, var farið að halla undan fæti fyrir holdsveikraspítölunum. Þar voru afar fáir sjúklingar, t.d. aðeins einn á Hallbjarnareyri, þegar Þorleifur Þorleifsson tók við jörðinni. Árið 1847 lagði Jón Sigurðsson, þingmaður Ísafjarðarsýslu, fram tillögu á Alþingi þess efnis, að komið yrði á fót spítala í Reykjavík, og yrði þar ætluð sjúkrastofa sér í lagi handa holdsveikum, sem ætla mætti, að unnt væri að lækna. Einnig lagði Jón til, að læknum yrði smám saman fjölgað, þannig að a.m.k. einn læknir væri í hverri sýslu og að stofnað yrði til kennslu í meðferð einföldustu sjúkdómstilfella. Fimm manna þingnefnd var kosin til að fjalla um tillöguna, og tók hún m.a. málefni holdsveikraspítalanna til umfjöllunar. Meirihluti nefndarinnar lét í ljós þetta álit á spítölunum:

Vér ætlum það og fullkunnugt, að spítalar þessir hafa verið einungis sem herbergi handa fátækum sjúklingum, oftastnær holdsveikum, sem hafa dregið fram líf sitt í spítölunum í eynd og volæði, án þess að nokkurt dæmi sé til að þeim hafi batnað. Við spítala þessa hefur aldrei læknir verið, því fyrst stóðu þeir allt að 100 árum áður en nokkur læknir var settur hér á landi, og þó erindisbréf landlækna, 19. maí 1760 og 21. sept. 1787, leggi spítalana undir umsjón þeirra, og ætlist til, að héraðslæknir yrði spítalaverðir, þá hefir þessu aldrei framgengt orðið, og í seinustu erindisbréfum landlæknis og héraðslækna, 25. feb. 1824, er þeim hvergi skipuð umsjón um spítalana. Spítalarnir hafa verið undir yfirumsjón biskups og hlutaðeigandi amtmanns (kansell. br. 12. maí 1821), og hafa þeir fylgt í stjórn þeim reglum, sem mælt er fyrir í hinum eldri lögum, og sér í lagi í tilskipun 27. maí 1746. Aðalatriðin í þessari stjórnar meðferð hafa verið þau, að spítalinn sjálfur hefur verið eitt af bæjarhúsum, og með engu betri aðbúnaði en útihús. Í þessu herbergi, ofnlausu, hafa spítalalímir verið, að minnsta kosti þegar þeir hafa verið fleiri en einn, þangað til dauðinn hefur gert enda á eynd þeirra. Jörð sú, sem spítalahúsið er byggt á, er leigð bónda með þeim kjörum, að hann hefir heimajörðina afgjaldslausa, og jafnvel fyrir viðhald og ábyrgð kúgildanna að auki, og þar á ofan, eftir lagaákvörðunum, 5 hundraða meðgjöf árlega með karlmanni og 4 hundruð með konu, en það er tvöföld meðgjöf þyngsta ómaga, eftir því sem í sveitum tíðkast. Þegar ómagar eru teknir á spítalann, á hreppur sá, sem hann er frá, að gjalda



eins árs meðgjöf (eða þó eiginlega 3½ og 2½ hundrað) með honum til spítalans, en þaðan af ekkert. Þessar ráðstafanir hafa á seinni tímum sýnt æ berlegar annmarka þá, sem af þeim leiðir, og sannfært alla um, að spítalarnir eru engan veginn hentugir til að koma fram tilgangi þeirra, sem í fyrstu var ætlaður að vera hæli holdsveikra, því það hæli er engu betra en góður samastaður í sveit, hvar sem stendur, en kostar þar að auki miklu meira; enn síður uppfylla slíkir spítalar kröfur þær, sem nú verður að gjöra, að spítali sé ekki einungis herbergi handa holdsveikum, heldur lækningahús handa þeim, og svari á þann hátt kostnaði landsins; í þriðja lagi eru spítalarnir svo útdragssamir (þ.e. kostnaðarsamir) landinu yfirhöfuð, að stiftamtmaður vor einn hefir sagt, ár 1840, að tekjur Hörgslands og Kaldaðarness, sem þá voru 693 rbd. 5 sk. árlega, gjörðu viðlíka gagn og 204 rbd., eða með öðrum orðum, menn hafa til einskis gagns eytt um langan tíma tveim þriðjungum af þeim tekjum, sem til spítalanna eru lagðar, til alls engra nota. Að síðustu eru þeir einnig útdragssamir hreppum þeim, sem æskja að koma ómaga þangað; því hin mikla meðgjöf, sem hreppurinn verður að borga alla í einu, er svo tilfinnanleg fátækum hreppi, að hann rís varla undir, og fríast þar að auki síst við þyngstu ómagana, þar eð hann má búast við, að þeir kunni að deyna á fyrsta ári, og kostnaðurinn með því móti verða meiri en ella. Vér orðlengjum ekki það, að margar sveitir og sýslur hafa ávallt farið á mis við að fá ómaga sína á spítala, þó þess væri æskt og árleg tillög goldin, og að margur ómaga hefir andast, meðan verið var að skrifast á um að koma honum fyrir á spítalanum.

Þessir annmarkar hafa olluð því, að spítalarnir eru almennt hér á landi álitnir öldungis gagnslausir, gjöld til þeirra goldin með nauðung, veiting á spítala margoft ekki þegin, og þess almennt óskað, að þeim yrði breytt á þann hátt, að landið hefði veruleg not af því, sem til þeirra hefir verið lagt. Sá eini kostur, sem menn hafa fundið á fyrirkomulagi spítalanna, er sá, að stjórnendur þeirra hafa á seinni tímum dregið æ meira og meira af tekjunum saman í sjóð, sem vex álitlega á hverju ári, og nú sem stendur er enginn ómaga á spítölunum í suðuramtinu, tveir eru á Hallbjarnareyri og tveir munu vera á Möðrufelli.<sup>50</sup>

Nefndin taldi, að best myndi fara á því, að eignum spítalanna yrði varið til að bæta læknskípanina. Alþingi tók undir það sjónarmið í bænarskrá til konungs. Hann féllst á það, og gaf dómsmálaráðuneytið út opið bréf 23. ágúst 1848 um breytingu á fyrirkomulagi spítalanna og læknskípan hér á landi. Efni þess var á þá leið, að framvegis skyldi engan holdsveikan mann taka á spítala, en spítalajarðirnar skyldi annaðhvort byggja eða selja, ef hentugra sýndist. Fé það, sem safnað hefði verið eða safnað yrði af jörðum spítalanna og tekjum, skyldi saman draga í einn sjóð og setja á bestu fánlegu vexti, og skyldi það fé vera ætlað til að bæta læknskípanina í landinu. Þó skyldi fyrst um sinn hafa eignir

hvers spítala fyrir sig, eins og tíðkast hafði. Var þetta síðan kallað lækna sjóður, og urðu gömlu spítalajarðirnar eign hans. Þegar Ísland fékk sérstakan fjárhag, rann lækna sjóður í landsjóðinn.<sup>51</sup>

Eina breytingin á rekstri Hallbjarnareyrarspítala við þessa ákvörðun var sú, að hætt var að taka sjúklinga á spítalann. Vismennirnir tveir, sem voru fyrir á spítalanum, Jón Árnason og Sigurður Sigurðsson, sem lést 1854, voru þar áfram, og Þorleifur spítalaráðsmaður bjó áfram á jörðinni. Spítalahlutir og aðrar tekjur voru innheimtar eftir sem áður. Það bar til tíðinda á Hallbjarnareyri sumarið 1852, að vinnukona þar ól sveinbarn og lýsti föður heldur Jón Árnason spítalalim en nafngreindan bóndason á Kolgröfum. Fór svo, að Jón var lýstur faðir barnsins.

Í júlí 1856 ritaði Þorleifur spítalaráðsmaður Páli Melsted, amtmanni í Vesturamti, bréf og sagði Hallbjarnareyri lausri frá fardögum 1857 með öllum hjáleigum, sem fylgdu jörðinni, kúgildum o.fl. Þar eð Þorleifur bauðst til að taka „þann eina spítalalim,“ sem þá var á lífi, Jón Árnason, og ala önn fyrir honum framvegis fyrir helmingi minna meðlag en þangað til hafði verið greitt með honum, 15 vættir á ári, áleit amtmaður réttast, að spítalinn yrði lagður niður og jörðin Hallbjarnareyri ásamt hjáleigum annaðhvort byggð eða seld á þann hátt, sem skipað var fyrir í opnu bréfi frá 23. ágúst 1848, sem áður hefur verið minnst á. Með því móti sparadist spítalanum ekki einungis helmingur af meðlagi með ómaganum Jóni Árnasyni, heldur einnig uppbót sú, sem fram að því hafði verið greidd í kúgildi spítalaeignarinnar ásamt launum spítalaprests.<sup>52</sup>

Amtmaður skýrði frá þessu í bréfi til Helga Thordersens biskups 28. ágúst 1856. Páll amtmaður taldi það vafamál, hvort hagstæðara væri að selja jörðina eða byggja hana. Hann kvaðst telja, að ekki væri mögulegt að selja Hallbjarnareyri með öllu því, er henni fylgdi, fyrir meira en 1800 rd., því að þó jörð þessi hefði þangað til verið vel rekin og lægi allvel við til þess að geta notið sjávarafla, þá lægi hún þó í illri sveit, og erfitt væri að fá aðra ábúendur á hjáleigurnar en öreiga, sem myndu að nokkru leyti alltaf verða bóndanum á heimajörðinni til byrði. Ef keypt yrðu fyrir andvirði jarðarinnar konungleg skuldabréf, sem bæru 4% vexti, fengjust 72 rd. á ári í tekjur. Ef jörðin væri hins vegar seld á leigu ásamt hjáleigunum og Hrafnkelsstöðum og kúgildunum, sem voru 10 að tölu, reiknaðist amtmanni til, að tekjur af því myndu nema 70 rd. og 16 sk. Samkvæmt þessu væri betra að selja jörðina, ef fyrir hana fengjust 1800 rd. og árlegir vextir af þeirri upphæð væru 4%, ekki síst þar sem Þorleifur spítalaráðsmaður væri

þeirrar skoðunar, að selja mætti tvö af jarðarkúgildunum, því að eftirleiðis myndi varla verða komið fyrir á þessari fasteign nema átta kúgildum. Til þess benti skoðunargerð, sem fylgdi bréfi amtmanns yfir tjon það, sem spítalajörðin og hjáleigur hennar urðu fyrir af sjávargangi veturinn 1854-55. Benti það til þess, að jörðin væri ekki laus við áföll, sem myndu gera hana mjög óaðgengilega, ef þau yrðu oft, eins og gera mætti ráð fyrir.<sup>53</sup>

Helgi Thordersen biskup féllst á þá uppástungu amtmanns, að spítalinn yrði lagður niður sem sjúkrahús fyrir holdsveika frá fardögum 1857, en hins vegar fannst biskupi ekki ráðlegt að selja spítalaeignina fyrir peninga, heldur vildi hann láta byggja Hallbjarnareyri eins duglegum manni og kostur væri að fá og með svo aðgengilegum skilmálum, að hann tæki að sér alla umsjón með hjáleigum jarðarinnar og ábyrgðist, að fullt afgjald af þeim yrði borgað í spítalajörðinni. Þar eð Páll Melsted amtmaður treysti sér ekki á eigin ábyrgð að selja spítalajörðina Hallbjarnareyri með hjáleigum þeim og eignum, er henni fylgdu, og hann sá sér ekki heldur fært að hafa nákvæmari umsjón með byggingu og ábúð spítalaeignarinnar en hann hafði haft meðan spítalahaldarinn hélt hana, fól hann Árna Ó. Thorlacius í Stykkishólmi, umboðsmanni Arnarstapajarða, að takast á hendur umboð yfir Hallbjarnareyri með þeim eignum, sem undir hana lágu, og byggja hana eins duglegum manni og kostur væri frá fardögum 1857.<sup>54</sup>

Þegar sýnt var, að Hallbjarnareyri myndi losna í fardögum 1857, reyndu bæði Páll amtmaður og Árni Thorlacius umboðsmaður að byggja jörðina einhverjum áreiðanlegum og veðurheftugum manni, en þrátt fyrir viðleitni þeirra fékkst enginn til að taka jörðina til ábúðar og hjáleigur hennar til umsjónar, þannig að lengi leit ekki út fyrir annað en að heimajörðin myndi fara í eyði. Vorið 1857 bauðst Eggert V. Fjeldsted, bóndi á Hjarðarbóli, að taka jörðina, og skaut Árni Thorlacius því til úrskurðar amtsins, hvort hann mætti byggja Fjeldsted jörðina með þeim leigumála, sem þeir yrðu ásáttir um og hvort hann mætti gefa Fjeldsted von um, að hann fengi að halda spítalaómaganam. Páll amtmaður og Árni Thorlacius neyddust eins og allt var í pottinn búið að byggja Eggert V. Fjeldsted Hallbjarnareyri heldur en að láta jörðina fara í eyði, þó að hvorugum þeirra líkaði maðurinn, því að bæði var hann þrefgjarn og þrúttur og átti oftast nær örðugan fjár- og búnaðarhag, þó hann hefði nokkur efni. Það var sem sé um það að velja að láta jörðina vera óbyggð í eitt ár henni til óbætanlegs tjóns eða byggja hana Eggert V. Fjeldsted, og heimilaði amtmaður Árna Thorlacius

að semja við Fjeldsted um byggingarskilmála fyrir Hallbjarnareyri. Þar sem það virtist vera auðveldara að byggja jörðina, ef spítalalímurinn, sem þar var, væri látinn fylgja henni, féllst amtmaður á það, og þótti vera réttast, að ómagi þessi fylgdi Hallbjarnareyri. Vildi amtmaður, að hin árlega meðgjöf með honum yrði ákveðin þannig, að hún svaraði til helmings afgjaldanna af jörðinni. Hinn 20. apríl 1857 ritaði Páll Melsted amtmaður samþykki sitt á byggingarbréf Eggerts V. Fjeldsteds fyrir spítalajörðinni Hallbjarnareyri með 12 vætta árlegri landskuld.<sup>55</sup>

Að sögn amtmanns mátti telja það Eggert V. Fjeldsted til gildis sem ábúanda, að hann hirti vel um ábyli sitt, bæði hvað hús og jörð snerti. Að öðru leyti kom á daginn, að Fjeldsted var ekki ákjósanlegu ábúandi, því að hann olli bæði amtmanni og Árna Thorlacius umboðsmanni óþægindum og umstangi með ýmsu þrasi, sem hann braut upp á. Haustið 1858 borgaði Fjeldsted ekki leiguna af Hallbjarnareyri, sem greiða átti á Mikjálsmessu (29. september) fyrr en í lok desember, eftir að umboðshaldarinn hafði sent honum útbyggingarbréf.

Það var ekki ætlun Árna Thorlacius eða amtmanns að framfylgja útbyggingarbréfinu fastlega, eftir að Fjeldsted hafði borgað leiguna, ef hann hefði fengist til þess veturinn 1858-59 að lýsa skýrt og skorinort yfir því, hvort hann vildi framvegis vera á jörðinni eða ekki. Það var ekki fyrr en í maí 1859, að Fjeldsted fór fram á að fá að vera áfram á Hallbjarnareyri með vægari kjörum en honum hafði áður verið byggð jörðin. Einnig viðurkenndi hann, að honum hafði verið byggt út af jörðinni. Árni Thorlacius umboðsmaður óskaði eftir úrskurði amtsins um það, hvort gefa ætti Fjeldsted nokkra von um byggingu jarðarinnar með sömu eða vægari kjörum framvegis. Svar Páls Melsteds amtmanns var á þá leið, að hann sem meðstjórnandi spítalans gæti ekki fundið ástæðu til að veita honum ábúð á Hallbjarnareyri framvegis, þar sem hann hefði ekki, eins og áskilið var í byggingarbréfinu, staðið í lögskilum með eftirgjald jarðarinnar, og því síður væru líkur á, að hann myndi geta það í harðæri því, sem leit út fyrir að verða myndi eftirleiðis. Þá hefði ábúð hans heldur ekki verið þannig, að spítalastjórnin hefði ástæðu til að óska þess, að Fjeldsted byggi áfram á jörðinni.

Að þessum svörum fengnum afréð Árni Thorlacius að byggja Hallbjarnareyri frá fardögum 1859 tveimur mönnum, Degi Jenssyni og Jónatan Jónssyni, þannig að Dagur, sem var jarðeigandi og nokkuð efnaður, skyldi setja veð fyrir ábúð Jónatans, sem var lítt efnaður og vart sérlegur hirðumaður. Þegar

Þessir menn ætluðu að flytjast að Hallbjarnareyri í fardögum 1859, neitaði Eggert V. Fjeldsted að standa upp af jörðinni. Ábúendurnir tilvonandi kærðu þetta og kröfðust þess, að jörðin yrði þeim laus í fardögum samkvæmt byggingarbréfum, sem þeim höfðu verið gefin. Þar eð amtmaður áleit ófært að láta Fjeldsted haldast uppi að hafa að engu ákvarðanir umboðshaldarans, skipaði hann Árna Thorsteinsson sýslumanni að bera Eggert V. Fjeldsted með búslóð hans út af Hallbjarnareyri og ryðja þeim Degi og Jónatan þar til rúms samkvæmt byggingarbréfum þeirra.

Árni sýslumaður hélt til Hallbjarnareyrar 19. júlí 1859 í því skyni að bera Fjeldsted út, en þegar þangað var komið, vildi Dagur Jensson ekki flytjast að Hallbjarnareyri, vafalaust vegna þess að hann óttaðist að lenda í þrasi við Fjeldsted. Jónatan vildi þá heldur ekki fara að Hallbjarnareyri, nema því aðeins að hann fengi alla jörðina, en það gat Árni Thorlacius umboðshaldari ekki fallist á, þar eð Jónatan var vegna fátæktar alls ófær um að taka svo stóra jörð til ábúðar. Þegar svona var komið, átti spítalastjórnin ekki annars úrkosti en að semja við Fjeldsted um, að hann mætti vera áfram á jörðinni, en þó áskildi hún sér rétt til að framfylgja útbuðarskipuninni síðar meir, ef þess þætti þurfa. Niðurstaða málsins varð því sú, að Eggert V. Fjeldsted sat áfram á Hallbjarnareyri og bjó þar til dauðadags.<sup>56</sup>

Á árunum upp úr 1859 voru mikil harðindi og þrengingar á Snæfellsnesi, og fóru íbúar Eyrarsveitar ekki varhluta af því. Snemma árs 1859 kvartaði Eggert V. Fjeldsted við Árna Thorlacius, umboðsmann Hallbjarnareyrar, undan neyð þeirri og heyskortu, sem þá þrengdi svo mjög að ábúendum á hjáleigum Hallbjarnareyrar, að allt útlit var fyrir, að þeir myndu flosna upp. Þess vegna óskaði Fjeldsted eftir úrskurði spítalastjórnarinnar um það, hvað gera skyldi við kúgildin. Árna Thorlacius þótti það liggja beinast við, að Fjeldsted yrði sjálfur að hafa þau úrræði með kúgildin, sem honum þættu best henta, en þó skaut hann þessari fyrirspurn til amtsins til úrlausnar. Það komst að þeirri niðurstöðu, að þar eð kúgildin á Hallbjarnareyri og hjáleigunum voru samkvæmt landslögum og byggingarbréfi Eggerts V. Fjeldsteds í fullkominni ábyrgð hans, yrði hann að sjá þeim svo borgið, að þau féllu ekki vegna fódurskorts.

Vorið 1859 bar Fjeldsted sig enn upp við Árna Thorlacius vegna fódurskorts kúgilda þeirra, sem fylgdu spítalaeigninni, og fór þess á leit, að spítalastjórnin veitti sér eina tunnu af rúgi til viðhalds kúgildunum. Thorlacius lagði til

við amtmann, að orðið yrði við þessari bón, þar sem Fjeldsted væri mjög bágstaddur með heybirgðir og kúgildunum yrði að öðrum kosti ekki borgið. Amtmaður réðst í upp á væntanlegt samþykki meðstjórnanda síns í stjórn spítalans (þ.e. biskups) að veita Fjeldsted eina tunnu af rúgi og greiða andvirði hennar fyrirfram úr spítalaskjóðnum, þangað til nákvæmari ákvörðun yrði tekin um, hvort þessa upphæð mætti færa til endanlegra útgjalda í aðalreikningi spítalans.

Vorið 1859 neyddist Eggert V. Fjeldsted til að skera eina af kúgildiskúm Hallbjarnareyrar vegna þess að hún var aðframkomin af innanmeinum, sem hann kallaði lungnaveiki. Máli sínu til sönnunar sendi hann Árna Thorlacius umboðsmanni vottorð þriggja manna, sem höfðu skoðað lifur og lungu kýrinnar, og fór Fjeldsted fram á, að kýrin yrði bætt úr spítalaskjóðnum. Árni Thorlacius skaut máli þessu til úrskurðar amtsins, og sá Páll Melsted amtmaður enga ástæðu til að veita Fjeldsted uppbót úr spítalaskjóðnum, m.a. vegna þess að hann var samkvæmt byggingarbréfi sínu skyldugur að hafa alla ábyrgð kúgildanna án nokkurrar uppbótar eða undantekningar. Þá taldi amtmaður, að innanmein þau, sem höfðu hrjád kúna, ættu ekkert skylt við þá næmu lungnasýki, sem getið væri um í 16. kapítula kaupabálks Jónsbókar. Hann var einnig þeirrar skoðunar, að umrædd leigukýr væri spítalaskjóðnum öldungis óviðkomandi, þar eð hún, samkvæmt því sem kunnugir og sannorðir menn höfðu skýrt amtmanni frá, hefði undanfarin tvö ár ekki verið innistæðukýr á spítalajörðinni, heldur hefði Fjeldsted tekið hana til sín og sett hann sem innistæðukúgildi á aðra jörð, sem hann ætti sjálfur.<sup>57</sup>

Eggert V. Fjeldsted átti í langvinnum og mögnuðum útistöðum við sveitunga sína í Eyrarsveit, en of langt mál yrði að rekja það allt hér. Að endingu verður greint frá samskiptum hans við síðasta holdsveikisjúklinginn á Hallbjarnareyri, Jón Árnason. Hann átti að hafa sér til framfæris 15 vættir af eftirgjaldinu eftir Hallbjarnareyri. Snemma árs 1861 sneri Jón sér til Páls Melsteds amtmanns og hreppstjóranna í Eyrarsveit, Jóns Daníelssonar borgara og Bárðar Þorsteinssonar, og kvartaði undan aðbúnaði þeim, sem hann naut hjá Eggert V. Fjeldsted. Kvað hann sig vanta bæði fæði og klæði til að geta lifað þolanlega: „Ég sé ekki annað þar sem ég er nú en að ég deyi út af í hungri og klæðleysi,“ sagði Jón í bréfi til hreppstjóranna. Hann óskaði eftir liðsinni amtmanns og hreppstjóranna, svo að hann mætti búa við betri kjör eftirleiðis. Jón skýrði frá því, að hann hefði

frá árinu 1857, þegar Eggert V. Fjeldsted tók við Hallbjarnareyri, róið á hverju sumri og fengið allgóðan hlut og unnið margt á landi þar fyrir utan.

Hreppstjórnir kváðu það ekki á sínu valdi að sinna kvörtun Jóns og bentu honum á að snúa sér til amtmanns. Þeir skrifuðu einnig settum sýslumanni, Árna Thorlacius, tvö bréf vegna kvartana Jóns Árnasonar og sögðu engan vafa leika á því, að umkvartanir hans væru á rökum reistar. Í seinna bréfinu sögðu þeir, að Jón hefði ekki getað stundað róðra sumarið 1861 vegna klæðleysis og að veturinn 1861-62 hefði hann ekki fengið að vera í bænum á Hallbjarnareyri hjá heimilisfólkinu, heldur orðið að gera sér að góðu að hafast við í litlum útikofa ásamt örvasa föður sínum.

Séra Árni Böðvarsson, prestur á Setbergi, lét mál Jóns Árnasonar einnig til sín taka. Í bréfi til setts sýslumanns í mars 1862 lýsti presturinn kvörtunum Jóns á þessa leið: „... hefur hann lýst þessu þannig: að hann byggi í útikofa með föður sínum örvasa, hvar þeir ekki allan veturinn hingað til hafi getað kveikt ljós hin löngu kvöld og nætur - altso einungis notið kostnaðarlausrar dagsbirtu. Þjónustu tjáir hann sig enga hafa, nema það sem faðir hans, lítt fær þar til, geti látið honum í té. Mataræði segir hann verið hafa mjög lélegt, einkum framan af í vetur, þangað til sér hafi boðist kjöt af sjálfdaudu hrossi frá húsbónda sínum.“

Séra Árni hafði gert sér ferð út að Hallbjarnareyri til að kynna sér af eigin raun aðbúnað Jóns Árnasonar, og komst hann að þessari niðurstöðu: „Hann lítur mjög tötralega út, og er hífýli hans að vísu lélegra en svo að manneskjur skyldu þar búa. Og enda þótt nú hospítalslimur, Jón Árnason, bæri sig nú seinast í gær, er ég vitjaði hans, ekki eins hörmulega og áður fyrri, með sérlegu tilliti til hins fengna áður nefnda hrossakets, er þó hlýtur að álítast miður viðunandi fæða fyrir þann sem alinn á að heita af opinberum sjóði, virðist nauðsyn á, að hagur hans gæti á einhvern hátt batnað og að sérlegt eftirlit verði haft á meðferð á honum ...“

Ekki verður séð, að yfirvöldum hafi orðið mikið ágengt að bæta aðbúnað Jóns Árnasonar. Hann átti heldur ekki langt eftir ólifað, þegar hér var komið sögu. Hann lést 8. nóvember 1863, 41 árs að aldri, og þar með var síðasti sjúklingurinn á Hallbjarnareyrarspítala orðinn hallur úr heimi. Af Eggert V. Fjeldsted er það hins vegar að segja, að hann lést 8. ágúst 1866, 64 ára að aldri. Sonur hans, Eggert E. Fjeldsted, veitti búinu á Hallbjarnareyri forstöðu veturinn 1866-67 fyrir hönd erfingjanna, en vorið 1867 gerðist Jónas Jónsson á

Melum á Skarðsströnd ábúandi á Hallbjarnareyri. Hann var kosinn hreppstjóri í Eyrarsveit árið 1870. Jónas lést 7. nóvember 1872, og fluttist ekkja hans, Katrín Bergsdóttir, að Skarði á Skarðsströnd ásamt yngstu dóttur sinni, Ingibjörgu. Katrín lést þar 15. september 1873. Eldri dætur þeirra hjóna, Jórunn og Magdalena, fluttust út í Flatey, en þar rak föðurbróðir þeirra, Bent Jónsson, verslun. Magdalena giftist síðar séra Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal, og er hún því amma Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta.<sup>58</sup>

### **Skammstafanir**

Alþb. Ísl. = Alþingisbækur Íslands

Bps. = Biskupsskjalasafn

HLBS = Handritadeild Landsbókasafns

Lbs. = Landsbókasafn

Þ.Í. = Þjóðskjalasafn Íslands

### **Tilvísanir**

- <sup>1</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar eftir Sæmund Bjarnhéðinsson. Skírnir LXXXIV. árg. Rvík 1910, bls. 52-54; HLBS: Björn Karel Þórólfsson: Útvarperindi 19.11. 1941.
- <sup>2</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 52-54.
- <sup>3</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 54-56; Lovsamling for Island I. Kjöbenhavn 1853, bls. 241-42, 244-46; Einar Laxness: Alfræði Menningarsjóðs. Íslandssaga a-k. 2. útg. Rvík 1987, bls. 198.
- <sup>4</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 56, 239.
- <sup>5</sup> Lovsamling for Island I, bls. 246-48, 367-68; Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 56-57.
- <sup>6</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 57-59; HLBS: Lbs. 1077, 4to, bls. 46-66, 69-70.
- <sup>7</sup> HLBS: Lbs. 1077, 4to, bls. 175-80; Lbs. 1078, 4to, bls. 339-40, 402-07; Páll Eggert Ólason: Íslenzkar æviskrár III. Rvík 1950, bls. 81.
- <sup>8</sup> HLBS: Lbs. 1078 4to, bls. 408-09, 499-501; Þ.Í. Bps. A II 9, bls. 294-96.
- <sup>9</sup> Þ.Í. Bps. A II 9, bls. 298-99.
- <sup>10</sup> HLBS: Lbs. 1078 4to, bls. 306-10; Alþingisbækur Íslands VI. Rvík 1933-1940, bls. 410.
- <sup>11</sup> HLBS: Lbs. 1080 4to, bls. 397-400.
- <sup>12</sup> Þ.Í. Bps. A II 9, bls. 348-53.
- <sup>13</sup> Þ.Í. Bps. A II 9, bls. 430.
- <sup>14</sup> HLBS: Lbs. 1086 4to, bls. 7-8; Þ.Í. Bps. A II 9, bls. 439.
- <sup>15</sup> Þ.Í. Bps. A II 11, bls. 139-41.
- <sup>16</sup> Alþb. Ísl. VII. Rvík 1944-1948, bls. 391-92.



- <sup>17</sup> Alpb. Ísl. VII, bls. 416, 495-96; Annálar 1400-1800 I. Rvík 1922-27, bls. 598-99; III. Rvík 1933-38, bls. 520.
- <sup>18</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín V. Kaupmannahöfn 1931-33, bls. 300-05.
- <sup>19</sup> Manntal á Íslandi 1703. Rvík 1924-1947, bls. 120.
- <sup>20</sup> Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 4., 29.6. 1703 og 27.5. 1704; Páll E. Ólason: Íslenzkar æviskrár I. Rvík 1948, bls. 35; Bogi Benediktsson: Sýslumannaæfir III. Rvík 1905-08, bls. 291-92.
- <sup>21</sup> Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 4, 4.6. 1728; nr. 5a, 4.11. 1727 og 13.7. 1729.
- <sup>22</sup> Einar Bjarnason: Lögréttumannatal. Rvík 1952-55, bls. 331-32; Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 4, 26.5. 1731 og 2.6. 1737; Bogi Benediktsson: Sýslumannaæfir III., bls. 223-27; Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár III. Rvík 1950, bls. 162.
- <sup>23</sup> Alpb. Ísl. XIII. Rvík 1973, bls. 546-52.
- <sup>24</sup> Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 5a, 17.7. 1750; nr. 4, 5.6. 1752; 6.6. 1755; 8.2. 1757; 4.6. 1757, 1.7. 1761; 1.6. 1763, 1.7. 1763; Bps. A IV, 58b, 29.6. 1762.
- <sup>25</sup> Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 5a, 13.7. 1762; nr. 4, 8.6. 1763; Bps. A IV, 58b, 29.6. 1762; Páll E. Ólason: Íslenzkar æviskrár V. Rvík 1952, bls. 51.
- <sup>26</sup> Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 4, 6.9. 1763.
- <sup>27</sup> L.H. Blöndal og V. Jónsson: Læknar á Íslandi. Rvík 1944, bls. 221-22, 225, 348; Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 4, 20.5. 1774; Bps. A II 14, 29.8. 1701; Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 238.
- <sup>28</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 57-59; HLBS: Lbs. 1085 4to, bls. 21; 1086 4to, bls. 64-65, 580-81; 1087 4to, bls. 530-34, 787-88; 1088 4to, bls. 58-59.
- <sup>29</sup> Alpb. Ísl. VI, 317-18; X. Rvík 1967, bls. 529-30; XI. Rvík 1969, bls. 37; XII. Rvík 1971, bls. 77-78; XIII, bls. 169-70, 251-52, 278-79; XIV. Rvík 1977, bls. 485.
- <sup>30</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 141, 145.
- <sup>31</sup> Alpb. Íslands XII, bls. 308; XIV, bls. 317, 483.
- <sup>32</sup> Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 4, 3.7. 1773, 14.5. 1774, 20.5. 1774.
- <sup>33</sup> Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 4, 3.7. 1773, 14.5. 1774.
- <sup>34</sup> Annálar 1400-1800 V. Rvík 1955-1988, bls. 88, 94.
- <sup>35</sup> Þ.Í. Bps. A VIII, nr. 5a, 30.4. 1778, 9.9. 1793; Bogi Benediktsson: Sýslumannaæfir III, bls. 220; V. Rvík 1930-1932, bls. 124.
- <sup>36</sup> Þ.Í. Bps. C VIII, nr. 4, 12.7. 1802, 13.9. 1802, 26.6. 1803; Lovsamlingfor Island VI. Kjöbenhavn 1856, bls. 527-29.
- <sup>37</sup> Þ.Í. Bps. C VIII, nr. 4, 2.7. 1807, 14.9. 1809, 28.7. 1810, 5.12. 1816, 4.8. 1818; Bogi Benediktsson: Sýslumannaæfir III, bls. 237-38.
- <sup>38</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 141, 146, 235-37.
- <sup>39</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 60-63, 233-34; Þ.Í. Bps. A II 11, bls. 140-41; Bps. A VIII, nr. 4, 4.6. 1728.
- <sup>40</sup> Alpb. Íslands XIII, bls. 546; Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 233; Þ.Í. Bps. A VIII nr. 5b., 20.9. 1784.
- <sup>41</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 233; Þ.Í. Bps C VIII, nr. 4, 16.6. 1796, 23.11. 1803, 8.7. 1815, 5.12. 1816, 3.7. 1817, 12.7. 1818.

- <sup>42</sup> HLBS: Lbs. 75 fol., bls. 114-20, 124-29; Lbs. 78 fol., bls. 154-56; Vilmundur Jónsson: Lækningar og saga I. Rvík 1969, bls. 190; Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 144, 233-34.
- <sup>43</sup> Ágrip af sögu holdsveikinnar, bls. 231-32.
- <sup>44</sup> Þ.Í. Bps. C VIII, nr. 5, 28.7. 1819, 20.5. 1820, 26.6. 1820, 3.11. 1820, 16.1. 1821, 2.3. 1821.
- <sup>45</sup> Lovsamling for Island VIII. Kjöbenhavn 1858, bls. 251-52.
- <sup>46</sup> Þ.Í. C VIII, nr. 5, 20.2. 1825, 30.4. 1825.
- <sup>47</sup> Lovsamling for Island VIII, bls. 695-96; Bps. C VIII, nr. 5, 31.12. 1825, 31.12. 1826.
- <sup>48</sup> Alþb. Ísl. XIII, bls. 547; Þ.Í. Bps. C VIII, nr. 5, 20.11. 1832, 24.3. 1833.
- <sup>49</sup> Þ.Í. Bps. C VIII, nr. 5, 29.9. 1939, 31.1. 1840.
- <sup>50</sup> Þ.Í. Bps. C VIII, nr. 5, 18.6. 1840, 10.7. 1840; Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Rvík 1847, bls. 19, 563-64.
- <sup>51</sup> Tíðindi frá Alþingi Íslendinga, bls. 564, 828-31; Lovsamling for Island XIV. Kjöbenhavn 1868, bls. 163-65. HLBS: Björn Karel Þórólfsson: Útvarpserindi 19/11 1941.
- <sup>52</sup> Þ.Í. Prestsþjónustubók Setbergs 1816-1855. Vélritað handrit, bls. 57, 137; Bréfadagbók Vesturamts 1853-1858, nr. 1510, 12.7. 1856.
- <sup>53</sup> Þ.Í. Bréfabók Vesturamts 1856-1858, nr. 254, 28.8. 1856.
- <sup>54</sup> Þ.Í. Bréfadagbók Vesturamts 1853-1858, nr. 1594, 9.9. 1856; Bréfabók Vesturamts 1856-1858, nr. 339, 5.11. 1856.
- <sup>55</sup> Þ.Í. Bréfadagbók Vesturamts 1853-1858, nr. 1841, 31.3. 1857; Bréfabók Vesturamts 1856-1858, nr. 607, 15.4. 1857; nr. 609, 20.4. 1857; Bréfadagbók Vesturamts 1853-1858, nr. 1861, 19.4. 1857; Bréfadagbók Vesturamts 1858-1861, nr. 808, 10.2. 1860.
- <sup>56</sup> Þ.Í. Bréfadagbók Vesturamts 1858-1861, nr. 853, 16.5. 1859; nr. 874, 7.6. 1859; nr. 1041, 29.9. 1859; nr. 1130, 12.11. 1859; nr. 1450, 15.3. 1860; Bréfabók Vesturamts 1858-1860, nr. 451, 14.6. 1859; nr. 452, 14.6. 1859; nr. 808, 10.2. 1860.
- <sup>57</sup> Þ.Í. Bréfadagbók Vesturamts 1858-1861, nr. 742, 20.3. 1859; nr. 822, 3.5. 1859; nr. 854, 16.5. 1859; Bréfabók Vesturamts 1858-1860, nr. 316, 21.3. 1859; nr. 369, 3.5. 1859; nr. 422, 23.5. 1859.
- <sup>58</sup> Þ.Í. Bréfadagbók Snæfellsnessýslu, nr. 1179, 5.6. 1861; nr. 1426, 14.1. 1862; nr. 1480, 7.3. 1862; nr. 347, 9.11. 1863; nr. 1208, 27.8. 1866; nr. 1355, 9.11. 1872; Prestsþjónustubók Setbergs 1856-1914, bls. 342, 344, 346; Lúðvík Kristjánsson: Vestraena. Rvík 1981, bls. 149.

*Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri*

# Annáll

## Grundarfjarðarbæjar 2004

Árið 2004 var um margt viðburðaríkt fyrir Grundfirðinga. Hinn nýi Fjölbautaskóli Snæfellinga hóf starfsemi sína og opnað var fyrir umferð yfir nýjan veg og brú yfir Kolgrafafjörð.

Unnið var að ýmsum verkefnum á vegum bæjarins eins og frá verður greint. Gatnagerð í Ölkeldudal og lagnaframkvæmdir, íbúðabyggingar við Hrannarstíg,



*Hið nýja  
skólahúsnæði  
FSN.*

gervigrasvöllur, skipulagsmál, hönnun og undirbúningur leikskólabyggingar, allt eru þetta viðfangsefni ársins.

Hér er ætlunin að draga fram helstu atriðin í starfsemi Grundarfjarðarbæjar á árinu 2004 en upptalningin getur aldrei orðið tæmandi.

## **Rekstur og lykiltölur**

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í ársreikningi Grundarfjarðarbæjar og fyrirtækja bæjarsjóðs fyrir árið 2004 og skýrslu endurskoðenda til bæjarstjórnar.

Skatttekjur bæjarsjóðs námu 295 millj. kr. á árinu 2004. Heildartekjur voru 353 millj. kr., þar af var útsvar 174 millj. kr. eða 50%. Fasteignaskattar námu 19 millj. kr. eða 5% af heildarskatttekjum bæjarsjóðs.

Heildartekjur: Skatttekjur bæjarsjóðs hækkuðu milli ára um 6,5% og námu 295,5 millj. kr. alls (315 þús. kr. á íbúa), m.v. 277,4 millj. kr. árið 2002. Útsvarstekjur voru þar af 173,9 millj. kr. og höfðu hækkað um 4,5% frá 2003. Séu tekjur bornar saman á verðlagi ársins 2004 standa útsvarstekjurnar einfaldlega í stað. Tekjur vegna álagningar fasteignaskatts hækkuðu um 2% á milli ára. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækkuðu um 11%.

Aðrar tekjur voru 58 millj. kr. og heildartekjur samtals 353,6 millj. kr. eða 377 þús. kr. pr. íbúa samanborið við 355 þús. kr. árið 2003, sem er tæplega 1,5% aukning þegar tekið hefur verið tillit til verðlagsþróunar.

Afkoma rekstrarins og rekstur málaflokka: Rekstrarkostnaður A-hluta var 335,6 millj. kr. (með afskriftum) eða 358 þús. kr. á hvern íbúa. Rekstrarkostnaður lækkar frá árinu 2003, þegar hann var 338 millj. kr. (með afskriftum) eða 361 þús. kr. á hvern íbúa.

Fjárhagsstaða bæjarsjóðs: Peningaleg staða A-hluta var neikvæð um 219 millj. kr., en batnar þó frá árinu 2003 þegar hún var neikvæð um 270 millj. kr.

Skuldir A-hluta bæjarsjóðs pr. íbúa voru í lok ársins 360 þús. kr. en voru 300 þús. kr. árið 2003.

Hafnarsjóður: Tekjur hafnarinnar jukust um rúm 20% milli ára, rekstrargjöld voru rúm 57% af heildartekjum ársins, nánast sama krónutala og árið 2003. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 9,6 millj. kr. samanborið við 2 millj.

kr. árið 2003. Fjárfestingar ársins námu 3,2 millj. kr. Heildarskuldir hafnarsjóðs voru 57 millj. kr. í árslok og höfðu lækkað um 5,4 millj. kr. frá fyrra ári.

Vatnsveita: Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 1,3 millj. kr. Fjárfestingar ársins námu 4,6 millj. kr. Heildarskuldir vatnsveitu námu rúmlega 29 millj. kr. í árslok.

Fráveita: Fráveitan varð til sem ný stofnun í bókum bæjarsjóðs við breytingar á reikningsskilareglum 2002 og er verksvið hennar rekstur holræsakerfisins og sorphirða. Tekjur eru því holræsa- og sorpgjöld.

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 3,3 millj. kr. en fjárfest var fyrir 5,6 millj. kr. á árinu. Heildarskuldir þessa liðar, sem er eingöngu skuld við bæjarsjóð, voru tæplega 21 millj. kr. í árslok.

Félagslegar íbúðir: Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 9,3 millj. kr. samanborið við 10 millj. kr. árið 2003. Heildarskuldir félagslegra íbúða voru 164,8 millj. kr. í árslok.

Íbúðir eldri borgara I: Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 3,3 millj. kr. Íbúðir eldri borgara I skulduðu bæjarsjóði 8 millj. kr. í árslok og hafði skuldin hækkað um tæpa 1 millj. kr. á árinu.

Íbúðir eldri borgara II (nýtt raðhús): Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um rúm 200 þús kr.

Viðskiptareikningar milli A- og B-hluta: Samtals nema kuldir B-hluta stofnana við aðalsjóð 58 millj. kr. í árslok 2004, en lækkuðu á milli ára, voru 67 millj. kr. árið 2003.

Fjarhagsstaða samstæðunnar: Rekstrartap ársins nam 7,8 millj. kr. sem er reyndar verulegur viðsnúningur frá fyrra ári, þegar rekstrartap var 31,4 millj. kr.

Heildarskuldir samstæðunnar (bæjarsjóðs og allra stofnana) voru um 718 millj. kr. í árslok samanborið við 627 millj. kr. árið 2003, eða 765 þús. kr. á hvern íbúa m.v. 670 þús. kr. árið áður. Lífeyrisskuldbindingar voru rúmlega 29 þús. kr. á hvern íbúa í árslok 2004.

## **Starfsemin á árinu og einstök verkefni**

### **Stjórnsýsla og yfirstjórn**

#### **Starfsmannamál**

Á árinu voru 228 aðilum greidd laun, starfsmönnum í föstum og hlutastörfum auk nefndafólks, alls að fjárhæð 213,1 millj. kr. sem voru 49,9% af rekstrartekjum bæjarins. Ársverk voru 62. Konur eru mikill meirihluti starfsmanna bæjarins eða um 85%.

Ýmsar breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá bænum, sem ekki verða tíundaðar hér nema að litlu leyti. Nýtt starf umsjónarmanns fasteigna varð til við breytingar, nýr slökkviliðsstjóri tók til starfa og breytingar urðu á störfum á bæjarskrifstofu og bókasafni. Bæjarstarfsmenn héldu fyrstu árshátíð sína í október og skemmtu sér vel.

Gerðar voru breytingar á skipuriti og störfum. Umsjónarmaður fasteigna bæjarins var ráðinn en húsvarðarstarf í grunnskóla lagt niður í fyrri mynd. Breytingar voru gerðar í áhaldahúsi, verkefnum fyrir komið með öðrum hætti og föstum starfsmönnum fækkað úr tveimur í einn. Breytingum í áhaldahúsi og tilfærslu verkefna er ekki að fullu lokið, verður heldur aldrei, því starfsumhverfi og fyrirkomulag verkefna þarf sífellt að vera í endurskoðun.

#### **Green Globe 21**

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi unnu að því að fá vottun sem sjálfbært samfélag. Bæjarstjórn samþykkti framkvæmdaáætlun þar sem tímasett eru markmið sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi hyggjast ná.

Í nóvember tóku fulltrúar sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls formlega á móti viðurkenningu fyrir að hafa uppfyllt viðmið vottunarsamtakanna Green Globe 21. Afhendingin fór fram á sýningarbási Ferðamálaráðs Íslands á ferðasýningunni World Travel Market í London.

#### **Sameiningarmál**

Fundað var um sameiningarmál á árinu, en nefnd á vegum félagsmálaráðuneytis hefur lagt til að kosið verði um sameiningu Stykkishólmsbæjar, Helgafellssveitar, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Sett var á

*Fulltrúar Snæfellinga  
taka við wottun Green  
Globe á World Travel  
Market í London í  
nóvember.*



lagginnar samstarfsnefnd Snæfellinga til að meta kosti og galla sameiningar. Nefndin skilaði skýrslu milli jóla og nýárs. Hægt er að nálgast skýrsluna á bæjarvefnum, en á árinu 2005 hefur það svo gerst að Alþingi ákvað með lögum að kosið skyldi um þennan sameiningarkost þann 8. október 2005.

### **Bæjarvefur Grundarfjarðarbæjar**

Innlitum á bæjarvefinn [www.grundarfjordur.is](http://www.grundarfjordur.is) fjölga stöðugt. Fréttir eru skrifaðar af starfsfólki bæjarskrifstofu, auk þess sem stofnanir bæjarins og félagasamtök hafa sín fréttasvæði á vefnum.

Á árinu 2004 voru skrifaðar 395 fréttir á vefinn eða að meðaltali 8 fréttir í hverri viku. Heildarinnlit árið 2004 voru 67.774, sem er að meðaltali 186 innlit á dag.

### **Fræðslu- og menningarmál**

#### **Leikskólinn Sólvellir**

Á árinu voru um 49 börn í leikskólanum með mismunandi langan dvalartíma, en meðaldvalarstund var 6,1 klst. Tólf starfsmenn störfuðu við leikskólann í tæpum 9 stöðugildum, þar af fjórir leikskólakennarar.

Leikskólinn fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla til að vinna þróunarverkefni með ferlimöppur, sem eiga að skapa markvisst upplýsingaflæði milli heimilis og leikskóla.

Á árinu 2004 var settur upp nýr kastali á lóð leikskólans, m.a. með góðum stuðningi Styrktarsjóðs Ragnhildar Rúnar og aðstandenda sjóðsins.

Unnið var að hönnun viðbyggingar við húsnæði leikskólans Sólvalla. Stækkunin verður um 170 m<sup>2</sup> auk þess sem endurbætur verða gerðar á eldri hluta núverandi skólahúsnæðis. Það eru arkitektarnir Ormar Þór Guðmundsson og Örnólfur Hall sem teikna viðbygginguna, en þeir teiknuðu eldri byggingar hússins.

### **Grunnskóli Grundarfjarðar**

Á árinu voru um 199 nemendur í 10 bekkjardeildum. Við skólann störfuðu auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra 18 kennarar og 10 aðrir starfsmenn. Á liðnu ári var foreldrum nemenda í 1., 5., og 8. bekk boðið upp á námskeið til að kynna þeim ýmis áhersluatriði í námi og þroska barna á þessu skólastigi. Elstu börnum í leikskólanum var boðið að stunda nám í vorskóla, þar sem þau fengu smjörþefinn af því hvernig er að vera nemandi í grunnskóla, einnig var foreldrum þeirra boðið á kynningarfund vegna fyrirhugaðrar skólagöngu barnanna.

Verkfall grunnskólakennara sett svip sinn á skólalald haustsins, eins og annars staðar á landinu. Styrkur fékkst til þátttöku í Comenius-tungumálaverkefni, en skólinn sótti um styrk vegna samstarfsverkefnis við skóla í Paimpol í Frakklandi. Um haustið hófst undirbúningur nemenda 9. bekkjar vegna verkefnisins og lauk starfinu með gagnkvæmum heimsóknnum nemendanna vorið 2005.

Boðið var upp á heitar máltíðir fjóra daga vikunnar, en það er annað árið í röð sem nemendum gefst kostur á að kaupa máltíðir í skólanum og hefur það gefið góða raun. Heilsdagsskóli var starfræktur við skólann og var nemendum í 1.–4. bekk boðið upp á gæslu og heimanámsaðstoð.

Skólaakstur var boðinn út á árinu og samið við Dodds ehf. til næstu þriggja ára.



*Þorgerður Katrín  
Gunnarsdóttir mennta-  
málaráðherra við fyrstu  
skólasetningu FSN í  
ágúst 2004.*



### **Tónlistarskóli Grundarfjarðar**

Á árinu störfuðu með skólastjóra fimm kennarar við tónlistarskólann og höfðu þeir umsjón með um 114 nemendum, sem stunduðu nám á ýms hljóðfæri. Í samstarfi við grunnskólann var boðið upp á blokkflautukennslu og tónmenntakennslu í 1.-3. bekk grunnskólans nemendum að kostnaðarlausu og sem hluti af stundaskrá nemenda í grunnskólanum. Með því er lagður grunnur að nótalæsi og grunnatriði tónlistariðkunar kennd til að undirbúa nemendur fyrir frekara tónlistarnám. Haldnir voru nemendatónleikar að vori og á aðventunni, auk þess sem reglulega voru haldin samspil í tónlistarskólanum. Nemendur og kennarar heimsóttu og spiluðu fyrir leikskólabörn og íbúa dvalarheimilisins Fellaskjólsgata reglulega yfir veturinn.

### **Fjölbrautaskóli Snæfellinga**

Í lok ágúst 2004 var Fjölbrautaskóli Snæfellinga settur í fyrsta sinn. Rekstur skólans er alfarið í höndum ríkisins, en um byggingu húsnæðisins sá Jeratún ehf., félag í eigu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Jeratún á húsnæðið og leigir það ríkinu og sveitarfélögunum fjórum sem að skólanum standa. Töluverð undirbúningsvinna lá að baki samningagerð vegna samstarfs sveitarfélaganna innbyrðis og við ríkið um Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Aðsókn nemenda fór langt fram úr björtustu vonum og yfir 100 nemendur

stunduðu nám á haustönn. Starfið fór afar vel af stað og í desember lá fyrir að um 145 nemendur væru skráðir til náms á vorönn 2005.

Fjarnám á framhaldsskólastigi, sem rekið hafði verið í Grundarfirði með sérstöku sniði um fimm ára skeið, lauk því göngu sinni á vorönn 2004.

### **Samstarf skólanna**

Áhersla hefur verið lögð á gott samstarf milli allra skólanna í Grundarfirði, en eins og fram hefur komið var haldinn vorskóli í grunnskólanum fyrir leikskólabörnin til að undirbúa þau undir komandi skólagöngu og auk þess hefur tónlistarskólinn verið í nánú samstarfi við grunnskólann vegna tónlistarkennslu fyrir yngstu bekkjardeildirnar. Samstarf tónlistar- og leikskóla var ennfremur aukið verulega á árinu. Með tilkomu framhaldsskóla á svæðinu verður svo unnið að samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla.

### **Bókasafn Grundarfjarðar**

Á bókasafninu eru þrír starfsmenn í rúmu einu og hálfu stöðugildi, þar af er einn bókasafns- og upplýsingafræðingur. Bókasafn Grundarfjarðar hefur umsjón með skólabókasafninu og þjónar nemendum og starfslíði grunnskólans með móttöku nemenda, safnfræðslu og upplýsingaleit. Leikskólabörn fá safnfræðslu á lokaári sínu í leikskólanum.

Á miðju ári voru upplýsingar um lánþega og bókakost safnsins færðar í nýtt bókasafnskerfi, Gegni, sem nær til um 90% landsmanna. Á Gegni er hægt að leita að bókum og tímaritsgreinum, skoða útlán sín á vefnum og panta bækur. Safnkosturinn var þessi í árslok 2004: bækur 21.422 eintök, tímaritshefti 2.086, myndbönd, hljóðbækur o.fl. 707 eintök. Útlán safnsins árið 2004 voru samtals 10.649 og höfðu minnkað nokkuð frá árinu 2003 þegar þau voru 12.004.

### **Rökkurdagar**

Nýbreytni í menningarlífi Grundfirðinga var menningarhátíðin Rökkurdagar, sem haldin var að frumkvæði fræðslu- og menningarmálanefndar. Hátíðin stóð yfir í rúmar þrjár vikur í október-nóvember 2004. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá sem að mestu leyti var í höndum heimamanna, sem jafnframt voru meirihluti þeirra sem sóttu viðburði hátíðarinnar. Óhætt er að segja að

*Listakonur: Herdís Björnsdóttir, Dagbjört Lína Kristjánsdóttir, Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir og Kristín Péturdóttir Þær voru með samsýningu í Sögumíðstöðinn á Rökkurdögum.*



Grundfirðingar hafi tekið þessari nýbreytni í skammdeginu vel og var ákveðið að halda hátíðina aftur að ári.

## **Íþrótt- og tómstundamál**

### **Íþróttahús og sundlaug**

Gert var við einn vegg sundlaugarinnar á árinu, en ástand hennar var mun betra en margir höfðu þorað að vona.

### **Gervigrasvöllur**

Haustið 2004 var tekinn í notkun nýr sparkvöllur með gervigrasi á lóð grunnskólans, en verkið vann Grundarfjarðarbær í samvinnu við ÍSÍ sem kostaði gervigrasið á völlinn. Völlurinn er u.þ.b. 18x30 m eða um 540 m<sup>2</sup>, upplýstur og með snjóbræðsluhita undir grasinu. Verkefnið var hluti af sérstöku sparkvallaátaki ÍSÍ og afhentu fulltrúar KSÍ gjöfina formlega þann 1. desember.

### **Íþróttamaður ársins**

Íþrótt- og tómstundanefnd tók ákvörðun um að velja íþróttamann Grundarfjarðar og verður það gert á hverju ári hér eftir. Íþróttamaður ársins var valinn í byrjun aðventu, en að þessu sinni hlaut heiðurinn Ólafur Tryggvason úr Hesteigendafélagi Grundarfjarðar.

**Félagsstarf aldraðra**

Bæjarfélagið býður upp á tólmundastarf fyrir eldri borgara og hittast þeir einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina þrjá tíma í senn. Að jafnaði nýttu um 11 manns sér fönður eldri borgara á árinu 2004. Að auki hefur hið öfluga Félag eldri borgara haft aðstöðu í samkomuhúsinu fyrir leikfimi og ýmsa aðra viðburði á sínum vegum.

**Félagsmiðstöðin Eden**

Eden er opin unglíngum í 8. til 10. bekk grunnskólans á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, en aukið var við opnunartímamann á haustönn. Þar fá unglíngarnir tækifæri til að vera saman og spreyta sig í ýmsum leikjum og uppákomum. Einnig er íþróttahúsið opið unglíngunum á föstudagskvöldum þar sem þau geta komið saman. Meðal hápunktanna á liðnu ári voru Nesballið og Samfésballið.

**Forvarnir**

Við það að Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók til starfa breyttist mannlífsflóran á þann veg að ungt fólk í námi dvelur nú heima í stað þess að flytjast úr bænum vetrarlangt. Það felur í sér nýtt verkefni heima fyrir, þjónustu samfélagsins við þennan aldurshóp. Rauða kross-deildirnar á Snæfellsnesi höfðu frumkvæði að ráðningu forvarna- og tólmundafulltrúa skv. sérstökum samningi um það starf, þar sem sveitarfélögin skuldbundu sig til að taka þátt í verkefninu á móti deildunum. Forvarnafulltrúinn tók til starfa undir hatti Félags- og skólalþjónustu Snæfellinga með aðsetri í Fjölbrautaskólanum fyrst um sinn.

**Húsnæðismál**

Grundarfjarðarbær á 12 íbúðir sem eru í útleigu, auk kaupleiguíbúða eldri borgara. Seldar voru þrjár fasteignir á árinu og keyptar tvær nýjar. Á árinu 2004 voru tekin í notkun sjö ný raðhús eldri borgara við Hrannarstíg.

**Framkvæmda- og tæknimál**

Umhverfisnefnd sér um úthlutun lóða í umboði bæjarstjórnar. Á liðnu ári

*Byggingar-  
framkvæmdir í  
Grundarfirði.*



úthlutaði nefndin 23 nýjum byggingarlóðum, sem skiptast þannig: tvær iðnaðar-/athafnalóðir, ein lóð (viðbót) undir skólahúsnæði, þrjár lóðir undir verslunarhúsnæði, tvær undir parhús, níu undir raðhús og sex fyrir einbýlishús. Þegar þetta er ritað (júní 2005) hefur verið byggt eða er bygging hafin á fimm af þessum lóðum. Nokkrar úthlutanir hafa gengið til baka, en lóðarhafar halda ekki lóð lengur en 12 mánuði án þess að hefja framkvæmdir.

Nýjar reglur voru samþykktar á miðju ári af umhverfisnefnd og bæjarstjórn um úthlutanir lóða.

### **Áhaldahús/þjónustumiðstöð**

Einn fastráðinn starfsmaður gegnir stöðu verkstjóra allt árið. Er það breyting sem gerð var á árinu, en áður höfðu fastir starfsmenn verið tveir. Á sumrin fjölgar starfsfólk þegar sumarstarfsfólk og vinnuskóli bætast við, en þá aukast verkefni áhaldahúss verulega, t.d. vegna umhirðu opinna svæða.

### **Slökkvilið Grundarfjarðar**

Í slökkvilið Grundarfjarðar eru skráðir 19 menn sem skiptast í aðal- og varalið. Mannabreytingar urðu á árinu þegar fimm nýliðar bættust í liðið, þar af ein kona

sem er einnig sú fyrsta sem gengur í liðið. Í október hélt Brunamálastofunin í fyrsta skipti samæfingu með slökkviliðunum á Snæfellsnesi og var hún haldin að Gufuskálum. Útköll ársins voru fjögur, þrjú þeirra voru aðstoð við slökkvilið Snæfellsbæjar vegna bruna þar. Í forvörnum ber hæst að krökkum í unglingadeild Björgunarsveitarinnar voru kennd undirstöðuatriði í eldvörnum og í eldvarnarvikunni voru nemendum í 3. bekk grunnskólans kynntar forvarnir.

### **Framkvæmdir**

Á árinu 2004 var lokið við byggingu sjö íbúða raðhúss fyrir eldri borgara og öryrkja, eins og fyrr var greint frá. Unnið var við gatnagerð nýs íbúðahverfis við Ölkelduveg, en þar er gert ráð fyrir lóðum undir einbýlishús, raðhús og parhús og lóðum fyrir þjónustuíbúðir og stofnanir. Umfangsmiklar lagnaframkvæmdir fóru fram á vegum vatnsveitu og fráveitu í Hrannarstíg ofanverðum. Nýr gervigrasvöllur var gerður á lóð grunnskólans, eins og fyrr sagði. Hlaðin var sjóvörn í Torfabót og unnið við grjótvörn í höfninni milli stóru og litlu bryggju. Áfram var haldið hönnun viðbyggingar leikskólans og Teiknistofan Eik hannaði leikskólalóð. Einnig var unnið að undirbúningi verkefnis Vegagerðarinnar og bæjarins um „hverfisvæna leið“ um Grundargötu, en það miðar að auknu umferðaröryggi á þjóðvegi í íbúðabyggð.

### **Skipulagsmál**

Á árinu stóð yfir vinna við nýtt aðalskipulag dreifbýlis Grundarfjarðarbæjar, en vinnu við endurskoðun aðalskipulags þéttbýlisins lauk árið 2003. M.a. var fornleifafræðingur að störfum við skrásetningu fornminja í nokkra mánuði. Það er Teiknistofan Eik, Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt, sem er hönnuður skipulagsins. Gert er ráð fyrir að vinnu við aðalskipulag dreifbýlisins ljúki í lok árs 2005. Nokkur deiliskipulög voru í vinnslu á árinu 2004, svo sem á hafnarvæðinu og á miðbæjarsvæðinu.

### **Heitt vatn**

Boruð var rannsóknarhola í Berserkseyrarlandi fyrripart árs og gaf góðar væntingar um árangur í heitavatnsmálum. Það eru sérfræðingar hjá Íslenskum

orkurannsóknnum, dr. Kristján Sæmundsson og félagar, sem eru ráðgjafar bæjarins í þessum málum.

Þau eru mörg handtökin við undirbúning og stofnun hitaveitu. Á árinu var unnið að rannsóknnum og prófunum á vatninu, en efnainnihald vatnsins er nokkuð sérstakt. Vatnið hefur hátt sýrustig og er tærandi og gerir okkur örðugra um vik að velja lagnaefni og aðferðir við flutning vatnsins og dreifingu. Hitaveita þykir hins vegar nokkuð örugglega í sjónmáli.

### **Grundarfjarðarhöfn**

Árið 2004 var afar gott ár hjá Grundarfjarðarhöfn. Rúmum 15 þúsund tonnum var landað í höfninni, sem var 18,6% aukning frá árinu 2003. Vöruflutningar jukust enn fremur um höfnina. Um 7000 tonnum af olíu var skipað á land, sem er 52% aukning frá fyrra ári, og tæpum 1600 tonnum af sjávarafurðum, sem er 85% aukning. Frá höfninni voru fluttar 335 gámaeiningar, sem er 35% aukning frá 2003.



Frá Grundarfjarðarhöfn. Mynd: Sveinn Arnórsson.



*Nýr vegur og brú yfir Kolgrafafjörð. Mynd: Gunnar Kristjánsson.*

Þrettán skemmtiferðaskip heimsóttu Grundarfjarðarhöfn á árinu, fleiri en nokkru sinni fyrr. Grundarfjarðarhöfn gerðist aðili að Cruise Iceland-samtökunum sem stofnuð voru á árinu af höfnum og öðrum hagsmunaaðilum tengdum komum skemmtiferðaskipa.

Grundarfjarðarhöfn var meðal allra fyrstu hafna til að ljúka gerð verndaráætlunar skv. ákvæðum alþjóðasamþykktar um siglingavernd og fá staðfestingu Siglingastofnunar Íslands á gildi hennar. Margvíslegum öryggisráðstöfunum hafði verið hrint í framkvæmd skv. áætluninni, en nýju reglurnar um siglingavernd tóku gildi þann 1. júlí.

Helstu framkvæmdir hjá höfninni voru lagfæringar grjótgærðs á milli stóru og litlu bryggju. Þar var grjótvörnin tekin upp og henni endurraðað og bætt við hana, þar sem endurkast þótti myndast af henni, eftir að Norðugarður (stóra bryggja) var lengd. Ennfremur var unnið að öryggismálum hafnar og gerðar ráðstafanir skv. reglum um siglingavernd, svo sem uppsetning varnargirðingar, myndavélar o.fl.



## **Annað**

Menningin blómstraði á árinu. Grundarfjarðarhátíðin, Á góðri stundu í Grundarfirði, var sérlega eftirminnileg. Hverfahátíðir – gulur, rauður, grænn og blár – með grillveislum og litríkum skrudgöngum verða lengi í minnum hafðar – og blessuð blíðan!

Vorgleðihópurinn skemmti Grundfirðingum svo um munaði - að sjálfsögðu um vorið - og lagði innkomu skemmtunarinnar í fjárfestingu í hljóðkerfi samkomuhússins og til málefna unglunga í Grundarfirði.

Söngsveitin Sex í sveit heillaði Reykvíkinga á vetrarhátíð í höfuðborginni í febrúar og Dixielandband Grundarfjarðar hélt tónleika í sömu borg í marsmánuði. Fleiri listamenn unnu að „útrás“ grundfirskrar menningar, t.d. Friðrik V. Stefánsson, skólastjóri Tónlistarskólans og organisti Grundarfjarðarkirkju, sem hélt orgeltónleika í Stokkhólmi, Stykkishólmi og víðar.

Ljósmyndavefur Bæringsstofu, sem er til húsa í Sögumiðstöðinni, var opnaður á fæðingardegi Bærings heitins þann 24. mars.

Þann 16. júní var Gestastofa svo opnuð í Eyrbyggju - Sögumiðstöð, enn einn áfanginn í uppbyggingunni þar og rúmum mánuði síðar var sýningin Íslands þúsund ár opnuð „á góðri stundu ...“ og hulunni svipt af vélbátnum Brönu SH sem gerður hafði verið upp. Í desember var svo opnuð Jólafest í Sögumiðstöðinni.

Fimmta bindi ritsins Fólkið, fjöllin, fjörðurinn kom út á vegum Eyrbyggja, Hollvínasamtaka Grundarfjarðar, í lok júlí, og enn fremur kort Reynis Ingibjartssonar um Mið-Snæfellsnes.

Umhverfisráðherrar voru skipaðir í fjórum hverfum bæjarins og veittu bæjarstjóra og starfsmönnum ráðgjöf um umhverfismál - almennt ástand í byggðarlaginu. Ætlunin er að vinna áfram á þeim nótum og nýta ráðherrana í því viðfangsefni að betrumbæta umhverfið.

Nýr vegur og brú yfir Kolgrafafjörð var stór áfangi fyrir Snæfellinga og mikið framfaraspor.

Þann 13. desember hleypti samgönguráðherra umferð formlega á hið nýja samgöngumannvirki. Vegabæturnar eru kærkomnar enda Kolgrafafjörðurinn löngum verið farartálmi.

Aðra viðburði og málefni mætti nefna sem komu til kasta bæjarfulltrúa, nefndafólks og starfsmanna, sameiningarmál, úthlutun byggðakvóta,

vatnsrannsóknir í Hafliðagili, frönsk vinabæjarsamskipti og svo mætti lengi telja.

Lokaupprifjunin er þó um litla frétt sem vakti samt mikla athygli, en hún birtist á baksíðu Moggans í byrjun nóvember og bar yfirskriftina: Grundfirðingar allra bjartsýnastir. Var þar vísað til niðurstaðna könnunar Byggðarannsóknastofnunar Íslands um tengsl samfélagsanda og nýsköpunarstarfs í tilteknum landshlutum, en þar kom fram að 87% Grundfirðinga sögðust bjartsýn á framtíð byggðarlagsins hvað varðar atvinnuþróun og skáru sig með því verulega úr í svörum.

Það er von undirritaðrar að þessi upprifjun megi verða Grundfirðingum og öðrum áhugasömum til nokkurs fróðleiks og gagns.

Stórir áfangar náðust á árinu 2004, en mikilvægasti tíminn er sá sem er fram undan. Hann verðum við að nýta vel og ekki skortir okkur verkefni – né tækifærin.

*Hallur Pálsson*

# Hestamennska í Eyrarsveit

Ég fæddist árið 1960 á Garðsenda í Eyrarsveit og ólst þar upp til sjö ára aldurs. Mér varð það þá þegar ljóst að þar væri mikill hestamaður fæddur. Þá var á Garðsenda grá hryssa sem hét Fluga, var hún komin vel yfir tvítugt. Hún var aðallega notuð fyrir kerru til að aka heyi og skít á tún. Undan Flugu var steingrár foli sem hét Þytur. Var hann frekar styggur og vildi frekar vera með stóðmerunum á Akurtröðum. Þegar Torfhildur systir fór á hestbak á Flugu reið ég á Þyt yfir tún og engi í huganum, því ekki var kjarkurinn mikill í þá daga. Í Nýjabúð var jarpur klár sem notaður var til að slóðadraga tún og vinna ýmis landbúnaðarstörf. Guðmundur á Hallbjarnareyri átti Stóra-Brún, fullorðinn klár sem notaður var í smalamennsku, og Litla-Brún sem var ótaminn. Árið 1965 kom Ljóska, leirljós hryssa frá Hallkelsstaðarhlíð, að Garðsenda. Var hún fylfull að Skjónu sem er formóðir hrossanna að Naustum.

Steini frá Arnarhóli átti brúna hryssu sem Brúnka hét. Að sögn föður míns Páls og Kristjáns frá Skallabúðum var þetta mesti gæðingur sveitarinnar.

Fyrstu kappreiðarnar sem ég upplifði var þegar Gunnar frá Skallabúðum keppti á kerruhryssunni Flugu á móti reiðhryssunni Brúnku frá Arnarhóli. Knapi á Brúnku var Grettir Börkur sem var í sveit á Skallabúðum. Ég var mjög stoltur þegar kerruhryssan og Gunnar sigruðu. Riðu þeir berbakt og með bandbeisli.

Þegar ég fór í skóla í Grundarfirði fór ég að fylgjast með með hestum og hestamönnum þar. Á Hömrum voru nokkrir hestar. Þeir sóttu mikið út í Grundarfjörð. Minnst ég þar rauðblesóttar og rauðskjóttrar hryssna. Sóttu



*Hallur Pálsson á Dögg frá Naustum í hópreið fyrir hestamannafélagið Snæfelling á landsmóti hestamanna á Vindheimamelum árið 1990.*

Þær mikið í ruslatunnur eftir brauðmolum. Ruslatunnuskjóna var gæf hryssa, enda þreyttu margir krakkar frumraun sína í tamningum á henni. Í stað beislis var notaður snærisspotti. Þar voru fremstir í flokki Diddi Bjössa, Bárður, Gísli Ólafs, Friðrik, Gústi Jóns, Ólafía og Erna Birna. Voru þau öll ákveðin að verða hestamenn þrátt fyrir að þau fengu stundum flugferð af henni Skjónu.

Um 1970 fór að aukast áhugi á hestamennsku í Grundarfirði. Þar voru fremstir í flokki Tryggvi Gunnarsson, Bjarni Eyjólfsson og Kjartan Jeramíasson. Tryggvi átti gráan klár frá Vindási sem Fákur hét. Þegar hann reið um á Fák, sáu menn að þar var mikill gæðingur á ferð. Vorum við strákarnir ákveðnir að svona hest vildum við eignast. Bjarni Eyjólfsson átti brúnskjóttan klár sem hét Bliki. Það var mikill yfirferðarhestur. Þegar Bjarni reið um á Blika sást blik í augum kvenþjóðarinnar. Kjartan Jera átti mósóttan klár frá Grund sem hét Mósi. Var það góður reiðhestur.

Fyrsta hesthúsið þeirra var gamalt fiskverkunarhús fyrir neðan Gröf.



*Sigurður Helgason (Siggi í Koti), tengdasonur og barnabarn ásamt hestinum Hring frá Koti. Mynd í eigu Áslaugar Pétursdóttur.*

Sumargirðing fyrir hestana var fyrir utan pósthúsið. Fljótlega var hesthúsið flutt að Sæbóli ( þar sem Sæból 24 er) þar sem var gamalt fjós og hlaða. Byggðu Tryggvi og Bjarni við fjósið en Kjartan innrétaði gamla fjósið fyrir hesta. Nutu þeir aðstoðar við hirðingu frá ungum, verðandi hestamönnum. Þar á meðal voru Diddi Bjössa, Gústi Ívars og Friðrik Tryggva. Að launum fengu þeir að hreyfa gæðingana.

Að Sólvöllum var Rögnvaldur Guðlaugsson með hesthús, átti hann um fjóra hesta. Hans aðalreiðhestur var Ljúfur, stór, brúnn klár.

Víkjum við þá okkur út að Bergi. Þar bjó Sigurvin Bergsson, átti hann stóð upp á 20 hross. Hans aðalreiðhestur var Sörli sem var mikill skeiðhestur, fóru hann og Venni oft hratt yfir því Venni var yfirleitt á hraðferð.

Í Lárkoti var Sigurður Helgason með fjölda hesta. Hans aðalreiðhestur var Hringur og reið hann oft á stökki til að hafa í við Venna. Í Koti var ungur drengur að hefja sína hestamennsku, hann heitir Pétur og var yfirleitt kenndur



*Hestamenn úr Grundarfirði í Grundarrétt. Mynd í eigu Áslaugar Pétursdóttur.*

við Kot. Æfði hann ýmsar listir í hestamennsku úti í Koti sem hann hafði séð leiknar í kúrekamyndum. Fékk hann þá viðurnefnið Indjánahöfðinginn. Flutti hann seinna inn í Grundarfjörð og var með hesthús fyrir neðan Steinatjörn þar sem Smiðjustígur er núna.

Á Kverná bjó ungur maður sem heitir Ragnar Jóhannsson. Hafði hann mikinn áhuga á hestamennsku. Hann fór í Bændaskólann á Hvanneyri og nam þar á meðal tamningar. Kom hann ári seinna og keypti rauðskjóttan klár frá Grund sem varð góður reiðhestur. Þar var kominn menntaður tamningamaður á svæðið og fékk hann strax hesta í tamningu.

Tvær jafnöldrur mínar, þær Ólafía Hjálmarsdóttir og Erna Birna Forberg, voru ákveðnar að láta draum sinn rætast og verða hestakonur. Þegar leið að fermingu fóru feður þeirra að leita að hentugum reiðhestum. Örn, faðir Ernu, keypti rauðan klár frá Bjarnarhöfn sem fékk nafnið Trítill. Var hann mikill brokkari. Hjálmar, faðir Ólafíu, fór inn að Kóngsbakka og fann þar hryssuna Stjörnu. Var hún brúnstjörnött og gott reiðhross. Væntalega hefur verið mikil gleði þann fermingardag. Voru þær saman með hesthús við Hamrahlíð



*Friðrik Tryggvason á Fák frá Vindási. Myndina tók Hallur Pálsson á félagsmóti Snæfellinga á Kaldármelum.*

4. Var Trítill fóðraður eftir erlendum stöðlum sem Örn las um í erlendum hestatímaritum. Þótti okkur bekkjarfélögum þeirra lítið varið í þau vísindi, þar sem við töldum að feður okkar vissu betur. Við Friðrik fórum aðra leið, við fengum hvor sitt folaldið. Ég fékk móalóttan fola undan Ljósku, en Friðrik rauðan fola frá Vindási. Þar sem við vorum fæddir tamningamenn, ákváðum við að temja þá sjálfir. Vorum við farnir að setjast á bak þegar þeir voru á þriðja vetri. Ekki var efniviðurinn eins góður og hæfileikar okkar í tamningum.



*Hallur Pálsson og Gustur frá Naustum. Myndina tók Hrafnhildur Pálsdóttir á Garðsenda.*

Didði Bjössa fékk brúnan klár sem Rökkvi hét. Var það mikill gæðingur og kappreiðavakur. Gústi Ívars fékk Mósa í fermingargjöf frá Kjartani Jera.

Um 1975 voru reist þrjú hesthús þar sem hesthúsaðverfi Grundarfjarðar er nú. Þá höfðu bæst í hestamenskuna Ditta með hestana Dittu-Blesa og Randver og Geiri píp með Roða. Þá fóru hestamenn að huga að því að kaupa sér betri hross. Þar er helst að nefna eftifarandi: Sunnu frá Fáskrúðarbakka sem Bjarni Eyjólfsson keypti. Hún stóð síðan efst á Fjórðungsmóti Vesturlands 1980



í flokki sex vetra hryssna og eldri. Einnig eignaðist Bjarni Flugu frá Vindási sem er móðir Brönu frá Kverná, en hún lék Grána í myndinni „Nonni og Manni“. Pétur í Koti keypti tvær skjóttar hryssur frá Hnjúki í Vatnsdal. Einnig keypti hann Brúnblesa frá Hoftúnum sem var fyrstu verðlauna stóðhestur. Afkomendur þeirra eru uppistaða í bíóhestum og birtast í flestum kvikmyndum sem teknar eru á Íslandi. Tryggvi Gunnarsson keypti Glettu frá Vindási sem folald. Út af henni eru mörg fyrstu verðlauna hross kominn.

Um 1977-78 var komið að því að menn ykju við kunnáttu sína í reiðmennsku. Var þá fenginn færasti reiðkennari á landinu, Reynir Aðalsteinsson. Átti hann að kenna okkur ýmsar nýjungar í reiðmennsku. Skráðu sig á námskeiðið allir þeir sem höfðu hest til umráða. Með mér í hóp voru Raggi Alfreðs á Dittu-Blesa, Jón Bjarni á Skottu, Agnar Gulla á brúnni hryssu, Hrafnhildur systir á Gusti, Krissi frá Hömrum á Stjarna og Svavar Sigmundsson á rauðum klár. Kenndi Reynir okkur nýjustu kúnstir frá Evrópu eins og hindrunarstökk og fleiri æfingar. Gekk okkur misjafnlega að leysa þessar æfingar en hestarnir gátu nýtt sér hæfileika sína í hindrunarstökkinu þegar þeir áttu að vera innan girðingar sem þeim líkaði ekki. Þá var bara tekið tilhlaup og svifið yfir girðinguna. Að loknu námskeiði var slegið upp móti á bökkunum við Kirkjufell.

Á hverju ári var efnt til hópferðar á Kaldármela enda var þar haldið á hverju ári félagsmót Snæfellinga. Voru þá járnaðir allir reiðfærir hestar enda um stórviðburð að ræða. Yfirleitt var riðið þangað í tveimur áföngum en oft í einum til baka. Gátu þessar ferðir því oft verið erfiðar fyrir alla. Sérstaklega minnisstæður úr þessum ferðum er Sigurvin á Bergi. Hann gat verið ansi hvass þegar hann skipaði okkur strákunum að ríða í veg fyrir hestana þegar þeir voru að reyna að sleppa. Var ég oft lafhræddur við hann þá og reyndi að standa mig sem best til að styggja kallinn ekki En þegar hann talaði við stúlkurnar, þær Hrönn á Hömrum og Hrafnhildi systur, þá kvað við annan tón og hann sagði: „Hvað segirðu, góða mín, má ég ekki bjóða þér betri hest?“

Síðan hefur fjölgað hestamönnum í Grundarfirði og átt sér stað mikil uppbygging í hesthúsahverfi bæjarins. Núna keyra menn hestana á mótin til að taka þátt í keppni og hestaferðir hafa tekið á sig aðra mynd.

*Karl Kristjánsson*

# **Ball í Þinghúsinu á Grund 1927**

Það var sunnudagur 13. mars 1927 að við komum saman þrjú ungir piltar á heimili mínu, Grund í Grundarfirði, sem var miðsveitar og þar var samkomustaður sveitarinnar, Þinghúsið. Tilfni þessa samfundar okkar var að ræða undirbúning og gera áætlun um að reyna að halda ball eða dansskemmtun o.fl. eftir hálfan mánuð eða laugardaginn 26. mars.

Fyrsta skilyrði var að það væri fullt tungl og treysta svo á að skaparinn gæfi gott og hagstætt veður. Þá var ekki hægt að hringja í Veðurstofuna til að tilspyrjast fyrir um veðrið og enginn sími í sveitinni. En útlitið var gott, gangfæri með besta móti og flestar ár á ís og eins lítill snjór, svo það var best að vera bjartsýnn og taka ákvörðun.

Þá var það fyrst að semja skemmtanaauglýsingu og láta hana ganga rétta boðleið bæ frá bæ, því bæirnir voru í réttri röð til beggja handa út frá samkomustaðnum. Það var samin skrá yfir skemmtiatriðin og skrifuð í þremur eintökum, svo öruggt var að hún bærisk um alla sveitina fyrir auglýstan tíma. Hún orðaðist þannig:

**Laugardaginn 26. þ.m. verður skemmtun í samkomuhúsi hreppsins  
og byrjar kl. 7 e.h.**

Til skemmtunar verður: Ræða, þá upplestur úr ljóðum Davíðs Stefánssonar, sögð ferðasaga og hópöngur.

Síðast dýnjandi dans undir harmoníkumúsík okkar vinsæla spilara.  
Kaffiveitingar á staðnum með 5 kökusortum og bollinn á 50 aura.

Aðgangur ókeypis.

Undirskrift: 3 dansglaðir guttar.

Þá var það næst að ákveða kökumeðlætið og skipta bakstrinum á milli sín. Tvær tegundir formkökur, tvær tegundir smákökur og kleinur. Nú þurfti að gera ferð í kaupstaðinn til að kaupa í baksturinn. Í góðu veðri og góðu göngufæri var það tíu tíma gangur fyrir röskan mann en í misjöfnu veðri og vondu göngufæri með byrði á baki gat það tekið þrjá daga.

En það var ekki horft í það og snarast af stað næsta dag, og af því veðrið lék við okkur, tók það okkur ekki nema tvo daga.

Þá þurfti að koma sér vel við kvenfólkið til að baka, og í þetta sinn eins og svo oft fyrr og síðar lenti það allt á mæðrum okkar. Svo þurfti að fá lánaða diska, bolla, glös, katla og könnur, skeiðar og dúka, olíulampa og olíuofn, því húsið var úpphitað og síðast olíu til brennslu á þetta allt. Svo öll þessi fyrirhöfn og undirbúningur allur gat tekið á aðra viku. Okkar ágæti harmoníkusnillingur átti heima á næsta bæ við mig og ætlaði hann að spila alla nóttina fyrir frítt kaffi og meðlæti eins og hann gat í sig látið.

Það var kominn miðvikudagur 23. mars og þrír dagar til skemmtunarinnar og tíðin eins góð og frekast var hægt að hugsa sér eða kjósa og maður var farinn að heyra að allir ætluðu að fjölmenna. Nú mátti ekki láta standa á neinu og ekkert mátti vanta, heldur birgja sig vel upp af kaffi, sykri, kökum, mjólk o.fl. ef fjölmenni yrði, ekkert mátti mistakast og allt að vera í lagi.

Samkomuhúsið var timburhús, panelklætt að innan og í lofti en járnklætt að utan og þakið. Húsið var stór salur með bekki á tvo vegu, hliðarherbergi voru tvö, annað stórt og hitt minna, forstofa og lítið herbergi til að hita kaffi í og hafa þar alla aðstöðu til veitinga, þótt oft væri þröngt á þingi. Forstofuherbergið og stærra herbergið inn af voru notuð til að spila í og drekka og rabba saman. En litla, innsta herbergið tókum við fyrir snyrtiherbergi fyrir dömurnar, þar sem þær gátu þvegið sér og greitt og snyrt sig til. Þar var sett vaskafat, handklæði, sápa og spegill og svo veitt aðstoð eftir þörfum með vatn o.fl.

Þegar öll snyrtingin var tilbúin voru settar þar upp snúrur og öll hlífðarföt og sokkablögg sett þar inn til þurrks og geymslu.

Við skemmtinefndin, eða þrír dansglaðir guttar, komum saman á fimmtudagskvöldið til að ganga endanlega frá öllu og skipta með sér verkum. Ég var kosinn með tveimur atkvæðum móti einu til að setja skemmtunina og stjórna ballinu. Hinir skiptu á milli sín að sjá um kaffiveitingar og aðstoð alla við gesti okkar, einkanlega að sjá um dömurnar, að þær vantaði ekkert. Svo skrifaði hver hjá sér það sem hann átti að koma með, en leirtau og borðbúnað fékk ég hjá mömmu því ég bjó á staðnum. Svo áttum við allir að vera komnir á staðinn ekki seinna en kl. 5. e.h. Nú var bara að bíða og vona að góða veðrið og gangfærið héldist.



*Karl Kristjánsson.*

Nútímaungmennin hefðu bara opnað fyrir sjónvarpið og hálærðir veðurfræðingar sagt þeim fyrir um veðurbreytingar fram undan. En við á þeim árum höfðum aðallega snjótittlinga fyrir veðurfræðinga, og ef þeir fóru að koma heim á bæina í stórum hópum, þá vissi það alltaf á vont veður. Eins ef rosabaugur var í kringum tunglið, þá kom óveður úr þeirri átt, sem dyrnar á rosabaugnum vísuðu til. Ef norðurljósin leiftruðu vissi það á storm. Svo mátti greina dökk eða grá óveðursský og ef fór að heyrast í fossinum og hann fór að rjúka, þá var víst að norðanátt var í aðsigi.

Nú var ekkert af þessu sjáanlegt en seint á fimmtudagskvöldið fór hann að draga upp bliku á vesturloftið. En hann greiddi það stundum upp aftur svo maður varð að vona það besta og með bjartar vonir hvarf maður inn í draumalandið.

Þegar maður vaknaði á föstudagsmorgun var allt orðið skýjað og byrjað að detta úr honum snjókomu og snjótittlingarnir komnir í stórhópum. Um

hádegisbilið var komin logndrifu stór sortabyllur þar sem hvert snjókorn breiddi úr sér eins og vængjað fiðrildi til að þekja sem stærstan flöt, eins og kornin væru í kappi hvert við annað, og þessi lognbyllur stóð óslitið fram til hádegis á laugardag. Þá var kominn jafnfallinn snjór í hné og mitt læri og svo laus að ekkert mátti hreyfa vind svo ekki væri komin iðulaus skafbyllur.

Átti þá hálfsmánaðarstrit og tilhlökkun að hrynja til grunna og fenna í kaf? En nú þýddi ekki að vola og væla, heldur brjóta allan efa á bak aftur, þótt líkurnar væru 99 á móti 1 að nokkur færi að heiman frá sér í slíku útliti.

Ef unga fólkid þá hefði verið háð blikkbeljum eins og í dag, þá hefðu allir setið heima og enginn komist neitt. En þá varð unga fólkid að treysta á sína eigin orku og viljaþrek og brjótast á móti óblíðum náttúruöflum.

Strax og kafaldið tók upp fór ég niður að samkomuhúsi, mokaði frá því á alla vegu og sótti vatn í tvær tunnur. Svo var farið að bera niður eftir leirtauið og allt sem því tilheyrði og því raðað upp á sinn stað. Svo þurfti að setja olíu á alla lampana og hvern á sinn stað og kveikja á olíuofninum og hita húsið upp.

Veðrið hélst. Sama lognið en loftið dimmt og þungbúið. Maður skrapp heim, skipti um föt og fékk sér hressingu og þá var maður kominn í stuð og við öllu búinn. Ekki þurfti maður að bíða lengi, því klukkan sex fór það fyrsta að koma. Klukkan sjö var orðinn húsfyllir af ungu, hraustu og lífsglöðu fólki, körlum og konum, og áttu þau það eitt sameiginlegt áhugamál að skemmta sér af lífi og sál eina næturstund.

Þegar allir höfðu farið úr snjófötum sínum og sett á sig dansskóna og dömurnar búnar að snyrta sig, þá var dömuklefinn tekinn undir snjófötin og sokka og þetta hengt upp til þurrks á snúrur. Svo var gengið á salinn með skóflum og mokað út snjónum og þvegið svo yfir á eftir. Síðan var farið með mótórlampa yfir gólfið til að þurrka það mesta, svo þurfti að láta gólfið jafna sig og þorna.

Á meðan setti ég skemmtunina og lét skemmtiatriðin fara fram. Ég byrjaði að þakka þann mikla dugnað, sem þessi góða aðsókn á skemmtistað sýndi, með því að bjóða birginn vegalengdum, veðurfari, vösbúð og þreytu. Þetta sýndi best þá knýjandi þörf fyrir að gleðja sál og sinni, lyfta sér upp frá steindauðum hversdagsleikanum með jafnöldrum sínum, æskuörvandi hóp og glöðu fólki og sannast best hér hið góða gamla og sígilda orðatiltæki: „Maðurinn lifir ekki á einu saman brauði“. Hann er fæddur félagsvera og því félagslíf í starfi og gleði

honum jafnnauðsynlegt og fæði og klæði. Ég tilkynnti að skemmtiatriðin yrðu þau sömu og í sömu röð og auglýst var, nema hvað ferðasagan, sem var í bundnu máli, yrði sungin og leikin um leið og síðan hópsöngur og það ég alla að taka vel undir. Svo gátu þeir spilað sem þess óskuðu og til að gleðja munn og maga yrðu kaffiveitingar með fimm kökutegundum og verð samkvæmt auglýsingu. Síðan kynnti ég það síðasta á dagskránni, sem allir biðu eftir með óþreyju, hinn dunandi dans undir taktföstum og hljómfögurum tónum okkar vinsæla harmoníkuleikara „og get ég sagt það til gamans að hér verður meðal gesta okkar í kvöld annar góður spilari, sem hefur lofað að hvíla hinn, svo ekkert hlé þurfi að verða á dansgleðinni. Ég vona svo að við megum öll eiga hér gleðiríka samverustund og allir fái endurgoldið fyrir áhuga sinn og erfiði að brjótast á skemmtistað í þessari ófærð, að endirinn megi svo verða eins og upphafið, að allir komist heilir heim með óafmáanlegar endurminningar í brjósti sér.“

Foreldrar mínir, Ragnheiður Benediktsdóttir og Kristján Þorleifsson, og heimafólk komu til að heyra og sjá skemmtiatriðin og fá sér dansspor. Þau voru frjálslýnd í hugsun og skildu svo vel unga fólkið í gleði, leik og starfi. Þau voru bæði söngelsk og lagviss og tóku að sér að leiða og stjórna fjöldasöngnum, sem tókst með ágætum. Fólkið söng af sér dreifbýlisslenið, söng sig saman og hitaði sig upp undir eftirvæntinguna í dansgleðinni.

Þegar skemmtiatriðin voru búin, sem tókust öll með ágætum, hafði gólfið þornað, þreytan liðið úr göngulúnu fólki og sumir fengið sér kaffihressingu og meðlæti. Svo var tálgað niður kertavax á gólfið til að það yrði hálla til dansleiks. Síðan hófst hinn seiðandi, kitlandi og æsandi danshljómur með dýnjandi gleði. Það voru polkar, rælar og valsar, marsar og vaðmálsdans, dömufrí. Gólfið snarfylltist strax og ekki hægt að merkja að hér væri að skemmta sér göngulúíð fólk, sem búið væri að ganga í þrjá tíma í vondri færð.

Lífsgleðin skein á hverju andliti og það var sönn lífsgleði æskunnar, því það skal tekið fram að þá þekktist ekki að hafa vín um hönd hjá unglingum. En einstaka fullorðinn maður hafði með sér brjóstbirtu til hátíðarbrigða en í svo miklu hófi að ekki var hægt að merkja það.

Það var fastur siður hjá okkur á dansleikjum að láta engan verða afskiptan í dansi, sem langaði til að dansa. Fólk var feimið, sumir að koma í fyrsta sinn o.s.frv. Við liðum engum að sitja og velgja bekkina. Við frökkustu dansherrarnir fengum með okkur bestu dansdömunar og svo var skipst á að dansa við hitt

kynið sitt á hvað og þótti þetta afar mikill félagsþroski og örvaði fólk til að koma og njóta sín og skemmta sér með glöðum jafnöldrum. Þarna þekktust allir. Sömuleiðis fylgdist maður með, ef fólk var það auralítið, að það gat ekki fengið sér kaffi. Sumir áttu fátæka foreldra, sem gátu ekki gefið þeim aur, aðrir áttu þröngsýna foreldra, sem voru á móti því að krakkarnir færu út af bæ nema í fylgd með foreldrum sínum og þá helst í kirkjuferð eða heimsóknir á næsta bæ. Þetta átti þó helst við um dæturnar. Þessum krökkum voru öllum gefnar veitingar, kaffi eða mjólk og brauð. Það urðu allir að fá hressingu og njóta sín.

Þegar spilararnir spiluðu eitthvert hrífandi fallett lag, þá skalf húsið af gleði og söng, ískrum, pískrum, hvíslum og hlátrum. En aðrir skemmtu sér við spil og spjall, sögur og kvæði.

Svo leið nóttin frá öllum alltof fljótt. Eftir því sem á nóttina leið fór fólkið að dansa sig meira saman eftir smekk, tilfinningum og hýru augnatilliti. Og undir það síðasta bað ég spilarana að spila hægán og fallegan vals og kallaði svo dömufrí til að lofa þeim að velja sér sinn hjartfölgna. Þetta var sú unaðsstund, sem beðið var eftir, að mega svífa í síðasta dansinn með sína heittþráðu dís. Finna hennar fjaðurmögnuðu hreyfingar og léttu, leikandi, taktföstu dansspor, sjá brjóstin bylgjast, finna rakan andardráttinn og snerta hennar silkimjúku og rauðu vanga um leið og maður hvíslaði í eyra hennar einhverju sem kitlaði hennar kristalstæru og hljómfögru seiðandi hlátra, sem smituðu allan salinn.

En tíminn rann og hjartað brann og áður en varði var klukkan orðin sjö að morgni og best að hætta hverjum leik þá hæst hann ber.

Veðrið hélst alveg eins og daginn áður, logn og þykkt loft og snjórinn farinn að síga saman og birtan í hönd. Snjófötin voru tekin fram aftur. Hver fór í sitt og það sem áður var blautt var nú orðið þurrt, því olíuofn var hafður til að þurrka fötin. Síðan var kvaðst með gleðibrosum og þakkað fyrir skemmtilega stund með handabandi og strengd þess heit að endurtaka þetta fljótt aftur. Svo hvarf fólkið í hópum eftir samleiðum.

Þá var þessi langþráða, gleðiríka stund runnin út í tímans haf. En eftir voru ógleymanlegar, sólbjartar minningar og tilhlökkun til næstu samfunda. Og einn var ég aftur orðinn með alla bolla, diska og glös óhrein. Öll box tóm, því salan gekk vel. Þá þurfti ég að fara að hita vatn í upphvott og þakka niður í umbúðir aftur og skila hverjum sínu og ganga frá húsinu.

Hálfsmánaðarstrit og áhyggjur burtu roknar og að fullu greiddar en í staðinn sólbjart og fagurt gleðibros og heitur koss á spjöldum minninganna til að ylja sér við í hversdagsleikanum. Hver hefði viljað missa af því?

Karl Kristjánsson var fæddur á Hjarðarbóli 29. ágúst 1907, sonur hjónanna Ragnheiðar Benediktsdóttur og Kristjáns Þorleifssonar frá Bjarnarhöfn, sem lengi var hreppstjóri Eyrarsveitar og bjó á Hjarðarbóli frá 1901 til 1920 er hann fluttist með fjölskylduna, konu og fjóra syni, Odd, Benedikt, Karl og Gunnar, að Grund og bjó þar til til 1929 er Ragnheiður lést langt um aldur fram.

Karl var búfræðingur frá Hvanneyri. Að námi loknu stóð hugur hans til búskapar með nýtingu þeirrar tækni og nýjunga, er hann hafði öðlast með búfræðináminu. Hann falaðist eftir kaupum á Grund en eigandinn, Ólafur Stephensen, sem bjó í Reykjavík og hafði leigt Kristjáni, föður Karls jörðina, vildi ekki selja hana heldur leigja áfram. Að byggja jörðina upp sem leiguliði hugnaðist Karli ekki og hann fluttist því til Reykjavíkur ásamt bræðrum sínum og starfaði þar hjá borginni, lengst af við verkstjórn og farnaðist vel bæði í lífi og starfi. Hann var ætíð hrókur alls fagnaðar og hvers manns hugljúfi. Alla tíð unni hann sveitinni sinni fyrir vestan mjög og þá mest fæðingarstaðnum, Hjarðarbóli, sem hann heimsótti hvert sumar meðan líf og heilsa entist með eiginkonu sinni, Svövu Lárusdóttur, og dætrunum Ragnheiði, Svölu og Hafdísi.

Karl lést 1995 á 88. aldursári. Frásögn þessa ritaði hann 1977.



*Særún Sigurjónsdóttir*

## Fermingarminningar

Dagurinn rann upp eftir langa bið, ég var full tilhökkunar yfir tilstandinu og gjöfunum en kveið fyrir athöfninni sjálfri.

Ég hafði farið út að mæla göturnar kvöldið áður ásamt flestum fermingarsystkinunum og fékk ég orð í heyra fyrir það að vera ekki heima að hjálpa til þar sem þetta var mín ferming.

Allir ættingjarnir voru komnir og gistu á dýnum alls staðar þar sem hægt var í húsinu, það var þá svo langt úr Reykjavík.

Ég man að ég þurfti að vakna eldsnemma til þess að fara í hárgreiðslu en þar var ég svo mætt ásamt fermingarsysturum mínum og nokkrum mömmum og ömmum. Svava Einarsdóttir kom á hverju ári ásamt vinkonu sinni og lögðu þær undir sig svefnherbergi Stínu og Einsa og notuðu holið fyrir framan til að láta viðskiptavinina bíða. Þær voru komnar með nýjustu greiðslurnar úr bænum.

Þegar heim var komið var svo farið í fötin. Ég hafði farið með mömmu suður til þess að velja fermingarfötin og hafði valið bleikt pils og jakka, hvíta skyrtu og ljósgrátt bindi og támjóa, gráa skó með pínuhæl. Mér fannst þetta mjög flott og notaði lengi. Ég litaði jakkann og pilsíð blátt í síðasta bekk í grunnskóla og notaði fyrsta árið í framhald.

Í kirkjuna áttum við að mæta hálfri klukkustund fyrir messu og byrjuðum niðri í safnaðarheimili þar sem við fórum í kyrtlana. Og presturinn okkar, hann Jón Þorsteinsson, fór enn og aftur yfir með okkur hvernig þetta átti allt að fara fram og spurði okkur hvort við værum ekki öll með miðann okkar (ritninguna) í sálmabókinni sem við áttum að lesa.

Ég hafði lært mína utan að til að ruglast ekki í lestrinum.

Þá var að hlaupa yfir í kirkjuna til að ganga inn í skrudgöngu. Það var kalt og þó nokkur vindur en sól skein í heiði, aðaláhbyggjunnar hjá mæðrum okkar voru hárgreiðslurnar sem björguðust þó allar. Þegar við gengum inn kirkjugólfið var ég síðust í röðinni og var ég viss um að við mundum öll springa af hlátri í röðinni og það hvarflaði að mér að það væri þó betra að vera mörg saman en að vera ein með þabba sínum eins og brúðirnar í brúðkaupum, allir í kirkjunni störfu á okkur.

Eftir að við settumst var erfitt að halda ró sinni í gegnum alla athöfnina og ég man að einhver fór að flissa og þá dró svolítið úr spennunni. Ég er ekki viss um að mörg okkar hafi fylgst mikið með því sem sr. Jón sagði í ræðunni fyrir ferminguna sjálfa og í fermingunni var ég viss um að ég gæti ekki sagt já, þegar ég yrði spurð hvort ég tæki kristna trú. Það var ekki vegna efa heldur feimni minnar.

Þegar allt var búið í kirkjunni var mikið um kossa og kveðjur. Smámynda-tökur inni í kirkju af öllum hópnum, þar sem ekki var veður til að vera úti og svo fóru allir heim í veisluna.

Þar sem það var fermt klukkan 11 og allir höfðu mætt í kirkjuna var veislan strax á eftir. Það var matur sem foreldrar mínir og ættingjar voru búin að leggja mikla vinnu í heila tvo daga á undan. Kalt hlaðborð með fallegum skreytingum. Ég man að það var gerður svo mikill matur þar sem um 70 manns var boðið en þar sem margir fóru í 2-3 veislur var mikill matur eftir. Hjónarúmið hafði verið tekið út og þar haganlega komið fyrir borði og stólum og fullt af dóti fyrir minnstu veislugestina (þetta var fyrir daga myndbandstækja). Herbergi mitt og herbergi bróður míns voru notuð fyrir unga fólkið og stofan fyrir fullorðna fólkið. Ég man hvað mér fannst gott að geta verið inni í herberginu mínu, mínum griðastað en ég var reglulega minnt á að fara fram og blanda geði við fullorðna fólkið.

Allar gjafir voru settar inn í herbergið mitt og ekki opnaðar fyrr en eftir að búíð var að borða. Ég fékk 22 þúsund í peningum og þar af þrjá fjórðu frá foreldrum mínum sem að áttu að fara í ferðasjóð fyrir ferð til Bretlands í enskuskóla. Hann varð svo kveikjan að 15 ára flökkulífi mínu hérlendis sem erlendis. Lampi, stytur, orðabækur og skart var það helsta sem ég fékk líka.

Þetta var góður dagur og í dag í minningunni var sól og gott veður, allir afslappaðir og kátir.

Það var ekki fyrir en ég fór að skoða myndir og rifja upp að ég sá að það hafði verið kalt úti þrátt fyrir sól, og þegar ég spurði af hverju hefðu ekki verið teknar neinar fjölskyldumyndir eins og vaninn er á mínum bæ var svarað: Það voru allir svo stressaðir yfir matnum og gestunum að það mundi enginn eftir því!

Eftir veislurnar hittumst við svo flest fermingarsystkinin og fylgifiskar ásamt ungum ættingjum annars staðar frá. Stefnan var tekinn í Sjoppuna þar sem Raggi bauð alltaf fermingarbörnunum upp á ís í tilefni dagsins og við mældum svo göturnar á nýju fermingarskónum.

# Fermingarbörn

## Fermingarbörn í Setbergskirkju 1945

<i>Nafn barns</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Elís Guðjónsson	090831-2089	Skallabúðum
Guðmundur Jóhannesson	181231-2549	Forna-Krossnesi
Guðni K. Lárusson	300731-0000	Krossnesi
Friðrika Margrét Ásgeirsdóttir	020231-5729	Kvíabryggju
Hjálmar Gunnarsson	050331-6879	Eiði
Ingibjörg Þórðardóttir	260231-2009	Grafarnesi
Jarþrúður G. Pálsdóttir	261031-3899	Hömrum
Kristín Sigurbjörg Árnadóttir	280631-2059	Hellnafelli
Ragnheiður I. Skarphéðinsdóttir	160331-2329	Grund
Ragnheiður Salbjörg Jónasdóttir	080131-4539	Grafarnesi
Sverrir Lárusson	140131-3429	Grafarholti

## Fermingarbörn í Setbergskirkju 29. maí 1955

<i>Nafn barns</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Guðbjörg Guðmundsdóttir	171241-2279	Lág
Jóhann Leó Gunnarsson	150341-3459	Eiði
Jón Jóhann Nóason	090841-3519	Vindási
Magnús Ingvarsson	070641-2599	Kolgröfum
Óskar Ásgeirsson	120941-4299	Borgarbraut 2

## Fermingarbörn í Setbergskirkju 6. júní 1965

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Friða Berglind Valdimarsdóttir	200551-2819	Borgarbraut 19

Kolbrún Sjöfn Matthíasdóttir	210651-2689	Hlíðarvegi 21
Kristín Lilja Guðrún Sigurðardóttir	090351-3039	Hlíðarvegi 6
Ósk Jósefsdóttir	130551-4089	Nýju-Búð
Pétur Guðráð Pétursson	250751-4279	Grundargötu 29

**Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 1975**  
**Prestur er séra Jón Þorsteinsson**



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Björn Karlsson	051061-3819	Grundargötu 13
Guðrún Magnúsdóttir	040761-5439	Hlíðarvegi 23
Gústaf Ívarsson	151161-5299	Grundargötu 45
Hannes Vilhjálmsson	250761-3179	Hlíðarvegi 5
Helga Fríða Tómasdóttir	170161-3789	Eyjarvegi 7
Ingunn Lilja Guðmundsdóttir	150961-5219	Grundargötu 17
Jóhannes Guðjón Þorvarðarson	090961-2339	Hlíðarvegi 21
Kolbeinn Sigmundsson	031261-2369	Eyjarvegi 14

Kristín Anna Alfreðsdóttir	121161-4949	Hrannarstíg 14
Lilja Mósesdóttir	111161-4109	Hlíðarvegi 3
Magnús Soffaníasson	050661-5049	Hlíðarvegi 2
Olga Sædís Aðalsteinsdóttir	110261-4119	Grundargötu 20
Ómar Örn Grímsson	090661-4779	Hlíðarvegi 8

**Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 1985**  
**Prestur er séra Jón Þorsteinsson**



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Arnheiður Fanney Magnúsdóttir	200771-5919	Eyjarvegi 23
Auður Bergþóra Erlarsdóttir	031271-3129	Eyjarvegi 3
Ásdís Emelía Gunnlaugsdóttir	140771-4819	Grundargötu 55
Benedikt Gunnar Ívarsson	170871-5889	Fagurhólstúni 15
Friðfinnur Nielsson	200971-5749	Hlíðarvegi 19
Guðlaugur Magnús Guðlaugsson	110570-3769	Eyjarvegi 3
Ólafur Gunnarsson	161271-3499	Hlíðarvegi 25
Smári Örn Árnason	190871-5259	Grundargötu 16
Steinar Þór Alfreðsson	250871-4309	Hrannarstíg 14
Særún Sigurjónsdóttir	270671-2929	Sæbólí 28

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 1995  
 Prestur er séra Sigurður Kr. Sigurðsson



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Álfheiður Ágústsdóttir	240781-5069	Grundargötu 5
Birgitta Þórey Bergsdóttir	020181-5759	Fagurhólstúni 2
Garðar Hafsteinsson	050381-5799	Grundargötu 92
Gilbert Grétar Sigurðsson	100481-3599	Grundargötu 76
Guðrún Jóna Jósepsdóttir	190581-3229	Grundargötu 15
Hanna Sif Ingadóttir	060381-4619	Hlíðarvegi 11
Helga Hjálmrós Bjarnadóttir	240581-3459	Grundargötu 98
Ingibjörg Kristín Gestsdóttir	270981-4619	Eyrarvegi 17
Jóhanna Beck	021281-5309	Grundargötu 66
Jón Garðar Jörundsson	240981-5219	Eyrarvegi 7
Kristinn Soffanías Rúnarsson	020781-3949	Hlíðarvegi 5
Marsibil Katrín Guðmundsdóttir	160681-4629	Fagurhólstúni 5
Sara Líf Stefánsdóttir	271281-7149	Reykjavík
Svavar Þór Sævarsson	210781-5959	Grundargötu 17
Þórhildur Guðrún Ólafsdóttir	220881-3699	Fagurhólstúni 3

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 24. apríl 2005.  
Prestur er séra Elínborg Sturludóttir



<i>Nafn</i>	<i>Fæðingardagur</i>	<i>Heimili</i>
Berglind Kjartansdóttir	111091	Setbergi
Guðmundur Haraldsson	231291	Eyrarvegi 3
Hafdís Dröfn Sigurðardóttir	201191	Gröf I
Helga Rut Sæmundardóttir	110491	Sæbóli 24
Hrannar Már Vignisson	130691	Hlíðarvegi 1
Hjörtur Steinn Fjeldsted	090591	Nesvegi 5
Ingi Björn Ingason	260791	Hlíðarvegi 11
Marinó Ingi Eyþórsson	020891	Grundargötu 74
Saga Björk Jónsdóttir	310191	Bergi



Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 15. maí 2005  
 Prestur er séra Elnborg Sturludóttir



<i>Nafn</i>	<i>Fæðingardagur</i>	<i>Heimili</i>
Benedikt Lárus Gunnarsson	221191	Borgarbraut 7
Elín Sigurðardóttir	250491	Grundargötu 94
Guðni Leifur Friðriksson	151191	Grundargötu 66
Harpa Rut Sigurjónsdóttir	090891	Fagurhólstúni 2
Hákon Gunnarsson	150891	Grundargötu 51
Hjörtur Rósmann Ólafsson	010691	Mýrum
Laufey Lilja Ágústsdóttir	300691	Eyrarvegi 23
Lilja Björk Bjarnadóttir	181191	Eiði
Rúnar Geirmundsson	131091	Hellnafelli 2
Rebekka Hlíðkvist Ingaóttir	250691	Grundargötu 58
Sigurros Eiðsdóttir	170791	Nesvegi 9
Sunna Björk Skarphéðinsdóttir	300191	Hlíðarvegi 10
Valdimar Einarsson	050891	Grundargötu 55
Viktor Örn Jóhannsson	250691	Fagurhóli 4
Þórdís Gunnarsdóttir	221191	Borgarbraut 7

*Hermann Jóhannesson*

## **Manntal 1950**

Hér er manntal frá 1950. Það er endurritað úr manntali sem tekið var á sínum tíma og er varðveitt á Þjóðskjalasafninu í Reykjavík. Augljósar ritvillur hafa verið leiðréttar og texti færður til nútímastafsetningar. Eins og í fyrri manntölum sem komu út í öðru og fimmta hefti bókarinnar Fólkið, fjöllin, fjörðurinn gætur sumsstaðar misræmis í fæðingardögum og fæðingarári einstaklinga á milli manntala hjá þeim sem skráðu manntölin. Einnig getur verið um innsláttarvillur að ræða hjá okkur sem endurskráðu manntölin þó þau væru samlesin. Er beðist velvirðingar á því ef svo er. Manntalið núna var skráð af mörgum mönnum á stuttum tíma. Sá sem skrapp á milli bæja er skráður gestur þar sem hann var staddur þann daginn. Þeir sem skráðu þetta manntal voru Bjarni Sigurðsson, Berkserkseyri, Jóhannes Ó. Þorgrímsson, Fornu-Krossnesi, Finnur Sveinbjörnsson, Bjargi, Grafarnesi, Ingvar Agnarsson, Kolgröfum, Pétur K. Sigurðsson, Sigurhæðum, Grafarnesi, Kristján Þorleifsson, Vinarminni í Grafarnesi, Hallgrímur Sigurðsson, Vík, Grafarnesi, Elimar Tómasson, Borgarholti, Grafarnesi og Halldór Finnsson, Bjargi, Grafarnesi.

Manntal er merkileg heimildarskrá. Til dæmis segir þetta manntal okkur að skráðir íbúar í Eyrarsveit hafa verið 419, það voru 40 hús með 47 íbúðum, þannig að Götuprýði var eina fjölbýlið, og örfá tvíbýli, að meðaltali voru 5,225 íbúar í heimili. Það væri merkileg heimild ef hægt væri að grafa upp stærð húsanna. Væri þá niðurstaðan fjórir íbúar á 40 fermetra 1950 en einn íbúi á 40 fermetra 2005? Manntölin eru stysta útgáfa af fjölskyldusögu okkar. Við getum séð á þessu manntali hvar fjölskyldan bjó 1950, hvar foreldrar, afa- eða ömmusystkini voru fædd, því mér sýnist að öll börn í þessu manntali séu fædd í foreldrahúsum (engin í dag) og þá kemur fram hvar foreldrarnir bjuggu.



Sumir bjuggu alltaf á sama stað en aðrir fluttust milli bæja, eins og gerist og gengur. Við getum svo fært okkur aftur eftir manntölunum og séð hvaðan fjölskyldan kom.

Þegar þetta manntal var skráð var gerð könnun á öllum bæjum hvort þar væri 1. vatnsveita, 2. vatnssalerni, 3. baðkar eða skólpleiðsla. Hvernig haldið þið að könnunin væri í dag: 1. bíll, 2. sólpallur, 3. heitur pottur, 4. sumarbústaður? Þessi könnun verður ekki birt hér í bókinni en niðurstöður úr henni voru þessar: 15 hús höfðu ekkert af því sem um var spurt. Aðeins sjö höfðu allt, 54 voru með vatnsveitu, 39 voru með vatnssalerni, sjö voru með baðkar og 59 voru með skólplögn.

Þegar þið lesið yfir þetta manntal þá sjáið þið að í Grafarnesi er ekkert götuheiti eða númer á húsum, þau eru öll með nöfnum og ætla ég að birta nöfn húsanna í Grafarnesi hér í stafrófsröð.

Heiti húsanna í Grafarnesi 1950 eru: Ásgarður, Ásgeirshús, Bjarg, Bjarmaland, Björgvinshús, Björnshús, Borg, Borgarholt, Brautarholt, Búðir, Fagurhóll,

Foss, Fögruvellir, Grafarholt, Grund, Guðmundarhús, Götuhús, Götuprýði, Hlíð, Jakobshús, Jónshús, Leiti, Melgerði, Melstaður, Mýrarhús, Oddgeirshús, Oddshús, Sigurhæðir, Símsstöðin, Sjónarhóll, Snarræði, Snæfell, Sólvellir, Staðarhóll, Sæból, Verzlunarhús Sigurðar Ágústssonar, Vík, Vinarminni og Þórðarhús.

Hvaða hús eru / voru þetta? Vonandi getið þið svarað því eða a.m.k. eftir að þið eru búin að lesa manntalið yfir. Ef ekki þá, þá læt ég fylgja með fyrir aftan manntalið, húsheitin með götunúmerum.

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
<b>Akurtraðir:</b>			
Gunnar Guðmundsson	hb.	20/10 1895	Nýjabúð
Guðrún Guðmundsdóttir	hm.systir hb.	22/03 1903	Nýjabúð
Þorkell Gunnarsson	sonur hb.	08/08 1924	Akurtraðir
<b>Arnarhóll:</b>			
Þorsteinn Jónsson	hb.	06/08 1902	Stykkishólmur
<b>Bakki:</b>			
Ingimundur Gíslason	hb.	12/10 1889	Vatnabúðir
<b>Berkserkseyri:</b>			
Bjarni Sigurðsson	húsbóndi	18/01 1896	Seljár/Kljá/1907
Ástrós Elísdóttir	húsmóðir	02/08 1895	Berkserkseyri
Hreinn Bjarnason	sonur húsb.	25/09 1932	sst.
Guðrún Geirmundsd.	fósturd.	13/09 1935	Geirakoti/1935
Emil Jónsson	fósturs.	21/02 1935	Reykjav./R/1944
Sigurður Jónsson	faðir húsb.	18/04 1869	Kothrauni/Kljá/
<b>Berkserkseyri:</b>			
Guðni Elísson	húsbóndi	31/10 1897	Berkserkseyri
Guðrún Halldórsdóttir	húsmóðir	04/10 1900	Kothrauni Helgaf.
Bernharð Guðnason	sonur hjóna	10/11 1929	Berkserkseyri
Jón Guðnason	sonur hjóna	13/09 1928	Berkserkseyri
Elís Guðnason	sonur hjóna	29/07 1926	Berkserkseyri
<b>Eiði I</b>			
Kristján Jónsson	húsbóndi	25/09 1901	Kolgrafarseli Eyr.
Guðrún Elísdóttir	húsrú	27/06 1901	Oddsþúð Eyrarsv.
Guðmundur Kristjánsson	sonur þeirra	05/01 1928	Vindási
Jón Kristjánsson	sonur þeirra	24/03 1929	Eiði
Elínborg Kristjánsdóttir	dóttir þeira	13/07 1933	Eiði
Rúrik Kristjánsson	sonur þeirra	26/08 1934	Eiði
Arnór Kristjánsson	sonur þeirra	09/10 1935	Eiði
Jónína Krisjánsdóttir	dóttir þeira	19/05 1937	Eiði
Jóhanna Kristín	fósturbarn	05/04 1947	Reykjavík

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
<b>Eiði II</b>			
Gunnar Stefánsson	húsbóndi	28/11 1903	Efri hlíð, Helgafsv.
Lilja Elísdóttir	húsrú	24/06 1907	Oddsbúð, Eyrarsv.
Elís Gunnarsson	barn þeirra	25/02 1929	Eiði
Hjálmar Gunnarsson	barn þeirra	05/03 1931	Eiði
Garðar Gunnarsson	barn þeirra	17/07 1932	Eiði
Sigrún Gunnarsdóttir	barn þeirra	03/02 1934	Eiði
Sigurlín Gunnarsdóttir	barn þeirra	17/05 1936	Eiði
Helga Gunnarsdóttir	barn þeirra	08/11 1937	Eiði
Jóhann Leó Gunnarsson	barn þeirra	15/03 1941	Eiði
Snorri Gunnarsson	barn þeirra	22/09 1943	Eiði
Þórarinn Gunnarsson	barn þeirra	18/07 1947	Eiði
<b>Forna - Krossnes</b>			
Jóhannes Ólafur Þorgrímss.	húsbóndi	20/11 1900	Miklhól, Viðv. / Sigl.
Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir	húsmóðir	10/11 1898	Krossnesi
Arnór Björgvin Jóhannesson	barn þeirra	10/05 1930	Krossnesi
Guðmundur Lárus Skúli Jóh.	barn þeirra	18/12 1931	Forna-Krossnesi
Guðrún Kristín Jóhannesd	barn þeirra	07/06 1933	Forna-Krossnesi
Kristín Salbjörg Jóhannesd.	barn þeirra	07/08 1937	Forna-Krossnesi
<b>Garðsendi</b>			
Torfi Jörgen Stefánsson	húsbóndi	22/09 1895	Helgafelli, Helgafsv.
Ingibjörg Kristín Finnsdóttir	húsmóðir	30/06 1893	Fjarðarhorni
Páll Torfason	barn hjóna	27/09 1928	Garðsenda
Unnur Torfadóttir	barn hjóna	23/04 1930	Garðsenda
Karl Torfason	barn hjóna	31/07 1932	Garðsenda
Guðrún Guðmundsdóttir	móðir hb.	24/06 1867	Gröf, Laxárdal
<b>Grafarnes</b>			
<b>Ásgarður</b>			
Ásgeir Þórður Kristjánsson	húsbóndi	07/06 1895	Setbergi
Þórdís Þorleifsdóttir	húsrú	13/10 1895	Garðsenda
Björn Kristján Ásgeirsson	barn hjóna	05/05 1926	Hömrum
Páll Brekkmann Ásgeirsson	barn hjóna	04/03 1932	Fornu-Grund
Guðmundur Hinrik Elbergss.	húsbóndi	01/02 1927	Kvíabryggju
Ragnheiður Ásgeirsdóttir	húsrú	14/03 1930	Fornu-Grund

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
<b>Ásgeirshús</b>			
Ásgeir Kristmundsson	húsbóndi	23/06 1905	Hrauni, N-Ísafj.
Elísabet Helgadóttir	húsmóðir	08/09 1908	Reykjavík
Anna Ásgeirsdóttir	barn þeirra	05/07 1933	Bryggju, Eyrarsv.
Helga Ásgeirsdóttir	barn þeirra	26/11 1936	Bryggju, Eyrarsv.
Óskar Ásgeirsson	barn þeirra	12/09 1941	Bryggju, Eyrarsv.
Aðalsteinn Ásgeirsson	barn þeirra	27/02 1946	Grafarnesi
<b>Bjarg</b>			
Finnur Sveinbjörnsson	húsbóndi	27/09 1899	Króki, Eyrarsveit
Halla Halldórsdóttir	húsmóðir	10/12 1900	Kvíabryggju
Dagfríður Finnisdóttir	barn hjóna	20/10 1932	Spjör
Sveinbjörn Finnsson	barn hjóna	08/05 1934	Spjör
Hrefna Hjartardóttir	systurdóttir hb.	31/07 1922	Mýrum
Ágúst Breiðfjörð	fósturbarn hjóna	06/12 1945	Mýrum
Helgi Andrésson	leigjandi	18/04 1892	Bessatungu, Sb.
Soffía Ingibjörg Jóhannsdóttir	leigjandi	30/11 1904	Brimisvöllum, Fhr.
Halldór Finnsson	húsbóndi	02/05 1924	Stykkishólmur
Pálína Gísladóttir	húsmóðir	27/01 1929	Skallabúðum
Halla Halldórsdóttir	barn hjóna	24/03 1948	Grafarnesi
Drengur Halldórsson	barn hjóna	03/06 1950	Grafarnesi
<b>Bjarmaland</b>			
Elberg Guðmundsson	húsbóndi	10/12 1901	Búðir í Eyrarsv.
Ásgerður Sigurdóra Guðm.	húsmóðir	08/10 1909	Vindási
Jón Beck Elbergsson	sonur hjóna	15/05 1933	Hafnarfjörður
Þorvaldur Jóhannes Elbergss.	sonur hjóna	11/12 1934	Bjarmalandi
Ágúst Elbergsson	barn hjá foreldri	03/03 1942	Bjarmalandi
Halldóra Eyfjörð Elbergisdóttir	barn hjá foreldri	03/08 1943	Borg í Grn.
Ragnar Elberg Elbergsson	barn hjá foreldri	25/02 1946	Bjarmalandi
Pálína Elínborg Elbergisdóttir	barn hjá foreldri	06/10 1949	Bjarmalandi
Þórður Steinar Pálsson	leigjandi	23/09 1919	Ellihó í Staðarsv.
Ragnheiður María Elbergisd.	dóttir hjóna	14/06 1929	Bryggju
<b>Björgvinshús</b>			
Björgvin Bjarnason	húsbóndi	05/01 1897	Suður - Bár
Kristlaugur Bjarnason	bróðir hb.	11/03 1904	Suður - Bár

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
Helgi Kornelíus Bjarnason	bróðir hb.	03/07 1911	Suður-Bár
Kristlaug Einarisdóttir	móðursystir hb.	31/01 1886	Ólafsvík
<b>Björnshús</b>			
Björn Jón Lárusson	húsbóndi	13/09 1917	Gröf í Eyrarsveit
Elsa Magnúsdóttir	húsmóðir	20/11 1928	Kirkjufelli
Valgerður Björnsdóttir	barn hjónanna	20/11 1947	Grafarholti í Grn.
Óskirt sveinbarn	barn hjónanna	25/07 1950	Björnshús
Haraldur Ellert Magnússon	við smíðar	19/05 1927	Kirkjufelli
Stella Magnúsdóttir	systir hm.	09/01 1936	Kirkjufelli
<b>Borg</b>			
Halldór Guðnason	húsbóndi	26/08 1922	Berkserkseyri
Guðney Ingibjörg Hjartardóttir	bústýra	28./02 1928	Mýrum
Guðrún Halldórsdóttir	barn	01/02 1949	Bjarg í Grn.
Óskirð stúlka	barn	01/03 1950	Bjarg í Grn.
<b>Borgarholt</b>			
Elimar Tómasson	húsbóndi	30/08 1900	Fróðarhreppi
Jónína Guðbjörg Pálsdóttir	húsmóðir	03/03 1915	V-Landeyjum
Helga Sigríður Elimarsdóttir	hb.	01/05 1932	Kanaft., A-Landey
Heiðar Elimarsson	barn hjóna	16/11 1940	Tjarnarkoti, A-L
Halla Elimarsdóttir	barn hjóna	20/06 1945	Hallgeirsey, A-L
Auður Elimarsdóttir	barn hjóna	28/06 1947	Grafarnesi
Margrét Elimarsdóttir	barn hjóna	23/06 1949	Grafarnesi
<b>Brautarholt</b>			
Kristberg Elíasson	húsbóndi	15/09 1912	Vatnabúðum
Elín Sæmundsdóttir	húsmóðir	13/07 1919	Árnabotni Helgafsv.
Elín Bjarnadóttir	móðir konu	28/10 1878	Bryggju, Eyrarsv.
Stúlkubarn Elíasdóttir	tökub. um óákv.t.	16/08 1950	Grafarnesi
<b>Búðir í Grafarnesi</b>			
Kristín Runólfisdóttir	húsmóðir	21/02 1898	Fjarðarhorni, Helg.
Bæring Cecilsson	sonur húsfreyju	24/03 1923	Búðir í Eyrarsv.
Sóffaníás Cecilsson	sonur húsfreyju	03/05 1924	Búðir í Eyrarsv.
Guðbjartur Cecilsson	sonur húsfreyju	07/03 1927	Búðir í Eyrarsv.
Páll Cecilsson	sonur húsfreyju	20/01 1932	Búðir í Eyrarsv.



<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
<b>Fagurhóll</b>			
Þorkell Daníel Runólfsson	húsbóndi	16/12 1895	Árnabotn, Helgafsv.
Margrét Guðrún Gísladóttir	húsmóðir	06/03 1891	Skjálög, Kolbeinsst. h.
Runólfur Þorkelsson	barn þeirra	31/07 1923	Búðum, Eyrarsv.
Guðbjörg Fjóra Þorkelsd.	barn þeirra	27/05 1925	Búðum, Eyrarsv.
Gísli Þorkelsson	barn þeirra	23/05 1926	Búðum, Eyrarsv.
Páll Þorkelsson	barn þeirra	10/04 1928	Búðum, Eyrarsv.
Lilja Ingibjörg Þorkelsd.	barn þeirra	03/05 1929	Búðum, Eyrarsv.
Sigurbjörg Hulda Þorkelsd.	barn þeirra	03/09 1933	Fagurhóll, Eyrarsv.
Guðbjörg Jóhannsdóttir	móðir húsm.	08/08 1861	Laxárdal Skógarst.
Danelía Guðrún Kristjánsd.	barn Lilju Þ.	21/10 1945	Fagurhóll
<b>Foss í Grafarnesi</b>			
Jón Sigurður Bjarnason	húsbóndi	15/10 1902	Miðbúð í Eyrarsv.
<b>Fögruvellir í Grafarnesi</b>			
Ingjaldur Hólm Sigurðsson	húsbóndi	29/03 1907	Ingjaldshóll, Neshr.
Rósa Guðrún Ólafsdóttir	húsmóðir	15/08 1908	Stóruhlíð
<b>Grafarholt í Grafarnesi</b>			
Lárus Jónsson	húsbóndi	01/10 1889	Ósi, Skógarströnd
Halldóra Jóhannsdóttir	húsfú	27/04 1888	Kvíabryggju
Sigurður Lárusson	barn hjóna	31/01 1927	Gröf
Inga Hrefna Lárusdóttir	barn hjóna	22/08 1929	Gröf
Sverrir Lárusson	barn hjóna	14/01 1931	Gröf
Erla Lárusdóttir	kjörbarn hjóna	31/10 1940	Kvíabryggju
Halldór Kristjánsson	sjúklingur	29/03 1886	Stykkishólmi
<b>Grund í Grafarnesi</b>			
Gísli Karel Elísson	húsbóndi	..	Oddsbúð, Eyrarsv.
Elís Gíslason	sonur hans	10/05 1899	Grund, Eyrarsv.
<b>Guðmundarhús, Grafarnesi</b>			
Guðmundur Bjarnason	húsbóndi	19/10 1902	Bár, Eyrarsveit
Guðrún Kristín Björnsdóttir	húsmóðir	24/05 1914	Gálutröð
Herdís Bjarney Guðmundsd.	barn þeirra	12/07 1935	Lág
Björn Jóhannes Guðmundss.	barn þeirra	13/09 1936	Grafarnesi

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
Lárus Lárberg Guðmundsson	barn þeirra	27/10 1938	Lág
Guðbjörg Guðmundsdóttir	barn þeirra	17/12 1941	Grafarnesi
Jósefína Þórdís	barn þeirra	25/08 1943	Grafarnesi
Kristján Elberg Guðmundsson	barn þeirra	31/10 1944	Grafarnesi
Ólafur Kristjón Guðmundsson	barn þeirra	12/07 1946	Grafarnesi
Stúlka	barn þeirra	31/12 1947	Grafarnesi
Drengur	barn þeirra	27/04 1950	Grafarnesi
<b>Götuhús, Grafarnesi</b>			
Elías Magnús Finnbogason	húsbóndi	10/10 1923	Bolungarvík
Petrína Guðný Pálsdóttir	húsmóðir	14/01 1927	Kvíabryggju
Steinbjörg Elíasdóttir	barn hjóna	15/01 1948	Grafarnesi
Meybarn Elíasdóttir	barn hjóna	16/08 1950	Grafarnesi
<b>Götuprýði, Grafarnesi</b>		<b>Kjallari</b>	
Kristján Jónsson	húsbóndi	01/11 1874	Hallbjarnareyri
Kristín Gísladóttir	húsmóðir	06/07 1890	Hópi, Helgafellssv.
Jón Kristjánsson	barn hjóna	24/12 1920	Móabúð
Gísli Kristjánsson	barn hjóna	21/01 1928	Móabúð
Ragnar Kristjánsson	barn hjóna	17/06 1929	Móabúð
Arndís Kristjánsdóttir	dóttur hjóna	24/03 1937	Reykjavík
Albert Breiðfjörð Ágústsson	fósturbarn	24/04 1942	Móabúð
<b>1. hæð</b>			
Pétur Breiðfjörð Sigurjónsson	húsbóndi	30/11 1918	Lágarkoti
Guðrún Jóna Hansdóttir	bústýra	11/02 1926	Hellissandi
Kristín Pétursdóttir	barn þeirra	17/02 1949	Grafarnesi
<b>Kjallari</b>		<b>1. hæð</b>	
Ingibjörg Jóna Hansdóttir	bústýra	25/06 1924	Hellissandi
Friðjón Gunnarsson	húsbóndi	10/01 1918	Garðsenda
Ingibjörg Pétursdóttir	móðir húsm.	18/01 1883	Arnartungu, Stsv.
<b>1. hæð</b>			
Sigurjón Guðlaugsson	húsbóndi	17/08 1914	Hólabrekku, Garði
Guðveig Þorleifsdóttir	húsmóðir	11./01 1911	Stykkishólmi
Hjörtur Mýrdal Sigurjónsson	barn húsb.	11/08 1945	Mýrum

**Hamrar**

Enginn fbúi var skráður á Hömrum 1950

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
<b>Hlíð í Grafarnesi</b>			
Sigvaldi Bjarnason	húsbóndi	15/08 1906	Miðbúð, Vatnab.
<b>Jakobshús, Grafarnesi</b>			
Jakob Karel Þorvaldsson	húsbóndi	28/07 1911	Skerðingstöðum
Rósbjörg Anna Kjartansdóttir	húsmóðir	09/09 1916	Mýrum
Kristín Karólína Jakobsdóttir	barn þeirra	04/04 1943	Skerðingstöðum
Lúðvík Jakobsson	barn þeirra	12/12 1944	Ólafsvík
Sigurborg Guðný Jakobsdóttir	barn þeirra	29/07 1946	Grafarnesi
Stúlka	barn þeirra	09/11 1949	Grafarnesi
<b>Jónshús, Grafarnesi</b>			
Karl Bachmann Stefánsson	húsbóndi	25/11 1918	Hrísum, Fróðárh.
Guðný Jenný Ásmundsdóttir	húsmóðir	03/06 1917	Norðfirði
Sigurbjörg Karlsdóttir	barn þeirra	01/04 1945	Reykjavík
Vilborg Karlsdóttir	barn þeirra	30/09 1947	Reykjavík
Ásmundur Karlsson	barn þeirra	19/12 1948	Grafarnesi
Stúlka óskírð	barn þeirra	15/09 1950	Grafarnesi
Ragnheiður Ingveldur Skarphj.d.		16/03 1931	Hjarðarhóll
<b>Leiti í Grafarnesi</b>			
Gunnlaugur Anton Finnsson	húsbóndi	08/04 1926	Gröf í Eyrarsveit
Helga Ólafsdóttir	bústýra	25/06 1913	Hólsbúð, Fróðárh.
Erla Bergþórsdóttir	barn bústýru	16/06 1941	Brekkuhúsi, Ólafsv.
<b>Melagerði</b>			
Guðmundur Runólfsson	húsbóndi	09/10 1926	Stekkjartröð,
Ingibjörg Kristjánisdóttir	húsfú	03/03 1922	Þingvöllum
Runólfur Guðmundsson	sonur hjóna	12/05 1948	Grafarnesi
Kristján Guðmundsson	sonur hjóna	12/02 1950	Grafarnesi
Sigurlín Gunnarsdóttir	hjú	17/05 1936	Eiði
<b>Melstaður, Grafarnesi</b>			
Halldór Sigurjónsson	húsbóndi	15/08 1926	Bár, Eyrarsveit
Kristín Sigurbjörg Árnadóttir	húsmóðir	28/06 1931	Hellnafelli
Sigurjón Halldórsson	barn þeirra	21/09 1949	Hellnafelli

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
<b>Mýrarhús í Grafarnesi</b>			
Jóhann Pétur Konráðsson	húsbóndi	03/04 1909	Hallbjarnareyri
Jódís Kristín Björnsdóttir	húsmóðir	24/07 1906	Gálutröð
Bára Bergmann Pétursdóttir	barn þeirra	02/12 1935	Mýrarhúsum
Elsa Fanney Pétursdóttir	barn þeirra	23/07 1937	Látravík
Ólöf Ragna Pétursdóttir	barn þeirra	20/08 1940	Látravík
Birna Ragnheiður Pétursdóttir	barn þeirra	27/05 1947	Látravík
Björn Bergmann Jónsson	faðir húsm.	13/03 1882	Mýrarhúsum
<b>Oddgeirshús í Grafarnesi</b>			
Oddgeir Kristjánsson	húsbóndi	03/09 1913	Spjör
Jóhanna Hallgrímsdóttir	húsmóðir	14/12 1917	Vaðbrekku, Jökuld.
Kristján Hjörtur Oddgeirsson	barn hjóna	20/10 1940	Naustum
Kristbjörg Oddgeirsdóttir	barn hjóna	04/10 1942	Grafarnesi
Jóhann Oddgeirsson	barn hjóna	30/05 1945	Grafarnesi
Stúlka	barn hjóna	24/08 1950	Grafarnesi
Páll Þorleifsson	húsbóndi	16/07 1877	Bjarnarhöfn
Jakobína Jónsdóttir	húsmóðir	25/12 1895	Tröð, Eyrarsveit
Kristín Pálsdóttir	dóttir hjóna	24/07 1932	Hjarðarbóli
<b>Oddshús, Grafarnesi</b>			
Sigurjón Halldórsson	húsbóndi	01/02 1898	Miklaholti
Björg Hermannsdóttir	húsmóðir	20/11 1890	Svefneyjum
Ágúst Sigurjónsson	sonur þeirra	07/07 1925	Norður-Bár
Einar Skarphéðinsson		24/08 1927	Hjarðarbóli
Halldór Sigurjónsson	húsbóndi	15/08 1926	Norður-Bár
Kristín Sigurbj. Árnadóttir	húsmóðir	28/06 1931	Hellnafelli
Sigurjón Halldórsson	barn þeirra	21/09 1949	Stykkishólmi
Hermann Kristb. Sigurjónss.	húsbóndi	27/08 1922	Lárkoti
Guðný Kristjánsdóttir	bústýra	26/03 1919	Ólafsvík
<b>Sigurhæðir, Grafarnesi</b>			
Pétur Kristþór Sigurðsson	húsbóndi	17/07 1910	Tunga, Fróðárh.
Guðríður Kristjánsdóttir	húsmóðir	28/08 1911	Móabúð
Aðalsteinn Pétursson	barn þeirra	07/09 1933	Borgarholti, Rvík

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
Ingibjörg Pétursdóttir	barn þeirra	19/08 1937	Bár, Eyrarsveit
Kristján Pétursson	barn þeirra	19/08 1938	Bár, Eyrarsveit
Sigrún Pétursdóttir	barn þeirra	21/09 1939	Aðalbóli, Akranesi
Sigurður Kristófer Pétursson	barn þeirra	04/12 1942	Sigurhæðum
Sigþór Pétursson	barn þeirra	17/12 1943	Sigurhæðum

**Símstöðin, Grafarnesi**

Guðrífur Stefanía Sigurðard.	húsmóðir	17/07 1910	Tunga, Fróðárh.
Sigurður Hallgrímsson	b. húsráðanda	18/08 1932	Hálsi, Eyrarsveit
Selma Hallgrímsd.	b. húsráðanda	13/09 1934	Hálsi, Eyrarsveit
Haldóra Hallgrímsd.	b. húsráðanda	28/08 1942	Hálsi, Eyrarsveit
Guðni Eggert Hallgrímsson	b. húsráðanda	02/05 1944	Hálsi, Eyrarsveit
Hallgrímur Hallgrímsson	b. húsráðanda	12/10 1947	Grafarnes
Sveinn Hallgrímsson	b. húsráðanda	05/04 1936	Hálsi, Eyrarsveit
Ingibjörg Hallgrímsdóttir	b. húsráðanda	07/10 1937	Hálsi, Eyrarsveit

**Sjónarhóll í Grafarnesi**

Jónas Ólafsson	húsbóndi	17/05 1880	
Þorkatla Bjarnadóttir	bústýra	09/08 1904	
Ólafur Björn Jónasson	vinnudrengur	07/04 1934	
Þorbjörg Stefanía Jónasdóttir		24/11 1935	
Bjarni Hinrik Jónasson	barn	07/07 1939	
Helga Jónasdóttir	barn	23/11 1943	
Ragnar Þór Jónasson		05/11 1946	
Steinbjörg Elíasdóttir		15/01 1948	

**Snarræði í Grafarnesi**

Hjörtur Hermannsson	húsbóndi	01/10 1896	Svefneyjum
Arnfríður Friðgeirsdóttir	húsmóðir	14/12 1902	Holti Fróðárhrepp
Friðjón Hjartarson	barn hjóna	12/12 1926	Lárkoti, Eyrarsv.
Guðmunda Hjartardóttir	barn hjóna	07/11 1931	Bryggju, Eyrarsv.
Óskírt sveinbarn	dóttursonur hjóna	16/03 1950	Grafarnesi

**Snæfell í Grafarnesi**

Jón Indriði Þorvaldsson	húsbóndi	07/11 1914	Skerðingsstöðum
Jarðþrúður Soffía Ásgeirsdóttir	húsmóðir	03/04 1924	Hömrum
Þórdís Jónsdóttir	barn hjónanna	30/06 1945	Ásgarði í Grn.
Kristín Karólína Jónsdóttir	barn hjónanna	09/06 1948	Jónshúsi í Grn.

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
<b>Sólvellir, Grafarnesi</b>			
Guðlaugur Magnús Rögnvaldss.	húsbóndi	16/07 1901	Fagradalstungu, S.
Bergþóra Sigurðardóttir	húsmóðir	10/01 1910	Söðulsholti, Eyjah.
Björk Guðlaugsdóttir	barn þeirra	25/12 1935	Gröf, Eyrarsveit
Rögnvaldur Guðlaugsson	barn þeirra	29/01 1940	Sólvöllum
Gerður Guðlaugsdóttir	barn þeirra	22/05 1949	sama stað
<b>Staðarhóll í Grafarnesi</b>			
Óskar Sæmundsson	húsráðandi	22/01 1908	Árnabotni, Helgafsv.
<b>Sæból í Grafarnesi</b>			
Júlíus Karel Jakobsson	húsbóndi	29/07 1896	Kvíabryggju
Dagbjört Ingibjörg Jónsdóttir	húsmóðir	28/06 1891	Hergilsey
Jón Ingjaldur Júlíusson	barn húsráðenda	07/07 1929	Kvíabryggju
Jakob Cesil Júlíusson	barn húsráðenda	05/07 1932	Kvíabryggju
Guðmundína Jóhanna Júlíusd.	barn húsráðenda	04/02 1934	Kvíabryggju
<b>Verzlunarhús Sigurðar Ágústssonar</b>			
Ólöf Þorleifsdóttir	húsmóðir	05/02 1903	Stykkishólmi
Sigríður Breiðfjörð Pálsdóttir	barn húsmóður	14/08 1925	Hömrur
Leifur Pálsson	barn húsmóður	13/07 1927	Hömrur
Hörður Pálsson	barn húsmóður	04/11 1928	Hömrur
Jarþrúður Guðný Pálsdóttir	barn húsmóður	26/10 1931	Hömrur
Pálmi Þór Pálsson	barn húsmóður	27/04 1940	Hömrur
Anna Filippía Guðmundsd.	móðir húsm.	11/06 1871	Búðum, Staðarsv.
<b>Vík, Grafarnesi</b>			
Árni Hallgrímsson	húsbóndi	16/12 1926	Látravík, Eyrarsv.
Ásdís Ásgeirsdóttir	húsfú	04/07 1927	Hömrur
Ása Árnadóttir	barn hjóna	30/12 1945	Grafarnesi
Stúlka	barn hjóna	28/06 1950	Grafarnesi
Hallgrímur Sigurðsson	húsbóndi	29/09 1891	Látravík
Guðrún Jakobsdóttir	húsfú	25/10 1892	Bryggju
Sigríður Hallgrímsdóttir	barn hjóna	06/03 1922	Látravík

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
Jens Hallgrímsson	barn hjóna	09/05 1932	Látravík
Hallgrímur Jóhannsson	dóttursonur hjóna	01/07 1949	Grafarnesi
Sigurður Sigurðsson	fósturbarn	16/08 1935	Reykjavík

### **Vinarminni í Grafarnesi**

Guðrún Sólveig Árnadóttir	húsmóðir	11/07 1910	Bryggja í Eyrarsv.
Halldóra Guðrún Ólafsdóttir	barn húsmóður	11/08 1935	Hópi á Bryggju
Kristján Ólafsson	barn húsmóður	24/10 1936	Hópi á Bryggju
Guðrún Helgadóttir	móðir húsmóður	30/03 1873	
Kristján Þorleifsson	húsmaður	21/03 1876	Bjarnarhöfn

### **Þórðarhús, Grafarnesi**

Þórður Valdimar Þorvaldsson	húsbóndi	22/08 1906	Eyrarsveit
Magnþóra Kristín Þórðard.	barn húsráðanda	04/04 1932	Eyrarsveit
Ólafur Garðar Þórðarson	barn húsráðanda	27/12 1935	Stykkishólmi
Sveinn Einar Þórðarson	barn húsráðanda	04/06 1937	Kvíabryggju
Guðmundur Ólafur Þórðarson	barn húsráðanda	26/04 1942	Kvíabryggju
Valdimar Ingiberg Þórðarson	barn húsráðanda	26/05 1944	Kvíabryggju
Sveinn Einar Skúlason	húsamaður	03/12 1878	Hrafnkelsstöðum
Sveinbjörg Árnadóttir	leigjandi	20/08 1926	Hellnafelli

### **Grund**

Skarphéðinn Sigurðsson	húsbóndi	25/03 1892	Berserkjahraun
Sigríður Einaradóttir	húsmóðir	13/01 1899	Hvítuhlíð, Bitruf.
Einar Skarphéðinsson	sonur þeirra	24/08 1927	Hjarðarbóli
Ragnheiður Skarphéðinsdóttir	dóttir þeirra	16/03 1931	Hjarðarbóli
Rafn Ólafsson	fósturbarn	07/05 1937	Reykjavík

### **Gröf**

Bárður Þorsteinsson	húsbóndi	06/06 1882	Kirkjufelli
Kristbjörg Rögnvaldsdóttir	húsfreyja	03/11 1894	Fagradalstunga
Jóhanna Bára Guðmundsd.	dótturdóttir húsb.	08/12 1936	Reykjavík
Svafar Hreiðar Simonarson	dóttursonur húsb.	14/08 1937	Reykjavík
Hrafnhildur Lilla Guðmundsd.	dótturdóttir húsb.	24/08 1942	Reykjavík

### **Hallbjarnareyri**

Guðmundur Guðmundsson	húsbóndi	09/06 1915	Nýjabúð
-----------------------	----------	------------	---------

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
María Magdalena Elíasdóttir	húsmóðir	17/12 1915	Setbergi
Berta Guðmundsdóttir	barn hjóna	16/03 1938	Hallbjarnareyri
Jensína Ingibjörg Guðmundsd.	barn hjóna	23/05 1939	Hallbjarnareyri
Svava Guðmundsdóttir	barn hjóna	15/02 1947	Hömrum
Magnea Guðmundsdóttir	barn hjóna	03/04 1950	Hallbjarnareyri
Jónína Guðrún Kristjánsd.	næturgestur	19/05 1937	Eiði
<b>Hallbjarnareyri II</b>			
Bjarni Elías Jónsson	húsbóndi	04/07 1886	Hraunhálsi
Valgerður Jensína Bjarnad.	húsmóðir	27/04 1890	Hjallasandi
Kristín Lilja Nóadóttir		23/06 1938	Vindási
<b>Hellnafelli</b>			
Árni Sveinbjörnsson	húsbóndi	03/12 1892	Króki, Eyrarsveit
Herdís Sigurlín Gísladóttir	húsmóðir	24/02 1899	Þorgeirsfelli, St.sv.
Gísli Árnason	barn þeirra	03/03 1930	Hellnafelli
Ester Árnadóttir	barn þeirra	03/07 1933	Hellnafelli
Arndís Árnadóttir	barn þeirra	24/02 1935	Hellnafelli
Sigurberg Árnason	barn þeirra	24/09 1940	Hellnafelli
Ívar Árnason	barn þeirra	24/09 1940	Hellnafelli
<b>Kirkjufell</b>			
Magnús Gísli Gíslason	húsbóndi	07/12 1892	Haukatunga,
Þorbjörg Valg. Skarphéðinsd.	húsmóðir	05/11 1899	Tannstb., V-Hún.
Gísli Guðberg Magnússon	barn þeirra	07/06 1925	Kirkjufelli
Haraldur Ellert Magnússon	barn þeirra	19/05 1927	Kirkjufelli
Alfreð Ragnar Magnússon	barn þeirra	07/06 1930	Kirkjufelli
Aðalheiður Magnúsdóttir	barn þeirra	29/01 1932	Kirkjufelli
Stella Magnúsdóttir	barn þeirra	09/01 1936	Kirkjufelli
Gunnar Skarphéðinn	barn þeirra	23/03 1942	Kirkjufelli
Lýður Valgeir Lárusson	fósturbarn	18/09 1939	Krossnesi
<b>Kolgrafir</b>			
Magnús Jónsson	húsbóndi	10/08 1870	Þórdísarstaðir
Jóhanna Elísdóttir	húsfreyja	07/04 1890	Nýjabúð
María Magnúsdóttir	húsfreyja	13/09 1915	Kolgröfum
Ingvar Agnarsson	húsbóndi	26/12 1912	Dæli, Víðidal



<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
Magnús Ingvarsson	barn húsbænda	07/06 1941	Kolgröfum
Jóhanna Ingvarsdóttir	barn húsbænda	07/07 1945	Kolgröfum
Gunnar Halld. Ingvarsson	barn húsbænda	01/09 1948	Kolgröfum
<b>Krossnes</b>			
Jóhannes Guðjón Guðmundss.	húsbóndi	07/03 1890	Krossnes
Ólafía Jensína Guðmundsd.	systir húsbónda	25/04 1886	Krossnes
Lárus Guðbjartur Guðmundss.	húsbóndi	23/01 1893	Krossnes
Þorvarður Jóhann Lárusson	barn húsbónda	24/05 1938	Krossnes
<b>Kverná I</b>			
Ásmundur Jóhannsson	húsbóndi	27/09 1884	Eyrarplássi
Steinunn Guðbjörg Þorsteinsd.	húsmóðir	11/01 1888	Kirkjufelli
Friðrik Heiðar Ásmundsson	barn þeirra	20/03 1930	Kverná
Vilhjálmur Ásmundsson	barn þeirra	20/05 1926	Kverná
<b>Kverná II</b>			
Jóhann Ásmundsson	húsbóndi	07/03 1915	Kverná
Jarþrúður Ásmundsdóttir	húsmóðir	01/05 1915	Suðurbár
Ásmundur Arndal Jóhannsson	barn þeirra	16/07 1942	Kverná
Búi Steinn Jóhannsson	barn þeirra	14/10 1945	Kverná
Kristinn Guðni Jóhannsson	barn þeirra	28/09 1947	Kverná
Víðir Jóhannsson	barn þeirra	01/10 1948	Kverná
Jóhanna Jóhannsdóttir	barn þeirra	12/09 1935	Þórdísarstöðum
Jarþrúður Guðný Pálsdóttir	amma húsm.	17/07 1861	Suðurbúð, Eyrarsv.
<b>Lágarkot</b>			
Sigurður Gunnleifur Helgason	húsbóndi	21/05 1916	Rimabær
Guðrún Guðmundsdóttir	húsm. móðir hb.	05/02 1885	Krossnesi
Pétur Jónsson	barn húsmóðir	30/10 1906	Rimabær
<b>Mýrar</b>			
Hjörtur Rósmann Jónsson	húsbóndi	22/07 1882	Skarði, Haukadal
Kristín Sveinbjörnsdóttir	húsmóðir	07/09 1886	Króki, Eyrarsveit
Sveinbjörn Kristján Hjartarson	barn þeirra	05/05 1920	Mýrum
Jón Bjarni Hjartarson	barn þeirra	18/12 1924	Mýrum

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
Helgi Lárusson	fósturbarn	25/01 1935	Krossnesi
<b>Naust</b>			
Hallgrímur Pétursson	húsbóndi	23/07 1924	Garðsenda
Eygló Bára Pálmadóttir		07/01 1931	Vestmannaeyjum
Guðjón Ingvi Jónsson	barn Eyglóar	11/10 1948	Reykjavík
Alda Sigurðardóttir	dótturdóttir hm.	30/04 1942	Reykjavík
Vilhjálmur Pétursson	barn hm.	09/07 1938	Hjarðarbrekka, Ey.s.
Guðmundur Kristjánsson	lausamaður	18/05 1912	Spjör
Kristín Guðmundsdóttir	húsmóðir	16/04 1897	Nýjabúð
<b>Nýjabúð</b>			
Jósep Ólafur Kjartansson	húsbóndi	01/06 1909	Þórdísarstöðum
Guðmundur Guðmundsson	f.v. húsbóndi	21/01 1891	Nýjubúð
Sigurlín Guðmundsdóttir	ráðskona	17/09 1919	Nýjubúð
Jens Níels Óskarsson	barn ráðsm.	17/07 1939	Reykjavík
Petrína Guðlaug Sæmundsd.	við kennslu	08/04 1893	Seljum
Gísli Guðmundsson	bróðir fv. húsb.	27/09 1929	Nýjubúð
<b>Setberg</b>			
Jósep Jónsson	húsbóndi	24/12 1888	Öxl, Húnaþingi
Hólmfríður Halldórsdóttir	húsfreyja	19/02 1891	Reykjavík
Pétur Jósefsson	barn þeirra	13/07 1937	Setbergi
Hafsteinn Þorbergsson	ættingi hb.	18/11 1934	Reykjavík
Sigríður Þorbergsdóttir	ættingi hb.	18/11 1934	Reykjavík
Óskar Haukur Friðþjófsson	dótturs. hjúa	25/05 1942	Reykjavík
<b>Skallabúðir</b>			
Guðjón Elísson	húsbóndi	19/02 1897	Oddsúð
Sigríður Elísdóttir	húsmóðir	15/01 1905	Berserkseyri
Gróa Herdís Guðjónsdóttir	barn þeirra	18/11 1933	Skallabúðum
Högni Guðjónsson	barn þeirra	01/09 1928	Skallabúðum
Þórólfur Beck Guðjónsson	barn þeirra	24/03 1930	Skallabúðum
Elís Guðjónsson	barn þeirra	09/08 1931	Skallabúðum
Vilberg Guðjónsson	barn þeirra	01/04 1940	Skallabúðum

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
<b>Skerðingsstaðir</b>			
Þorvaldur Þórðarson	húsbóndi	02/04 1878	Suður-Bár
Kristín Karólína Jakobsdóttir	húsmóðir	18/06 1877	Rimabúð
Gunnar Júlíus Þorvaldsson	barn þeirra	17/06 1918	Skerðingsstaðir
Guðmundur Hinrik Guðmundss.	barn húsmóður	30/07 1903	Búðir
Kristín Karólína Þórðardóttir	sonardóttir hjúa	04/06 1933	Rimabær
Þorvaldur Þórðarson	sonarsonur hjúa	29/04 1939	Rimabær
<b>Suður-Bár</b>			
Hans Jónasson	húsbóndi	16/10 1897	Bryggja, Eyrarsv.
Ingibjörg Pétursdóttir	húsfreyja	18/01 1883	Arnartungu, S.sv.
Ólafur Ólafsson	sonur húsfreyju	29/09 1920	Ingjaldshóli
Jón Hansson	sonur hjónana	04/07 1928	Sandi
Marta Jóhannsdóttir	fósturbarn	10/12 1937	Stapa, Breiðuvíkhr.
Guðlaug Hansdóttir	dóttir hjónanna	17/04 1927	Sandi
Þorsteinn Björgvinsson	barn hennar	19/11 1948	Ólafsvík
Guðlaug Björgvinsdóttir	barn hennar	13/04 1949	Suður-Bár
<b>Vatnabúðir</b>			
Vilborg Jónsdóttir	húsmóðir	06/03 1877	Tröð
Snorri Elísson	hb. sonur hm.	04/06 1904	Oddsþúð
<b>Vindás</b>			
Nói Jónsson	húsbóndi	16/09 1911	Naustum
Svanborg Kjartansdóttir	húsfú	23/01 1916	Þórdísarstöðum
Kristín Nóadóttir	barn þeirra	23/06 1938	Vindási
Jón Jóhann Nóason	barn þeirra	09/08 1941	Vindási
Jónína Guðrún Nóadóttir	barn þeirra	11/10 1944	Vindási
Salbjörg Sigríður Nóadóttir	barn þeirra	26/01 1948	Vindási
Hjörleifur Magnússon	vetrarmaður	27/07 1904	Skarði, Skarðsst.
<b>Þórdísarstaðir</b>			
Kjartan Ólafsson	húsbóndi	15/11 1877	Bolavellir, Staðarsv.
Salbjörg Jósefsdóttir	húsmóðir	05/04 1877	Gríshóll, Helgaf.sv.
Jens Kjartansson	sonur hb. og hm.	10/06 1907	Akurtraðir
Sigurður Valdim. Stefáns.	sýstursonur hb.	19/01 1898	Akurtraðir

<i>Fullt nafn</i>	<i>Staða á heimilinu</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Fæðingarstaður/ Fluttur frá/hvenær</i>
Jeremías Kjartansson	húsbóndi	25/06 1913	Þórdíсарстаðir
Cecilía Kristjánsdóttir	húsmóðir	10/05 1919	Stekkjartroð
Kristín Jeremíasdóttir	börn þeirra	01/04 1940	Þórdíсарстаðir
Svandís Jeremíasdóttir	börn þeirra	07/04 1942	Þórdíсарстаðir
Salbjörg Steinunn Jeremíasd.	börn þeirra	09/08 1943	Þórdíсарстаðir
Áslaugur Ingiberg Jeremíasd.	börn þeirra	18/04 1945	Þórdíсарстаðir
Kjartan Jeremíasson	börn þeirra	07/06 1946	Þórdíсарстаðir
Laufey Jeremíasdóttir	börn þeirra	03/08 1947	Þórdíсарстаðir
Þórdís Jeremíasdóttir	börn þeirra	30/12 1948	Þórdíсарстаðir
Stúlka	börn þeirra	31/07 1950	Þórdíсарстаðir

<i>Heiti húsanna</i>	<i>Götuheiti og nr.</i>	<i>Heiti húsanna</i>	<i>Götuheiti og nr.</i>
Ásgarður	Grundargata 10	Leiti (var efst á skólalóð)	Ekki á skipulagi
Ásgeirshús	Borgarbraut 2	Melgerði	Hamrahlíð 3
Bjarg	Grundargata 8	Melstaður	Grundargata 33
Bjarmaland	Grundargata 23	Mýrarhús (Nú Krákan)	Sæból 13
Björgvinshús	Grundargata 24	Oddgeirshús	Grundargata 31
Björnshús	Grundargata 11	Oddshús	Nesvegur 3
Borg	Hlíðarvegur 13	Sigurhæðir	Grundargata 44
Borgarholt	Grundargata 7	Símstöðin	Grundargata 25
Brautarholt (Nú Partur)	Hamrahlíð 4,	Sjónarhóll	Hlíðarvegur 11
Búðir	Grundargata 17	Snarræði	Grundargata 19
Fagurhóll	Grundargata 41	Snæfell	Grundargata 15
Foss (var upp við spennušt.)	Ekki á skipulagi	Sólvellir	Nesvegur 15
Fögruvellir	Borgarbraut 18	Staðarhóll	Borgarbraut 15
Grund	Grundargata 27	Sæból	Sæból 24
Guðmundarhús	Nesvegur 9	Verzlunarhús Sig. Ágústss.	Nesvegur 5
Götuhús	Grundargata 12	Vík	Grundargata 21
Hlíð (var upp við spennušt.)	Ekki á skipulagi	Vinarminni	Grundargata 9
Jakobshús	Grundargata 37	Þórðarhús	Grundargata 35
Jónshús	Grundargata 40		

## **Mikið skelfing var gaman að vinna hjá hraðfrystihúsinu í „gamla daga“**

Gamalt og gott máltæki segir „maður lærir svo lengi sem maður lifir“. Hver hefur ekki sest niður og hugsað til baka, hvað hef ég gert um ævina, hverjir hafa verið samferðamenn mínir?

Ég kom til Grundarfjarðar vor eitt og tók þátt í sjóstangveiðimóti sem haldið var í fæðingarbæ mínum. Þetta var tveggja daga mót og þó alltaf veiðist vel í Grundarfirði og á miðunum þar fyrir utan gerðist frekar lítið þessa daga. Þegar við komum í land seinni daginn í þokkalegu veðri lúin og þreytt tóku á móti okkur Lionsmenn. Þeir höfðu komið sér fyrir í anddyri frystihússins með heitt kakó, kaffi, kleinur og smurt brauð af bestu gerð. Einn Lionsmaðurinn sem tók á móti okkur bauð mér í skoðunarferð um húsið til að sýna mér skel- og rækjuvinnsluna sem mér fannst til fyrirmyndar.

En þegar komið var upp á efri hæðina var eins og að koma í draugahúsið á Stokkseyri, það var ekkert sem minnti á frystihús. Enginn Þórður, engin Gugga í mötuneytinu, enginn Stjáni á skrifstofunni, enginn Elli Bol að stála, enginn Rögnvaldur né Jens í pönnunum, ekki heldur Stína Páls, Ella í Gröf, Ása og Gunna í Koti í blokk eða fimm pundum. Ég tala ekki um konurnar í salnum, Tobbu á ásnum, Ólöfu Gæja á tvistinum, Lillu Rabba á þristinum, Svönu á fjarkanum, Gunnu P á fimmunni, Kiddu Hannesar og Önnu Maju Reynis á sexunni, Mundu á sjöunni, Hjördísi Jóns á áttunni, Elísabetu á nýjunni. Ekki

má gleyma á neðri hæðinni þeim Jóni Hanssyni, Magga Álfs, Steina Gun, Óla Lalla, Mumma, Sigga Lár og Sveini á Eiði.

Ekkert fjör, ekkert líf. Mikið skelfing leið mér illa að sjá þetta. Ég sakna Hraðfrystihúss Grundarfjarðar í þeirri mynd sem það var með fjörugu og skemmtilegu fólki. Ég vann sjálf á viktinni við eftirlit, passaði upp á að ormar og bein kæmust ekki í gegnum vinnsluna. Það var alltaf líf og fjör í salnum, mikill metingur á milli borða. Oft var slegið á létta strengi og vísur látnar flakka. Ólöf Péturs orti eitt sinn til mín þessa vísu:

Habba finnur orma skinn  
ofarlega í bakka.  
Hættu að hugsa um Gæja þinn  
og hafðu augu í hnakka.

Ég hugsa ekki um karlinn minn,  
hann er langtum fjarri.  
Heldur bara um Einar þinn,  
það væri miklu nærri.

Ekki get ég gert að því,  
það betra hefði orðið.  
Ef gái ég að ormi á ný  
þá nefið fer í borðið.

12.09.84

Þetta var á árunum 1982–86. HG var þá eitt af öflugustu og framsæknustu frystihúsunum í landinu. Fyrirtækið hafði yfir að ráða miklu og góðu hráefni og góðu starfsfólki. Mikil samkennd var meðal starfsfólksins og mátti merkja það á góðri þáttöku í leikhúsfærðunum til Reykjavíkur sem margar urðu frægar.

Nú er öldin önnur og ég fór út úr húsinu með miklum söknuði og trega.

# Ljósmyndir Bærings Cecilssonar



*Þátttakendur í dansnámskeiði Heiðars Ástvaldssonar. 1968.*



*Sóknarpresturinn, Sr. Jón Þorsteinsson og Sigríður Anna Þórðardóttir ásamt dætrum.*



*Gunnar Stefánsson, Ívar Árnason, Guðjón Elísson, óþekktur drengur, Guðmundur Runólfsson, Sigrður Stefánsson og Pétur Konráðsson*





Fótboltaöllumurinn. Mikill munur á aðstöðu eins og sjá má.




Saumaklúbburinn Hjartaníán var stofnaður árið 1961 er því orðinn 44 ára. Efri röð: Ólína Jónsdóttir, Gróa Guðjónsdóttir. Aðalheiður Magnúsdóttir, Ragnheiður Benediktsdóttir, Björk Guðlaugsdóttir. Neðri röð: Kristín Friðfinnsdóttir, Hulda Vilmundardóttir, Sigurrós Árnadóttir og Guðmunda Hjartardóttir.



*Erna Eyjólfsdóttir, Jakobína Einarsdóttir, Ásdís Hinriksdóttir, Guðlaugur Pálsson, Sigríður Gísladóttir, Magnús Gíslason.*



*Fjölskyldan í Gröf, Sverrir og Gerður ásamt börnunum Hjördísi, Jóni, Sjöfn og Guðrúnu.*



*Með Emil Magnússyni fyrir framan Grund.*



*Laufey Jónsdóttir, Hjördís Bjarnadóttir, Ásdís Hinriksdóttir, Kristberg Jónsson og Ásrún Jónsdóttir.*



*Guðrún Árnadóttir, Björk Guðlaugsdóttir, Kristín Runólfssdóttir, Elísabet Helgadóttir, Áslaug Sigurbjörnsdóttir, Halla Halldórsdóttir, Jensína Guðmundsdóttir, Pálína Gíslaadóttir, Kristlaug Einarssdóttir. Börnin eru Anna María og Guðni Guðnabörn.*



*Elberg í vegavinnu. Hér sést hvernig vegir voru lagðir.*



*Halldóra Elbergsdóttir, Ragnheiður Elbergsdóttir, Páll Þorkelsson. Bífreiðin í baksýn er P 61 sem var í eigu Guðbjarts Cecilssonar.*



*Óþekkt, Helga Ásgeirsdóttir og Halldóra Ólafsdóttir.*



*Síldarsöltun á árum áður.*



*Rúrik Kristjánsson, Sigurður Stefánsson, Sigurjón Guðlaugsson, Sigurður Daðason, Kristján Þorleifsson, Guðmundur Kristjánsson, Hjörleifur Magnússon, Elimar Tómasson, Arnór Kristjánsson, Þórður Pálsson, og stúlkurnar fyrir framan þá eru Ragnheiður Elbergsdóttir, Guðrún Árnadóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðveig Þorleifsdóttir og Ingibjörg Hansdóttir.*



*Grundfirskar blómarósir.*



*Óþekktur, Gísli Þorkelsson, Helgi Bjarnason, Páll Þorkelsson, Björn Ásgeirsson og ókunnur maður.*



*Haraldur Breiðfjörð og Hinrik Elbergsson.*



*Fjórar fönngulegar.*





*Fermingarsystur frá 1947. Frá vinstri: Anna Ásgeirsdóttir, Elínborg Kristjánsdóttir, Ester Árnadóttir, Gróa Herdís Guðjónsdóttir, Kristín Karólína Þórðardóttir, Sigurbjörg Hulda Þorkelsdóttir.*



*Jón Júlíusson, Páll Ásgeirsson og Jón Elbergsson.*

*Gunnar Kristjánsson*

# Hesteigendafélag Grundarfjarðar 30 ára

Eftir að þéttbýli tók að myndast í Grundarfirði fyrir miðja síðustu öld, tíðkaðist það að þeir sem þangað fluttust úr sveitinni hefðu með sér nokkurn bústofn. Þannig var víða hrófað upp útihúsum til þess að hafa þessar skepnur inni



*Frá reiðnámskeiði á vegum félagsins. Gunnar Kristjánsson 2004.*



*Fákasel í byggingu. Gunnar Kristjánsson 2000.*

yfir vetrarmánuðina. Ein kú og nokkrar kindur, jafnvel hænur var nokkuð algengur bústofn en einnig kom það fyrir að menn hefðu hest á húsi. Þegar fram liðu stundir og þangað var komið í þróunarsögu þorpsins að ekki væri æskilegt að hafa slíkt dýrahald innan þéttbýlismarkanna hvarf þetta dýrahald smátt og smátt úr bæjarmyndinni. Það var þó ekki fyrr en eftir síðustu aldamót sem rollurnar hurfu fyrir fullt og allt af Jeratúni.

Um og upp úr 1970 var það ekki lengur talið hæfa að hestar væru hafðir á húsi í þéttbýlinu, og sveitarfélagið sem keypt hafði Hellnafellsland um þessar mundir bauð fram það land til leigu fyrir hestamenn. Til þess að auðvelda alla samningsgerð varð að stofna félagsskap um hestahaldið. Hestamennirnir Tryggvi Gunnarsson og Hjálmar Gunnarsson tóku að sér að ýta úr vör stofnun slíks félagsskapar í Grundarfirði. Vafalaust hafa þeir Bjarni Eyjólfsson, Kjartan Jeremiásson og Jens Pétur Högnason komið þar við sögu. En þeir Bjarni og Tryggvi voru fyrstir til að byggja hesthús í núverandi hverfi hestamanna og þeir Kjartan og Pétur skömmu síðar. Eftir nokkra undirbúningsvinnu af hálfu frumkvöðlanna, þar sem meðal annars voru samin drög að lögum fyrir félagið,



*Pakjárníð komið á. Gunnar Kristjánsson 2000.*

var boðað til fundar sem í fundargerðabók Hesteigendafélagsins er skráður „Framhaldsstofnfundur og aðalfundur Hesteigendafélags Grundarfjarðar“. Var sá fundur haldinn 22. júní 1975 að heimili Tryggva Gunnarssonar sem þá bjó að Hlíðarvegi 9. Á þessum fundi voru lög fyrir félagið samþykkt og kosin stjórn. Í stjórn voru kosnir þrír menn, þeir Bjarni Eyjólfsson, Örn Forberg og Rögnvaldur Guðlaugsson en til vara Helgi Sigurðsson. Ákveðið var að Bjarni yrði umsjónarmaður beitargirðingar sem þá þegar hafði verið girt upp fyrir Fellin í Hellnafellslandi.

Skráðir félagar á þessum fyrsta aðalfundi voru níu talsins. Á fundinum var ákveðið að inngöngugjald í Hesteigendafélagið yrði kr. 20.400.

### **Skeiðvöllur, gerði, leigusamningur og sektir**

Strax á öðru ári í starfi félagsins var farið að ræða um staðsetningu skeiðvallar fyrir félagið en þá voru félagar orðnir 15 talsins. Hugmyndir voru ýmsar um staðsetningu vallarins bæði í Útsveit og inn við Kverná en þrír félagsmenn voru kosnir í nefnd til þess að athuga möguleika á staðsetningu. Það voru



*Hesthúsahverfið séð frá austri. Gunnar Kristjánsson 2005.*

þeir Ásgeir Valdimarsson, Bjarni Eyjólfsson og Grímur Haraldsson. Um þessar mundir hafði ekki enn verið gengið frá skriflegum samningi við sveitarfélagið um leigu á landi fyrir starfsemi Hesteigendafélagsins og voru þeir Hjálmar Gunnarsson, Ásgeir Valdimarsson og Bjarni Eyjólfsson kosnir til þess að ræða þessi mál við hreppsnefndina. Á aðalfundi 7. maí var samþykkt að smíða gerði með 13 atkvæðum gegn tveimur. Á þeim fundi var samþykkt að taka upp félagsgjöld og var upphæðin ákveðin kr. 1000 í þetta sinn. Á þessum sama aðalfundi var einnig samþykkt að sekta þá sem ekki mættu í vinnu við girðingu eða áburðardreifingu um kr. 2000. Hvort því sektarákvæði var einhvern tíma beitt kemur ekki fram.

### **Reiðnámskeið og hækkandi gjöld. Mótin fóru fram á íþróttavellinum en skeiðvöllur í umræðunni**

Fyrsta reiðnámskeiðið á vegum félagsins var haldið á vordögum 1979. Kennari var Reynir Aðalsteinsson. Samkvæmt fundargerð frá 29. maí þetta ár höfðu 22 verið skráðir til leiks, og Pétur Högnason hafði tekið að sér að

hýsa reiðkennarann. Árið 1980 hafði ekki enn verið gengið frá samningi um landið svo ganga þurfti bónarveg til hreppsnefndar til að fá beitiland fyrir hesta í notkun. Leyfi fékkst til þess að nota landið fyrir neðan hesthúsin og voru það nefnd helgarhólf og það var samþykkt að hvert hesthús mætti setja upp eitt slíkt hólfi. Á aðalfundi 27. apríl 1980 var verðbólgan komin á flug og var samþykkt að inngöngugjald í félagið yrði kr. 100.000 og árgjaldið kr. 2000. Árið eftir var inngöngugjaldið lækkað í kr. 500 en þá höfðu líka verið skorin tvö núll aftan af krónunni. Á þessum sama aðalfundi var ákveðið að halda gæðingakeppni 26. maí og skyldi hún fara fram á íþróttavellinum. Það var svo á félagsfundi í janúar 1982 sem farið var að ræða um hringvöll fyrir félagið neðan við hesthúsahverfið en það var að mati manna mikil og dýr framkvæmd. Það ár voru skráðir félagar 23 en voru orðnir 30 árið eftir. Árið 1985 var kominn uppdráttur teiknaður af þáverandi byggingarfulltrúa, Sigurbergi Árnasyni, af svokölluðum Þ-velli, en það er hringvöllur með skeiðbraut inn á langhlið vallarins. Á stjórnarfundi þann 10. nóvember 1985 var ákveðið að halda sig við þetta uppkast og staðsetningu.

### **Samningur um landafnot í Hellnafellslandi að fæðast, bílvegir verða að reiðvegi og firmakeppni verður árlegur viðburður**

Á fundi stjórnar þann 4. janúar 1986 var kynnt uppkast að samningi við sveitarstjórn um afnot Hesteigendafélagsins að Hellnafellslandi. Samþykkti stjórnin samninginn fyrir sitt leyti en hann var til 10 ára. Það ár sátu í stjórn þeir Gísli Guðmundsson form., Hjálmar Gunnarsson, Grímur Haraldsson, Pétur Högnason og Kjartan Jeremíasson. Samningurinn var síðar endurnýjaður og hesthúsahverfið sett inn á aðalskipulag. Þetta sama ár voru framkvæmdir hafnar við skeiðvöllinn neðan við hesthúsahverfið og rafmagn var þá fyrir nokkru komið í hesthúsahverfið og gamli bílvegurinn í Útsveit orðinn útreiðarvegur frá hesthúsahverfi út undir Mýrar. Á aðalfundi 24 apríl 1986 var samþykkt að gera firmakeppni að árlegum viðburði. Firmakeppni var síðan haldin á Kirkjufellssandi með pompi og pragt hinn 10. maí 1986. Þátttakendur voru 25 en 41 fyrirtæki styrkti keppnina. Fyrirkomulag var þannig að þegar úrslit höfðu fengist í viðkomandi grein var dregið úr nöfnum fyrirtækja fyrir hvert sæti. Fyrirtækjum var síðan afhent viðurkenningarskjal. Síðan hefur firmakeppni verið árlegur viðburður með örfáum undantekningum. Ári síðar



*Hesthúsahverfið séð frá austri. Gunnar Kristjánsson 2005.*

voru félagar orðnir 39 talsins. Tveimur árum síðar var Hesteigendafélagið komið með kennitölu og félagsfána.

### **Taðþrær og skítakassar**

Um nokkura ára bil frá 1988 fór mikið fyrir umræðunni um það sem í fundargerðabókum voru oftast kallað skítakassar, er þar átt við steinsteyptar taðþrær sem skipulagsyfirvöld vildu að komið yrði upp við hverja hesthúslengju. Mönnum sýndist sitthvað um útlit og stærð þessara kassa en lítt þokaðist í átt til niðurstöðu í þessu máli og er það svo að nú á 30 ára afmæli félagsins er ekki að finna eina taðþró í hesthúsabyggðinni. Umræður urðu þó svo heitar á tímabili að eitt árið sagði öll stjórnin af sér eftir að undirskriftalisti barst frá 15 félögum en þeir sem skrifuðu undir bréfið töldu að breikka þyrfti fyrirhugaða taðþró við hverja húslengju um einn metra eða úr fjórum í fimm.

### Starfsemi félagsins

En svona til að gefa hugmynd um starfið í félaginu þegar það er búið að slíta barnsskónum grípum við niður í fundargerð sem Fanney Gunnarsdóttir ritaði á aðalfundi félagsins sem haldinn var í húsnæði Alþýðubandalagsfélags Grundarfjarðar við Borgarbraut (Kommakoti) 11. febrúar 1990. Þar flutti Ólafur Tryggvason formaður skýrslu stjórnar fyrir árið 1989.

„Ráðinn var reiðkennari, Benedikt Þorbjörnsson, og sóttu 36 manns námskeiðið. Félagsmenn héldu reiðkennslu fyrir börn. Firmakeppni var haldin 10. júní og Íþróttamót Snæfellinga 11. júní. Mikil vinna félagsmanna við gerði, völl, girðingar, reiðnámskeið fyrir börn, hestamótin og jólapappírssölu var innt af hendi. Engin árhátíð var vegna lítillar þátttöku. Fasteignagjöld fengust lækkuð. Framkvæmdir voru í lágmarki, keyrt í svæðið fyrir ofan völl og skel keyrð í heimkeyrslu og víðar og vestari girðing girt með rafmagni. Einn almennur fundur og sjö stjórnarfundir.“

Þetta er nokkuð dæmigerð aðalfundargerð þar sem lýst er starfi félagsins. Á þessum 30 árum sem félagið hefur starfað hafa verið hæðir og lægðir í starfinu eins og gengur og gerist en alltaf hefur þó potast fram á veginn. Í hinu félagslega starfi hefur oft reynt á samskiptahæfni einstaklinga og menn greint á eins og gengur en alla jafna hefur gott starf farið fram. Þar hefur verið haft að leiðarljósi að njóta samvista við hestana sem og þá féлага sem í hestamennskunni eru hverju sinni.

### Kona kosin formaður og fyrsti heiðursfélaginn kosinn

Á aðalfundi árið 1990 var Kolbrún Grétarsdóttir fyrst kvenna kosin formaður í félaginu en þá hafði um nokkura ára skeið tíðkast að kjósa formann sérstaklega og síðan fjóra menn aðra í stjórn sem skiptu með sér verkum. Á aðalfundi árið eftir kom fram að stjórnin hafði fundað í 36 tíma á 12 stjórnarfundum og haldið einn almennan félagsfund. Í firmakeppninni það árið var sú nýjung tekin upp að keppt var í tölti í stað kappleika. Á aðalfundinum sem haldinn var 14. febrúar 1991 var borin upp tillaga um að kjósa Rögnvald Inga Guðlaugsson fyrsta heiðursféлага Hesteigendafélagsins. Var sú tillaga samþykkt samhljóða.

**Lýsing út að hesthúsum og ljós á skeiðvellingum sem loks á að fara að klára**  
Það er komið fram undir lok ágústmánaðar 1994 þegar lesa má í fundargerð





*Árið 2002 var hafin lagning reiðvegjar ofan við byggðina og lauk henni árið 2003. Gunnar Kristjánsson 2002.*

að fyrirhugað sé að setja niður ljósastaura frá Grundargötu út að afleggjara að hesthúsum og síðan tvo staura upp með afleggjaranum austanverðum. Er í framhaldi af því ákveðið að setja niður tvo staura inn í skeiðvöllinn og þótt það hafi í upphafi verið ákveðið að kostnaður vegna uppsetningar stauranna yrði greiddur af félaginu fór svo að sveitarfélagið tók þann lið að sér. Á þessum sama fundi er ákveðið að efna til útboðs á lokafrágangi skeiðvallarins. Ári síðar voru útboðsmál enn á dagskrá og var þá miðað við að verklok yrðu þann 1. september 1995. Ýmislegt varð til þess að tefja framgang málsins en að lokum var skeiðvöllurinn vígður í lok ágústmánaðar 1997 með firmakeppni félagsins það árið. Eftir mótið var riðið út í Lárdalsrétt þar sem grillaðar voru pylsur í tilefni dagsins. Sú breyting hafði orðið á framkvæmdatímanum að ekki reyndist unnt vegna hæðarmismunar á vallarstæðinu að halda því til streitu, sem um var rætt í upphafi, að hafa völlinn Þ-völl, en þess í stað var skeiðbrautin



*Frá vígslunni 2001. Gunnar Kristjánsson 2000.*

lögð í gegnum hringvöllinn. En varla hafði skeiðvöllurinn verið vígður þegar farið var að minnast á byggingu félagsheimilis en á aðalfundi 24. apríl 1998 bar byggingu þess fyrst formlega á góma. Þótti mörgum nær að huga að drenlögnum í hverfinu áður hafist væri handa um byggingu félagsheimilis.

### **Upphaf karlareiðar og tenging við vatnsveitu Grundarfjarðar. Félagshimili vígt**

Um nokkurra ára bil hafði tíðkast að halda kvennareið á vegum Snæfellinga en framkvæmdin hafði verið í höndum einstakra aðildarféлага. Árið 1997 var komið að Grundfirðingum að sjá til þess að konur ættu góðan útreiðardag í fögru umhverfi. Lagt var upp í ferð við Eiðisstapa en síðan riðið um Bárarhál og endað í grillveislu á Spjör. Stjórnarmenn Hesteigendafélagsins tóku að sér framkvæmd þessarar reiðar sem þótti heppnast vel í góðu veðri. Fljótlega



*Áhorfendur á hestamannamóti 14. mars árið 2000. Gunnar Kristjánsson.*

upp úr því fóru að heyrast raddir um karlareið og var jafnvel talað um karlrembureið. Sú fyrsta var farin um vordaga árið 1999 og til þess að elskulegar eiginkonur yrðu ekki hvumpnar yfir þessu uppátæki karlanna tóku þeir sig til sem í reiðina fóru og fengu vertinn sem þá rak Kristján IX. til að keyra út til eiginkvennanna rós og boðsmiða í kvöldverð á þeim ágæta veitingastað. Þetta sama ár voru hesthúsin tengd við vatnsveitu Grundarfjarðar en fram að þeim tíma hafði verið notast við eigin vatnsveitu. Á aðalfundi þann 29. apríl 1999 var lagður fram uppdráttur frá Ólafi Tryggvasyni að útliti félagsheimilis fyrir hestamenn og þeir Ólafur og Lárus Sverrisson kosnir í bygginganefnd og Gísli Karel Halldórsson fenginn til að teikna bygginganefndarteikningar af húsinu. Framkvæmdir voru síðan hafnar síðla sumars og var einn af frumkvöðlunum, Hjálmar Gunnarsson, fenginn til að taka fyrstu skóflustunguna. Sökklar voru steyptir þá um haustið. Á árinu 2000 miðaði byggingunni vel áfram enda margir liðtækir smiðir, bæði lærðir og leikir, innan vébanda Hesteigendafélagsins og

húsið fullklárað í sjálfboðavinnu að langstærstum hluta. Það var svo þann 22. júní árið 2001 sem vígsla félagsheimilisins fór fram og hlaut það nafnið Fákasel. Félagshheimilið hefur reynst mikil lyftistöng fyrir félagslíf hestamanna en í kjölfar tilkomu þess var farið að efna til ýmiss konar uppákoma, svo sem sunnudagsreiðtúra og kaffisölu að þeim loknum. Með tilkomu félagsheimilisins hefur öll umgjörð mótahalds á vegum félagsins færst til betri vegar og samverustundum félagsmanna fjölgað. Salurinn þykir henta mjög vel fyrir samkomur af ýmsum toga og hafa því leigutekjur af honum létt undir með rekstri félagsins. Styrkir til byggingarinnar fengust frá sveitarfélaginu og einnig Íþróttasjóði Íslands.

### **Reiðhöll næst?**

Þegar einum áfanga er náð er farið að huga að þeim næsta og það fer kannski vel á því á afmælisári að menn séu stórhuga í hugsun. Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 18. apríl 2005 var rætt um hugsanlega byggingu reiðhalla í Grundarfirði en í reiðhallamálum á landsvísu er margt að gerast um þessar mundir. Í nefnd til að fylgjast með framvindu mála í þeim efnum voru kosnir þeir Ísólfrur Líndal Þórisson, Gústav Ívarsson og Kristján Magni Oddsson. Hvort sá tími kemur að reiðhöll rís á svæði Hesteigendafélagsins mun tíminn síðan leiða í ljós.

*Eyrbyggjar, Hollvinasamtök Grundarfjarðar og sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfu þessa rits sem er sjötta heftið í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“. Melrakkaey var friðuð 1971. Ævar Petersen fuglafræðingur hefur tekið saman rannsóknir á fuglalífi og gróðri fyrir friðunina og hvernig það hefur þróast eftir friðun. Grein um niðurstöður þessarar rannsóknar birtist hér. Í þessu hefti eru einnig tvær greinar sem segja frá hestamennsku í Eyrarsveit. Önnur greinin heitir Hestamennska í Eyrarsveit eftir Hall Pálsson. Í hinni greininni er rakin 30 ára saga hestamannafélagsins í Grundarfirði af Gunnari Kristjánssyni. Nú er komið að manntalinu 1950, er þetta sjötta manntalið sem við gefum út, en það fyrsta var manntalið 1900. Annáll Grundarfjarðarbæjar, fyrir árið 2004 er á sínum stað skrifaður af bæjarstjóra. Þrjár góðar greinar eru í þessari bók sem Ásgeir Guðmundsson cand. mag. skrifar. Þá eru myndir úr safni Bærings Cecilssonar. Einnig er svo skemmtileg grein sem Karl Kristjánsson skrifaði um ball í Þinghúsinu 1927.*

